


**ÁSDÍS THORODDSEN**

*Allir fengu Egilssögu*

Ferðir Bílar Nám

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**MARTA MARÍA**

*Ritstýrir nýju Veggfóðri*

Líður eins og Lottó Lýð

**FÓLK 38**





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. maí 2006 — 145. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### BMK orðið að veruleika



Aðdáendur Bubba Morthens hafa stofnað aðdáendaklúbb með Bárð Bárðarson fremstan í flokki.

FÓLK 38

### Er Framsókn til?



„Hafi einhver haldið að afhroð Framsóknarflokksins í þessum kosningum yrði til þess að hann hyrfi frá stóriðjustefnunni og greindi sig frá samstarfsflokknum er ljóst að svo er ekki,“ segir Ólafur Hannibalsson.

Í DAG 20

### Ekki með sama símanúmer

Hundrað ár eru um þessar mundir liðin frá því að fyrsta símaskráin var gefin út. Basar Thorvaldsenfélagsins hefur verið skráður í símaskrána frá upphafi.

TÍMAMÓT 22

### Heim eftir eitt ár



Handknattleikskappinn Dagur Sigurðsson ætlar að spila og þjálfa í Austurríki eitt ár í viðbót. Síðan er stefnt á heimferð. Hann gerði lið sitt, Bregenz, að austurrískum meisturum þriðja árið í röð á mánudag.

ÍÞRÓTTIR 34

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA EINHVER VÆTA** - Í dag verður fremur hæg austlæg eða breytileg átt. Víða skúrir og einna mest úrkoma suðaustan til. Hiti 8-16 stig mildast inn til landsins norðaustan til.

VEÐUR 4

# Álag á bréf bankanna lægra í kjölfar skýrslu

**Í kjölfar skýrslu Fredericks Mishkin í byrjun maí dró hratt úr álagi á skuldabréf íslenskra banka. Álag KB-banka lækkaði um allt að tuttugu punkta.**

**EFNAHAGSMÁL** Tryggingaálag á skuldabréf bankanna (CDS) á erlendum mörkuðum lækkaði hratt í maí, allt frá því nokkur viðsnúningur varð í umræðu um íslenskt efnahagslíf í byrjun mánaðarins. Í apríllok var álagið til dæmis yfir 70 punktum á bréf Kaupþings banka, en var 22. maí orðið 50 punktar, en mest álag hefur verið á bréf Kaupþings. Í lok mánaðarins jókst álagið aðeins aftur og var þá 65 punktar á bréf Kaupþings banka, 50 punktar á bréf Glitnis banka og 59 punktar á bréf Landsbankans.

Ingvar H. Ragnarsson, forstöðumaður Alþjóðlegrar fjármögnunar Glitnis banka, segir að þótt álagið á bréf bankanna hafi aukist í lok mánaðarins sé þar um að ræða þróun á heimsmarkaði sem gengið hafi yfir alla banka. Ánægjulegt hafi verið að hækkunin hafi verið minni á bréf íslensku bankanna en á bréf sambærilegra banka. „Í fyrsta sinn síðan í október í fyrra hefur álag þróast með hagstæðari hætti fyrir íslensku bankana en almennt erlendis.“

Hann segir alveg ljóst að merkja hafi mátt í þróuninni viðsnúning í umræðunni um íslensk efnahagsmál, en í byrjun maí var kynnt í New York í Bandaríkjunum skýrsla Frederics Mishkins og Tryggva Þórs Herbertssonar og er hún talin hafa fullvissað einhverja erlenda sérfræðinga um að neikvæð umræða um íslenskt efnahagslíf hafi verið of hávær. „Það eru meira að segja farnar að sjást greinar í breskum blöðum um Ísland án þess að þar sé að finna orð á borð við „meltdown“ og „crisis“ eða slíkt. Tónninn er aðeins jákvæðari.“

Mest var álagið á skuldabréf bankanna í byrjun mars, en þá fór álag á bréf Kaupþings banka allt upp í 90 punkta og gekk svo í töluverðum sveiflum fram undir páska. **- óká**



**HEIMKOMA** Bjartmar Örn Arnarson sést hér á sjúkrabörum stuttu eftir heimkomuna eftir að hann lenti í snjóflóðinu ásamt fjórum félögum sínum. Snjóflóðið féll á milli Dyrhamars og Hvannadalshnjúks þar sem þeir félagar voru á gangi og stefndu á tindinn. HEIÐA/FRÉTTABLAÐIÐ

Fimm mönnum bjargað eftir að snjóflóð féll í suðurhlíðum Hvannadalshnjúks:

# Vorum mjög skelkaðir

**BJÖRGUN** Snjóflóð féll á fimm menn sem voru fótgangandi í suðurhlíðum Hvannadalshnjúks í Öræfajökli um hádegisbil í gær. Mennirnir voru á leið á tind fjallsins í um 2.000 metra hæð þegar flóðið skall á þeim og runnu þeir með því um 300 metra leið niður hlíðina. Þrír mannanna meiddust; einn ökklabrotnaði og annar rifbeinsbrotnaði en sá þriðji hlaut meiðsli í andliti. Tveir sluppu hins vegar ómeiddir.

Atli Freyr Þórðarson rifbeinsbrotnaði í flóðinu. „Allt í einu kom flekaflóð, við heyrðum smellinn þegar það fór af stað. Við snerumst marga hringi og fórum fram af hengju sem varð til þess að við slösuðumst. Við sluppum alveg ótrúlega vel en vorum mjög skelkaðir á meðan á þessu stóð því við héldum að þetta væri okkar síðasta,“ segir Atli. Þeir félagar voru vel búnir og gerðu vart við sig um talstöð sem þeir höfðu meðferðis. Atli segir tilfinninguna hafa verið ótrúlega þegar þyrlan birtist fyrir ofan þá félaga. „Það var alveg ólýsanlegt að sjá þetta flykki koma svífandi yfir okkur og hífa okkur um borð.“ Það eru engin orð sem fá því lýst.“



**ATLI FREYR ÞÓRÐARSON** „Við héldum að þetta væri okkar síðasta,“ segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fimm fallhlífastökkvarar frá Flugbjörgunarsveitinni léku stórt hlutverk í björguninni. Þeir stukku mönnunum til bjargar úr TF-SYN úr um 1000 feta hæð og mun þetta vera í fyrsta skipti sem þessi aðferð er notuð við björgun hér á landi. **- shá / sjá bls. 2**

Samruni lággjaldaflugfélaga:

# FlyMe ræðir við Sterling

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur sænska lággjaldaflugfélagsins FlyMe, sem er að stærstum hluta í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, skoða nú sex norður-evrópsk flugfélög í því augnamiði að sameinast eða taka þau yfir.

Allt kemur til greina nema SAS, en Glitnir er FlyMe til ráðgjafar.

Björn Olegård, stjórnarformaður FlyMe, staðfestir að félagið eigi í viðræðum við FL Group, eiganda Sterling, stærsta lággjaldaflugfélags Norðurlanda, en orðrómur er um að FlyMe og Sterling renni saman.

FL Group keypti Sterling af Fons á síðasta ári fyrir fimmtán milljarða króna. **- eþa / sjá Markaðinn**



**DREPIÐ Í** Reyklausum fjölgar í Evrópu en fækkar í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðlegi reyklausi dagurinn:

# Æ fleiri reyklausir í Evrópu

**BRUSSEL, AP** Reykingamönnum í Evrópulöndum hefur fækkað niður í 27 af hundraði, samkvæmt niðurstöðum nýrrar Eurobarometer-könnunar. Þriðji hver íbúi sömu 30 landa reykti árið 2002.

Markos Kyprianou, sem fer með heilbrigðismál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, sagði að könnunin sýndi að æ fleiri Evrópubúar höfnuðu reykingum. Í henni kemur einnig fram að 80 prósent Evrópubúa eru fylgjandi reykingabanni á öllum opinberum stöðum innandyra.

Stjórnvöld í Kína hafa boðað reykingabann í almenningssamgöngum og á vinnustöðum, en reykingar hafa færst mjög í vöxt í fjölmennasta landi heims. **- aa**

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG








## SPURNING DAGSINS

*Ólafur, er Villi svona frjálslyndur?*

„Já, að minnsta kosti er hann frjálslegur í túlkun þegar kemur að tilboðum og loforðum."

Ólafur F. Magnússon, oddviti Frjálslynda flokksins, sakaði Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, oddvita Sjálfstæðisflokksins, um svik við sig þegar hann myndaði meirihlutastjórn með Framsóknarflokknum meðan Ólafur taldi þá Vilhjálm eiga í samningaviðræðum.

Segir olíufélög mæta samkeppni um sölu á dísilolíu með hærra bensínverði:

# Olíufélög enn sögð brjóta lög

**SAMKEPPNI** Félag íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, vill að Samkeppniseftirlitið kanni hvort olíufélögin þrjú; Essó, Skeljungur og Olís, brjóti samkeppnislög þar sem þau hafi lækkað álagningu á dísilolíu en hækkað hana á bensíni. Hörð samkeppni um dísilkaupendur sé á kostnað eigenda bensínbifreiða.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir samtökin telja brotin sambærileg því sem kom upp í Svíþjóð, þegar samkeppniseftirlitið þar sektaði olíufélög fyrir ólöglegt samráð, er þau veittu kaupendum meðal annars afslátt á kostnað viðskiptavina sem keyptu aðrar vörur. „Ég tel eðlilegt að skoðað verði hvort svo sé hér."



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON** Framkvæmdastjóri FÍB telur að hækkuð álagning á bensíni beri herkostnað af samkeppni með dísilolíu.

Samtökin hafa skoðað álagningu á dísilolíu og bensíni. Samkvæmt gögnum þeirra hefur álagning á bensíni hækkað um tvær krónur en lækkað um fimm krónur á dísilolíu, séu fyrstu mánuðir 2005 bornir við þá fyrstu á þessu ári.

„Við ætlum að senda gögnin okkar til Samkeppniseftirlitsins til umsagnar," segir Runólfur. „Við höfum áður komið fram með ábendingar þegar okkur hefur fundist þróun á álagningu vera í óeðlilega átt."

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segist ekki hafa séð gögnin frá samtökunum en erindið frá FÍB verði skoðað sem önnur. - gag

Nýr meirihluti á Akranesi:

# Gísli S. verður nýr bæjarstjóri

**KOSNINGAR** Sjálfstæðisflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn hafa undirritað viljayfirlýsingu um meirihlutasamstarf á Akranesi. Málefnasamningur er í vinnslu. Gísli S. Einarsson verður nýr bæjarstjóri á Akranesi.

Karen Jónsdóttir verður nýr formaður bæjarráðs: „Ég var tvístígandi um að komast inn en þegar ég sá tölurnar í kosningunum á laugardag sá ég að allt gæti gerst. Það eru heldur betur spennandi tímar framundan." Einn og hálfur mánuður er síðan Frjálslyndi flokkurinn var stofnaður á Akranesi. Karen þakkar kjósendum stuðninginn. - gag



**FRUMSÝNING** Framleiðendurnir Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson með Valgerði Sverrisdóttur á frumsýningu í Cannes.

Hlutu verðlaun í Cannes:

# Brad Pitt vill fá myndina

**KVIKMYNDIR** Norsk-íslenska kvikmyndin Den Brysomme Mannen, eða Uppáþrengjandi maðurinn, hlaut gagnrýnendaverðlaun á kvikmyndahátíðinni í Cannes á sunnudag.

Að sögn Ingvars Þórðarsonar, sem er annar íslensku meðframleiðandanna ásamt Júlíusi Kemp, hefur fyrirtækið Plan B sem er í eigu Brad Pitts sóst eftir því að fá leyfi til að endurgera myndina á ensku. „Þetta er afar mikill heiður og við erum í skýjunum með þetta," segir Ingvar.

Myndin verður sýnd í íslenskum kvikmyndahúsum í haust. - jse

Falsleysi Baugsgagna mælt:

# Tölvupóstur metinn aftur

**BAUGSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur varð í gær við kröfu verjanda sakborninga í Baugsmálinu að fengnir verði dómkvaddir menn til þess að meta sönnunargildi eða falsleysi tölvupósts, sem lagður er fram sem málsgögn.

Um er að ræða hundruð tölvubréfa sem að einhverju leyti var aðeins að finna í tölvu Jóns Geralds Sullenberger, sem upphaflega lagði fram kæru í Baugsmálinu en er nú meðal sakborninga.

Matsmenn hafa áður kannað uppruna tölvupóstsins að beiðni saksóknara, en hann hefur þrjá daga til þess að kæra úrskurðinn í gær til Hæstaréttar. - jh

# Fallhlífasveit send til björgunarstarfa

**Mikill viðbúnaður var hjá Landhelgisgæslunni og Landsbjörgu í gær vegna fimm manna sem lentu í snjóflóði við Hvannadalshnjúk. Þrír mannanna meiddust aðeins lítillega en ljóst er að litlu mátti muna að illa færi.**

**BJÖRGUN** Snjóflóð féll á fimm menn sem voru fótgangandi í suðurhlíðum Hvannadalshnjúks í Öræfajökli um hádegisbil í gær, nánar tiltekið milli hnjúksins og Dyrhamars. Mennirnir voru á leið á tind Hvannadalshnjúks í um 2.000 metra hæð þegar flóðið skall á þeim og runnu þeir með því um 300 metra leið niður hlíðina. Þrír mannanna meiddust; einn ökklabrotnaði, annar viðbeinsbrotnaði og sá þriðji hlaut meiðsli í andliti. Tveir sluppu hins vegar ómeiddir. Allir voru mennirnir þrekaðir eftir að hafa lent í flóðinu og því talið nauðsynlegt að koma þeim til aðstoðar hið fyrsta. Mennirnir gátu gert vart við sig í gegnum endurvarpa björgunarsveitanna og náðu strax sambandi við Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustur. Boð voru send strax til Björgunarmiðstöðvarinnar í Reykjavík.

Neyðarkall barst klukkan 12:30 og var þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, þegar kölluð út og fór hún í loftið klukkan 13:15. Eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SYN, var einnig send af stað



**Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI** Við komuna til Reykjavíkur biðu sjúkraflutningamenn og læknar þeirra sem höfðu slasast í snjóflóðinu á Hvannadalshnjúki. Jóhannes Magnússon er hér færður til aðhlynningar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

með fimm fallhlífasveitarmenn frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu en vélin þjónaði einnig sem endurvarpsstöð fyrir fjarskipti. Björgunarsveitir af höfuðborgarsvæðinu héldu af stað austur á sex bílum, búnir til fjallabjörgunar en jökullinn er mjög sprunginn á þeim slóðum sem mennirnir voru. Björgunarsveitin á Höfn í Hornafirði hélt einnig þegar af stað á hnjúkinn með allt sitt lið, 25 björgunarsveitarmenn á jeppum og vélsleðum.

Þegar þyrlan kom að Hvannadalshnjúki komst hún ekki strax að mönnunum fimm vegna skyggnis en svo rofaði til og sigmaður í áhöfn Lífar gat sigið niður á slysstaðinn. Þeir slösuðu voru hífðir um borð og fluttir til Hornafjarðar til aðhlynningar og síðan til Reykjavíkur með TF-SYN. Þeir lentu á Reykjavíkurflugvelli klukkan 18:30. Liðsmenn björgunarsveitarinnar frá Höfn í Hornafirði og fallhlífarstökksveit Flugbjörgunarsveitarinnar sáu um að koma þeim sem ekki slösuðust til byggða.

Atli Freyr Þórðarson sem lenti í flóðinu segir að þeir félagar séu mjög auðmjúkir og þakklátir vegna þeirrar aðstoðar sem þeir fengu. „Það er ótrúlegt að eiga allt þetta stórkostlega fólk að. Þyrlusveitina og björgunarsveitarmenn og alla aðra sem geta hjálpað þegar svona stendur á."

svavar@frettabladid.is



**FAGNAÐARFUNDIR** Atli Freyr Þórðarson fékk hlýjar móttökur hjá fjölskyldu sinni við komuna til Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fallhlífastökksveitin:

# Verið til taks í tuttugu ár

Jónas Guðmundsson, sem er meðlimur Flugbjörgunarsveitarinnar og tilheyrði fallhlífastökksveitinni í mörg ár, segir að tvisvar áður hafi litlu munað að kraftar sveitarinnar væru nýttir. Svo vill til að í báðum tilfellum var það vegna björgunaraðgerða við Hvannadalshnjúk. Jónas segir sveitina hafa verið við lýði í um tuttugu ár. „Við höfum þjálfað björgunarstökkvara í um tuttugu ár. Þeir hafa farið á námskeið hjá bandaríska hernum og hjá sérsveitum danska hersins. Við eigum átta björgunarfallhlífar og hátt í tuttugu menn sem eru sérþjálfaðir í hvaða aðstæðum sem þeir lenda í." - shá



**TILBÚINN** Marteinn Sigurðsson í fullum herklæðum. MYND/MS

Einar Rúnar Sigurðsson:

# Snjóflóðahættan var augljós

Einar Rúnar Sigurðsson, fjallaleiðsögumaður í Öræfum, var á jöklinum í gær en hann þekkir Öræfajökulssvæðið mjög vel. Einar segir að göngumenn hefðu átt að vita að geysileg flóðahætta var á fjallinu. „Ég tók snjóflóðaprufu í fjórtán hundruð metra hæð og get sagt að það var þarna gífurleg snjóflóðahætta. Mikill nýfallinn snjór er ofan á eldri snjó, auk þess sem mjög var hlýtt á jöklinum í gær, því var snjóflóðahættan augljós. Menn verða að bera virðingu fyrir fjallinu, meta aðstæður og fara varlega," segir Einar. - shá



**EINAR RÚNAR SIGURÐSSON**


BÍLL DAGSINS

NISSAN ALMERA ACENTA 1.8

Nýskr 09.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 19 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


Sjálfstæðismenn og frjálslyndir hafa rætt sameiningu:

# Tækifæri úr sögunni

**STJÓRNMÁL** Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, sagði á morgunvaktinni á Rás 1 að Sjálfstæðisflokkurinn hefði gert alvarleg og afdrifarík mistök þegar hann sleit viðræðum um meirihlutasamstarf með Ólafi F. Magnússyni hjá Frjálslynda flokknum í Reykjavík.

„Hafi Sjálfstæðisflokkurinn einhvern tímann haft tækifæri til þess að eiga einhvern möguleika á því að fá okkur úr Frjálslynda flokknum aftur inn í Sjálfstæðisflokkinn þá gekk það tækifæri úr greipum í gær," sagði Magnús í gær.

Spurður af Fréttablaðinu hverjir hefðu rætt við hverja svaraði Magnús: „Þetta hefur oft verið sagt við okkur þingmaður á þingmann og aðeins í óformlegum samræðum. Ég var ekki að vísa til annars." Hann sagði einnig að Morgunblaðið hefði bent á að Frjálslyndi flokkurinn gæti reynst Sjálfstæðisflokknum skeinuhættur. Boð um sameiningu hefði aldrei verið formlegt og ekki hugleitt af forystu Frjálslynda flokksins.

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir frjálslynda, sem og aðra sem aðhyllist stefnu flokksins, velkomna. „Menn ræða ýmislegt í spjalli sín á milli, en enginn minna þingmanna hefur rætt við mig um að þeir hefðu verið með sérstakar þreifingar í þessa átt. Þannig að þetta kom mér frekar á óvart, en eins og ég segi þá eru frjálslyndir sérstaklega velkomnir vilji þeir fylgja okkar stefnu." - gag

Ólöglegur hugbúnaður:

# Ísland á bekk með Asíu

**VIÐSKIPTI** Ný könnun markaðsrannsókna- og greiningarfyrirtækisins IDC sýnir að 57 prósent hugbúnaðar í tölvum íslenskra fyrirtækja er illa fenginn. Rannsóknin náði ekki til einstaklinga.

Á heimsvísu nemur hlutfall ólöglegs hugbúnaðar 35 prósentum.

Áætlað söluandvirði ólöglega hugbúnaðarins hér á ári hverju nemur hins vegar 18 milljónum bandaríkjadala, eða 1,3 milljörðum króna. Ísland er í flokki með ríkjum Asíu og Mið- og Austur-Evrópu.

„Mig hefði ekki órað fyrir þegar við byrjuðum að við værum svona aftarlega á merinni," segir Elvar Steinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri Microsoft Íslandi.

- - óká / sjá Markaðinn




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4053

**KIA Sorento** er frábær jeppi byggður á grind með aflmikilli 140 hestafla turbo dísilvél, háu og lágu drifi og 5 þrepa sjálfskiptingu. Auk þess ríkulega búinn með ABS hemlakerfi, tvískiptum afturhlera, álfelgum, þakboga og mörgu fleiru. Þetta er jeppi sem þú verður að prófa.

**Taktu þátt í HM leik KIA** og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.*



★★★★★

**KIA fer fram úr helstu bílaframleiðendum heimsins**
Í nýrri gæðakönnun JD Power varð KIA Sorento sigurvegari í flokki aldrifsbíla og sá eini sem fékk 5 stjörnur.

KIA
KIA MOTORS

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 30.05 2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,82 | 72,16 |
| Sterlingspund | 134,91 | 135,57 |
| Evra | 92,42 | 92,94 |
| Dönsk króna | 12,394 | 12,466 |
| Norsk króna | 11,807 | 11,877 |
| Sænsk króna | 9,968 | 10,026 |
| Japanskt jen | 0,6413 | 0,6451 |
| SDR | 107.23 | 107,87 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**127,7045**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ekkert lát á átökum á Austur-Tímor:

# Gusmao forseti grípur inn í

**AUSTUR-TÍMOR, AP** Xanana Gusmao, forseti Austur-Tímors, sagðist í gær hafa tekið sjálfur að sér yfirstjórn hersins til þess að koma hömlum á ölduna í höfuðborginni Dili, þar sem hópar manna vopnuðum sveðjum hafa farið um rænandi og ruplandi og lagt eld að húsum.

Þúsundir íbúa hafa yfirgefið borgina, en þeir sem eftir eru hafa margir lent í átökum hver við annan til þess að verða sér úti um mat, sem þar er af skornum skammti.

Tilkynningin frá Gusmao barst skömmu eftir að bæði varnarmálaráðherra og innanríkisráðherra ríkisstjórnar landsins voru reknir frá störfum.

Jose Ramos Horta, friðarverðlaunahafi Nóbels sem gegnir embætti utanríkisráðherra í stjórninni, viðurkenndi í gær að stjórninni hefði gersamlega mistekist að hafa stjórn á ástandinu. Hann vildi kenna Mari Alkatiri forsætisráðherra um.

Gusmao sagðist í yfirlýsingu sinni taka alla ábyrgð á öryggismálum í landinu í þrjátíu daga. Hann hefur jafnan gætt sín á að blanda sér ekki með neinum hætti í stjórnmálin heldur látið sér nægja að gegna táknrænu embætti forsetans. **- gb**



**Í FYLGD FRIÐARGÆSLULIÐA** Alkatiri forsætisráðherra gengur á fund Gusmao forseta í fylgd ástralskra friðargæsluliða, sem hafa verið á Austur-Tímor frá því í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Símhleranir stjórnvalda:

## Rannsóknarnefnd skipuð

**STJÓRNSÝSLA** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur lagt fram þingsályktunartillögu um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál. Samkvæmt tillögunni verður skipuð nefnd undir formennsku stjórnarformanns persónuverndar til að skoða gögn í opinberri vörslu sem snerta öryggismál Íslands, ytra og innra öryggi, á árunum 1945 til 1991.

Nefndin skal móta hugmyndir um hvernig frjálsum aðgangi fræðimanna að gögnunum verður háttað og ljúka störfum með skýrslu til Alþingis eigi síðar en í árslok 2006. **- shá**



**HEYSKAPUR Í REYÐARFIRÐI.** Slæmt veðurfar mun seinka heyskap. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

Kuldakastið í maí:

## Kuldi tefur heyskapinn

**LANDBÚNAÐUR** Slæmt veðurfar í maí hefur valdið bændum nokkrum erfiðleikum en snjór þekur enn land á mörgum býlum Norðanlands.

Guðmundur Gunnarsson, starfsmaður hjá Búgarði á Akureyri, segir að veðurfarið muni seinka heyskap um tvær til þrjár vikur og sumstaðar er hætta á að einungis verði hægt að heyja einu sinni yfir sumarið.

Bændur hafa þurft að halda búfénaði lengur inni og þar sem ennþá er snjór er ekki hægt að hleypa því út. Guðmundur telur að gróðurinn muni ekki skemmast en að það verði augljóslega seinkun á honum og að uppskeru seinka. **-gbg**

Barist í Mógadisjú:

## Öll sjúkrahús að fyllast

**SÓMALÍA, AP** Komið hefur til ítrekaðra bardaga í Austur-Afríkuríkinu Sómalíu og létu 17 manns lífið í höfuðborginni Mógadisjú á laugardag. Íslamskir uppreisnarmenn og fylkingar sem hliðhollar eru herstjórn berjast um völdin í landinu, en engin ríkisstjórn hefur starfað í Sómalíu síðan 1991. Leiðtogar íslömsku uppreisnarmannanna viðurkenna ekki stjórnvöld landsins þar sem þau eru ekki grundvölluð á íslam.

Hundruð manna hafa flúið höfuðborgina seinustu daga og óttast menn að sjúkrahús í borginni muni brátt ekki getað annað öllum fórnarlömbum átakanna. Hátt í 200 manns hafa látið lífið í átökunum síðustu daga, sem blossuðu upp í landinu um miðja síðustu viku eftir skammvinnt vopnahlé. **- khh**



**SAMSTARFIÐ INNSIGLAÐ** Björn Ingi Hrafnsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson innsigluðu samstarfið með handabandi í fyrradag en tóku það rólega í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Tóku sér frí frá viðræðum um borgina

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Björn Ingi Hrafnsson gerðu hlé á viðræðum sín í milli í gær. Tekist er á um forræðið yfir ákveðnum málaflokkum í Reykjavík.**

**BORGARSTJÓRN** Oddvitar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í borgarstjórn Reykjavíkur tóku það rólega í gær. Engir formlegir fundir voru milli borgarfulltrúa flokkanna um fyrirhugað meirihlutasamstarf, sem var handsalað í fyrradag. Björn Ingi Hrafnsson sagði allt í góðum gír og sömu sögu var að segja af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni. Viðræður muni halda áfram fram að helgi.

Ekki er búið að ganga endanlega frá því hverjir munu stjórna einstökum nefndum og ráðum í stjórnkerfi borgarinnar, sem tryggir forræði yfir ákveðnum málaflokkum. Þó er búið að teikna upp ákveðna skiptingu, sem sögð er geta breyst í áframhaldandi viðræðum. Björn Ingi valdi frekar að vera formaður borgarráðs en forseti borgarstjórnar. Líklegt er að annar maður á lista Sjálfstæðisflokksins, Hanna Birna Kristjánsdóttir, setjist í stól forseta.

Auk borgarráðs eru sjö megin-stoðir í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Mikilvægustu nefndirnar stjórna skipulagsmálum, menntamálum, velferðarmálum og íþrótta- og tómstundamálum. Síðan er menningar- og ferðamálaráð, framkvæmdaráð og umhverfisráð. Líklegt þykir að framsóknarmenn stjórni tveimur til þremur þessara nefnda. Einnig er ekki útilokað að þessari skiptingu málaflokka verði eitthvað breytt.

Borgarfulltrúarnir hafa tekið saman áherslumál flokkanna fyrir kosningarnar til að byggja stefnu sína á. Fjölskyldumál voru þar áberandi. Stefnumál Framsóknarflokksins voru mun ítarlegri og líklegt að framsóknarmenn þurfi að gefa eitthvað eftir til að miðla málum milli flokkanna. **bjorgvin@frettabladid.is**

Brutust inn í bústað:

## Héldu veislu

**LÖGREGLUMÁL** Nokkrir menn brutust inn í sumarbústað í Grímsnesi um helgina og slógu upp góðri veislu og er þeirra nú leitað af lögreglu á Selfossi. Varð mönnunum að falli að mynda veisluhöldin til minningar en gleymdu svo myndavélinni á staðnum eftir að þeir fóru. Framkallaði lögregla þær og telur sig vita hverja um sé að ræða og er þeirra nú leitað. **- aöe**



**LAUNA KRAFIST** Palestínumenn börðu utan tóma potta í mótmælum gegn stjórnvöldum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Palestínustjórn:

## Opinberir starfsmenn fá laun

**GASASTRÖND, AP** Hamas-leidd heimastjórn Palestínu mun greiða hluta þriggja mánaða launa sem hún skuldar 165.000 starfsmönnum sínum, að sögn Ismail Haniyeh forsætisráðherra í gær, eftir að þúsundir Palestínumanna mótmæltu stjórninni.

Haniyeh sagði að fólkið fengi sendar launaávísanir „á næstu dögum". Um fjórðungur starfsmannanna fær full mánaðarlaun, 24.000 íslenskar krónur, en aðrir fá hluta af upphæðinni sem þeir eiga inni.

Stjórnin hefur ekki getað greitt launin síðan Vesturlönd stöðvuðu fjárframlög sín til Palestínu vegna þess að Hamas hreyfingin neitar að viðurkenna tilverurétt Ísraels. **- smk**


**LYFJA**
- Lifið heil

**SLIMAIDE OG DETOX TVENNUTILBOÐ**




Þú kaupir eitt glas af **Vega Champignon** og færð eitt glas af **Vega Slimaide** í kaupauka. **Champignon +FOS og Spirulina** inniheldur mikið af æskilegum vítamínum og næringarefnum, léttir undir með hreinsunarferli líkamans, hefur jákvæð áhrif á þarmaflóruna og dregur úr líkamslykt. **Slimade Formula með krómi og HCA** - góð hjálp í aðhaldinu.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupsstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 32029 05/2006


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVÍTASUNNAN**
Ein af stóru ferðahelgunum er framundan og eins og ávallt er í ferðalögum skiptir veðrið miklu máli. Eins og staðan er í dag eru horfur á ágætis veðri víða um land á laugardag en fer síðan versnandi seint á laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudagsins með suðaustanátt og rigningu um sunnan- og vestanvert landið. Á sunnudeginum eru síðan horfur á vætusömu veðri víðast hvar.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**
Hæg suðaustlæg átt með skúraveðri sem ágerist síðdegis. Hiti 7-11 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C skúrir | London | 14°C hálfskýjað | Alicante | 26°C skúrir |
| Billund | 16°C hálfskýjað | París | 13°C léttskýjað | Mallorca | 22°C skýjað |
| Osló | 15°C hálfskýjað | Frankfurt | 14°C skúrir | Algarve | 25°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 12°C skúrir | Friedrichshafen | 10°C skýjað | Krít | 27°C léttskýjað |
| Gautaborg | 14°C hálfskýjað | Berlín | 13°C skúrir | Las Palmas | 22°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Citré shine hárvörur




Frábæru hárvörurnar
frá Citré shine
eru komnar aftur

Citré shine gefur hárinu náttúrulegan glans

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Ertu ánægð(ur) með nýja borgarstjórann í Reykjavík?*

| | |
|---|---|
| Já | 38% |
| Nei | 62% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlarðu í ferðalag um hvítasunnuna?*

Stjórnarandstæðingar vilja stöðva málið segir formaður iðnaðarnefndar:

# Deilt á breytingar Valgerðar

**ALÞINGI** Stjórnarandstæðingar gagnrýndu harðlega við upphaf þingfundar í gær meðferð meirihluta iðnaðarnefndar á frumvarpi iðnaðarráðherra um nýsköpun, byggðaþróun og tæknirannsóknir.

Margrét Frímannsdóttir, Samfylkingunni, kvaddi sér hljóðs um málið og sagði formann nefndarinnar hafa neitað umfjöllun um fram komnar breytingatillögur á frumvarpinu. Fyrir lægi að 108 mál biðu afgreiðslu frá ríkisstjórninni sem væru í biðstöðu vegna frumvarpsins.

Helgi Hjörvar, Samfylkingunni, taldi að ríkisstjórnin hefði reynt að neyða Einar Odd Kristjánsson, varamformann iðnaðarnefndar, til fylgis við frumvarpið, en hann mætti ekki á fund nefndarinnar á mánudag. „Það er í andstöðu við hugsjónina um lýðræði og þingræði.“ Helgi sagði jafnframt að allir sem um frumvarpið hefðu fjallað teldu það ótækt.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR IÐNAÐARRÁÐHERRA** Stjórnarandstæðingar segja ráðherra hafa algert vald yfir þinginu.

„Þetta eru ótrúleg hrossakaup,“ sagði Ögmundur Jónasson þingmaður vinstri grænna og bætti við að áhersla væri lögð á að afgreiða gælumál iðnaðar- og menntamálaráðherra meðan órædd væru brýn efnahagsmál.

„Stjórnarandstaðan hefur einsett sér að stöðva þetta mál. Það er sannleikurinn í málinu,“ sagði Birkir J. Jónsson, formaður iðnaðarnefndar. **- jh**

Viðræður út um þúfur:

# Óháðir í lykilstöðu á Dalvík

**KOSNINGAR** J-Listinn, listi óháðra á Dalvík sem Svanfríður Jónasdóttir leiðir, er kominn í lykilstöðu eftir að viðræður vinstri grænna, framsóknarmanna og Sjálfstæðisflokks runnu út í sandinn. Svanfríður segir alla möguleika skoðaða en ekkert fréttnæmt af viðræðum enn.



**SVANFRÍÐUR INGA JÓNSDÓTTIR**

J-listinn fékk tæp 42 prósent atkvæða á Dalvík, Framsóknarflokkurinn tæp 24 prósent, Sjálfstæðisflokkur 17 og vinstri grænir tæp 18 prósent. **- gag**

## FORSETI ÍSLANDS

**Ferð til Litháen** Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er nú staddur í Litháen. Þar mun hann taka þátt í ársþingi samtakanna Evrópskar borgir gegn fíkniefnum. Forsetinn mun flytja setningarræðu ásamt forseta Litháen, Valdas Adamkus, á morgun. Þá mun forseti einnig eiga viðræður við sérfræðinga, sveitarstjórnarmenn og áhrifaaðila víða að úr Evrópu um aðferðir sem reynst hafa vel í baráttunni gegn fíkniefnum. Ólafur Ragnar tekur þátt í fjölbreyttri dagskrá meðan á heimsókninni stendur.

## KOSNINGAR

**Fundað í Árborg** Sjálfstæðismenn í Árborg ræddu við Samfylkingu og Framsóknarflokk í gær um myndun hugsanlegs meirihlutasamstarfs. Sjálfstæðisflokkur fékk fjóra menn kjörna og þarf tvo menn annars hvors flokksins til að mynda meirihluta. Samfylking, Framsóknarflokkur og Vinstri-græn ræddu saman fyrst um myndun meirihluta en upp úr viðræðunum slitnaði í gær. Ástæðuna segir oddviti Vinstri grænna vera ósamkomulag um byggingu skóla í sveitarfélaginu.

# Flugfélög mega ekki veita upplýsingar

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins var óheimilt að leyfa evrópskum flugfélögum leyfi til að senda bandarískum stjórnvöldum persónuupplýsingar um farþega sína. Persónuvernd ætlar að fylgjast með þróun málsins.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Evrópudómstóllinn, sem er æðsti dómstóll Evrópusambandsins, komst í gær að þeirri niðurstöðu að samkomulag um að evrópsk flugfélög afhendi persónuupplýsingar um farþega sína stæðist ekki lög Evrópusambandsins.

Bandarísk stjórnvöld segja bráðnauðsynlegt að þau fái þessar til þess að verjast árásum hryðjuverkamanna. Þau hóta því að flugfélög, sem ekki afhenda þessar upplýsingar, greiði háar sektir og missi lendingarleyfi í Bandaríkjunum.

Evrópuþingið kærði þetta fyrirkomulag til Evrópudómstólsins á þeim forsendum að gögnin myndu ekki njóta nægilegrar verndar hjá bandarískum stjórnvöldum.

Flugleiðir hafa, eins og önnur evrópsk flugfélög, farið að kröfum Bandaríkjanna um miðlun þessara upplýsinga. Persónuvernd óskaði á sínum tíma eftir skýringum frá Flugleiðum vegna þess og ætlar að fylgjast grannt með framvindu málsins í kjölfar þessa dóms.



**FARÞEGAR Á FLUGVELLI Í LONDON** Evrópskum flugfélögum er óheimilt að veita bandarískum yfirvöldum persónuupplýsingar um farþega á leið til Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Nú fer væntanlega í gang mikil umræða innan Evrópusambandsins um þetta mál,“ segir Þórður Sveinsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd.

„Árið 2004 var gerður samningur milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um að evrópsk flugfélög mættu miðla þessum upplýsingum til Bandaríkjanna,“ segir Þórður, en sá samningur var byggður á því skilyrði að Bandaríkin myndu sjá til þess að upplýsingarnar fengju næga vernd til þess að það fullnægði kröfum Evrópusambandsins um persónuvernd.

Í úrskurði Evrópudómstólsins er ekki tekin afstaða til þess hvort Bandaríkin fullnægi þessum persónuverndarkröfum, heldur var samkomulagið dæmt ógilt á þeim forsendum að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefði ekki haft lagalega heimild til þess að leyfa flugfélögunum að miðla upplýsingum um farþega sína til Bandaríkjanna.



**ICELANDAIR** Íslensk flugfélög hafa veitt Bandaríkjamönnum upplýsingar um farþega.

Embættismenn bæði Evrópusambandsins og Bandaríkjanna sögðust þó í gær bjartsýnir á að lausn fyndist áður en tilskilinn níutíu daga frestur rennur út í lok september. „Hugsanlega verður gripið til sérstakra ráðstafana til að veita framkvæmdastjórninni heimild til að taka ákvörðun í málinu,“ segir Þórður.

gudsteinn@frettabladid.is

Formenn stjórnarandstöðuflokkanna gagnrýna nýjan meirihluta í Reykjavík:

# Með minnihluta atkvæða

„Það hlýtur að vekja athygli að Sjálfstæðisflokkurinn hefur tekið að sér að tryggja völd Framsóknarflokksins í íslensku samfélagi þrátt fyrir að lýðræðislegt umboð flokksins sé mjög lítið,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. Þetta hljóti að vera umhugsunarefni fyrir kjósendur Sjálfstæðisflokksins.

Í svipaðan streng tekur Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna, sem segir þessa flokka hafa minnihluta kjósenda í Reykjavík á bak við sig. „Tapararnir í Reykjavík ætla að vinna saman,“ segir hann og skilur ekki að „Framsóknarflokkurinn haldi áfram að troða þennan sjálfseyðingarstíg“.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, efast um heilindi sjálfstæðismanna og að það hafi einungis tekið þrjá tíma að koma saman nýjum meirihluta með Framsóknarflokknum. Aðspurður hvort þetta muni hafa áhrif á mögulegt samstarf við Sjálfstæðisflokkinn í framtíðinni segir Guðjón það fara eftir málefnum eins og verið hefur.



**FORMENN STJÓRNARANDSTÖÐUFLOKKANNA** Telja að niðurstaðan í Reykjavík muni þjappa stjórnarandstöðunni saman á landsvísu.

Ingibjörg Sólrún segir það heldur dapurlegt fyrir hið pólitíska landslag að ríkisstjórnin sé komin inn í ráðhús Reykjavíkur. Sá möguleiki hafi klárlega verið til staðar að mynda meirihluta án Sjálfstæðisflokksins. Steingrímur segir að F-listinn hafi slátrað möguleikanum á slíku samstarfi. **- bg**







SPRON Skeifunni




# Tímamót í Skeifunni

Undanfarið hafa staðið yfir umfangsmiklar breytingar á **húsnæði SPRON í Skeifunni 11**. Viðskiptavinir okkar hafa sýnt ríkan skilning og þolinmæði meðan á framkvæmdum hefur staðið og fyrir það erum við mjög þakklát. Nú er þessu verki lokið og við erum afar stolt af útkomunni.

Í tilefni breytinganna bjóðum við öllum þeim sem heimsækja okkur í vikunni upp á kaffi og meðlæti og að taka þátt í veglegum Lukkuleik.

**Okkur væri mikil ánægja ef þú litir inn til okkar í Skeifunni og samfagnaðir með okkur.**

***Starfsfólk SPRON Skeifunni 11.***

ARGUS / 06-0120

## Lukkuleikur

Dagana **29. maí til 9. júní** gefst þeim sem koma til okkar í Skeifuna tækifæri að taka þátt í einföldum Lukkuleik þar sem **veglegir vinningar** eru í boði. Dregið 12. júní.

spron

**SPRON Skeifunni 11** / Sími 550 1200 / spron.is

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

Málstofa
um þorskastríðin þrjú
- í tilefni af því að 30 ár eru liðin frá lokum landhelgismálsins

Hátíðasal Háskóla Íslands
fimmtudaginn 1. júní 2006 kl. 12.15-15.00

Dagskrá:
12.15 Afhending fyrstu eintaka ritsins „Þorskastríðin þrjú og saga landhelgismálsins, 1948-1976“. Höfundur: Guðni Th. Jóhannesson. Útgefandi: Hafréttarstofnun Íslands.
12.20 Ávarp Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra.
12.30 Ávarp Geirs H. Haarde utanríkisráðherra.
12.40 Ávarp Einars Kr. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra.
12.50 Veitingar í boði Hafréttarstofnunar Íslands.
13.20 Erindi Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings við Hugvísindastofnun H.Í.
14.00 Erindi Peters Hennessy prófessors í breskri nútímasögu við Háskólann í London.
14.30 Fyrirspurnir og umræður.
15.00 Slit.

Málstofustjóri: Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.

Málstofan er öllum opin á meðan húsrúm leyfir

Morð á varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli:

# Fer fyrir herrétt

**DÓMSMÁL** Nægar sannanir eru fyrir hendi til að bandaríski flugliðinn, sem grunaður er um að hafa myrt samstarfskonu sína á varnarliðsstöðinni í Keflavík í ágúst á síðasta ári, mæti fyrir herrétt vegna málsins, að sögn talsmanns Bandaríkjahers í samtali við AP-fréttastofuna.

Calvin Eugene Hill, tvítugur hermaður í flughernum, situr í herfangelsi í Þýskalandi ákærður fyrir morð á jafnöldru sinni, Ashley Turner. DNA-rannsóknir leiddu í ljós að blóð Turner var að finna á skóreim Hills.

Herdómstóllinn kemur saman í Washington, en dagsetning hefur ekki verið ákveðin. Verði Hill fundinn sekur um morð á hann yfir höfði sér lífstíðarfangelsi eða dauðarefsingu. - smk



**VARNARLIÐSSTÖÐIN** Ashley Turner var myrt í þessu húsi á herstöðinni í Keflavík.



**LANGAN TÍMA TEKUR AÐ FRAMFYLGJA NÁLGUNARBANNI** Brjóti menn gegn nálgunarbanni þarf að kæra þá og stofna dómsmál gegn þeim. Ekki er hægt að taka mennina úr umferð, nema dómari ákveði að setja menn í gæsluvarðhald. Annars tekur málið allt að mánuð fyrir dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

# Ganga lausir í allt að mánuð

**Brjóti ofbeldismenn nálgunarbann tekur tvær til fjórar vikur að taka þá úr umferð. Lögreglumenn eru vonsviknir með framkvæmd sex ára laganna.**

**NÁLGUNARBANN** Lögreglan skráði tólf brot gegn nálgunarbanni árið 2004, eitt árið 2005 og eitt það sem af er þessu ári. Árið 2004 féll dómur í fjórum málanna, samkvæmt tölum frá embætti ríkislögreglustjóra.

Ekki fengust skýringar á fækkandi brotum, en eins og saksóknarinn, Helgi Magnús Gunnarsson, segir Bjarnþór Aðalsteinsson, lögreglufulltrúi í ofbeldisdeild, afgreiðslu á nálgunarbanni gegn ofbeldismönnum of fyrirhafnarmikla.

„Við höfum orðið fyrir vonbrigðum með hvað úrræðið er máttlaust tæki og hve mikið þarf til svo hægt sé að beita nálgunarbanni,“ segir Bjarnþór um lögin um nálgunarbann sem sett voru fyrir sex árum. „Það ætti að vera hægt að færa menn strax fyrir dóm brjóti þeir nálgunarbann.“

Nálgunarbann hefur það markmið að veita fórnarlömbum ofbeldisbrota aukna vernd, einkum í tengslum við heimilisofbeldi.

Bjarnþór segir að nálgunarbann eigi að vera sjálfsagður hlutur til varnar þeim sem hafi búið við ofsóknir og illúðlegar árásir árum saman, en það hafi ekki tekist: „Sjálfum finnst mér að misskilningur hafi orðið við lagasetninguna. Miklu auðveldara á að vera að fá bannið og að beita viðurlögum ef það er brotið.“

Helgi I. Jónsson, dómstjóri í Héraðsdómi Reykjavíkur, segir framfylgni nálgunarbanns einnig of þunga í vöfum en leggja þurfi nálgunarbeiðni fyrir héraðsdóm. Sá sem krafan beinist að sé boðaður í réttarsal, þar sem hann fái aðstoð lögmanns og rétt til andmæla og að kæra fyrir Hæstarétt. „Það hefur komið fyrir að erfitt er að hafa uppi á mönnunum, en öll svona mál eru afgreidd á tveimur til fjórum vikum,“ segir hann. „Lögin eru einfaldlega svona. Það er Alþingis að meta hvort þörf er að breyta þeim.“

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vildi ekki tjá sig um hvort breyta þyrfti lögunum um nálgunarbann þegar Fréttablaðið leitaði eftir því eftir að flokksfundi sjálfstæðismanna lauk á mánudaginn.

gag@frettabladid.is





NISSAN NOTE

NÝR FJÖLSKYLDUBÍLL FRÁ NISSAN

Krakkabíll með karakter!

Nissan NOTE hefur alla kosti fjölskyldubíls og meira til: Öryggi, lipurð, kraft og þægindi. Það sem gerir NOTE að nýrri tegund fjölskyldubíls er sérhannað rými fyrir börnin, öðruvísi útlit og mikill persónuleiki. NOTE er bíll fyrir alla fjölskylduna, líka krakka með karakter!

Prófaðu Note og fáðu miða í bíó!
Allir sem koma og reynsluaka nýjum NOTE fá miða á IceAge eða Hoodwinked meðan birgðir endast!

| | Vél. | Hö. | Gírskipting | Verð |
|---|---|---|---|---|
| NOTE Visia | 1,4 | 88 | Beinskiptur | 1.740.000 kr. |
| NOTE Visia | 1,6 | 110 | Sjálfskiptur | 1.950.000 kr. |
| NOTE Tekna | 1,6 | 110 | Sjálfskiptur | 2.090.000 kr. |

50.000 kr. kaupauki!
50.000 kr. bensínkort frá EGO fylgir öllum nýjum Nissan bílum!

Geymsluhólf - kælir fyrir drykki - öryggispúðar - dótahólf - borð - rúmgott farangursrými



ENNEMM / SÍA / NM21560

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

Uppstokkun í Bandaríkjunum:

# Nýr fjármálaráðherra

**BANDARÍKIN, AP** John Snow, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, sagði af sér í gær og í hans stað útnefndi Bandaríkjaforseti Henry M. Paulson í stöðuna.

Paulson lætur af störfum sem stjórnarformaður fjármálafyrirtækisins Goldman Sachs til að taka við embættinu.



**TEKUR VIÐ EMBÆTTI** George W. Bush Bandaríkjaforseti hlustar á Henry M. Paulson, nýjan fjármálaráðherra.

„Hann hefur ævilanga reynslu af kaupsýslu. Hann hefur mikla þekkingu á fjármálamarkaðinum og getur útskýrt hagfræði í afar einföldu máli,“ sagði George W. Bush Bandaríkjaforseti í gær.

Fréttaskýrendur telja að Paulson sé ætlað að endurlífga trú Bandaríkjamanna á forseta sínum. - smk



Töskutilboð
Byrjaðu fríið í Office 1!
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
4 Outback ferðatöskur í setti
Vörunúmer: 4023008
Mjög góðar og vandaðar ferðatöskur frá Outback. Fjórar ferðatöskur í setti á hjólum með handfangi að ofan. Stílhrein og falleg hönnun.
Aðeins
13.990,-
Fjögurra tösku sett.
23% afsláttur
Office1
Flugfreyjutaska
Vörunúmer: 4023017
Rúmgóð flugfreyjutaska frá Outback með hólfi að framan og handföngum bæði að ofan og á hlið. Taskan er á hjólum og handfang kemur upp úr bakinu til að keyra töskuna á eftir sér.
Aðeins
3.490,-
Verð áður 4.495,-
34% afsláttur
Office1
Innkaupataska á hjólum.
Vörunúmer: 402gm1
Skemmtileg og rúmgóð innkaupataska á hjólum frá Outback.
Aðeins
1.990,-
Verð áður 2.995,-
Office1
Íþróttataska
Vörunúmer: 402gm0302
Íþróttataska frá Outback. Taskan er 48cm löng og er með fjölda hólfa innan sem utan. Vönduð taska á hagstæðu verði.
20% afsláttur
Aðeins
1.290,-
Verð áður 1.595,-
Flight Support
20% afsláttur
Office1
Ferðavörur
GO ferðavörur á 20% afslætti í júní.
Auglýsingin sýnir aðeins brot af hinum frábæru ferðavörum sem Office 1 hefur upp á að bjóða.
20% AFSLÁTTUR
Office 1 Superstore
Afgreiðslutímar
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 10-16
Tilboðin gilda í júní 2006 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.




Fleiri bílastæði vantar í miðborg Reykjavíkur næstu árin:

# Bílahúsin eru að verða full

**REYKJAVÍK** Nýting bílahúsanna í miðborg Reykjavíkur nálgast hámark. Sum húsin ná ekki að anna eftirspurn nógu vel og önnur nálgast hraðbyri hámarksnýtingu, samkvæmt nýrri skýrslu um nýtingu bílastæðahúsa sem Bílastæðasjóður hefur látið gera. Fleiri bílastæði vantar.

Staðan er sérstaklega slæm í fjórum bílahúsum, Vesturgötu 7, Ráðhúskjallaranum, Tjarnargötustæðum og Stjörnuporti. Nýting bílahúsanna við Hverfisgötu, Traðarkots og Vitatorgs, hefur aukist hratt síðustu misseri en nýting Kolaports og Bergstaða stendur nokkurn veginn í stað.



**BÍLAHÚS** Um 2000 ný bílastæði í tónlistarhúsinu verða tekin í notkun árið 2009.

Stefán Haraldsson, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs, segir að nýtingin hafi aukist mest í Vitatorgi og Traðarkoti, þar hafi orðið stökk í vetur. Uppbyggingarverkefni með bílakjöllurum séu fyrirsjáanleg í austurborginni en samt vanti fleiri stæði. Einnig í Kvosinni.

„Það eru 2.000 bílastæði á leiðinni kringum ráðstefnu- og tónlistarhúsið sem verður tekið í notkun 2009 og eitthvað af þeim stæðum verður kannski komið í notkun áður en það verða vandræði með stæði þangað til og á framkvæmdatíma mun stæðum fækka í Kvosinni,“ segir hann.

Hægt er að stýra eftirspurn eftir bílahúsunum með gjaldskrárbreytingu en ekkert slíkt er í bígerð. - ghs

Sakamál í Ástralíu:

# Setti smábarnið í þurrkara

**ÁSTRALÍA** Ástralskur maður hefur verið ákærður fyrir að setja 13 mánaða telpu í þurrkara í nokkrar mínútur, eftir að hún hellti niður á sig, kom fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC, í gær.

Maðurinn, sem er 21 árs, var að passa barn unnustu sinnar á meðan hún brá sér í líkamsrækt, að sögn lögreglu. Þegar hún kom heim aftur, var barnið illa brunnið og með áverka. Hún fór með telpuna til læknis, sem hafði samband við lögreglu. Manninum hefur verið sleppt úr haldi gegn lausnargjaldi, en er bannað að hafa samband við móður barnsins. Læknar búast við því að telpan nái sér af áverkunum. - smk

Útflutningur á lambakjöti til Bandaríkjanna dregst saman í magni og verðmæti :

# Lítið flutt út vegna kjötskorts

**ÚTFLUTNINGUR** Heildarútflutningur á lambakjöti til Bandaríkjanna dróst saman á milli áranna 2004 og 2005 samkvæmt tölum frá Hagstofunni. Árið 2003 var heildarútflutningur rúm 72 tonn en jókst töluvert árið 2004 en þá var hann tæp 105 tonn. Í fyrra var hann hins vegar rúm 96 tonn en útflutningur á nýju lambakjöti minnkaði nokkuð á milli áranna 2004 og 2005.

Frá árinu 2003 hefur útflutningur á frystu kjöti minnkað verulega en síðustu tvö ár hefur verið lögð meiri áhersla á útflutning fersks kjöts.

Árið 1995 var átaksverkefnið Áform sett af stað á vegum íslenskra yfirvalda. Markmið verkefnisins er að auka útflutning íslenskra afurða og hafa stjórnvöld lagt fram 25 milljónir á ári til verkefnisins síðan 1995 en verkefnið er til ársins 2010.



**ÍSLENSKT KJÖT Í BANDARÍKJUNUM** Mikil eftirspurn veldur því að útflutningur dregst saman FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRN

Heildar útflutningsverð (FOB verð) í íslenskum krónum lækkaði nokkuð á milli áranna 2004 og 2005 eða úr 67 milljónum í 56 milljónir. Gengi íslensku krónunnar var óvenju hátt á síðasta ári en slíkt ástand veldur útflutningsgreinum erfiðleikum þar sem færri krónur fást fyrir vöruna.

Að sögn Baldvins Jónssonar, verkefnisstjóra Áforms, er skortur á lambakjöti skýringin á minnkandi útflutningi til Bandaríkjanna. Hann telur að útflutningur þessa árs verði svipaður og á því síðasta vegna lítils framboðs. Til þess að leysa vandann verði að auka framleiðslu á næstu fimm árum.

Núna eru um sjö þúsund tonn framleidd hér á landi en fyrir fimmtán árum voru það um ellefu þúsund tonn. - gþg




NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Nicotinell®
NJÓTTU
LEIKSINS
REYKLAUS
Stökkt að utan
Mjúkt að innan
Nicotinell Mint
Nicotinell Fruit
Nicotinell Lakrids
Nicotinell Classic
Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf. Lyfið ekki ætlað á meðgöngu / brjóstagjöf án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.




Húsnæðisvandi og mannekla á Landspítala - háskólasjúkrahúsi:

# Læknaráðið krefst aðgerða

**HEILBRIGÐISMÁL** Alvarlegur húsnæðisvandi Landspítala - háskólasjúkrahúss getur ekki beðið þar til nýtt sjúkrahús verður reist, segir í ályktun aðalfundar læknaráðs spítalans sem haldinn var fyrr í vikunni. Því er nauðsynlegt að finna úrlausn til bráðabirgða, annað hvort með nýbyggingum eða nýtingu húsnæðis í námunda við sjúkrahúsið. Sérstaklega er brýnt að bæta aðstöðu fyrir sjúklinga. Þá verður að finna lausnir varðandi húsnæðisvanda rannsóknadeilda.

Þá fjallaði aðalfundurinn um gangainnlagnir og skort á starfsfólki. Varðandi fyrra atriðið segir í ályktuninni að legurúmum á spítalanum hafi markvisst fækkað á undanförnum árum.


**RÁÐNINGARVALD** Læknaráð LSH ítrekar mikilvægi þess að ráðningarvald sé hjá yfirlæknum sérgreina.

Ekki hafi verið brugðist við fyrirsjáanlegum afleiðingum þeirrar fækkunar með nægjanlegum úrræðum. Gangainnlagnir samrýmist ekki þeim kröfum sem gera eigi til þjónustu sjúklinga á sjúkrahúsinu. Varðandi skort á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum skorar læknaráðið á heilbrigðisyfirvöld að leysa þann vanda.

Loks bendir læknaráðið á að samkvæmt vinningstillögu um deiliskipulag nýs spítala sé starfseminni dreift yfir stórt svæði og óhóflegar vegalengdir milli eininga. Telur ráðið nauðsynlegt að lagfæra slíka hnökra. - jss





**KLERKAR KREFJAST KJARNORKU** Frá útifundi í Teheran í byrjun vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Íranar reiðubúnir til viðræðna við ESB

**Íranski utanríkisráðherrann lýsti því yfir í gær að Íranar væru reiðubúnir að hefja á ný viðræður, án skilyrða, við fulltrúa Evrópusambandins um kjarnorkumál Írans. Yfirlýsingin vekur vonir um að samningalausn sé möguleg.**

**ÍRAN, AP** Íransstjórn er reiðubúin að hefja á ný samningaviðræður við fulltrúa Evrópusambandsins um kjarnorkuáætlun hennar, að því er íranski utanríkisráðherrann greindi frá í gær. En hann útilokaði viðræður við Bandaríkjamenn.

„Ég lýsi því yfir að Íran er tilbúið að bregðast jákvætt við ákalli um að taka á ný upp viðræður um kjarnorkumál Írans án nokkurra skilyrða,“ tjáði utanríkisráðherrann, Manouchehr Mottaki, fréttamönnum í Putrajaya í Malasíu, en þar var hann staddur á ráðherrafundi ríkja utan hernaðarbandalaga (NAM). „Í samræmi við þetta vil ég lýsa því yfir að við erum tilbúnir til að hefja tafarlaust aftur viðræður við ESB-þríveldin til að finna lausn á málum,“ sagði hann. ESB-þríveldin eru Bretland, Frakkland og Þýskaland, en þau rufu samningaviðræður við Írana í ágúst í fyrra eftir að þeir ákváðu að taka aftur til við auðgun úrans.


**MANOUCHEHR MOTTAKI** Utanríkisráðherra Írans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yfirlýsingin jók bjartsýni á að Íranar muni bregðast jákvætt við fyrirhuguðu tilboði neitunarvaldsveldanna fimm í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, auk Þýskalands, um margvíslega aðstoð ef Íranar falla frá tilraunum sínum með auðgun úrans. Til stendur að ESB-þríveldin kynni tilboðspakkann fyrir Írönum mjög bráðlega.

Talsmaður kjarnorkuáætlunar Írana tilkynnti annars á mánudag að þeir hefðu gert tilraunir með kjarnasamruna. Virtist yfirlýsingin ætluð til að undirstrika að Íranar séu staðráðnir í að halda kjanorkuáætlun sinni til streitu, hvað sem vaxandi andstöðu umheimsins líður.

„Íranskir kjarnorkusérfræðingar eru að keppa við þróuðustu lönd heims hvað varðar framleiðslu kjarnorku með kjarnasamruna,“ sagði talsmaðurinn, Sadat Hosseini, eftir því sem haft var eftir honum í íranska ríkissjónvarpinu. Hann sagði þessar tilraunir fyrst hafa verið gerðar fyrir fimm árum.

Kjarnasamruni á sér einnig stað er vetnissprengja er sprengd. Það kann að vera skýringin á því að Íranar greina fyrst núna frá þessum rannsóknum sínum. Þeir halda því statt og stöðugt fram að kjarnorkuáætlun þeirra hafi það eitt að markmiði að framleiða rafmagn, en Bandaríkjamenn og fleiri þjóðir gruna klerkastjórnina í Teheran um að stefna að því að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

audunn@frettabladid.is






Héraðsdómur:

# Dæmdir fyrir líkamsárásir

**DÓMSTÓLAR** Tveir piltar voru í fyrradag dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness fyrir tvær líkamsárásir, brot á fíkniefnalögum og umferðarlagabrot. Annar þeirra var dæmdur í þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið í tvö ár. Hinn var dæmdur til að greiða 250 þúsund króna sekt, ella sæta 18 daga fangelsi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna. Þá var mönnunum gert að greiða sakarkostnað.

Báðir þeirra tóku þátt í líkamsárás á mann í Garðabæ í júlí í fyrra. Nokkrum mánuðum síðar gekk svo annar þeirra í skrokk á konu í Garðabæ og slasaði hana með spörkum. - jss

Fjöltækniskólinn:

# Á fimmta tug útskrifaðir

**MENNTAMÁL** Fjöltækniskóli Íslands útskrifaði 42 nemendur fyrr í þessum mánuði. Þeir útskrifuðust með skipstjórnarpróf og vélstjórnarpróf og vélstjórar samhliða með stúdentspróf. Að þessu sinni útskrifuðust nemendur einnig af 4. stigi skipstjórnar, varðskipsdeild, en 4. stigið er haldið í samvinnu við Landhelgisgæsluna á nokkurra ára fresti.

Endanleg sameining Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík átti sér stað í febrúar 2005 þegar nýtt nafn, Fjöltækniskóli Íslands, var tekið upp. Miklar breytingar hafa orðið á rekstri skólanna á síðustu árum og er skólinn að mótast sem nýr skóli með breyttar áherslur. - jss



**ICELAND EXPRESS** Flogið verður frá Akureyri fram í byrjun september.

Iceland Express:

# Millilandaflug frá Akureyri

**SAMGÖNGUR** Iceland Express hóf í gær flug á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar en flogið verður tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum.

Flugmiðinn gildir bæði frá Akureyri og Keflavík og að sögn Katrínar Harðardóttur, verkefnastjóra á Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi, eykur þetta möguleika ferðamanna mikið.

Flogið verður til Kaupmannahafnar fram í byrjun september en þá verður flogið með Akureyringa til London í fjórar til fimm vikur. Einnig er áætlað að fljúga beint á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar um jólin. - gþg

## DÓMINÍSKA LÝÐVELDIÐ

**Strandaglópar á flugvelli** Að minnsta kosti 270 manns voru strandaglópar á alþjóðaflugvellinum í Dóminíska lýðveldinu nýverið. Þeir höfðu ætlað til Spánar í atvinnuleit, en urðu fórnarlömb stórfelldra svika. Fólkið hafði greitt þúsundir dala hvert í von um að fá atvinnu á Spáni, en ekkert varð úr því.


ENNEMM / SÍA / NM20913



151 pípari
á Gulu síðunum

**Nýtt á www.ja.is / www.simaskra.is**

- Þú getur slegið inn **leitarorð** á borð við „veisla“, „banki“ eða „pípari“
- Leitarvélin **talar íslensku** svo að engu skiptir í hvaða falli leitarorðin eru
- **Blönduð leit**, nafn/heimilisfang/póstnúmer. Þannig má t.d. finna alla pípara á svæði 101 og skiptir röð leitarorða ekki máli
- **Niðurstöður birtast í röð** eftir vægi, mestar upplýsingar fyrst og síðan hinar í stafrófsröð
- Tengd/skyld leitarorð birtast sem **tillögur**
- **Fellistika** stingur upp á leitarorði um leið og leitandi slær inn orð
- Leitarvélin **stingur upp á** annarri stafsetningu við vitlausan innslátt
- **Ný og gjörbreytt kort** fylgja öllum heimilisföngum

Gulu síðurnar

já

Mundu einnig eftir Gulu síðunum í **118** og í **Símaskránni.**





**DAUÐIR FISKAR** Þúsundir fiska hafa drepist undanfarna daga á fiskeldisstöð í Suður-Kína af ókunnum ástæðum. Þó að Kínverjar verði ríkari með hverju árinu sem líður er lítið um náttúruverndu þar í landi og hefur mengun eyðilagt stóran hluta vatnsforða landsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjörsókn í sveitarstjórnarkosningum í Reykjavík ekki verið minni um langa hríð:

# Stefnumál flokka keimlík

**KOSNINGAR** „Ein tilgátan er sú að keimlík stefnumál flokkanna sem buðu sig fram nú hafi valdið því að fólk hafi talið það litlu skipta hvort kosið var eða ekki,“ segir Ólafur Þ. Harðarsson, stjórnmálafræðingur við Háskóla Íslands.



**ÓLAFUR Þ. HARÐARSON**

Kjörsókn í sveitarstjórnarkosningunum í Reykjavík var sú dræmasta um langa hríð en aðeins 77 prósent kosningabærra manna í höfuðborginni greiddu atkvæði um helgina samanborið við 82 prósent fyrir fjórum árum.



**KJÖRDAGUR** Dræm kjörsókn er ekki ávísun á minni almennan áhuga á stjórnmálum að mati Ólafs.

Er þetta í fyrsta sinn sem dregur verulega úr þáttöku í en Ólafur segir þó að 77 prósent sé engu að síður hátt hlutfall í alþjóðlegum samanburði. „Erlendis hefur kjörsókn minnkað verulega bæði í þing- og sveitarstjórnarkosningum og við gætum verið að taka fyrstu skrefin til sams konar þróunar.“

Ólafur segist fullviss að almennur áhugi á stjórnmálum hafi ekki minnkað hérlendis heldur sé ástæða dræmari kjörsóknar núna séu minni hugmyndafræðileg átök milli flokka. „Þau eru líkleg til að skila sér í minni kjörsókn.“ - aöe

Börn seld mansali:

## 41 maður handtekinn

**ÍTALÍA, AP** Lögreglumenn víða um Evrópu handtóku á sunnudag 41 mann, eftir að ítalska lögreglan kom upp um glæpahring þar sem börn níu ára og eldri voru keypt eða leigð af fátækum fjölskyldum í Búlgaríu. Lögregla telur að vel yfir 100 börnum hafi verið smyglað til ýmissa Evrópulanda.

Að sögn lögreglu var flestum börnunum kenndur vasaþjófnaður, þó eitthvað hafi verið um kynlífsþrælkun á þeim líka.

Mennirnir, sem allir eru Búlgarar, voru handteknir á Ítalíu, í Búlgaríu, Þýskalandi og Austurríki. Jafnframt er verið að rannsaka aðild 75 manns til viðbótar að málinu. - smk

Samtök iðnaðarins:

## Styrkja tvær stofnanir HÍ

**MENNTAMÁL** Samtök iðnaðarins munu styrkja tvær stofnanir Háskóla Íslands um 2,5 milljónir króna á ári samkvæmt samningi sem undirritaður verður á mánudaginn.



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR**

Um er að ræða Alþjóðamálastofnun og Rannsóknarsetur um smáríki en með þessum stuðningi verður hægt að efla til muna rannsóknir allar og verkefni innan stofnananna tveggja. Eru þær vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf á sviði alþjóðamála og smáríkjarannsókna innan skólans. - aöe

### AFGANISTAN

**Fundust hauslausir** Lík þriggja lögreglumanna fundust í suðurhluta Afganistans á sunnudag og vantaði höfuðin á þau öll. Leitað hafði verið að mönnunum síðan á föstudag en yfirvöld komust á sporið eftir ábendingu frá þorpsbúum á svæðinu. Fullyrða stjórnvöld að talibanar hafi drepið lögreglumennina.

Hjálparsveit skáta í Kópavogi og Landsbjörg dæmd til að greiða skaðabætur vegna slyss:

# Milljónir vegna galla í skottertu

**DÓMSMÁL** Hjálparsveit skáta í Kópavogi og Slysavarnarfélagið Landsbjörg voru í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmd til að greiða manni sameiginlega 3,1 milljón króna auk 300 þúsunda króna í málskostnað.

Að kvöldi gamlársdags 2001 var maðurinn að fást við skottertu, sem sprakk skyndilega með þeim afleiðingum að hann hlaut meðal annars áverka á vinstri hendi. Maðurinn var gestkomandi á heimili tengdasonar síns umrætt kvöld. Þeir voru að skjóta upp þriggja tommu skottertu sem tengdasonurinn hafði fengið hjá Hjálparsveit skáta í Kópavogi. Maðurinn var að skera pappalok af henni þegar hún sprakk, en tengdasonur hans stóð skammt frá með stjörnublys í hendi. Maðurinn hlaut 12 prósenta varanlegan miska og 12 prósenta varanlega læknisfræðilega örorku. Hann stefndi Hjálparsveit skáta á þeirri forsendu að starfsmaður hennar hefði afhent tengdasyninum skottertu, sem ekki hefði verið ætluð til almennrar sölu, heldur til flugeldasýninga.



**FLUGELDAR** Skottertan var ekki ætluð í almenna sölu.

Þá stefndi maðurinn tengdasyninum fyrir að hafa undir höndum ólöglegu vöru og að sprengingin kynni að hafa orðið vegna elds frá stjörnuljósinu sem tengdasonurinn hélt á.

Dómurinn sýknaði tengdasoninn en rétturinn komst að þeirri niðurstöðu að skottertan hefði verið gölluð. - jss


SEÐLABANKI ÍSLANDS

## Auglýsing um innköllun þriggja seðlastærða

Samkvæmt reglugerð nr. 1125 frá 25. nóvember 2005, sem sett er með heimild í lögum um gjaldmiðil Íslands, nr. 22/1968, hefur forsætisráðherra, að tillögu Seðlabanka Íslands, ákveðið innköllun neðangreindra þriggja seðlastærða. Þessir seðlar voru fyrst útgefnir árið 1981.




Frestur til að afhenda ofangreinda seðla til innlausnar er fram að 1. júní 2007. Allir bankar og sparisjóðir eru skyldugir að taka við seðlunum til þess tíma og láta í staðinn peninga, sem ekki á að innkalla.

Seðlarnir, sem innkalla á, eru lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna til loka innköllunarfrestsins. Seðlabanki Íslands mun þó innleysa ofangreinda seðla í ekki skemmri tíma en 12 mánuði þar á eftir.

Efni er varðar innköllunina má finna á vef Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is).

*Reykjavík, 31. maí 2006*

SEÐLABANKI ÍSLANDS




**REIÐI Í GARÐ SETULIÐS** Afganskir piltar henda grjóti að bandarískum herbíl í uppþotunum í Kabúl á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óeirðir eftir banaslys sem herbíll olli í Kabúl:

# Verstu uppþot frá falli talibana

**AFGANISTAN, AP** Banvænt umferðarslys í Kabúl, sem bandarískir herbílar áttu hlut að, varð á mánudag kveikjan að verstu óeirðunum sem upp hafa komið í afgönsku höfuðborginni frá því innrásarliðið undir forystu Bandaríkjamanna steypti talibanastjórninni þar í lok árs 2001.

Talsmenn Bandaríkjahers í Afganistan greindu í gær frá því að bremsurnar hefðu bilað í hertrukki sem var á leið niður brekku í norðurhluta Kabúl á mánudagsmorgun. Hann hefði því rekist á nokkra bíla heimamanna með þeim afleiðingum að allt að fimm manns létu lífið og aðrir slösuðust.

Í framhaldi af slysinu óð æstur múgur um götur borgarinnar, fór ránshendi um verslanir og starfsstöðvar erlendra hjálparsamtaka, kveikti í lögreglubílum og hrópaði „niður með Bandaríkin“. Allt að 11 manns létu lífið í þessum átökum og 107 særðust, að sögn talsmann afganskra yfirvalda.

Hamid Karzai, forseti Afganistans, gaf út yfirlýsingu þar sem hann hvatti til stillingar. Útgöngubann var sett á borgina aðfararnótt þriðjudags og hermenn hafa staðið vörð víða um borgina til þess að koma í veg fyrir frekari átök. Að minnsta kosti tíu Íslendingar dvelja nú í borginni.

Byssumaður á mótorhjóli skaut til bana þrjá afganska starfsmenn alþjóðlegra hjálparsamtaka og bílstjóra þeirra þar sem þeir voru á ferð í norðurhluta Afganistans í gær. Atvikið var ekki talið tengjast uppþotunum í Kabúl. - aa

## „ORÐRÉTT“

### *Köld eru kvenleg tök*

**„En svo bregðast kross-tré sem önnur tré og hin kvenlegu tök blaðsins í efnisvali um nokkurt skeið hafa veikt málvöndun og markvissan stíl Morgunblaðsins.“**

Árni Johnsen í Morgunblaðinu 30. maí um málverndunarstefnu blaðsins.

### *Áttundi maðurinn*

**„Ég er hissa á því að frambjóðandinn ungi hjá B-listanum sem talaði af bjartsýni og einlægni framan í sjónvarpsmyndavélarnar sé orðinn áttundi maður Sjálfstæðisflokksins.“**

Svandís Svavarsdóttir, oddviti VG, um þá ákvörðun Björns Inga Hrafnssonar að mynda meirihlutastjórn með Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík. Fréttablaðið 30.maí.

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐNÝ HRUND KARLSDÓTTIR, SVEITARSTJÓRI Í RAUFARHAFNARHREPPI

## *Hættir fyrir heimsmeistaramótið*

„Það er bara bjart yfir mér enda komið sumar eftir nokkurt hret,“ segir Guðný Hrund Karlsdóttir sem senn mun láta af embætti sínu sem hreppstjóri í Raufarhafnarhreppi því hreppurinn sá heyrir nú sögunni til eftir sameininguna við Húsavíkurbæ, Öxarfjarðarhrepp og Kelduneshrepp. „Ég hef í rauninni unnið að því hörðum höndum að leggja þetta embætti mitt niður,“ segir hreppstjórinn sem talaði jafnan fyrir sameiningunni. „Það vill svo skemmtilega til að ég hætti að vera hreppstjóri um leið og heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu hefst svo ég get gleymt mér yfir henni án vandræða. Svo sé ég bara til.“ Aðspurð hvort sveitarstjórnarmenn einhvers staðar á landinu hafi gert hosur sínar grænar fyrir henni segir hún, „ég er svo sem með ýmis járn í eldinum en þó get ég ekkert sagt á þessari stundu. Nema þá að ég tel mestar líkur á því að ég sé á förum frá Raufarhöfn, þessum yndislega stað. Ég á eftir að sakna fólksins hér.“

Guðný Hrund verður reyndar að horfa á eftir fleirum en íbúum Raufarhafnar því ungur skiptinemi frá Hong Kong, Brian Chan að nafni, hefur verið hjá henni og fjölskyldu í vetur en mun hverfa til síns heima eftir einn mánuð. „Hann unir hag sínum vel hér á Raufarhöfn og er einstaklega hrifinn af norðurljósunum og myrkrinu og eins af björtu nóttunum nú þegar sumarið er gengið í garð. Einnig þykir honum aðdáunarvert hve Íslendingar geta verið afslappaðir og gáskafullir en staðið þó ávallt sína plikt. Það er nokkuð gott að átta sig á þessu hérna en Raufarhafnarbúar eru miklir gleðimenn en ábyrgir þó. Meðal annars þess vegna á ég eftir að sakna þeirra ef ég fer.“



Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri á Raufarhöfn.

## SJÓNARHÓLL



ÁSGEIR DAVÍÐSSON

### *Vont fyrir Kópavog*

„Það eru blendnar tilfinningar hjá mér gagnvart þessum nýja meirihluta í Reykjavík,“ segir Ásgeir Davíðsson, betur þekktur sem Geiri á Maxim. „Í raun tel ég að hann Villi sé hinn vænsti maður og eins Björn Ingi og ég tel að þessir menn eigi eftir að gera góða hluti. En það sem verra er að þegar komin verður svona góð stjórn í Reykjavík þá hættir húsverðið að hækka svona mikið í Kópavoginum eins og það hefur gert undanfarin ár. Annars kom það mér á óvart hvað Framsóknarflokkurinn kom illa út úr þessum kosningum en ég held að hann hafi tapað svona skelfilega á R-lista samstarfinu. Hann hefur bara horfið inn í þetta og svo kemur bara einhver listi sem heitir exbé. Ég er ekkert viss um það að unga fólkið sem ekki hefur svo mikinn áhuga á pólitík viti að Framsóknarflokkurinn sé til. Svo kom það mér nokkuð á óvart að þessir tveir flokkar skildu enda saman en ég hélt að sjálfstæðismenn væru búnir að húkka í hann Ólaf F. Magnússon. En svo breyttist það einn ,tveir og bingó.“



**Á LEIÐ UPP Á HVANNADALSHNJÚK** Hnjúkurinn gefur góð fyrirheit þegar hann blasir við en þó þurfa menn að taka drjúgt á til þess að fá notið þeirrar sælu sem Einar Guðmundsson göngugarpur segir fylgja því að standa þarna uppi og finna fyrir smæð sinni gagnvart náttúrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Á toppi jökulsins og tilverunnar

**Um 30 starfsmenn Sjóvár gerðu sér lítið fyrir í síðustu viku og klifu hæsta tind landsins, Hvannadalshnjúk. Undirbúningur hafði staðið yfir í vetur en þó var æði margt sem kom göngugörpunum í opna skjöldu líkt og verða vill á þessu slóðum. Gunnar V. Andrésson, ljósmyndari Fréttablaðsins, slóst í hópinn.**

Hópurinn fór síðastliðinn fimmtudag og gisti í Svínafelli þar sem Margrét Björnsdóttir, einn af skipuleggjendum, kom krafti í köggla fólksins með því að elda ofan í það kjötsúpu. Ekki veitti af því klukkan fjögur voru göngugarparnir ræstir til að gera sig klára; koma sér í klæðnaðinn, setja á sig belti, mannbrodda og taka sér ísöxi í hönd. Fimm leiðsögumenn frá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum fóru með hópnum og leiðbeindu fólki á alla vegu. „Þeir pössuðu afskaplega vel upp á okkur,“ segir Einar Guðmundsson göngugarpur. „Þó brá okkur í brún þegar þeir sögðu að það okkar sem detta myndi ofan í sprungu ætti einfaldlega að njóta þess að hanga í hyldýpinu. Við höfðum gert okkur vonir um að það heyrði til algjörra undantekninga að slíkt kæmi fyrir en svo er ekki og það fór svo að þrír í mínum hópi lentu í sprungu, en það er ekkert tiltökumál ef menn eru með rétta útbúnaðinn.“

Það tekur átta til níu tíma að ganga á hnjúkinn og veðurspáin gaf ekki góð fyrirheit þennan dag. „Það var þó alveg heiðskírt og nánast logn þegar við lögðum af stað og við vorum að vonast til þess að veðrið myndi ekki spillast áður en við næðum á toppinn,“ segir Einar. Þó annað slagið þykknaði yfir hnjúknum nutu jöklafararnir góðs skyggnis þegar komið var upp. „En veður eru válynd á toppnum og í þann mund sem þeir síðustu voru að leggja af stað niður skall á með snjókomu og skafrenningi. Það var aðeins velkomin tilbreyting að fá einnig að kynnast hjúknum við þessar aðstæður. Svo var það bara gott að fá þetta í bakið á leiðinni niður,“ segir Einar.

Hann hvetur alla þá sem ætla sér í slíka ferð að búa sig vel undir hana. „Maður var orðinn verulega þreyttur á vissum tímapunkti og þá var freistandi að hætta við, þannig að það er mikilvægt að vera vel undir átökin búinn; líkamlega og andlega. Hins vegar þegar toppnum er náð fyllist maður þvílíkri sælu að öll þreyta er á bak og burt. Reyndar var það einnig svo að við vorum tiltölulega hress eftir ferðina og tel ég það að þakka þessum frábæru leiðsögumönnum sem pössuðu upp á okkur af stakri fagmennsku,“ segir Einar en hugur hans er vart enn kominn til byggða eftir þessa eftirminnilegu ferð. **jse@frettabladid.is**



**FRÍÐUR GÖNGUHÓPUR** Gleði skín úr hverju andliti í þessum fríða gönguhópi enda launaði útsýnið þeim erfiðið ríkulega meðan heiðskírt var.



**KLIFRAÐ YFIR SPRUNGUNA** Margt ber að varast á leiðinni upp. Hér er göngugarpur fyrir ofan hyldjúpa sprungu. Reyndar fengu nokkrir að gossa í slíkt hyldýpi en það er hættulaust ef menn eru með réttan búnað.



**TOPPNUM NÁÐ** Fátt er betra en að ná markmiðum sínum og geta horft á útsýnið frá landsins hæsta tindi. Hér er einn hópurinn í þeirri sæluvímu sem slíkum áfanga fylgir.

Útiföt
fyrir börnin í sumar
Buxur
fóðraðar 3.900 kr.
Úlpa
einn rennilás 5.400 kr.
tveir rennilásar 5.700 kr.
www.66north.is
REYKJAVÍK: Kringlan - Bankastræti 5 - Faxafen 12
GARÐABÆR: Miðhraun 11 - AKUREYRI: Glerárgata 32
66° NORÐUR




15 FROSIN BÓNUS SMÁBRAUÐ
15 FÍN/GRÓF
129 KR.
680/700g
SMÁBRAUÐ
FÍN
GRÓF
BÓNUSÍSINN
198 KR.
2 LÍTRAR!
Vanillu ís
Súkkulaði ís
BÓNUS
VÖFFLUDUFT
159 KR.
HÁLFT KÍLÓ
Allt sem þarf
Vöffluduft
PURREFNABLANDA
fyrir um 20 vöfflur
bonus.is
Bónusvörur
á betra verði!
ERAN/Landlist
100% NAUTAKJÖT innflutt
10 stykki 100g hamborgarar
10 hamborgarar
899 KR.
1 kíló
4 XL brauð
98 KR.
4 XL BÓNUS
hamborgarabrauð
BÓNUS SÓSA
129 KR.
400 ml
Hamborgara sósa
Remúlaði
BÓNUS
BÓNUS PYLSUR
479 kg KR.
Merkt verð 599KR.
Vínarpylsur
TVENNUTILBOÐ
BRAUÐRASP+
KARTÖFLUMÚS
179 KR.
TVENNUTILBOÐ
RASP
KARTÖFLU mús
Brauðrasp og kartöflumús
BÓNUS SKÚFFUKAKA 450g með karamellukremi og lakkrískurli
KARAMELLUKAKA
199 KR.
450g
Bónus býður betur!
3 risa
eldhúsrúllur
3 XL rúllur
298 KR.
3 Eldhúsrúllur
BÓNUS
XL
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
BÓNUS FETA
Bónusvatn-hálfur lítri
Bónus appelsínusafi 1 lítri
EINN LÍTRI
79 KR.
BÓNUS appelsínu safi
500 ml
49 KR.
Fresh
Nýtt í Bónus!
BÓNUSKAFFI
199 KR.
HÁLFT KÍLÓ
500 GRÖMM
BÓNUS kaffi
fyrir alla
BLANDAÐ FYRIR BÓNUS
www.bonus.is

## Svona erum við

> Skólasókn 16 ára ungmenna 1999-2005




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** NÁLGUNARBANN

# *Ofbeldisseggurinn bíður dómsins*



Lög um nálgunarbann hafa verið gagnrýnd síðustu daga þar sem úrræðið þykir ekki veita fórnarlömbum ofbeldismanna þá vernd sem því var ætlað. Lögin eru sex ára gömul og þykir slæmt að ekki sé hægt að taka þá sem gerast brotlegir við bannið strax úr umferð. Í staðinn er sá kærður og fær málið hefðbundna meðferð fyrir dómstólum og getur tekið allt að mánuð að dæma í því.

**Hvenær er bannið leyft?**
Heimilt er að leggja bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann, ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á. Þegar krafist er nálgunarbanns verður í því sambandi að vera rökstudd vísbending þess efnis að viðkomandi sé ofsóttur eða ógnað af þeim sem krafan um nálgunarbannið snýst um.

**Hver krefst bannsins?**
Það er lögreglan sem krefst þess fyrir dómi að einhver tiltekinn einstaklingur skuli sæta nálgunarbanni en meginreglan er sú að krafa verði ekki uppi höfð nema vegna beiðni þess sem njóta skal verndar. Sú meginregla er þó ekki undantekningalaus þar sem lögregla getur upp á sitt einsdæmi krafist nálgunarbanns ef það þykir nauðsynlegt. Eftir að lögregla krefst nálgunarbanns er það dómara að ákveða stað og stund þinghalds til þess að taka kröfuna fyrir og gefur hann þar næst út kvaðningu á hendur þeim sem krafan beinist að.

**Hvaða rétt hefur gerandinn?**
Þegar krafan er tekin fyrir, kynnir dómari kröfuna á hendur þeim sem hún beinist að svo viðkomandi geti tjáð sig um hana og hreyft við andmælum. Getur dómari veitt viðkomandi frest til þess, en þó ekki lengur en til tveggja sólarhringa. Eftir það sker dómari úr um hvort viðkomandi sæti nálgunarbanni eða ekki.

Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands og Upplýsingabæklingur fyrir þolendur afbrota.

**SPURT & SVARAÐ**
VÆNTINGAVÍSITALAN

## *Neytendur eru svartsýnir*

Ný væntingavísitala Gallup kom út í vikunni en samkvæmt henni er aukin svartsýni meðal landsmanna. Vísitalan mældist núna undir 100 stigum en það hefur ekki gerst síðan í desember 2002. Guðni Rafn Gunnarsson, ráðgjafi í markaðs- og hagrannsóknum hjá IMG Gallup, segir að erfitt sé að spá fyrir um þróun vísitölunnar.



GUÐNI RAFN GUNNARSSON

**Til hvers er mælingin?** Mælingin er gerð til að spá fyrir um hvernig einkaneysla almennings þróast. Mæling er gerð í hverjum mánuði og eru neytendur spurðir um væntingar til ástands í atvinnu- og efnahagsmálum og eru niðurstöðurnar notaðar við útreikning vísitölunnar.

Af hverju er breyting núna? Margir þættir hafa áhrif á vísitöluna, til dæmis verðbólga og gengisþróun. Vísitalan er byggð á fimm þáttum, en þeir eru mat á núverandi efnahagsaðstæðum, væntingar til efnahagslífsins eftir sex mánuði og til heildartekna heimilisins eftir sex mánuði, væntingar til ástands í atvinnumálum eftir hálft ár og loks mat á núverandi ástandi í atvinnumálum. Vísitalan verður næst gefin út í lok júní. Þá verður forvitnilegt að sjá hvort neytendur verða bjartsýnni.

UNIVERSITATIS ISLANDIAE SIGILLUM

HÁSKÓLI ÍSLANDS

ÁRSFUNDUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Boðað er til ársfundar Háskóla Íslands, miðvikudaginn **7. júní kl. 11.00.**

Fundurinn fer fram í Hátíðasal í Aðalbyggingu Háskólans við Suðurgötu.

Dagskrá

1. Starfsemi síðasta árs
2. Reikningsskil Háskólans fyrir árið 2005
3. Önnur mál

Kristín Ingólfsdóttir
rektor Háskóla Íslands

# Fluttu til Asíu vegna Bush

**Bandarísku hjónin Neal G. Copeland og Nancy A. Jenkins eru í fremstu röð þeirra vísindamanna sem starfa að krabbameinsrannsóknum. Þau eru nú stödd hér á landi og héldu fyrirlestra við Háskóla Íslands í gær. Í viðtali við Fréttablaðið eru þau ómyrk í máli um stefnu Bush-stjórnarinnar í málefnum vísinda og rannsókna. Vegna þeirrar stefnu yfirgáfu hjónin heimahagana og settust að í Singapúr, þar sem þau stunda rannsóknir við bestu aðstæður.**



**Í HÓPI MERKUSTU VÍSINDAMANNA SAMTÍMANS** Lífvísindamennirnir Neal G. Copeland og Nancy A. Jenkins eru í fararbroddi krabbameinsrannsókna í heiminum. Þau deildu visku sinni og reynslu með áhugasömum í Háskóla Íslands og munu heimsækja rannsóknarstofnanir og fyrirtæki á meðan dvöl þeirra hér stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Það eru störf þeirra að krabbameinsrannsóknum sem hafa komið hjónunum á kortið og í heimi þar sem virðing kollega fer að mestu eftir fjölda birtra vísindagreina í fagblöðum standa þeim fáir á sporði með alls rúmlega 700 slíkar greinar birtar. Að baki hverri einustu þeirra liggja tímafrekar, kostnaðarsamar og erfiðar rannsóknir.

### Skilningsleysi stjórnvalda

Það vakti mikla athygli innan vísindageirans þegar hjónin ákváðu nýlega að hætta störfum fyrir Krabbameinsfélag Bandaríkjanna, National Cancer Institute, eftir áratuga starf og flytja til Singapúr. Það er ekki á hverjum degi sem fremstu vísindamenn heims taka slíka ákvörðun en aðspurður segir Copeland að sú ákvörðun hafi verið auðveld. Mikið skilningsleysi ríki hjá núverandi stjórnvöldum á rannsóknum vísindamanna og nauðsyn þess að fjármagna þær rannsóknir. „Mikið breyttist eftir að George W. Bush komst til valda. Fjármagn var skorið verulega niður til rannsókna og ekki aðeins á okkar vettvangi heldur almennt. Takmarkanir voru settar hvað rannsóknir varðaði enda hugmyndir Bush sjálfs afar íhaldssamar og hann ekki opinn fyrir þeim spennandi möguleikum sem bjóðast til dæmis hvað varðar stofnfrumurannsóknir sem gefa afar góð fyrirheit. Slíkt er ekki lengur vel séð og fjármagn því vandfundið.“

Þegar hjónunum barst tilboð frá hátæknivísindastofnun í Singapúr, Institute of Molecular and Cell Biology, og þau urðu vitni að þeim stórhug sem einkenndi ekki aðeins það fyrirtæki heldur einnig stjórnvöld í landinu hvað áherslu á mannauð snerti leið ekki á löngu áður en þau tóku sitt hafurtask. „Við gætum vart verið ánægðari,“ útskýrir Jenkins. „Ólíkt því sem gerist annars staðar er nægt fjármagn fyrir hendi sem er mikilvægt enda krabbameinsrannsóknir og reyndar allar rannsóknir dýrar. Í Bandaríkjunum þurfum við sjálf að miklu leyti að tryggja það fjármagn en í Singapúr getum við einbeitt okkur hundrað prósent að því sem við gerum best; að rannsaka krabbamein.“



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR** Heimsókn virtustu lífvísindamanna heims er forsmekkurinn að því sem koma skal.

Rektor Háskóla Íslands:

## Mikill fengur

„Á því leikur enginn vafi að það er mikill fengur fyrir skólann og alla áhugamenn um lífvísindi að fá hjónin hingað til heimsóknar enda efa ég að virtari vísindamenn en þau tvö hafi þegið boð hingað áður,“ segir Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands.

Háskólinn stendur fyrir heimsókn hjónanna Copeland og Jenkins hingað til lands en Eiríkur Steingrímsson, prófessor í lífefnafræði, var hvatamaður að heimsókninni.

Rektor segir ávinninginn mikinn af slíkri heimsókn. „Þarna gefst fólki sem starfar við krabbameinsrannsóknir og sameindalíffræði kostur á að heyra frá þeim allra fremstu og slíkt er ómetanlegt. Við ætlum að reyna að fjölga slíkum heimsóknum en þær þarf að undirbúa vel. Virtir vísinda- og fræðimenn eru vinsælir og eftirsóttir og þessa heimsókn höfum við verið að undirbúa síðan í vetur. En undirtektir við boðum hafa verið góðar og þeim verður fram haldið.“

### Mýs og menn

Áhugi hjónanna beggja hefur um langt skeið beinst að krabbameinsrannsóknum en tíðni þess fer ört vaxandi í öllum hinum vestræna heimi. „Þar sem við getum eðlilega ekki gert rannsóknir á fólki eru mýs besti kosturinn. Genamengi þeirra er vel þekkt og skráð og þær eru nánast eftirprentun af manninum. Með breytingum á erfðafræðilegum þáttum þeirra er hægt að ná fram viðbrögðum og rannsaka í kjölfarið flesta þá sjúkdóma sem á okkur herja. Ef vel tekst til er hægt að vinna að betri úrræðum fyrir sjúklinga og jafnvel kanna hvort meðferð og síðar lækning sé möguleg.“

### Lækning við krabbameini

Hversu langt er í að lækning finnist við krabbameini? Svar Copelands gefur ekki tilefni til bjartsýni. „Það fer eftir því hvaða krabbamein er verið að tala um. Tegundir þess eru fjölmargar og hvert þeirra er sérstakt og þarfnast sérhæfðra lyfja. Ekkert eitt lyf dugar í baráttu við krabbamein heldur verður að nota blöndu af lyfjum og vísindin almennt eru enn of skammt á veg komin til að finna lausnir á þessu heilbrigðisvandamáli.“



**HÁSKÓLAR ÞURFA FJÁRMAGN** Hjónin eru bjartsýn á að sýn rektors að koma HÍ í fremstu röð geti orðið að veruleika en aðeins með dyggum stuðningi ríkisins enda sé nægt fjármagn frumforsenda þess að hæfir vísindamenn fáist til kennslu og rannsókna í háskólum. Fáist það eru allar dyr opnar.

### Auðlegð í menntun

Þau Copeland og Jenkins eru án efa meðal virtustu vísindamanna sem komið hafa hingað til lands og koma þeirra verður að teljast fjöður í hatt rektors Háskóla Íslands, Kristínar Ingólfsdóttur, sem vill koma HÍ í röð fremstu háskóla heims. Spurð um hvort slíkt sé mögulegt fyrir svo lítinn skóla í litlu landi benda þau á að Singapúr hafi ekki alls fyrir löngu verið eitt fátækasta ríki heims en sé nú mest spennandi staður heims fyrir visindamenn. „Háskólinn hér getur þetta líka en til þess þarf gríðarlega peninga og stjórnvöld verða að styðja slíkt framtak með ráð og dáð og miklum peningum. Hæfir vísindamenn fara þangað sem peningarnir eru því það auðveldar þeim að vinna að hugðarefnum sínum. Aðeins þannig komast háskólar til metorða.



FRÉTTAVIÐTAL
ALBERT ÖRN EYÞÓRSSON
albert@frettabladid.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.680 **+0,56%** **Fjöldi viðskipta:** 367 **Velta:** 2.866 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | +3,75% | **Alfesca** | -0,76% |
| **Avion** | +2,49% | **Atlantic Petroleum** | -0,64% |
| **Glitnir** | +2,31% | **Mosaic** | -0,60% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,70 -0,30% ... Alfesca 3,91 -0,76% ... Atorka 5,55 +0,91% ... Bakkavör 49,10 +0,62% ... Dagsbrún 5,80 +0,69% ... FL Group 19,20 -0,52% ... Flaga 4,15 +3,75% ... Glitnir 17,70 +2,31% ... KB banki 770,00 +0,65% ... Landsbankinn 22,30 +0,00% ... Marel 69,90 +0,87% ... Mosaic Fashions 16,50 -0,60% ... Straumur-Burðarás 17,30 +0,58% ... Össur 110,00 +0,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hafna nýju yfirtökutilboði



**FRÁ HEATHROW-FLUGVELLI** Spænska verktakasamsteypan Ferrovial hefur hækkað yfirtökutilboð sitt í BAA sem meðal annars rekur Heathrow-flugvöll.

Stjórnendur BAA, sem á stærstu flugvelli Bretlands og alþjóðaflugvöllinn í Búdapest, hafa hafnað öðru yfirtökutilboði spænsku verktakasamsteypunnar Ferrovial sem hljóðar upp á 9,37 milljarða punda, um 1.270 milljarða íslenskra króna, eða 900 pens á hlut.

Vertakasamsteypan lagði óvænt fram tilboð í BAA í febrúar fyrir tæpa 1.200 milljarða íslenskra króna. Það þótti of lágt og var snarlega hafnað af stjórn félagsins. Síðan hefur hún lagt sig fram við að halda stuðningi hluthafa sinna og greiddi meðal annars nýlega út 130 milljarða króna arð. Víst þykir að margir hluthafar í BAA munu renna hýru auga til nýja tilboðsins. Fréttastofan Bloomberg hefur þó eftir starfsmanni bresks eignastýringarsjóðs sem fer með stóran hlut í félaginu að tilboðið þyrfti að hljóða upp á að minnsta kosti 950 pens á hlut til þess að þykja virkilega freistandi.

Hlutabréf í BAA fóru í 880 pens, sem er hækkun upp á 7,3 prósent, í kjölfar nýja tilboðsins en lækkuðu aftur lítillega er líða tók á daginn. **- hhs**



**ICELANDAIR-ÞOTUR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI.**

# Fjölgun farþega Icelandair

Farþegar Icelandair voru rúmlega 117 þúsund í apríl og fjölgaði um þrettán prósent frá því í apríl í fyrra. Sætanýting í mánuðinum var sjötíu og átta prósent og batnaði um sjö prósentustig frá fyrra ári.

Tæplega 370 þúsund manns hafa ferðast með Icelandair frá áramótum og er það fimm prósenta aukning miðað við sama tímabil í fyrra.

Farþegum Flugfélags Íslands í innanlandsflugi fjölgaði um þrjú prósent í apríl og voru tæplega 28 þúsund. Icelandair Cargo flutti 3.555 tonn í mánuðinum og er það tólf prósenta aukning frá fyrra ári. **-jsk**



**GÓÐ ARÐSEMI** Meðal eigna Atorku er plastfyrirtækið Bonar Plastic.

# Atorka skilaði 4 milljörðum

Hagnaður Atorku Group á fyrstu þremur mánuðum ársins nam 4 milljörðum króna. Heildareignir í lok ársfjórðungsins námu 30,6 milljörðum króna og jukust þær um 10,6 milljarða á þessu þriggja mánaða tímabili.

Þá nam eigið fé félagsins 15,5 milljörðum króna og var arðsemi þess 120,4 prósent á ársgrundvelli. Eiginfjárhlutfall í lok ársfjórðungsins var 50,9 prósent.

Á meðal helstu atriða félagsins á tímabilinu voru þau að yfirtökutilboði í Jarðboranir lauk í janúar auk þess sem hlutur í Interbulk var aukinn í 23 prósent. **- jab**






# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Kaupin á eyrinni:

## Hæverskur góður karl og ný viðspyrna

Samningaviðræður um meirihluta í sveitarstjórnum fylgja kosningum eins og dagur fylgir nótt. Þar gerast kaupin eins og á eyrinni. Það er óumflýjanlegt lögmál. Á því geta engir hneykslast. Þannig eru leikreglurnar.

Hitt er annað að gild rök standa til þess að kjósendur hafi með beinum hætti möguleika á að kjósa tiltekna aðila til valda og kalla aðra frá ábyrgðinni. Þeir sem ekki eygja möguleika á meirihluta telja það á hinn bóginn ólýðræðislegt. Í þessu tilliti er afstaða flokka gjarnan breytileg eftir aðstæðum frá einum stað til annars.

Kjarni málsins snýst á hinn bóginn um það hvort kjósendur taka í kosningum ákvörðun um völd og ábyrgð eða hvort forystumenn flokka véla þar einir um eftir kosningar. Það eru lýðræðisleg rök fyrir því að þetta vald sé hjá kjósendum fremur en forystumönnunum þó að þeir hafi vitaskuld lýðræðislegt umboð.

Athyglivert er að svo háttar til að hreinn meirihluti er nú í 37 sveitarfélögum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur meirihluta í 13 og Samfylkingin í 3.

Í Reykjavík mörkuðu nýafstaðnar kosningar þau þáttaskil að í fyrsta sinn í þrjá aldarfjórðunga voru kjósendur í óvissu að þessu leyti. Niðurstaðan var sú að í fyrsta sinn kom til þess að mynda þurfti meirihluta eftir kosningar, sem kjósendur höfðu ekki tekið ákvörðun um með skýrum hætti.

Eðlilega taka menn nýjum meirihluta með ólíkum hætti. Það er eðli stjórnmálaátaka. En einhvern veginn er það svo að meirihlutaflokkarnir tveir falla inn í mismunandi umræðuandrúm.

Aðspurður sagði væntanlegur borgarstjóri að hann yrði á þeim stóli bara áfram sami hæverski góði karlinn. Margt bendir til þess að þessi ummæli lýsi ágætlega upplifun margra af endurkomu Sjálfstæðisflokksins undir forystu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar að meirihlutastjórn í Reykjavík.

Að sumu leyti eru þessar aðstæður með öðrum pólitískum formerkjum líkar því sem gerðist í Kaupmannahöfn á síðasta ári þegar Ritt Bierregaard, langreynd í danskri pólitík, myndaði þar meirihluta í borgarstjórn. Þar virtist eftirspurn eftir reynslu vera ráðandi.

Framsóknarflokkurinn fellur ekki inn í sama umræðuandrúm. Er það sanngjarnt eða málefnalegt? Flokkurinn á vissulega við vanda að etja, sem hann verður að leysa og getur ekki kennt öðrum um. En sumt í viðbrögðunum varpar ljósi á ómálefnalegt umræðueinelti.

Dæmi um þetta eru uppblásnar fullyrðingar um að Framsóknarflokkurinn hafi gert hrossakaup um framgang tiltekins lagafrumvarps á Alþingi að skilyrði fyrir meirihlutamyndun í Reykjavík. Þetta eru dylgjur sem hvorki verða sannaðar né afsannaðar. En meðan þær eru ekki studdar rökum eru þær marklausar.

Framsóknarflokkurinn rauf ekki Reykjavíkurlistasamstarfið. Það var annarra verk. En hinn ungi forystumaður í Reykjavík gæti með kosningaárangri sínum og samningum um meirihluta hafa tryggt flokknum nýja pólitíska viðspyrnu.

Á því geta menn vitaskuld haft skiptar skoðanir. En það er hvað sem öðru líður gilt umræðuefni. Ekki er ólíklegt að ný kynslóð í Framsóknarflokknum sé fremur að horfa til framtíðar en að bindast á klafa fortíðar með þessu nýja samstarfi. Það gætu verið raunveruleg pólitísk tíðindi þess.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Versnandi sambúð?**
Það var víst mat ráðherra Sjálfstæðisflokksins á þingflokksfundi í fyrradag að afgreiða yrði frumvarp Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra um byggðaþróun, nýsköpun og tæknirannsóknir úr iðnaðarnefnd og lögfesta það á sumarþingi. Annars væru öll mál í uppnámi. Víst er að Valgerður er þegar búin að breyta frumvarpinu til að milda samstarfsflokkinn. Svo vill til að í gær hófst sumarþing á umræðum um RÚV-frumvarpið, sem er jafn mikið metnaðarmál menntamálaráðherra og nýsköpunarmálið er Valgerði. Fróðlegt verður að fylgjast með því hve kappsamir Sjálfstæðismenn verða um afgreiðslu Valgerðarfrumvarpsins þegar búið verður að afgreiða Þorgerðarfrumvarpið sem lög.



**...sem vel er grænt.**
Jónas Kristjánsson fyrrverandi ritstjóri skrifar eftirfarandi á vefsíðuna „jonas.is“: „Afhroð Framsóknar í byggðakosningunum stafar ekki af ríkisstjórninni. Hún nýtur stuðnings í könnunum og íhaldið vann á í kosningunum. Hrunið stafar af, að Framsókn hefur glatað rómantíkinni, sem einkenndi flokkinn áður fyrr, þegar Eysteinn Jónsson var grænasti stjórnmálamaður landsins. Fyrir hálfri öld var Framsókn flokkur grænna sveita og menntamanna, en nú er hann svartur og menntasnauður flokkur landskemmda og markaðsgrimmdar. Vinstri grænir hafa tekið upp merki gömlu Framsóknar og munu ekki gefa það eftir. Framsókn flúði á mölina, féll milli pólitískra stóla og er mörkuð dauðanum.“



**Laus staða**
Mikið hefur víst gengið á innan Framsóknarflokksins í Kópavogi síðan ljóst var að meirihluti hans og Sjálfstæðisflokksins hafði haldið velli.

Framsóknarflokkurinn er í þægilegri oddastöðu þrátt fyrir að hafa tapað tveimur af þremur fulltrúum sínum og gæti selt sig dýrt. Til eru þeir sem vilja meirihlutasamstarf við Samfylkinguna og VG. Málefnasamningur við Sjálfstæðisflokkinn verður borinn undir atkvæði á fulltrúaráðsfundi Framsóknarflokksins í kvöld og gæti stefnt í átakafund. Svo er staða bæjarritara víst laus í Kópavogi. Framsóknarmenn gera tilkall til hennar og hefur Páll Magnússon, aðstoðarmaður iðnaðarráðherra, þegar verið orðaður við hana.

johannh@frettabladid.is

## Er Framsókn til?

Í DAG
FRAMTÍÐ LANDSVIRKJUNAR



ÓLAFUR HANNIBALSSON

*Framsóknarflokkurinn verður ekki héðanaf frá þessum hýsli sínum skilinn nema með meiriháttar skurðaðgerð...*

Nú er liðinn sá dagur þegar kjósendur landsins höfðu völdin í sveitarstjórnum landsins í hendi sér. Völdin eru nú komin í hendur fulltrúa þeirra, sem nú geta hunsað vilja kjósendanna að eigin vild næstu fjögur árin.

Spaklegustu ummælin í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna féllu án efa af vörum Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar í Morgunblaðinu á mánudag. Þau voru á þessa leið: „Þetta er ákveðinn sigur fyrir Sjálfstæðisflokkinn og hefði orðið frábær sigur hefðum við náð meirihluta“ (!) En svo kom í ljós að hann þurfti ekki að ná meirihluta. Framsókn hafði í kosningabaráttunni brýnt sína kjósendur á því að slagurinn stæði á milli efsta manns Bé-listans og áttunda manns Sjálfstæðisflokksins. Nú er ljóst orðið að þar var einungis um skuggabox að ræða. Björn Ingi var áttundi maður Sjálfstæðisflokksins og breytti „ákveðnum sigri“ hans í öruggan sigur og meirihluta.

Þar með lauk langri tilvistarkreppu, sem hófst fyrir tæpu hálfu ári við prófkjör framsóknarmanna í Reykjavík. Ákveðið var að binda prófkjörið ekki við flokksmenn eina heldur hafa það opið prófkjör. Aðstoðarmaður forsætisráðherra atti þar kappi við fráfarandi borgarfulltrúa Önnu Kristinsdóttur og Óskar Bergsson, sem löngum hefur verið virkur í flokksstarfi Framsóknarflokksins í Reykjavík. Almennt hefur ekki tíðkast utankjörfundaratkvæðagreiðsla í prófkjörum flokka, þótt hins vegar hafi þótt brenna við á stundum að kappsfullir stuðningsmenn einstakra frambjóðenda hafi farið með kjörkassa út um borg og bý og veitt mönnum inngöngu í flokk sinn og búið til kjörskrána jafnóðum. Fáar reglur gilda um prófkjör og þessar fáu iðulega býsna sveigjanlegar í hita bardagans. En nú brá svo við að við talningu atkvæða komust þau Anna og Óskar lengi vel ekki á blað því að utankjörfundaratkvæði voru talin fyrst og féllu að langmestu leyti á Björn Inga. Fjölmargir framsóknarmenn töldu maðka í mysunni og að smalað hefði verið utanflokksmönnum, einkum til utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar, og það ráðið úrslitum um kjör Björns Inga. Alls tóku 3.908 þátt í prófkjörinu en í kosningunum á laugardaginn kusu 4.056 Framsókn eða einungis 148 kjósendum fleira. Til að halda innanflokksfriðinn létu hinir óánægðu kyrrt liggja nema hvað Anna Kristinsdóttir hafnaði sæti á listanum.

Fullyrt hefur verið í mín eyru að svipuðum aðferðum hafi verið beitt við sjálfar kosningarnar á laugardaginn. Framsókn hlaut 3.184 atkvæði á kjörfundi en 872 atkvæði utan kjörfundar eða 28 prósent af kjörfundaratkvæðunum, sem er allmiklu hærra hlutfall en hjá hinum flokkunum, m.a.s. Sjálfstæðisflokknum, sem þó hefur verið talinn flokka ötulastur við öflun utankjörstaðaratkvæða. Það vakti athygli starfsmanna sýslumannsins í Reykjavík við utankjörfundaratkvæðagreiðsluna, að þangað komu heilu rútufarmarnir af útlendingum til að kjósa undir leiðsögn manns af erlendu bergi brotnum, sem vildi fylgja þeim eins langt og lög leyfðu – og helst lengra – inn á kjörstaðinn og aðstoða þá við að setja kross á kjörseðilinn, enda margir þeirra ókunnugir okkar stafrófi. Heimildarmenn mínir fullyrða að í einhverjum tilvikum hafi þessum útlendingum verið umbunað með greiðslu frá 2000-8000 krónur á mann. Verður ekki öðru trúað en að þeir sem telja sig búa yfir vitneskju um þetta meinta misferli í kosningunum fylgi því eftir með kæru.

„Það fannst einfaldlega ekki nægilega mikill samhljómur með frjálslyndum“, sagði Villi borgarstjóri eftir að hann sleit viðræðum við Ólaf F. og hespaði af samningum um stjórnarsamstarf við Björn Inga á innanvið tveimur klukkustundum. Það var mikið í húfi, því að, eins og segir í leiðara Moggans í gær „þá má gera ráð fyrir að framtíð Landsvirkjunar verði á dagskrá borgarstjórnar á nýju kjörtímabili og augljóslega auðveldari úrlausnar en ef meirihlutinn hafði verið skipaður með öðrum hætti.“

Alkunnugt er að það er þegar á stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins að einkavæða Landsvirkjun á næsta kjörtímabili. Til þess að svo megi verða þarf Orkuveita Reykjavíkur að selja sinn 45 prósenta hlut í fyrirtækinu á hagstæðu verði fyrir Landsvirkjun. Með nýfundnum samhljómi er svo opin og greið leið fyrir alþjóðleg risafyrirtæki eins og álfyrirtækin að kaupa hið einkavædda fyrirtæki með öllum vatnsréttindum og gögnum og gæðum. Margur finnurinn mun geta makað krókinn á þeirri vegferð.

Hafi einhver haldið að afhroð Framsóknarflokksins í þessum kosningum yrði til þess að hann hyrfi frá stóriðjustefnunni og greindi sig frá samstarfsflokknum er ljóst að svo er ekki. Þvert á móti borar hann sig enn frekar inn í hálsakot íhaldsins og verður ekki héðanaf frá þessum hýsli sínum skilinn, nema með meiriháttar skurðaðgerðum, á borð við þær, sem beitt er við aðskilnað samvaxinna tvíbura.


MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## AUGLÝSINGA-LANDIÐ ÍSLAND

Ekkert lát virðist vera á vinsældum Íslands fyrir tökur á kynningarefni á bílum.

BÍLAR 2

## GÓÐUR GRUNNUR FYRIR HÁSKÓLANN

Hildur Mist Friðjónsdóttir er að ljúka öðru ári á hagfræðisviði viðskiptabrautar í Verslunarskóla Íslands. NÁM 4





## ALLT HITT

**[NÁM FERÐIR BÍLAR]**

**Nýtt tölublað** af tímaritinu Útivera er komið út. Að þessu sinni er blaðið um hundrað síður. Mikið er af áhugaverðu efni í blaðinu þar sem sérstök áhersla er lögð á gönguferðir. Blaðið ætti að berast áskrifendum um helgina.



**Volkswagen Golf**, söluhæsti bíllinn í Evrópu árið 2005, býðst nú í sérstakri sumarútfærslu hjá Heklu. Meðal staðalbúnaðar má nefna rafstýrða sóllúgu, 16 tommu álfelgur, armpúða milli framsæta, samlit á listum og hurðarhúnum, vindskeið og leðurstýri.

**Meistaradagur verkfræðinnar** er á morgun frá klukkan 13 til 18.30 í VR II við Hjarðarhaga. Fluttar verða meistaravarnir, málstofur og kynningar á doktorsverkefnum auk ávarpa afmælisárganga. Meistaravarnir í iðnaðarverkfræði, lífverkfræði, greininga og líkanagerð, leit, mynd- og nytsemisgreiningu auk streymis-, steypu- og bygg-ingarannsókna eru meðal efnis á Meistaradegi verkfræðinnar. Sjá nánar á www.verk.hi.is.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 31. maí, 151. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.25 | 13.25 | 23.28 |
| Akureyri | 2.37 | 13.10 | 23.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Ásdís á margar minningar frá ferðum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Allir fengu Egils sögu

***Ásdís Thoroddsen kvikmyndagerðarmaður hefur farið víða. Hér lýsir hún einni af ferðum sínum.***

„Þegar ég var tvítug lagði ég upp frá Delaware í Bandaríkjunum á skútu með vini og vinum hans. Stefnt var suður í Mexíkóflóa. Þar sem ekki var hægt að sigla á skútu fyrir Þorskhöfða því Golfstraumurinn er á móti, átti að fara eftir síkjum suður úr Virginíuflóa. Kvöldið áður en við komum inn á flóann brast á stormur. Reynt var að binda skútuna við bauju en í ofsanum var stímt á og gat kom á stefnið, þó svo ofarlega að ekki flæddi inn.

Inni á flóanum kom í ljós að mótorinn var bilaður en í smábænum Portsmouth leituðum við að verkstæði. Þar komst ég í kynni við konur sem unnu á veitingastað við höfnina. Síðan var dólað suður eftir síkjunum með mótorinn enn í skralli. Í steikjandi hita og moskítosveimi ákvað ég að láta ferja mig í land. Ég puttaðist til baka til Portsmouth og hitti þjónustustúlkurnar við höfnina. Ein þeirra þekkti fólk í New York og gaf mér heimilisföng. Þar flakkaði ég á milli í tvær vikur, gisti hjá tónlistarmönnum í Hell's Kitchen og Harlem, vinstrisinnuðum lögfræðingi on the West Side, heilaskurðlækni sem reykti hass og hjá fólki í Connecticut sem hafði fyrir stuttu hitt Ted Kennedy í lyftunni.

Ég varð vör við mikið ofbeldi og sjálf varð ég fyrir því að það átti að stela af mér. Ég var það vitlaus að ég hljóp á eftir þjófnum, sló honum upp við vegg og heimtaði peningana mína. Hann missti mátt og hélt greinilega að ég hefði gengi á bak við mig og lét aurana af hendi.

En ég hitti líka ótrúlega hjálpsamt og gott fólk þennan mánaðartíma sem ég dvaldi í landinu og hef bara ekki kynnst öðru eins á ferðum mínum og hef þó puttast um Evrópu þvera og endilanga. Þegar ég kom heim sendi ég öllum sem höfðu greitt götu mína eintak af Egils sögu Skallagrímssonar."

*gun@frettabladid.is*


Bestu kaupin!
veidikortid.is

VEIÐIKORTIÐ 2006
23 vatnasvæði
fyrir aðeins 5000 krónur!
Handbók með ítarlegum upplýsingum, kortum o.fl. fylgir!
Fæst á ESSO, í veiðivöruverslunum og á www.veidikortid.is



MAZDA TRIBUTE
Eigum til afhendingar strax, nokkra vel útbúna bíla á 31" dekkjum.
Umboðsaðilar: SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
Bíasalan Ós - Akureyri Sími 462 1430
X4 ehf.
Opið virka daga 10:00 - 18:30
Laugardaga kl. 12:00 - 16:00
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - www.x4.is




**Ein mesta** ferðahelgi ársins er framundan. Áður en lagt er af stað er ráðlegt að yfirfara bílinn, athuga ljós, skoða varadekkið og fullvissa sig um að tjakkurinn sé á sínum stað, endurskipuleggja sjúkratöskuna og mæla olíuna.




KÚLULEGUR

SKF

Bílanaust
535 9000
Akureyri • Egilsstöðum • Hafnarfirði • Höfn • Keflavík • Kópavogi • Reykjavík • Selfossi




Volkswagen kom hingað til lands í febrúar með hugmyndabíl í farteskinu. Hann var myndaður við Jökulsárlón.

# Auglýsingalandið Ísland

***Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að bílaframleiðendur komi hingað til lands að taka upp auglýsingar og annað kynningarefni. Ekkert lát virðist vera á þessari þróun.***

Ísland hefur reglulega skotið upp kollinum erlendis í auglýsingum fyrir ýmsar vörur. Árið 2001 varð sprenging í komu bílaframleiðenda til landsins en þá var eins og þeir hefðu allir uppgötvað fegurð landsins á sama tíma.

Mest bar á framleiðendum Mercedes-Benz, en þeir mættu til landsins til að taka upp auglýsingu fyrir nýja ofursportbílinn SLR McLaren. Mikil leynd hvíldi yfir verkefninu en bíllinn var nær allan tímann undir laki inni í tjaldi sem sérstaklega var gætt af öryggisvörðum. Minni spámenn fylgdu í kjölfarið, nýr Volkswagen Golf og Opel Safir komu til landsins. Þetta sama ár brunaði einnig sjálfur James Bond á Suðurlandsveginum í sérsmíðuðum Aston Martin Vanquish, eltur af vonda kallinum á Jagúar XKR.

Þetta sama sumar átti Ísland gólfið á bílasýningunni í Frankfurt. „Það voru risaskjáir úti um allt, meðal annars hjá Mercedes Benz sem og öðrum sem tóku upp kynningarefni hér, og Ísland var uppi um alla veggi,“ segir Stefán Ásgrímsson, ritstjóri bílablaðs FÍB.

Áhugi bílaframleiðenda kulnaði örlítið eftir sumarið en eftir komu hins ofurvinsæla bílaþáttar Top Gear flykktust þeir sem aldrei fyrr upp á íslenska jökla. Jafnvel Top Gear-menn stóðust ekki mátið og komu aftur fyrir nokkrum vikum og tóku upp atriði þar sem vélknúinn kajak keppti við bíl í kappakstri.

Það er fyrst og fremst einstök náttúra sem dregur bílaframleiðendur hingað. Hún er samt ekki eina aðdráttaraflið. Hér fá tökumenn að vera í friði og það þarf ekki að fara nema 100 kílómetra út fyrir borgarmörkin og þá er komið út í fáfarna sveit. Hérna „eiga þeir vegina“, eins og Stefán orðar það og ljósmyndarar sem leggja stund á paparazzi-ljósmyndun eru sárafáir.

Árið í ár hefur verið einkar viðburðaríkt á þessum vettvangi. Volkswagen myndaði nýjan hugmyndabíl við Jökulsárlón í ársbyrjun og BMW hélt á dögunum heimsfrumsýningu á nýjum Z4 Coupé í húsakynnum B&L, ásamt því að kynna svokallað X-drif fyrir umboðsaðilum BMW í Evrópu. Land Rover hefur nýlokið við tökur á auglýsingum á nýjum bíl sem ber vinnuheitið L359. Sá bíll er byggður á grunnplötu Volvo xc50 þannig að hann verður stærri en Freelander en minni en Defender. Bíllinn verður frumsýndur á Bretlandi mánaðamótin júní/júlí og verða staðir eins og Jökulsárlón, Skógafoss, Reynisfjara, Hekla, Geysir og Bláa lónið í aðalhlutverki þá.

tryggvi@frettabladid.is



Mercedes-Benz SLR McLaren. Bíllinn er tæpar 4 sekúndur upp í 100 km hraða en hámarkshraðinn er 334 km/klst.
FRÉTTABLAÐIÐ/EGGERT



Bílunumr í James Bond myndinni Die Another Day var breytt algjörlega svo akstureyginleikarnir nýttust á ís. Báðir bílarnir fengu nýja vél og nýtt fjórhjóladrif. Vanquish bíllinn var reyndar orðinn svo góður að hann lá allt of vel í begjum og náði því ekki að renna til hliðanna. Þess vegna var hann tekinn af nagladekkjum fyrir tökur í myndinni.


Varahlutir
Aukahlutir
BMW - Benz - Opel
www.bifreid.is
Bestu fáanlegu gæði frá Þýzkalandi



VERÐÖRYGGI
Besta verðið miðað við sambærileg gæði
Ekta xenonsett í alla bíla
Bifreið.is
Hjallahrauni 4 - s: 555 0885



allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



Full búð af aukahlutum
á bílinn þinn
lexusljós, angeleyes,
neonljós, græjur,
spoilerar, lækkunargormar,
kraftsíur, racekútar, o.fl.



AG Mótorsport - Kletthals 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : www.agmotorsport.is



Sendum frítt um allt land!
Jeppadekk



Vortilboð!
31" heilsársdekk
kr. 11.900
(31x10.50R15)
Aðrar stærðir:
27" 215/75R15, kr. 7.900
28" 235/75R15, kr. 8.900
30" 245/75R16, kr. 10.900
32" 265/75R16, kr. 12.900
ALORKA
Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080



VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is


## Japan }

### Framleiðsla eykst

BÍLAFRAMLEIÐSLA Í JAPAN ER Í STÖÐUGUM VEXTI



Bílaframleiðsla í Japan jókst um 3,9 prósent í aprílmánuði miðað við sama mánuð í fyrra. Þetta er því sjötti mánuðurinn í röð sem bílaframleiðslan eykst þar í landi.

Útflutningur á bílum, vörubílum og rútum jókst um 10,6 prósent á einu ári og hefur aukist stöðugt síðustu níu mánuði.




Tvær ungar stúlkur leggja blóm við mynd Edouard Michelin. Á spjaldinu stendur „Takk fyrir, Edouard Michelin" en það stendur fyrir framan höfuðstöðvar Michelin-fyrirtækisins í Clermond-Ferrand.

# Forstjóri Michelin lætur lífið

***Forstjóri Michelin, stærsta hjólbarðaframleiðslufyrirtækis í heiminum, drukknaði síðastliðinn föstudag.***

Edouard Michelin, forstjóri Michelin, drukknaði þegar fiskibátur sem hann var á sökk. Forstjórinn var að sjóstangaveiðum utan við eyna Sein.

Hinn 42 ára Michelin fannst látinn skammt vestan Bretagne-skaga en hvorki tangur né tetur hefur fundist af félaga hans Guillaume Normant. Kafað var niður að flaki bátsins sem fannst á 70 metra dýpi um 15 kílómetrum frá eynni Sein. Rannsókn stendur yfir á slysinu en engin skýring hefur verið gefin á því hvers vegna báturinn sökk.

Lát Michelin er mikið áfall fyrir þetta fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað fyrir yfir 100 árum af langafa Edouard og bróður hans. Edouard hefur rekið fyrirtækið frá árinu 1999. Hann þótti hafa mun léttari stjórnunarstíl en faðir hans sem aldrei veitti fjölmiðlum viðtöl né leyfði nokkrum manni sem ekki var starfsmaður fyrirtækisins að stíga fæti inn í verksmiðjur Michelin.

Hjá fyrirtækinu starfa um 130 þúsund manns um allan heim, þar af þrjátíu þúsund í Frakklandi. Við starfi Michelin tekur Michel Rollier, einn meðeigenda fyrirtækisins.

Michelin verður jarðsunginn í dag í dómkirkjunni í Clermont-Ferrand.

- sgi




Nýtt og umhverfisvænna bensín verður fáanlegt í Danmörku frá deginum í dag.

# Umhverfisvænna bensín

DANIR HEFJA Í DAG SÖLU Á SVOKÖLLUÐU BÍÓBENSÍNI.

Danska olíufélagið Statoil hefur í dag sölu á bensíni sem framleitt er að hluta úr sykurreyr, korni eða maís. Bensínið verður fáanlegt á um 170 Statoil og 1-2-3 bensínstöðvum í Danmörku og kallast Bio95. Nýja bensínið mun að minnsta kosti sums staðar koma alveg í stað blýlauss 95 oktana bensíns. Samsetning nýja bensínsins er 95 prósent venjulegt bensín en 5 prósent er svokallað bíóetanól en gufur þess innihalda ekki lofttegundir sem valda gróðurhúsaáhrifum. Verðið á nýja bensíninu er hið sama og á venjulegu 95 oktana bensíni.


**Hjólhýsi á ótrúlegu verði!**

**Léttbyggð hjólhýsi á ótrúlegu verði**

*Helstu mál:*

| | |
|---|---|
| *lengd á húsi* | *305 cm* |
| *breidd* | *195 cm* |
| *hæð* | *181 cm* |
| *þyngd* | *750 kg* |



NIEWIADOW

VÉLAR & ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is




Bílslysum mun fjölga meðan á HM stendur.

# HM æði rennur á bílstjóra

***Bílslysum fjölgar eftir því sem líður á heimsmeistaramótið í knattspyrnu.***

Heimsmeistaraæðið rennur brátt á knattspyrnuáhugamenn. Aðrir sem vart hafa sýnt knetti áhuga í gegnum tíðina smitast af brjálæðinu og fara að fylgjast með fótataki fótboltamanna í Þýskalandi þar sem heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu fer fram á næstunni.

Á heimasíðu Top Gear birtist nýlega frétt þar sem greint er frá því að bílslysum fjölgi töluvert í Bretlandi meðan fótboltavertíðin stendur yfir. Ástæðan sé sú að menn flýti sér um of heim að fylgjast með Beckham og félögum í sjónvarpinu.

Þá er talið að komist England í úrslit muni slysum fjölga um helming en þetta er stutt af nýlegri rannsókn Churchill-tryggingafélagsins. Meðan á Evrópukeppninni 2004 stóð hafi slysatíðnin aukist um 50 prósent.

- sgi


**HLÍFÐU BÍLNUM**



*Eigum ávallt til á lager ljósahlífar, húddhlífar og gluggavindhlífar á eftirtaldar gerðir bíla:*

*Ford · Honda · Hyundai · Isuzu · Jeep · Kia · Land Rover*
*Mazda · Mitsubishi · Nissan · Peugeot · SsangYong · Subaru*
*Suzuki · Toyota · Volkswagen*

*Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is*

ARCTIC TRUCKS

06-010 KC



**NOTUÐ TÆKI**



**Hydrema**
**árg. 2001 - Vst. 4.400**



**Fiat Hitachi**
**árg.1998 - Vst.4.600**



**JCB 526-55 Super**
**árg.2001 - Vst.4.500**



**JCB 3CX**
**árg.2000 - Vst.7.400**



**Bobcat 328**
**árg. 2000 - Vst.1.656**

VÉLAVER HF

**Símar 588 2600 og 893 1722**
**www.velaver.is**

**Allir** geta gert eitthvað betur en aðrir. Það þarf ekki að vera mikið eða merkilegt til að koma sér áfram í lífinu. Sjáðu bara Arnold Schwarzenegger.



# Styrkir veittir til þróunarverkefna

***Menntamálaráðuneytið úthlutaði rúmum 17 milljónum til 42 þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu.***

Menntamálaráðuneytið hefur úthlutað styrkjum til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu á árinu 2006. Alls var sótt um styrki til 57 verkefna. Að fengnum tillögum nefndar sem metur umsóknir og gerir tillögur um úthlutun hefur menntamálaráðherra ákveðið að veita 17,1 milljón króna til 42 verkefna.

Hæstu styrkirnir fóru til Íslenskubrautar Alþjóðahússins sem fékk 900 þúsund krónur og Fjölbrautaskóla Suðurlands sem fékk 800 þúsund krónur fyrir verkefnið Hestamennska í almennum framhaldsskóla.



Alþjóðahúsið fékk hæsta styrkinn fyrir verkefnið Íslenskubraut.

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

"Ekki eingöngu les ég hraðar.
Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**Nýtt námskeið** - 6 vikna námskei hefst 7. júní
... næsta 3. vikna hraðnámskeið **13. júní**
... **Akureyri** 3. vikna hraðnámskeið **26. júní**
**Skráning á sumarnámskeið er hafin**
á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



Hildi finnst hagfræði mjög skemmtileg og er ánægð með brautina sem hún valdi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Viðskiptabrautin góður grunnur fyrir háskólann

***Hildur Mist Friðjónsdóttir var að ljúka öðru ári á hagfræðisviði viðskiptabrautar í Verslunarskóla Íslands. Hún segir að nám og félagslíf í Verslunarskólanum sé frábært og mælir hiklaust með skólanum.***

Hildur er mjög ánægð með viðskiptabrautina og segir að hún sé að læra margt mjög skemmtilegt á henni. „Ég valdi þessa braut af því að á henni er kennt mikið af bókfærslu, hagfræði og stærðfræði sem mér finnst allt mjög skemmtilegt."

Á brautinni eru auk sérgreina kenndar allar hefðbundnar greinar til stúdentsprófs. „Við erum í íslensku og ensku öll árin, tökum einn áfanga í náttúrufræði á fyrsta ári og einn áfanga í sögu næsta vetur og erum þrjú ár í þýsku eða frönsku og tvö ár í dönsku. Grunnurinn er svipaður og hjá öðrum en það sem er sérstakt við brautina er bókfærsla og hagfræði. Við vorum til dæmis í bókfærslu fyrir áramót og tölvubókhaldi eftir áramót, tökum rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði og svo held ég að við tökum einn áfanga í lögfræði á síðasta árinu," segir Hildur.

Hagfræðin er í mestu uppáhaldi hjá Hildi af því sem hún lærir á viðskiptabrautinni. „Það kom mér eiginlega á óvart hversu skemmtileg mér finnst hagfræðin. Ég væri alveg til í að fara í hagfræðinám í háskólanum eftir að ég útskrifast þó að ég búist við því að ég taki mér eitthvað frí fyrst. Mig myndi langa til þess að fara í háskóla úti en það getur vel verið að ég byrji hérna heima og fari síðan út."

Hildur segir að á viðskiptabrautinni sé hægt að taka ýmsa valáfanga. „Við getum til dæmis valið um áfanga í dönskum kvikmyndum, heimspeki og Njálu. Mér finnst mest spennandi áfangi sem fjallar um gyðinga og nasista og allar útrýmingarbúðirnar en í þeim áfanga er farið til Póllands í lok annarinnar þar sem útrýmingarbúðir eru skoðaðar. Svo er hægt að taka áfanga sem heitir Frakkland - listir, menning og saga, og í honum er farið til Parísar í skoðunarferð."

Hildur telur að viðskiptabrautin sé mjög góður grunnur fyrir háskólanám í viðskiptafræði og hagfræði. „Námið er alveg til fyrirmyndar í Versló og ég mæli hiklaust með þessari braut fyrir þá sem hafa áhuga á viðskiptafræði og hagfræði. Svo er búið að breyta kerfinu í skólanum þannig að námið er hætt að vera bara viðskiptatengt og í honum er mjög góð náttúrufræðibraut og alþjóðabraut. Ég mæli með Versló fyrir alla sem vilja komast í góðan skóla."

Félagslífið í Verslunarskólanum er líka mjög gott að sögn Hildar. „Ég hef reyndar ekki tekið mikinn þátt í því þar sem ég hef haft nóg annað að gera en flestir taka mjög virkan þátt í félagslífinu og það er mjög öflugt og gott starf sem er unnið í því."

Hildur er komin í sumarfrí og ætlar að nota það vel en hún hlakkar samt til þess að byrja aftur í skólanum í haust. „Ég hlakka sérstaklega til þess að fara í sögu því ég hef ekki lært sögu síðan ég var í tíunda bekk og svo finnst mér alltaf mjög gaman að læra þýsku og hagfræði."

*emilia@frettabladid.is*

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

SUMARFJARNÁM

Skráning á sumarönn fer fram

22.maí - 2.júni

á heimasíðunni www.fa.is/fjarnam



**Enn** er alla veðra von svo áður en lagt er af stað í ferðalag skal yfirfara allan búnað. Sólskin er engin trygging fyrir góðu veðri alla ferðina. Vertu öllu viðbúinn því við búum á leikvelli veðurguðanna.





Vesturland er fagurt mjög og innan um fagra fjallasali og græna dali leynast fjörugir heimamenn sem opna faðminn fyrir ferðamönnum um komandi helgi.

# Fjörug hvítasunna á Vesturlandinu

***Fimmtán ferðaþjónustuaðilar á Vesturlandi undir heitinu All Senses Awoken standa fyrir viðburðaríkri hvítasunnuhelgi fyrir ferðalanga.***

Ekki ætti að væsa um ferðalanga á Vesturlandi um hvítasunnuhelgina. Segja mætti að á hverri þúfu á Vesturlandi verði einhvers konar uppákoma en allt frá Hvalfirði upp um Borgarfjarðarhérað og vestur um Snæfellsnes og Dali verður heilmargt í boði um þessa miklu ferðamannahelgi.

15 ferðaþjónustuaðilar, sem starfa saman undir heitinu All Senses Awoken – Upplifðu allt á Vesturlandi, standa fyrir ýmsum uppákomum og kynna starfsemi sína í leiðinni. Öll fjölskyldan getur fundið eitthvað við sitt hæfi og mörg góð tilboð bjóðast í veitingum og afþreyingu.

Dagskrána má sjá í heild sinni á www.west.is en sem dæmi má nefna að farið verður í gönguferðir að nóttu og degi, hægt að taka þátt í hvalaskoðun, siglingum, sögustundum, skoða myndlistarsýningar, fara í ratleiki, sveitafitness, nýta sér tilboð á golfvellina og smakka á heimagerðum Erpsstaðaosti. Heimamenn eru kaffi- og pönnukökuglaðir á Vesturlandi því margar ferðirnar enda einmitt á slíku.

Hægt er að ferðast um á kajak eða hestum eða tveimur jafnfljótum undir leiðsögn reyndra og fróðra manna en þeir sem vilja frekar slaka á með fætur uppi á stól geta hlustað á ýmsa trúbadora sem troða upp eða Ellen Kristjánsdóttur og Eyþór Gunnarsson flytja lög af sálmaplötunni svo fátt eitt sé nefnt.

Fyrir þá sem vilja kynna sér tjaldsvæði og gistingu er bent á vefinn www.nat.is en þar má finna ítarlegar upplýsingar um staðhætti á Vesturlandi.

Ferðalangar eru hvattir til að kynna sér dagskrána vel á www.west.is og njóta alls þess sem Vesturland hefur upp á að bjóða. - jóa

# Byrjendanámskeið í klettaklifri

***ÍSALP, Íslenski Alpaklúbburinn, stendur fyrir byrjendanámskeiði í klettaklifri í byrjun júní.***

Klettaklifur er skemmtileg íþrótt sem reynir vel á líkamann. ÍSALP, Íslenski Alpaklúbburinn, er með byrjendanámskeið fyrir verðandi klettaklifrara. Námskeiðið hefst þann sjöunda júní, þá er kvöldkennsla og einnig er kennt dagana 10. og 11. júní.

Að loknu námskeiði eiga nemendur að þekkja og kunna helstu hnúta sem notaðir eru í klettaklifri. Einnig læra klifrararnir að gera skil á ferli fjölspannaklifurs, að þekkja að minnsta kosti tvær aðferðir til að setja upp megintryggingu, hafa skilning á innsetningu vina, hneta og fleyga, kunna að nota áttu, túbu og grigri til að tryggja og síga. Nemendur læra einnig helstu tækniatriði varðandi klifrið sjálft. Enn fremur eiga nemendur að vera færir um að leiða auðveldar sportklifurleiðir og að þræða toppakeri ásamt því að kunna skil á helstu skipunum sem notaðar eru í samskiptum klifrara og tryggjanda.

Nemendur verða sjálfir að koma með klifurskó og kalkpoka. Annar búnaður er innifalinn í námskeiðisgjaldi. Skráning á námskeiðið fer fram á mountainguide.is. - jóa



Klettaklifur er skemmtileg íþrótt fyrir útivistarfíkla sem og aðra.





**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**

Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905




allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



# VALHÖLL FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

**www.valholl.is - Opið mán.-föstud. 9-17**



| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ingólfur Gissurarson lögg. fast.sali 896 5222 | Bárður Tryggvason sölustjóri 896 5221 | Þórarinn Friðgeirsson lögg. fast.sali 899 1882 | Ellert Róbertsson sölumaður 893 4477 | Magnús Gunnarsson sölustj. atvinnuh. 822 8242 | Viggó Jörgensson lögg. fast-eignasali. | Pétur Jóhannsson sölum. Snæfellsbæ. S 893 4718 | Margrét Sigurgeirsdóttir ritari | Þóra Þorgeirsdóttir ritari | Guðrún Pét-ursdóttir skjalagerð |

***YFIR 100 ÁRA SAMANLÖGÐ REYNSLA VIÐ FASTEIGNASÖLU!***

# Bjarkarás 1-29 Garðabæ




Í einkasölu nýjar glæsilegar séríbúðir samtals 30 eignir í sjö 2ja hæða húsum á þessum einstaklega góða stað í Garðabæ. Gert er ráð fyrir að eignirnar verði afhentar fullbúnar án gólfefna með vönduðum innréttingum og flísal. glæsil baðherb. Mjög skemmtilega teiknuð hús. Lofthæð neðri hæða er 2,95 m og efri hæðar 2,6 m.

Íbúðirnar eru frá 96,7 fm uppí 186,6 fm og fylgir stæði í bílskýli 22 af 30 íbúðum. Sérverönd fullfrágengin fylgir íbúðum neðri hæðar og svalir frá 7,5 -57 fm fylgja íbúðum efri hæðar. Glæsilegt útsýni er úr mörgum íbúðanna. Lóð afhendist fullfrágengin með öllum gróðri en án leiktækja. Byggingaraðili er Trémót ehf. Lítið á **www.nybyggingar.is** og sjáið glæsilegan vef um eignina með öllum upplýsingum.

# Fannahvarf

***- nýtt í sölu - glæsilegar séríbúðir***



Í einkasölu nýjar glæsilegar íbúðir í litlu 2ja hæða húsi. Íbúðirnar eru 3ja herb. 111,5 fm og 4ra herb. 136,7 fm og í 4ra herb. eru 2 baðherb. Íb. afh. í sept-okt 2006 fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. frá Axis að hluta til að vali kaupenda, um er að ræða miklar innrétt. og baðherb. m. vönd. tækjum og innrétt. flísal.
***V. 3ja herb. frá 26,9 millj. V. 4ra herb. frá 31,4 millj.***

# VALHÖLL
FASTEIGNASALA

## Sími 588 4477

## Stangarholt.



Í einkasölu góð 3ja herb. íbúð á jarðhæð í góðu vel staðsettu fjölbýli. Sér verönd, parket á flestum gólfum. Snyrtileg sameign bæði úti og inni. **V. 17,9 m.** 4601

## Langahlíð - glæsiíbúð



Í einkasölu glæsileg íbúð á 3. hæð ásamt skemmtilega innréttuðu risi í þessu glæsil. húsi rétt við Kjarvalsstaði. 3 svefnherb, 3 stofur og saunaklefi. Nýlegt eldhús og baðherb. Parket á gólfum. Fallegt útsýni. Eign í sérflokki. **V. 29 m.** 6916

## Baldursgata - með stórum svölum.



Í einkasölu mjög góð ca 65 fm íbúð á 2. hæð í góðu vel staðsettu húsi í miðbænum, stórar ca 15 fm svalir. Parket á flestum gólfum. Sér bílastæði fylgir íbúð. V. 16,8 m. 6912

## Kirkjuvegur -miðbæ Hafnarfjarðar.



Vorum að fá í einkasölu sérlega vel staðsett ca 100 fm einbýli á tveimur hæðum í miðbæ Hafnarfjarðar. Tvö svefnherbergi,góður garður, húsið er laust fljótlega. **V. 21,5 m.** 6910

## Goðasalir - glæsil. parhús.



Í einkasölu glæsilegt parhús á 2 hæðum með innb. bílskúr. 4 svefnherb. Hátt til lofts, vandað eikarparket á gólfum. Glæsilegt útsýni. Frábærlega staðsett hús þar sem gönguleið er stutt (engar götur að fara yfir) að skóla, leikskóla, íþróttaaðstöðu, sundlaug, verslun, heilsugæslu og apóteki. **V. 46,9 m.** 6896

## Stærri eignir



**Þorláksgeisli - nýl. hús neðan götu.** Nýtt glæsil. Parhús á 2.hæðum á þessum fráb. útsýnisstað í Grafarholti. Vand. sérsm. Eikarinnrétt.og eikarparket. Sérhönnuð lýsing. Glæsil. eldhús m. vönduðum MIELE tækjum. Stýranlegur gólfhiti. Rúmgóður bílskúr. Allar innréttingar eru úr eik frá GKS. **Verð 47,9 millj.** 6807



**Hrauntunga-glæsilegt útsýni** Fallegt 262,5 fm einbýlishús í suðurhlíðum Kópavogs. Frábær staðsetning og veðursæld mikil. Húsið er nýlega viðgert að utan og málað. Glæsilegt útsýni, nýlegt þak og skólp. Lítið mál að hafa sér íbúð á neðri hæð. Miklir möguleikar. Verð 53,0 millj. 6848



**Laufengi - raðhús á 2. hæðum.** Fallegt velskipulagt raðhús 120 fm á 2 hæðum á mjög góðum stað í Engjahverfi. Örstutt í góða þjónustu í Spönginni, leik-, grunn- og framhaldsskólar í grenndinni. V. 28,9 m. 4520

**Bragagata - einbýli** Mikið endurnýjað 80 fm hús ásamt 20 fm nýbyggðu sérhúsi sem er í dag sem nýtt sem stúdíóíbúð/gæti verið frábær vinnustofa. Möguleiki er að byggja ofan á húsið. Glæsilegt baðherb., parket, 2 svefnherb. Frábær staðsetning í 101. Laust. V. 31,5 m. 4466

**Reynihvammur - Kópav. Einbýli m. aukaíb. á fráb. stað útvið óbyggt svæði.** Gott einbýli með tvöf. bílsk og aukaíb. á neðri hæð alls 220 fm á fráb. stað í suðurhlíð. Kóp. Fallegt útsýni, upprunal. innrétt. og gólfefni að stórum hluta. Falleg ræktuð lóð og einstök staðsetn. Miklir mögul. Ásett verð 44 m., eða tilboð. Skipti mögul. á 3ja herb. m. bílsk. í Kópav. 4066

## SUMARHÚS



**Sumarhús við Laugarvatn -nýtt í sölu.** Nýkomið á frábærum stað sumarhús á 1 hektara eignarlands í landi Lækjarhvamms. Hann skiptist í 2 samliggjandi A-bústaði. Undir bústaðnum eru 2 bil m.2 m. lofthæð ca 45 fm. Góð verönd. Lega landsins er sérlega skemmtileg og liggur að Grafaránni. Óskað er eftir tilboðum í eignina. 4079



**Eyrarskógur - fullb. utan. -nýtt í sölu.** Í einkasölu á flottum stað í Eyrarskógi á Hvalfjarðarströnd 61,9 fm búst. á einni hæð sem skilast fullb. að utan og fokheldur að innan. Mjög góður staður og góð lóð meðfylgjandi. Til afh. fljótlega. V. 10,5 millj. 6869



**Grímsnes - Öndverðarnes. Glæsil. sumarbúst. á frábærum stað.** Í einkasölu vandaður ca 50 fm búst. m. ca 20 fm svefnlofti. Tvö svefnherb., rafmagn, hitaveita á svæðinu. Falleg kjarrivaxin 0,5 ha leigulóð m. aðgang að sundlaug og golfvelli. Stór nýleg afgirt verönd. Selst með öllu innbúi. Frábær staðsetn. skammt frá Þrastarlundi. Verð 13,6 millj. 6802



**Sumarb. í Grafningshreppi.** Í einkasölu nánast fullbúinn 62,4 fm sumarbústaður á einni hæð flottur bústaður á mjög góðum stað. V.14 m. 4650



**Nýtt heilsárshús á frábærum útsýnisstað við Bifröst / Hreðavatn í Borgarfirði.** Í einkasölu nýtt glæsil. 85 fm heilsárshús á fallegri útsýnislóð rétt við Hreðavatnsskála. Húsið er til afh. fljótlega fullbúið að utan sem innan með rafmagni og hita (hitaveita). 3 svefnherb., eldhús, bað, stofa og geymsla. Stórglæsilegt útsýni yfir Borgarfjörð og víða. Verslun, þjónusta, golfvöllur, veiði, kaffihús og fl. í næsta nágrenni. Verð 22,8 millj. 4655



**Nýr glæsil. sumarbúst í Svarfhólslandi við Vatnaskóg.** Glæsil. 86 fm nýr sumarbúst. / heilsárshús á góðum stað á ca hektara leigulóð. Rafmagn og hiti (hitaveita) komið. Til afhendingar strax fullb.að utan og tilbúin til innréttinga að innan þ.e. milliveggir og hurðir komnar, rafmagn frágengið, ofnar uppsettir og hiti komin á. Aðeins á eftir að mála, velja gólfefni og innréttingar. Áhv. ca 8 millj. til 30 ára m. 5,5% vxt. Verð aðeins 12,9 millj. Frábært tækifæri að skapa sinn eigin sælureit ca 45 mín frá Rvk. Skipti skoðuð á góðum fólksbíl eða mótorhjóli. 3599

## Í SMÍÐUM



**Tröllateigur Mosfellsbæ- flottar séríbúðir.** Nýjar glæsil. sérh. á mjög góðum stað í Mosf. bæ. Um er að ræða 4ra herb. sérib. sem afh. fullfrág.án gólfefna. Hús, lóð og bílast. afh. fullfrág. Verð 27 m. 3894



**Bræðraborgarst. nýjar íb. m. bílskýli. ein íbúð eftir 12. seldar !** Einkasala: í nýju lyftuhúsi á frábærum stað í vesturbæ Reykjavíkur eigum við eftir eina íbúð ásamt stæði í bílageymslu. Íb. er 111,4 fm. Íbúðin afhend 1.okt. 2006 fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. og flísal. baðherb. 4259

## Landsbyggðin



**Akranes - Heiðarbraut - einbýli á besta stað.** Í einkasölu mjög fallegt, mikið endurnýjað ca 230 fm einb. á tveim hæðum auk íbúðaraðstöðu í kj. Stórar stofur m. arin, nýl. parket, endurn. baðherbergi, 4 svefnherb., sér stúdíó íb. í kj. og fl. Frábær staðsetning miðsvæðis á Akranesi, skammt frá öllum skólum, íþróttahúsi, verslun og þjónustu. Akranes er í dag n.k. úthverfi í Reykjavík, með reglulegum strætóferðum allan daginn. Áhv. ca 31 m. langt.lán (greiðslub. ca 130 þús. pr. mán) Verð 38,5 m./ tilboð. **V. 38,5 m.** 6847

**Hellissandur - einbýli** Bárðarás 7 er 136,4 fm byggt 1968 úr steypu. Húsið samanstendur af forstofu, wc inn af forstofu, rúmgóðu holi, stofu, eldhúsi, þvottahúsi og geymslu, fjórum herbergjum og baðherbergi.Húsið er hitað með rafmagnsofnum. Nýl. gluggar og þakið er gott. Gróinn garður. V 16,2 m. **V. 16,2 m.** 6911

## Sérhæðir og 5-6 herb.



**Básbryggja - m. bílskúr - ein glæsil. íb. á svæðinu.** Í einkasölu stórgl. sérhönnuð í búð á efstu hæð og risi í þessu vandaða viðhaldsl. húsi á mjög góðum stað. Innang. í góðan endabílsk m.glugga. Vand. sérsm. innrétt og flott tæki, innb. ísskáp. og uppþv.vél fylgja eigninni. 2 stórglæsil. flísal. baðherb. Risloftið er „stór svíta“ með baðherb. innaf m. hornkari. Mikið skápapláss. Parket og flísar á gólfum. V. 38,2 millj. Sjón er sögu ríkari. 6856



**Katrínarlind - með bílskýli. fjögur svefnh.** Vorum að fá í einkasölu góða vel skipulagða ca 130 fm 5 herbergja íbúð á 2. hæð í mjög vel staðsettu húsi. Stórar suðursvalir, þvottahús í íbúð. V. 29,4 m. 6882



**Stelkshólar - 5 herb. íb.** Í einkasölu falleg björt og velskipul. íb. á 2. hæð. 4 svherb. 14 fm suðursvalir. Parket. Barnvænn og góður staður. V. 19,7 millj. 6854



**Framnesvegur - góðar leigutekjur.** Vorum að fá í einkasölu ca 50 fm íbúð í mjög vel staðsettu tvíbýli, íbúð fylgir svo ca 40 fm nýlegur bílskúr sem er innréttaður sem íbúð. Mjög góð staðsetning, stutt hjá t.d. Háskóla Íslands og í göngufæri í miðbæinn. Mögulegur byggingarréttur. V. 23,9 m. 6819



**Holtsbúð - m. bílskúr.** Í einkasölu falleg 140 fm neðri sérhæð ásamt 23 fm bílskúr á frábærum stað. Fallegt hús og garður. Frábær staðsetning. V. 32 m. 4500

**Barmahlíð - m. stórum bílskúr.** Í einkasölu: Góð ca 110 fm efri hæð í góðu húsi. Tvö til þrjú svefnherbergi, suður svalir. Stór bílskúr alls 77 fm þar af kj.. ca 48 fm. Eignin er laus fljótlega. V. 28,8 m. 4597

**Nesvegur - tvíbýli** Góð 110 fm efri hæð í vel staðsettu tvíbýli. Sér inngangur, suður svalir, gott útsýni. Þvottahús í íbúð. V. 22,8 m. 6803

**Kambsvegur - 181 fm sérhæð ásamt bílskúr samt. 220 fm.** Í einkasölu glæsil. velskipul. efri sérhæð og ris í þessu fallega tvíb.húsi sem staðs. er á mjög góðum útsýnisstað. 4 svefnherb., 2 baðherb. Risið var byggt ofaná 1980-82. Stórar stofur. Rúmgóð eign á mjög góðum stað. Glæsil. útsýni. Góður bílskúr. Hér er gott pláss fyrir stórfjölskylduna. V. 39,6 m 4513

**Útsýni á tjörnina ! Laufásvegur - V. 39,5 m.** Glæsileg mikið endurnýjuð sjarmerandi íbúð í þessu laglega húsi sem er fráb.vel staðs. m. flottu útsýni. Nýl. ofnal. raflagnir, gólfefni, baðherb. eldhús o.fl. Í göngufæri við einstaka miðbæjarstemn. 4664

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 31. maí 2005 – 20. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 Vísir



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa


**Enron**
Stórveldi byggt á sandi



10

**Íbúðalánasjóður**
Pólitískt bitbein í hálsi hagkerfisins



12-13

**Smásöluverslun**
Aðlagast nýjum mörkuðum



22

## Fleiri félög horfa á Pliva

Bandaríska samheitalyfjafyrirtækið Barr er sagt hafa lagt fram óbindandi tilboð í króatíska samheitalyfjafyrirtækið Pliva. Tilboðið, sem hljóðar upp á 2,1 milljarð Bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega 152 milljarða íslenskra króna, er rúmlega 18 milljörðum krónum hærra en seinna tilboð Actavis í sama félag.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, segir nokkur fyrirtæki hafa sýnt Pliva áhuga eftir að Deutsche Bank tók að annast söluferli á Pliva og muni Actavis skoða hvort lagt verði fram hærra tilboð en það sem lagt var fram í aprillok, sem hljóðaði upp á 1,85 milljarða dala, jafnvirði 145 milljarða íslenskra króna. Jafnframt bendir hann á að vegna gengismismunar sé tilboð Actavis komið nálægt 2 milljörðum dala. „Þetta er í raun ekkert sem kemur okkur á óvart. Við munum ekki hækka tilboðið nema eitthvað komi út úr áreiðanleikakönnun sem gefi tilefni til þess,“ segir Róbert Wessman. - jab

## Íslenskir neytendur svartsýnir

Fleiri íslenskir neytendur eru svartsýnir á horfur í efnahagsmálum en bjartsýnir, samkvæmt væntingavísitölu Gallup. Væntingar mælast í fyrsta skipti undir hundrað stigum frá árinu 2001 og hafa ekki mælst lægri frá því í nóvember það ár.

Þrjátíu prósent neytenda telja ástandið gott en 27 prósent telja að það sé slæmt. 42 prósent neytenda telja að ástandið verði verra eftir sex mánuði, en einungis fjórtán prósent telja það fara batnandi.

Í Morgunkornum Glitnis kemur fram að væntingavísitalan hafi lækkað snarlega undanfarna þrjá mánuði. Það bendi sterklega til þess að nú hægi á hröðum vexti einkaneyslu og að á næstunni muni neysla dragast saman. - jsk

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Cyntellect fyrst** | Bandaríska líftæknifélagið Cyntellect verður að öllum líkindum fyrsta fyrirtækið til að skrá sig á hinn nýja iSEC-markað Kauphallar Íslands.

**Glitnir kaupir** | Glitnir hefur keypt sænska verðbréfafyrirtækið Fischer Partners fyrir 3,7 milljarða króna auk þess að taka yfir skuldir fyrir 425 milljónir króna.

**Grandi tapar** | HB Grandi skilaði 1.337 milljóna tapi á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 763 milljóna króna hagnað árið áður.

**FL fjárfestir** | FL Group hefur keypt 5,07 prósenta hlut í bresku tískuvörukeðjunni French Connection. Markaðsvirði hlutarins er um 1,4 milljarðar króna.



**Skráningu frestað** | Skráningu Icelandair í Kauphöll Íslands verður að öllum líkindum frestað vegna erfiðra aðstæðna á hlutabréfamarkaði.

**Dreifingin tryggð** | 365 Media Scandinavia og Post Danmark hafa í sameiningu stofnað fyrirtæki sem mun sjá um dreifingu Nyhedsavisen.

**Undir væntingum** | Hagar, sem reka meðal annars Bónus og Hagkaup, högnuðust um tæpan milljarð á síðasta rekstrarári, sem er 300 milljónum króna lægri upphæð en árið áður.

**Minni hagnaður** | Fiskmarkaður Íslands hf. hagnaðist um 39,6 milljónir króna á fyrstu þremur mánuðum ársins, sem er tíu milljónum minni hagnaður en fyrir ári.

# Stela fyrir milljarða

### Fyrirtæki hér eru eins og í ríkjum Asíu og Austur-Evrópu hvað hugbúnaðarstuld varðar. Kallað er eftir hugarfarsbreytingu svo við komumst í flokk með Norðurlöndunum.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Fimmtíu og sjö prósent alls hugbúnaðar sem sett- ur er upp á tölvur í fyrirtækjum hér á landi eru illa fengin. Í nýrri könnun markaðsrannsókna- og greiningarfyrirtækisins IDC kemur fram að söluandvirði ólöglegs hugbúnaðar sem hér er notaður í fyrirtækjum nemi 1,3 milljörðum króna á ári hverju, eða 18 milljónum bandaríkjadala. Könnun IDC var gerð að beiðni Business Software Alliance, en svo nefnist samstarfsvettvangur hugbúnaðarframleiðenda.

„Mig hefði ekki órað fyrir því fyrir þremur árum að við værum svona aftarlega á merinni,“ segir Elvar Steinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri Microsoft Íslandi. Niðurstöðurnar sýna að þrátt fyrir þróað hagkerfi og þjóðfélagsumgjörð stöndum við ekki jafnfætis hinum Norðurlöndunum, Þýskalandi, Bretlandi, Benelux-löndunum eða Bandaríkjunum en þar nemur hugbúnaðarþjófnaður fyrirtækja alls staðar undir 30 prósentum. Ísland, með 57 prósentin, er í flokki með löndum Asíu og Mið- og Austur-Evrópu.

Elvar segir að hér hafi ekki legið fyrir áður ábyggilegar tölulegar upplýsingar um hugbúnaðarþjófnað. „En þarna er komin staðfesting á því sem okkur hefur grunað og líklegt að staðan hafi verið mun verri en við héldum þegar við fórum að vinna að þessum hugbúnaðarréttarmálum fyrir um þremur árum síðan.“ Elvar kallar eftir hugarfarsbreytingu hér og segir Microsoft Íslandi áfram munu vinna með fyrirtækjum landsins í að koma hugbúnaðarmálum þeirra í réttan farveg. Hann segir stefnt á að við verðum á róli með hinum Norðurlöndunum innan þriggja ára. Til að af því geti orðið segir hann þó fleiri þurfa að koma að málum og vísar þar sérstaklega til stjórnvalda. Elvar segir margvísleg fordæmi um aðgerðir. Á Spáni fékk Microsoft skattayfirvöld með í átak og í Svíþjóð hafa verið birtir í fjölmiðlum listar yfir fyrirtæki sem sýnt hafa af sér mikinn sóðaskap í þessum málum. Hann segir Microsoft Íslandi þó engan áhuga hafa á að draga menn fyrir dómstóla. „Við viljum frekar vinna þetta með fyrirtækjunum,“ segir hann en neitar því þó ekki að í sumum tilvikum reyni á þolinmæðina. Þá segir hann aðgerðir fyrirtækisins ekki beinast gegn einstaklingum.

Stóran hluta þess vanda sem hér er við að etja rekur Elvar Steinn til sumra tæknimanna sem starfa við að setja upp hugbúnað og tölvur. Þeir hafi af misskilinni greiðasemi verið duglegir við að útvega viðskiptavinum ólöglega hugbúnaðarlykla til að spara tíma í uppsetningu og látið hjá líða að búa rétt um hnútana eftir á. Þá einbeiti þessir „partnerar“ Microsoft sér ef til vill um of að því að selja þjónustu sem rukkað er fyrir í tímavís, í stað þess að standa rétt að uppsetningu hugbúnaðar til að byrja með. „Þetta er orðinn þjónustumarkaður í stað hugbúnaðarmarkaðar,“ segir hann og bætir við að þegar upp sé staðið þá sé kúnninn ábyrgur fyrir þeim hugbúnaði sem hann notar, ekki fyrirtækið sem setti búnaðinn upp.

Meðal þess sem Microsoft Íslandi hefur farið fram á er að þeir sem selja tölvur geri það ekki án þess að upp hafi verið sett á þeim stýrikerfi, eða sönnur færðar á að kaupandinn eigi löglegt eintak. Þá hefur verið gerð gangskör í að stöðva sölu á ólöglega uppsettum OEM hugbúnaði, en hann fá endursöluaðilar gegn því að selja hann ekki nema uppsettan á tölvur.

# Ekki friðvænlegt í Straumi

Yfirtökunefnd mun skoða hvort yfirtökuskylda kunni að hafa myndast í Straumi-Burðarási eftir að félag Björgólfsfeðga og tengdir aðilar eignuðust meirihluta í Gretti, sem er einn stærsti hluthafinn í Straumi. Samson Global Holding, annað félag Björgólfsfeðga, heldur þessu til viðbótar utan um fimmtungshlut í Straumi.

Þetta eru hefðbundin vinnubrögð hjá nefndinni að kanna slíkt þegar aðilar nálgast yfirtökumörk en þau liggja við fjörutíu prósenta eignarhlut.

Með þessum kaupum hefur staða stjórnarformannsins Björgólfs Thors Björgólfssonar styrkst innan Straums og ljóst að hann hefur myndað öflugt bandalag með Sundsmönnum sem eiga mann í stjórn Straums. Heimildarmenn telja ólíklegt að friður skapist í bráð innan hluthafahóps Straums en Björgólfur Thor og Magnús Kristinsson, varaformaður stjórnar, hafa eldað grátt silfur saman.

Jafnframt vaknar upp sú spurning hvort TM verði áfram skráð á markaði eftir að Sund seldi þriðjungshlut sinn til Blátjarnar, félags sem er að langmestu leyti í eigu Björgólfsfeðga og Sunds. Ekki er talið ólíklegt, samkvæmt heimildum Markaðarins, að áframhaldandi skráning félagsins, sem er eina tryggingafélagið á markaði, verði íhuguð gaumgæfilega eftir þessi viðskipti en hugur stjórnenda TM stendur til þess að vera áfram á markaði eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hjá Óskari Magnússyni, forstjóra TM. - eþa


Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans EUR, USD og GBP eru þrír nýir sjóðir sem henta fjárfestum sem vilja fjárfesta til lengri eða skemmri tíma í viðkomandi mynt. Lágmarksfjárfestingartími er einn dagur og lágmarkskaup eru € 1.000, $ 1.000 og £ 1.000. Markmið sjóðanna er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður eða gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans

£ ISK $ €

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GOTT FÓLK McCANN

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 0% | 32% |
| Alfesca | 9% | -3% |
| Atorka Group | 0% | -14% |
| Bakkavör | 2% | -4% |
| Dagsbrún | 5% | -4% |
| FL Group | 7% | 1% |
| Flaga | 4% | -13% |
| Glitnir | 4% | 0% |
| KB banki | 4% | 3% |
| Landsbankinn | 6% | -12% |
| Marel | -1% | 7% |
| Mosaic Fashions | 1% | -12% |
| Straumur | 7% | 8% |
| Össur | 5% | -4% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Mikil erlend verðbréfakaup

Kaup Íslendinga á erlendum verðbréfum námu 25,3 milljörðum króna í apríl samkvæmt tölum Seðlabankans. Það er rúmlega helmings aukning frá apríl í fyrra. Þetta eru fjórðu mestu hlutabréfakaup í einum mánuði frá upphafi mælinga árið 2004. Erlend verðbréfakaup hafa verið mikil það sem af er ári. Lífeyrissjóðirnir hafa verið stórtækastir en hlutur innlánsstofnana og fyrirtækja hefur aukist.

Í Morgunkornum Glitnis er því spáð að samdráttur verði á fjárfestingu lífeyrissjóða í erlendum verðbréfum með lækkandi gengi krónunnar. **- jsk**




# Stuðningur við sparisjóðalög

Lúðvík Bergvinsson alþingismaður telur að mikill stuðningur sé í þinginu fyrir frumvarpi hans og Einars Odds Kristjánssonar um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem snúa að sparisjóðum. „Sparisjóðirnir eru hornsteinar í sínu samfélagi og það er fráleit hugmynd að afdrif þeirra verði þau að menn komist yfir verðmætin sem sparisjóðirnir eru á þann hátt sem mér sýnist þróunin vera.“

Þingmaðurinn er spurður hvort þeir líti til einhvers ákveðins sparisjóðs í þessum efnum: „Við höfum horft á SPRON og séð hvernig þróunin er, að menn vilji jafnvel breyta þeim í hlutafélög til þess að færa verðmæti sjóðanna, sem er sjálfseignarstofnun, yfir í bréfin.“

Lúðvík telur einnig mikilvægt að ef menn séu sammála um það að leggja sjóðina niður renni verðmæti sjóðanna til samfélaganna eins og til var stofnað í upphafi en ekki að fjárfestar komist yfir þá.

Vonast Lúðvík til að frumvarpið verði tekið til efnislegrar meðferðar á sumarþingi en það lá ekki ljóst fyrir þegar þinghald hófst að nýju í gær. **- eþa**

# Heritable Bank fær hærra lánshæfismat

Matsfyrirtækið Fitch hefur hækkað lánshæfiseinkunn Heritable Bank í Bretlandi úr C/D í C og segir horfur í starfsemi bankans stöðugar. Heritable Bank er dótturfélag Landsbankans.

Ástæðurnar sem Fitch gefur fyrir breyttu mati eru aukinn hagnaður bankans, góður vöxtur og dreifðari áhætta. Það staðfesti fyrirtækið aðrar matseinkunnir bankans.

Heritable er tiltölulega smár banki á breskan mælikvarða en hefur vaxið hratt síðustu þrjú ár. Bankinn var stofnaður árið 1877, en var keyptur að fullu af Landsbankanum árið 2000 og þá sem hluti af útrásarstefnu bankans. **- óká**



SIGURJÓN ÁRNASON, BANKASTJÓRI LANDSBANKANS

# Baugur vill HoF

Baugur hefur staðfest að félagið eigi í yfirtökuviðræðum við stjórn House of Fraser sem á og rekur 61 verslun í Bretlandi og á Írlandi. Markaðurinn hefur fullyrt, allt frá því að stjórnin tilkynnti í byrjun mánaðarins um viðræður sem gætu leitt til yfirtöku keðjunnar, að Baugur standi að baki viðræðunum.

„Viðræður eru á byrjunarstigi og það er alls ekki víst að til yfirtökutilboðs komi,“ segir í fréttatilkynningu frá Baugi, sem keypti í apríl 9,48 prósenta hlut í House of Fraser. Komi til yfirtökunnar er ekki ólíklegt að Baugur þurfi að greiða á bilinu 145 til 150 pens fyrir hlutinn eða sem nemur 56 milljörðum íslenskra króna, að meðtöldum skuldum upp á 13,5 milljarða króna. **- hhs**

# Nýir hluthafar í ORF Líftækni

ORF Líftækni hf. hefur nýlega gengið frá samningum um sölu á hlutafé fyrir um 350 milljónir króna til tuttugu íslenskra aðila. Stærsti einstaki fjárfestirinn er Valiant Fjárfestingar ehf., dótturfélag Sunda ehf.

Stofnendur og lykilstarfsmenn ORF Líftækni verða áfram hluthafar og leiða daglegan rekstur og þróunarstarf fyrirtækisins.

ORF Líftækni er sprotafyrirtæki sem var stofnað árið 2000 og er leiðandi í beitingu plöntuerfðatækni til hagkvæmrar framleiðslu í plöntum á verðmætum sérvirkum próteinum fyrir lyfjaþróun, rannsóknastarfsemi, iðnað og landbúnað. **- jab**

# Stórsameining undirbúin á norrænum lággjaldamarkaði

## FlyMe á í viðræðum Sterling og fimm önnur flugfélög. SAS er ekki þar á meðal. Glitnir veitir FlyMe ráðgjöf.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Björn Olegård, stjórnarformaður FlyMe, segir að sænska lággjaldaflugfélagið eigi í viðræðum við sex evrópsk flugfélög um hugsanlegan samruna eða kaup. Hann staðfestir að stjórnendur FlyMe ræði við forsvarsmenn FL Group, eiganda Sterling, en þrálátur orðrómur er á kreiki að FlyMe og Sterling ætli í „öfuga“ yfirtöku. Það þýðir að minna félagið, FlyMe, taki yfir stærra félagið, Sterling, sem verði móðurfélag FlyMe. Þar með geta menn nýtt skráningu FlyMe, sem er skrásett í Stokkhólmi.

„Það eina sem við höfum fast í hendi er samningur um kaup á Lithuanian Airlines en áreiðanleikakönnun stendur enn yfir,“ segir Björn. „Ég get sagt þér að við eigum í viðræðum við alla nema þriggja stafa félagið, sem byrjar á stafnum s og endar á s,“ bætir hann við hlæjandi og vísar þar til SAS.

Ef FlyMe og Sterling renna saman verður FL Group, sem keypti Sterling í fyrra fyrir fimmtán milljarða króna, langstærsti hluthafinn en Fons, félag Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, sem á fimmtungshlut í FlyMe, næststærst. Fjölmargir íslenskir aðilar eiga einnig hlutabréf í FlyMe, þar á meðal Straumur-Burðarás.



Samkvæmt heimildum Markaðarins er jafnvel talið mögulegt að lággjaldaflugfélagið FlyNordic, dótturfélag Finnair, sameinist FlyMe, og hugsanlega Sterling, en það hefur ekki fengist staðfest. Á dögunum tilkynnti Sterling að félagið ætli sér að hætta öllu flugi til Finnlands. Ekki er útilokað að stjórnendur FlyMe hafi rætt við eigendur Norwegian, sem er norskt lággjaldaflugfélag.

Björn bendir á að allt stefni í mikla fækkun evrópskra lággjaldaflugfélaga þar sem mestu skipti að stækka til að halda tilkostnaði niðri og ræða allir við alla. Í nóvember á síðasta ári mörkuðu stjórnendur FlyMe þá stefnu að taka þátt í þessum slag auk þess sem félagið hefur vaxið hratt með innri vexti. FlyMe hefur fengið Glitni til liðs við sig til að leita fjárfestingartækifæra og hafa augun opin fyrir tilboðum í félagið sjálft.

# Næstmest verðbólga á Íslandi

## Ísland er í öðru sæti á verðbólgulista OECD. Tyrkland vermir toppsætið.

Verðbólga á ársgrundvelli mældist 5,5 prósent á Íslandi fyrir tímabilið sem endaði í apríl 2006, samkvæmt nýjum tölum frá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD). Er það talsvert yfir heildarverðbólgu í ríkjum OECD, sem reyndist 2,7 prósent.

Matarverð hækkaði um 6,2 prósent á Íslandi á tímabilinu sem var til skoðunar og eldsneytisverð um rúm ellefu prósent. Verð á öðrum nauðsynjavörum hækkaði um 4,7 prósentustig.

Tyrkland er eina land OECD þar sem meiri verðbólga mælist en á Íslandi, 10,4 prósent. Slóvakía varð í þriðja sæti, þar mældist 4,5 prósenta verðbólga.

Verðbólga í löndum evrunnar er 2,4 prósent. 3,5 prósenta verðbólga mældist í Bandaríkjunum á tímabilinu og 0,4 prósent í Japan. Landsframleiðsla jókst um tæpt prósent í ríkjum OECD á fyrsta fjórðungi ársins 2006. **- jsk**



# Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

ISK

£

€

$

## Peningabréf Landsbankans

Peningabréf Landsbankans EUR, USD og GBP eru þrír nýir sjóðir sem henta fjárfestum sem vilja fjárfesta til lengri eða skemmri tíma í viðkomandi mynt. Með Peningabréfum er hægt að ávaxta lægri fjárhæðir í skemmri tíma en tíðkast á millibankamarkaði. Lágmarkskaup eru € 1.000, $ 1.000 og £ 1.000 og lágmarks fjárfestingatími er einn dagur. Peningabréfin gefa jafnframt von um hærri ávöxtun en millibankamarkaður eða gjaldeyrisreikningar þar sem markmið sjóðanna er að ná hærri ávöxtun en ofangreindir fjárfestingarkostir. Ávöxtunarviðmið sjóðanna er þriggja mánaða LIBID vextir í hverri mynt. Enginn munur er á kaup- og sölugengi sjóðanna.

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

GOTT FÓLK McCANN

## Ferðamenn kaupa skart á Íslandi



Það færist sífellt í aukana að sérsmíðaðir skartgripir séu meðal þess sem erlendir ferðamenn fjárfesti í á meðan á dvöl þeirra stendur hér á landi. Heimsmarkaðsverð á gulli er sem kunnugt er í hæstu hæðum og fór hæst í 725 dollara nú í maí úr 414 dollurum fyrir ári. Í gær kostaði únsan á heimsmarkaði 659,4 dollara, um 47.500 íslenskar krónur. Ása Gunnlaugsdóttir í Félagi íslenskra gullsmiða segir heimsmarkaðsverð á gulli vissulega spila inn í heildarverð skartgripa en aðrir þættir, eins og launakostnaður, hafi meira að segja fyrir endanlegt verð vörunnar. Hún segir skartgripi á Íslandi tiltölulega ódýra. Hér sé ekki um neina fjöldaframleiðslu að ræða og því hafi skapast hefð fyrir því að hlutfallslega meira sé framleitt af sérsmíðuðu skarti hér en annars staðar. Ása segir algengt að erlendir ferðamenn kaupi sérsmíðaða skartgripi á Íslandi og þeim komi jafnan á óvart hversu ódýrt sé að kaupa skart hér, enda sé það ekki sú ímynd sem þeir hafi af landinu. **- hhs**

# Afkoma Haga undir væntingum

### Söluhagnaður eigna forðar félaginu frá tapi. Framlegð lækkar.

Hagar, sem reka meðal annars Bónus og Hagkaup, högnuðust um tæpan milljarð á síðasta rekstrarári samanborið við 1,3 milljarða hagnað árið áður. Uppgjör félagsins er undir væntingum stjórnenda, sem benda á að verðstríð á matvörumarkaði hafi haft mikil áhrif á reksturinn og muni áfram setja mark sitt á hann. Meðalálagning lækkaði úr 33,1 prósenti í 26,7 prósent.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 1,6 milljarðar króna, sem var undir áætlunum, og dróst saman um átta prósent. Velta Haga nam 58,4 milljörðum króna og jókst um 26,7 prósent milli ára.

Tveir milljarðar féllu til í söluhagnað vegna sölu á Skeljungi og norræna smásölufyrirtækinu Trenor en söluhagnaður árið áður var 2,2 milljarðar króna.

**VERÐSTRÍÐ HEFUR ÁHRIF Á AFKOMU HAGA**

| | 2005/06 | 2004/05 |
|---|---|---|
| Meðalálagning * | 26,70% | 33,10% |
| Framlegð sem hlutfall af sölu | 21,10% | 24,90% |

** Meðalálagning - sala/kostnaðarverð seldra vara*

Eignir Haga voru 27 milljarðar í lok febrúar og höfðu dregist saman um sjö milljarða milli ára þar sem Skeljungur fer úr bókum félagsins.

Hagar hafa einfaldað rekstur sinn og lagt áherslu á smásölumarkaðinn á Íslandi. Félagið hefur sótt inn á sérvörumarkaðinn í miklum mæli og fest kaup á tíu sérvöruverslunum í Kringlunni og Smáralind nýlega eins og Fréttablaðið hefur greint frá. **- eþa**

# Ísfélagið tvöfaldar hagnað milli ára

### Skuldir félagsins lækkuðu um tvo milljarða

Ísfélag Vestmannaeyja hagnaðist um 1.261 milljón króna á síðasta ári samanborið við 635 milljóna króna hagnað árið 2004. Hagnaður af aðalstarfsemi var 651 milljón eftir skatta en óreglulegar tekjur skiluðu um 610 milljónum króna.

Heildarvelta Ísfélagsins jókst um sextán prósent á milli ára, fór úr 3,4 milljörðum í tæpa fjóra milljarða. Þótt umsvif félagsins hafi aukist á síðasta ári lækkaði framlegð vegna hás gengis krónunnar. Veiking krónunnar á þessu ári bætir hins vegar rekstrarskilyrði félagsins.



**NÓTASKIPIÐ ANTARES** Hagnaður Ísfélagsins var 1.261 milljón króna í fyrra og jukust umsvif félagsins.

Eignir Ísfélagsins voru um 9,5 milljarðar í árslok og lækkuðu um 669 milljónir króna en skuldir lækkuðu um tæpa tvo milljarða króna. Eigið fé var 3,7 milljarðar og eiginfjárhlutfall 39 prósent. **- eþa**

# Straumur stærstur í Tandberg Data

Straumur-Burðarás hefur um skeið verið stærsti hluthafinn í norska upplýsingatæknifyrirtækinu Tandberg Data, sem framleiðir gagnavistunarbúnað með segulbandstækni.

Þótt eignarhlutur Straums standi aðeins í sex prósentum er félagið engu að síður langstærsti hluthafinn. Árið 2003 var norska fyri skipt upp í tvö félög, Tandberg Data og Tandberg Storage, en fyrrnefnda félagið á tæpan þriðjungshlut í því síðarnefnda.

Ekki er um stóra fjárfestingu að ræða, enda er markaðsvirði Tandberg Data tæpir fjórir milljarðar króna.

Straumur hefur verið iðinn við kolann á norska markaðnum og er meðal stærstu hluthafa í skipafélaginu Camillo Eitzen og netleikjaframleiðandum Funcom. Þá er hann einnig meðal stórra hluthafa í sænsku félögunum Cherryföretagen, FlyMe og Pricer. **- eþa**

**HELSTU FJÁRFESTINGAR STRAUMS Á NORÐURLÖNDUM**

| Félag | Land | Starfsemi |
|---|---|---|
| Finnair | Finnland | Flugrekstur |
| Camillo Eitzen | Noregur | Skiparekstur |
| Funcom | Noregur | Netleikir |
| Tandberg Data | Noregur | Upplýsingatækni |
| Cherry | Svíþjóð | Netleikir |
| FlyMe | Svíþjóð | Lággjaldaflugrekstur |
| Intrum | Svíþjóð | Innheimtufyrirtæki |
| Pricer | Svíþjóð | Upplýsingatækni |
| Scribona | Svíþjóð | Upplýsingatækni |

# Alfesca leitar að tækifærum

### Þrenns konar kostir í stöðunni. Fuglaflensa hefur lítil áhrif haft á söluna. Innra virði Alfesca yfir markaðsvirði.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Alfesca horfir til þrenns konar kauptækifæra að sögn Jakobs Sigurðssonar, forstjóra félagsins, með það að markmiði að vera númer eitt í þeim vöruflokkum á mörkuðum sem fyrirtækið keppir á. Eitt kann að vera að festa kaup á sambærilegu félagi á sambærilegum markaði. „Það gæti verið rækjufyrirtæki í Englandi þar sem við náum hagkvæmni stærðarinnar að kaupa fyrirtæki í sama geira og á sama markaði.“ Annars vegar eru tækifæri í því að kaupa fyrirtæki þar sem Alfesca nýtir sér þekkingu í sínum kjarnaafurðum til þess að færa út kvíarnar á nýjum mörkuðum.

Þriðja leiðin, sem að mati Jakobs er sennilega sú mikilvægasta þegar til lengri tíma er litið, er að bæta við afurðaflokkum sem passa við vörumerkjastefnu félagsins og falla inn í dreifingarleiðir en gera það minna háð sveiflum í einstökum afurðaflokkum.

Jakob segir að félagið hafi unnið markvisst að því um hríð að leita kauptækifæra og telur að það muni taka smáskref til að byrja með. „Stærsta skrefið - að taka inn nýjan afurðaflokk - gerist ekki alveg í náinni framtíð.“

Mikilvægustu markaðir Alfesca eru Bretland, Frakkland, Spánn og Benelux-löndin. Jakob nefnir að áhersla hafi verið lögð á Ítalíumarkað og meira eigi eftir að gerast þar og að athyglisverð tækifæri gætu verið í Austur-Evrópu. „Ég held að ég geti slegið því föstu að við höldum okkur við þessi svæði. Við ætlum ekki að dreifa okkur mikið í náinni framtíð,“ segir Jakob og bætir því við að Alfesca horfi hvorki til Asíu né Ameríku hvað þetta varðar. Liður í frekari ytri vexti er að opna skrifstofu í Lundúnum í sumar. Jakob leggur þó áherslu á innri vöxt; það sé sá vöxtur sem drífur fyrirtækið áfram þegar lengri tíma er litið.



**JAKOB SIGURÐSSON OG NADINE DESWASIÈRE, TVEIR AF STJÓRNENDUM ALFESCA** Fyrirtækið leitar leiða að stækka með ytri vexti og koma þrenns konar möguleikar til greina.

Stjórnendur Alfesca segja að fuglaflensa hafi haft lítil áhrif á söluna undanfarna mánuði en hún hefur valdið þeim sem fylgjast með félaginu áhyggjum. Jakob neitar því ekki að menn þar á bæ hafi verið búnir undir það versta og því hafi þeir átt gott samstarf við yfirvöld á svæðum þar sem endurnar eru ræktaðar, auk franskra landbúnaðaryfirvalda. „Í sjálfu sér kemur það ekki á óvart að hún hafi ekki áhrif á söluna. Þvert á móti var metsala á andalifur fyrir jólin í fyrra og góð sala það sem af er þessu ári, til dæmis um páskana.“

Bæði KB banki og Glitnir mæla með kaupum á hlutabréfum í félaginu. KB banki setur verðmiðann 5,2 krónur á hlut en Glitnir 4,4. Þegar Glitnir gaf út verðmat sitt stóð Alfesca í genginu 3,7 en miðað við það var innra virði félagsins 0,85 - sem merkir að eigið fé var hærra en markaðsvirði hlutafjár.

Himinn og haf – SÍA

Ekki bara spari að spara!

Stuttur skuldabréfasjóður
**14,46% nafnávöxtun***

* frá 01.01.2006–30.05.2006 á ársgrundvelli.

Rekstrarfélag SPRON sér um rekstur þeirra fimm sjóða sem eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003. Nánari upplýsingar má nálgast í útboðslýsingu hjá SPRON Verðbréfum.



spron
VERÐBRÉF


Kerfisloft


Svalagler


Steypumót


Gámaeiningar


Felliveggir


Stálgrindarhús


Gler og glerlausnir

# Ertu í framkvæmdahug?


Hleðslubrýr

# formaco

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · www.formaco.is · formaco@formaco.is


Aksturs- og iðnaðarhurðir


Gluggar og hurðir


Girðingar


Stigar


Kranar og vinnulyftur

## Spilling dragbítur á framför

Baráttan gegn spillingu er lykillinn að bættum hag Afríkuríkja, segir Donald Kabureka, bankastjóri Þróunarbanka Afríku. Kabureka telur spillingu helstu ástæðu þess að erlendir fjárfestar hafi ekki viljað til álfunnar.

Kabureka var áður fjármálaráðherra í Rúanda og er talinn hafa átt stóran þátt í að koma efnahag landsins á réttan kjöl eftir þjóðarmorðin í landinu árið 1994.

Kabureka hefur gegnt bankastjórastöðunni í átta mánuði. „Spilling er dragbítur á framför og mergsýgur efnahag Afríkuríkja. Ég ætla svo sannarlega að beita mér fyrir því að spilling í Afríku verði upprætt,“ sagði Kabureka við Reuters. - jsk



**KABUREKA** Bankastjóri Þróunarbanka Afríku.

# Atvinnuleysi eykst í Palestínu

Vinnumálayfirvöld í Palestínu segja að atvinnuleysi á sjálfsstjórnarsvæðunum hafi aukist geysimikið upp á síðkastið, sérstaklega eftir að ný heimastjórn Hamas-samtakanna tók til starfa. Í nýlegri skýrslu vinnumálayfirvalda kemur fram að tæpur helmingur vinnufærra karla er með atvinnu í Palestínu en einungis tíu prósent kvenna.

Ástandið er sérstaklega slæmt hjá fólki á aldrinum 15 til 24 ára en fjörutíu prósenta atvinnuleysi mælist hjá þeim hópi. Er hvatt til þess að ungu fólki verði boðin starfsþjálfun auk annarra aðgerða til að blása lífi í efnahag þess.



**PALESTÍNUMENN** Atvinnuleysi hefur aukist mikið í Palestínu upp á síðkastið. Alþjóðabankinn spáir 47 prósenta atvinnuleysi á heimastjórnarsvæðinu eftir tvö ár. MYND/AFP

Þá kemur fram í skýrslunni að 1,6 milljónir Palestínumanna búi við fátæktarmörk. Það jafngildir því að fjórir af hverjum tíu Palestínumönnum teljist til fátækra en meðaltekjur þeirra námu 2,1 Bandaríkjadal, jafnvirði tæplegra 153 íslenskra króna, á dag á síðasta ári.

Þá spáir Alþjóðabankinn því jafnframt í nýrri skýrslu sinni að ástandið muni versna frekar í Palestínu á næstu árum. Muni efnahagur landsmanna dragast saman um 27 prósent á þessu ári og atvinnuleysi mælast 47 prósent á næstu tveimur árum. - jab

# Tilboð fyrir 111 þúsund milljarða

### Gríðarlegar fjárhæðir söfnuðust í hlutafjárútboði Bank of China á dögunum.

Rúmlega 708 milljarðar íslenskra króna söfnuðust í hlutafjárútboði Bank of China sem fram fór á dögunum. Hver hlutur kostaði tæpar 28 krónur. Hlutafjárútboðið er talið eitt það allra stærsta í sögunni.

Mikil umframeftirspurn var eftir bréfum í bankanum og bárust tilboð upp á samtals 111 þúsund milljarða króna.

Bréf í Bank of China fara á almennan markað í Hong Kong hinn 1. júní næstkomandi. Sérfræðingar eru þó ekki vissir um að fjárfestar stökkvi á bréfin. „Ástandið á heimsmarkaði er með þeim hætti að ég tel ólíklegt að mikil viðskipti verði með bréf í Bank of China á fyrstu metrunum. Það verður þó spennandi að sjá hvað síðar verður,“ sagði Kingston Lin, hagfræðingur Prudential Bache Securities. - jsk



**HÖFUÐSTÖÐVAR BANK OF CHINA** Samtals bárust tilboð upp á 111 þúsund milljarða íslenskra króna í hlutafjárútboði Bank of China.



**VÖRUR FRÁ ARLA Í SÁDI-ARABÍU** Maður les tilkynningu í matvöruverslun í Sádi-Arabíu þar sem viðskiptavinir eru hvattir til þess að sniðganga vörur frá Arla Foods. MYND/AFP

# Dræm sala hjá Arla

Sænsk-danski mjólkurframleiðandinn Arla Foods hefur enn ekki jafnað sig á áhrifum skopteikninganna af Múhameð spámanni sem danska dagblaðið Jyllands-Posten birti síðastliðið haust. Sala fyrirtækisins í Mið-Austurlöndum er ennþá dræm og virðist sem íbúar Sádi-Arabíu sniðgangi enn vörur fyrirtækisins.

Sala fyrirtækisins þar í landi er nú einungis 10 til 15 prósent af því sem hún var áður en múslimar hvöttu til aðgerða gegn fyrirtækinu.

Finn Hansen, yfirmaður alþjóðadeildar fyrirtækisins, segir ekki liggja ljóst fyrir hvers vegna Sádi-Arabar hunsi enn vörur Arla. „Annað hvort eru þeir enn að hunsa vörurnar okkar eða orðnir vanir því að kaupa vörur frá samkeppnisaðilanum,“ segir hann. - jab

# Stelios lokar easyCinema

### Ódýrustu miðar í kvikmyndahús easyCinema kostuðu 27 krónur. Stelios segir keppinauta hafa okrað á sér.

**Jón Skaftason**
skrifar

Stelios Haji-Ioannou, eigandi EasyJet og réttnefndur Easy-kóngur, hefur lokað kvikmyndahúsi sínu í Milton Keynes í útjaðri Lundúna.

Kvikmyndahúsið var starfrækt í þrjú ár og kostuðu ódýrustu miðarnir einungis tuttugu pens, eða tuttugu og sjö íslenskar krónur. Stelios hafði ætlað sér að setja á laggirnar keðju kvikmyndahúsa og bauð meðal annars í Empire-kvikmyndahúsið við Leicester Square í miðborg Lundúna.

Stelios kennir háu leiguverði um að svo fór og segir keppinauta hafa lagt stein í götu sína. Stelios leigði húsnæðið af UCI-leigusalanum sem Terra Firma, móðurfélagi Odeon kvikmyndahúsarisans, keypti á dögunum. Hann segir Terra Firma hafa hækkað leiguna svo um munar. „Odeon er nú bæði leigusali okkar og keppinautur. Það fer fram á fáránlega leigu og má bara reka bíóið sjálft.“

Kvikmyndaframleiðendur voru ekki hrifnir af uppátæki Steliosar og óttuðust að lágt miðaverð hefði þau áhrif að þeir fengju minna fyrir sýningarréttinn. Margir þeirra neituðu að selja easyCinema nýjustu kvikmyndir sínar til sýninga.

Stelios hefur gefið út að meiri áhersla verði nú lögð á vef easyCinema þar sem hægt er að panta miða í kvikmyndahús og leigja DVD-myndir á lágu verði. Um fimm hundruð þúsund manns heimsækja vefsíðu easyCinema á degi hverjum.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Stelios tekur ákvörðun á borð við þess en í fyrra opnaði hann bílaleigu, easyCar, þar sem hægt var að leigja Mercedes Benz-bifreiðar á lágu verði. Þegar ljóst varð að ævintýrið gengi ekki upp var hins vegar ákveðið að easyCar yrði einungis vefsíða þar sem hægt væri að bóka leigubifreiðar frá öðrum fyrirtækjum.

Stelios Haji-Ioannou er einn eigenda easyJet-flugfélagsins sem íslenskir fjárfestar, þar á meðal FL Group og Baugur, áttu til skamms tíma stóran hluta í. Tilraunir Steliosar til að breikka grundvöll easy-vörumerkisins hafa ekki gengið sem skyldi.




**LÍTILL SPÁMAÐUR** Tilraunir Steliosar Haji-Ioannou til að færa út kvíarnar hafa gengið misjafnlega. Í fyrra þurfti hann að loka easyCar-bílaleigu sinni og nú hefur easyCinema-kvikmyndahúsið farið sömu leið.

# Skilnuðum fækkar

Skilnuðum fækkaði í Danmörku á síðasta ári. Tíðni þeirra hefur hækkað stöðugt þar í landi síðastliðin ár og var það í fyrsta sinn sem skilnuðum fækkaði í átta ár.

Tæpur helmingur hjónabanda entist í minna en níu ár.

Á síðasta ári skildu 15.300 dönsk pör. Árið 2004 skildu hins vegar 15.763 pör og nemur fækkunin þremur prósentum á milli ára. Þótt fréttir um fækkun skilnaða í Danmörku séu ágætar sem slíkar má sömu sögu segja um hjónabönd. Færri pör létu gefa sig saman í fyrra en árið á undan og nemur samdrátturinn fjórum prósentum á milli ára. - jab



**BRÚÐHJÓN** Skilnuðum fækkaði í Danmörku í fyrra í fyrsta sinn í átta ár. Á sama tíma gengu færri í hjónaband. MYND/AFP

12,2%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun í apríl 2006 á ársgrundvelli

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 • www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.

GEIMSTOFAN

FYRIRTÆKJASJÓÐURINN

# 16,2%

# ávöxtun

Fíton/SÍA

**Tilboð til 1. júlí 2006 – 100% afsláttur af kaupþóknun**

Markmið Fyrirtækjasjóðsins er að skila langtímahækkun eigna með fjárfestingum í meðallöngum verðtryggðum skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum. Fyrirtækjasjóðurinn skilaði 16,2% nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. apríl–2. maí 2006. Sjóðurinn hentar vel þeim sem vilja fá jafna ávöxtun og frekar litlar sveiflur í ávöxtun.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **575 4400** eða kíktu á vefsíðuna okkar **www.vsp.is**.

Fyrirtækjasjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. er vörsluaðili sjóðsins. Fyrirtækjasjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu og útdrætti útboðslýsingar sem hægt er að nálgast á vefsíðunni **www.vsp.is.**

SPARISJÓÐURINN

# Nike og Apple taka sprettinn

Bandaríski íþróttavöruframleiðandinn Nike og tölvuframleiðandinn Apple hafa tekið höndum saman um að tæknivæða líf skokkara.

Tæknivæðingin felst bæði í nýjum skóm frá Nike og senditæki og móttakara frá Apple sem tengist iPod Nano-spilaranum. Munu skokkarar framtíðarinnar sem nýta sér tækjabúnaðinn framvegis geta hlustað á tónlist á meðan þeir hlaupa, jafnframt því að fylgjast bæði með því hversu langt og lengi þeir hlaupa. Þá geta skokkararnir enn fremur séð á skjá spilarans hversu mörgum hitaeiningum þeir brenna á sprettinum auk þess sem hægt er að hlusta á upplýsingarnar í heyrnartólunum. Þegar skokkarinn er kominn á leiðarenda getur hann sett upplýsingarnar á vefsvæði sitt hjá Nike.

Fyrirtækið hefur áður reynt að tengja saman skokkara og tækni í samvinnu við hollenska tæknifyrirtækið Phillips. Sú tilraun fór út um þúfur en tilraunin vakti hins vegar athygli forsvarsmanna Apple, sem leituðu til Nike með enn betri lausnir.



**SKÓR FRÁ NIKE OG IPOD** Lítið senditæki verður í nýju hlaupaskónum frá Nike og sendir það upplýsingar um sprettinn í iPod-spilarann. MYND/AP

Fyrsti skórinn í nýrri fatalínu Nike kallast Nike‘s Air+Zoom More og kemur á markað innan tveggja mánaða.

Senditækið og móttakarinn kosta um 29 dali út úr búð í Bandaríkjunum en skórnir slétta 100 dali. Með virðisaukaskatti og gjöldum má gera ráð fyrir að saman muni tækin og skórnir kosta rúmar 18.000 krónur hér á landi. **- jab**

# Vill óbreytt net

## Einn af svokölluðum feðrum netsins er mótfallinn því að netinu verði skipt upp.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Tim Berners-Lee, sem fann upp HTTP-samskiptamátann og nefndur hefur verið einn af feðrum netsins, lagði ríka áherslu á það á ráðstefnu um framtíð netsins í Edinborg í Skotlandi í síðustu viku að engar hömlur yrðu settar á það. Sérstaklega varaði hann við því að netið yrði brotið upp í einingar líkt og stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa lagt til.

Tillögur stjórnvalda vestra eru viðbrögð við ákalli símafyrirtækja um skiptingu netsins í hluta. Kveða þær á um að gagnaveitur og stofnanir fái meiri möguleika á nýtingu netsins umfram lítil fyrirtæki og hinn almenna netverja. Á meðal þess sem gagnaveiturnar myndu fá umfram aðra eru meðal annars auknir auglýsingakostir.

Netverjar eru almennt mótfallnir þessum tillögum en þeir segja að verði tillögurnar veruleika geti gagnaveiturnar ráðið hvaða efni verði á netinu. Þá segja þeir að háskólar og góðgerðasamtök verði undir á netinu enda hafi þau ekki úr miklu að moða.



**TIM BERNERS-LEE** Einn af svokölluðum feðrum netsins vill ekki að því verði skipt í hluta og segir tillögur þess efnis geta ógnað jafnræði netverja. MYND/AFP

Tillögurnar eru mótsögn við frelsið á netinu, líkt og lagt var upp með á upphafsdögum þess, að sögn Tim Berners-Lee. Hann óttast að verði tillögurnar að veruleika muni jafnræði á netinu verða úr sögunni og dökkir dagar fyrir netverja ganga í garð.

# Google-tól hjá Dell

Forsvarsmenn bandaríska tölvufyrirtækisins Dell greindu frá því á fimmtudag í síðustu viku að tölvur fyrirtækisins yrðu framvegis seldar einstaklingum og litlum fyrirtækjum með hugbúnaði frá bandaríska fyrirtækinu Google.

Á meðal þess sem verður í tölvum frá Dell er tólastika með leitarforritinu Google Desktop, sem gerir tölvunotendum kleift að leita að skjölum og gögnum í tölvum sínum með svipuðum hætti og netverjar geta leitað upplýsinga með leitarforriti Google. Þá er sömuleiðis hægt að nýta tólastikuna til að fylgjast með veðurspám og sjá þegar ný tölvuskeyti koma í pósthólfið.

Gengi bréfa í bæði Dell og Google hækkuðu í kjölfar tilkynningar um samvinnu fyrirtækjanna. **- jab**

# Útgáfa Windows Vista gæti dregist

Steve Ballmer, forstjóri bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft, greindi frá því á blaðamannafundi í Tókýó í Japan í síðustu viku að svo gæti farið að útgáfa á Windows Vista-stýrikerfinu fyrir einkatölvur drægist enn frekar frá áætluðum útgáfudegi. Stýrikerfið átti upphaflega að koma út í haust. Fyrir skömmu var útgáfunni frestað fram í janúar á næsta ári en nú eru líkur á að hún geti dregist um nokkrar vikur til viðbótar. Meðal ástæðna fyrir þessu eru endurbætur á stýrikerfinu sem notendur beta-útgáfunnar kvörtuðu yfir.

Að sögn alþjóðlega markaðsrannsóknarfyrirtækisins Gartners mátti búast við þessu enda hafa útgáfudagsetningar Microsoft sjaldnast staðist.

Áætluð útgáfa á Windows Vista fyrir fyrirtæki stendur hins vegar enn og munu fyrirtæki sem hafa hugbúnaðarleyfissamning við Microsoft uppfært stýrikerfi sitt í Windows Vista í nóvember á þessu ári. **- jab**



**STEVE BALLMER** Framkvæmdastjóri Microsoft segir að útgáfa á Windows Vista fyrir einkatölvur geti dregist fram yfir janúar. MYND/AFP


# Dagur án tóbaks - 31. maí!

Viltu aðstoð við að hætta að reykja?
Reyksíminn býður upp á faglega aðstoð
við að hætta að reykja eða nota tóbak.

Láttu drauminn rætast
og losnaðu úr klóm tóbaksins.

Það er rétt að þetta er að mjög miklu leyti spurning um hugarfar. Mikilvægt er að þú gerir þér grein fyrir því. Þú verður að byggja upp það hugarfar með sjálfum / sjálfri þér að þér muni takast þetta. Stappaðu í þig stálinu og segðu við sjálfan þig: Ég veit að ég get þetta! Mér mun takast þetta! Þú skalt líka þiggja allan þann stuðning sem þér býðst.

Í tilefni dagsins höfum við opið frá kl. 10 - 22.

**Ertu tilbúinn að hefja nýtt líf án tóbaks?**

Bendum einnig á heimasíðu okkar www.8006030.is

RÁÐGJÖF
Í REYKBINDINDI
800 6030


SÖGUHORNIÐ

# Kellogg fær einkaleyfi fyrir morgunkorn

Í dag eru liðin 122 ár síðan bandaríski læknirinn John Harvey Kellog fékk einkaleyfi fyrir morgunkorn sitt, Granose. Kellogg, sem fæddist 26. febrúar árið 1852, fluttist átta ára gamall með foreldrum sínum til Battle Creek í Michigan-ríki í Bandaríkjunum en þar setti faðir hans á laggirnar verksmiðju sem framleiddi strákústa. Skólaganga Kelloggs var hefðbundin en hann útskrifaðist með gráðu í læknisfræði árið 1875, þá 23 ára gamall.

Kellogg var aðventisti allt sitt líf og skráði nafn sitt á spjöld sögunnar þegar hann rak hressingarhæli í Battle Creek eftir hugmyndum aðventista. Hugmyndirnar gengu út á neyslu grænmetisfæðis í stað kjöts og engrar neyslu á víni, tóbaki og kaffi. Þá var reglubundin hreyfing í hávegum höfð.

Kellogg giftist Ellu Ervillu Eaton árið 1879. Þeim hjónum varð engra barna auðið en ólu þess í stað upp rúmlega fjörutíu börn og ættleiddu sjö þeirra. Ekki liggur fyrir hver ástæða barnaleysisins var en Kellogg var mjög í nöp við kynlíf af hvaða tagi sem það nefndist og skrifaði harðorðar bækur og greinar um gildi þess að leggja það á hilluna. Þá mælti hann fyrir því að umskurður drengja yrði tekinn upp án deyfingar. Drengirnir myndu þannig leggja sársauka og kynlíf að jöfnu og myndi það forða þeim frá því að stunda kynlíf það sem eftir væri ævinnar, að mati Kelloggs.

Það var á hressingarhælinu sem morgunkornið leit fyrst dagsins ljós, að því virðist fyrir mistök.




**KORNFLÖGUR** Bandaríski læknirinn John Harvey Kellogg fann morgunkornið upp, að því virðist fyrir mistök, fyrir 122 árum.

John Kellogg hafði ásamt bróður sínum Will Keith Kellogg verið að sjóða hveitiflögur þegar þeir þurftu skyndlega að sinna aðkallandi málum á hressingarhælinu. Þegar þeir komu til baka var hveitið orðið staðnað og að því er virtist óhæft til neyslu. En vegna fjárskorts gátu þeir ekki hugsað sér að henda því. Þeir brugðu því á það ráð að pressa hveitið og rista. Þeim til mikillar furðu brögðuðust flögurnar ágætlega og báru þeir þær fyrir sjúklinga sína.

Árið 1897 var nokkuð afdrifaríkt í lífi Kellogg-bræðra en þá stofnuðu þeir matvælafyrirtækið Sanitas Food Company utan um framleiðslu á kornflögum með viðbættum sykri og vítamínum. Þetta þótti umtalsverð bylting í fæðuvali Bandaríkjamanna en á þessum tíma skiptist morgunverður landsmanna í tvennt eftir efnahag. Þeir ríku snæddu egg og kjöt í morgunmat en þeir efnaminni hafragraut og soðið kornmeti. Bræðurnir deildu hins vegar hart um hversu mikill sykur ætti að vera á flögunum og varð úr að þeir slitu samstarfinu. Will Keith stofnaði fyrirtækið Battle Creek Toasted Corn Flake Company, sem myndar grunninn að Kellogg Company og framleiðir morgunkornið víðfræga, sem í dag er blandað saman við maískorn. John Kellogg stofnaði hins vegar matvælafyrirtækið Battle Creek Food Company, sem einbeitti sér að framleiðslu matvara úr sojaafurðum. Skemmst er frá því að segja að þeir bræður ræddust aldrei aftur við.




*Vantar þig eitthvað að gera á milli leikjanna á HM? Sérfræðingar Slippfélagsins fylgjast vel með því sem er að gerast í heiminum og vita hvaða litir hitta í mark. Vertu með okkur í fremstu röð.*

***Komdu og skoraðu!***

***Vitretex er endingargóð utanhúsmálning sem steinliggur**, hefur frábært alkalí-, vatns- og veðrunarþol og hentar því íslenskum aðstæðum sérlega vel. Vitretex er létt í vinnslu og þekur vel.*
*Sveigjanleg filma minnkar líkur á sprungumyndun, málningin andar og hindrar því ekki eðlilegt rakaútstreymi, hreinsar sig sérlega vel og safnar ekki í sig óhreinindum. Hreinn draumur...*



**KÓNGUR Í RÍKI SÍNU** Jeffrey Skilling fyrir framan höfuðstöðvar Enron í Houston. Skilling var af flestum talinn maðurinn á bak við velgengni Enron. Síðar kom í ljós að sú velgengni var byggð á sandi. Skilling seldi hlutabréf fyrir 1,6 milljarða króna skömmu fyrir hrun fyrirtækisins.



**Í HANDJÁRNUM** Kenneth Lay stofnaði Enron árið 1985 og gegndi lengi starfi forstjóra fyrirtækisins. Lay var af mörgum talinn ósnertanlegur. Hann var góður vinur Bush yngri Bandaríkjaforseta og spilaði golf með þeim eldri.



**BAK VIÐ LÁS OG SLÁ** Jeffrey Skilling er heldur niðurlútur bak við rimlana. Hann gæti átt von á allt að 185 ára fangelsisdómi fyrir þátt sinn í Enron-svikamyllunni.

# Stórveldið sem byggt var á sandi

## Kenneth Lay og Jeffrey Skilling, æðstu stjórnendur hins fallna bandaríska orkurisa Enron, hafa verið fundnir sekir um margvísleg brot gegn bandarískri fyrirtækjalöggjöf. Dómur yfir félögunum verður kveðinn upp hinn 11. september næstkomandi. Þangað til ganga þeir lausir gegn 365 milljóna króna tryggingu. Jón Skaftason skrifar um fall óskabarnanna sem spiluðu golf við Bandaríkjaforseta.

Enron-hneykslið er það sem vakið hefur mesta athygli í runu hneykslismála sem riðið hafa yfir bandarískt viðskiptalíf á liðnum árum. Teflt var um hærri fjárhæðir í WorldCom-málinu þar sem Bernhard Ebbers, sem var forstjóri fjarskiptarisans, var dæmdur til 25 ára fangelsisvistar. Þá vakti sakfelling sjónvarpsstjörnunnar Mörthu Stewart fyrir innherjasvik gríðarlega athygli.

Enron-málið þykir hins vegar táknrænt fyrir átakalínur í bandarísku þjóðlífi; breikkandi bil milli hinna ríku og voldugu og þeirra sem vart eiga fyrir salti í grautinn. Lay og Skilling falla í fyrrnefnda hópinn og voru af mörgum taldir ósnertanlegir.

Lay gegndi starfi forstjóra Enron frá 1985 til 2001 og voru auðæfi hans metin á tæpa þrjátíu milljarða króna. Hann var golffélagi George Bush eldri og kom til álita sem orkumálaráðherra í fyrstu ríkisstjórn þess yngri. Bush forseti hefur síðan snúið baki við Lay og kallar hann „fyrrum vin sinn“.

Skilling var talinn maðurinn á bak við velgengni Enron. Hann hóf störf hjá fyrirtækinu árið 1990 og tók við starfi forstjóra af Lay árið 2001. Skilling varð hins vegar ekki langlífur í því starfi, hætti eftir einungis sex mánuði. Skilling seldi hlutabréf í Enron fyrir 1,6 milljarða skömmu fyrir hrun fyrirtækisins.

**ÞÉTTOFINN BLEKKINGARVEFUR**

Höfuðstöðvar Enron voru í Texas og var fyrirtækið á sínum tíma það sjöunda stærsta í Bandaríkjunum, metið á 5.110 milljarða króna. Enron var margverðlaunað fyrir framsækni og góðan árangur. Lay og Skilling var hampað sem viðskiptasnillingum sem ávallt virtust finna nýjar leiðir til að ávaxta fé hluthafa. Í fjármálahverfinu Wall Street í New York var litið á Enron sem fyrirmyndarfyrirtæki.

Flestir hluthafa í Enron voru lágt settir starfsmenn fyrirtækisins; verkamenn sem unnu í rafveitum, vatnsvirkjunum eða við gasvinnslu. Starfsmönnum voru greidd góð laun og kaupréttur á hlutabréfum í fyrirtækinu gerði mörgum kleift að efnast vel á skömmum tíma.

Hvergi var að sjá vísbendingar um að Enron ætti í vandræðum. Á ársreikningum félagsins fyrir árið 2000 var hagnaður sagður tæpir 26 milljarðar króna og skuldir 730 milljarðar. Þessi 26 milljarða hagnaður var hins vegar hvergi til nema í bókum félagsins og raunverulegar skuldir rúmir tvö þúsund milljarðar íslenskra króna.

Með bókhaldsbrellum tókst forsvarsmönnum Enron að fela raunverulega stöðu fyrirtækisins. Margvíslegum hliðarverkefnum, þar sem taprekstur var gríðarlegur, voru gefin undarleg nöfn á borð við Jedi og Chewco og aðskilin rekstri Enron. Hagnaður fyrirtækisins virtist sífellt aukast og velgengnin engan endi ætla að taka, þótt bak við tjöldin hrikti í stoðum.

Svo flókinn vefur hafði verið spunninn að fjármálastjóri Enron, Andrew Fastow, gat dregið sér rúma þrjá milljarða króna úr sjóðum fyrirtækisins án þess að nokkurn grunaði.

Það var fyrst þegar Skilling sagði forstjórastarfinu lausu, að því er virtist fyrirvaralaust, og seldi í kjölfarið hlutabréf sín að athygli yfirvalda beindist að Enron. Lögreglan komst fljótlega á snoðir um verknað Fastows, sem síðan var rekinn frá fyrirtækinu.

Fjandinn var laus. Fjárfestar misstu alla trú á Enron og hlutabréf í fyrirtækinu hríðféllu. Forsvarsmenn Enron sóttu um greiðslustöðvun. 21 þúsund starfsmenn fyrirtækisins misstu vinnuna, lífeyrisréttindi og lífsviðurværi og urðu að öreigum á augnabliki. Svo fór að lokum að Enron var lýst gjaldþrota.

**MINNISMIÐINN RÉÐI ÚRSLITUM**

Lay og Skilling eru þó ekki þeir einu sem þurft hafa að sæta ábyrgð vegna Enron-hneykslisins. Fjölmargir lægra settir starfsmenn hafa verið ákærðir. Átta þeirra játuðu brot sín og samþykktu að vitna gegn Lay og Skilling gegn vægari dómi. Meðal þeirra er sjálfur fjármálastjórinn, Andrew Fastow, sem var eitt höfuðvitna ákæruvaldsins. Fastow hlýtur í staðinn tíu ára fangelsisdóm. Einungis einn fyrrum starfsmanna Enron hefur hafið afplánun; Ben Glisan gjaldkeri.

Endurskoðunarfyrirtækið sem annaðist reikninga Enron, Arthur Andersen, leystist upp í kjölfar hneykslisins. Ekki þótti sannað að starfsmenn fyrirtækisins hefðu haft rangt við. Hins vegar var fyrirtækið rúið trausti. Viðskiptavinir tóku til fótanna og erfitt reyndist að lokka nýja að í staðinn.

Orðspor manna sem tengdust Enron á einn eða annan hátt hefur orðið fyrir óbætanlegum skaða. Fyrrum orkumálaráðherra breska Íhaldsflokksins og stjórnarmaður í Enron, Wakeham lávarður, hætti afskiptum af stjórnmálum í kjölfar hneykslisins og á vart afturkvæmt.

Jeffrey Skilling var fundinn sekur í nítján af 28 ákæruatriðum og gæti átt yfir höfði sér allt að 185 ára fangelsisdóm. Kenneth Lay var fundinn sekur af öllum ákærum og gæti verið dæmdur til 45 ára fangelsisvistar. Líklegt þykir að hvor um sig þurfi að sitja inni í tuttugu til þrjátíu ár.

Lítið var um sönnunargögn sem bendluðu Skilling eða Lay beint við málið.

Framburður millistjórnandans Sherron Watkins réði að lokum úrslitum, en hún kvaðst hafa sent Lay minnismiða þar sem honum var gerð grein fyrir raunverulegu ástandi fyrirtækisins. Lay hafi þá sett af stað innanhússrannsókn á fjármálum fyrirtækisins til málamynda en ekkert aðhafst. Þannig þótti sannað að bæði Lay og Skilling hefðu verið grandsamir.

Báðir sögðust þeir félagar saklausir af öllum ákærum. Enron hefði einungis hrunið vegna óðagots fjárfesta. Lay tók þó sakfellingunni öllu betur en Skilling, enda sannkristinn sonur predikara frá Texas. „Ég er saklaus af öllum ákærum. Þeir sem elska guð þurfa ekki að kvíða örlögum sínum. Ég þarf einungis að svara fyrir guði.“

Enron-hneykslið hefur þó líklega hvergi haft meiri áhrif en á bandaríska viðskiptalöggjöf. Reglur um endurskoðun hafa verið hertar og ábyrgð stjórnenda um leið. Afleiðingin er sú að kostnaður við skráningu á hlutabréfamarkaði í Bandaríkjunum hefur aukist gríðarlega og er nú vart á færi smærri fyrirtækja. Margir hafa enda lýst áhyggjum af því að fyrirtæki gefist brátt upp á reglugerðarfarganinu og flýi annað; til Lundúna eða jafnvel Reykjavíkur, eins og sýndi sig á dögunum þegar bandaríska líftæknifyrirtækið Cyntellect varð fyrst félaga til að skrá sig á hinn nýja iSEC-markað Kauphallar Íslands.

**Heimildir; The Guardian, The Independent, www.bbc.com**

> **Á ársreikningum félagsins fyrir árið 2000 var hagnaður sagður tæpir 26 milljarðar króna og skuldir 730 milljarðar. Þessi 26 milljarða hagnaður var hins vegar hvergi til nema í bókum félagsins og raunverulegar skuldir rúmir tvö þúsund milljarðar íslenskra króna.**





Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR


206.225 KR.
Í VASANN*
Það er ódýrara að anda að sér miðjarðar-hafslofti í hálfan mánuð en að draga að sér eitrað loft á hverjum degi í eitt ár!
Þú getur fengið aðstoð við að hætta.
www.lydheilsustod.is
LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lifið heil
Dagur án tóbaks 31. maí. Notaðu tækifærið!
* Miðað er við pakka af algengri sígarettutegund á dag í eitt ár

# Pólitískt bitbein *í hálsi*



**Stjórnmálamenn greinir á um hversu brýnt sé að koma á breytingum á Íbúðalánasjóði. Boltinn er hjá stjórnvöldum, segja bankarnir eftir fund með forsætisráðherra. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sagði nýverið Íbúðalánasjóð hafa verið helstu hindrunina í vegi peningamálastefnu Seðlabankans. *Óli Kristján Ármannsson* kynnti sér horfur í málefnum sjóðsins sem þó virðist einhugur um að fái ekki starfað í óbreyttri mynd.**

Forsvarsmenn banka og sparisjóða funduðu með forsætisráðherra á mánudag og ræddu stöðu Íbúðalánasjóðs. Fjármálafyrirtækin höfnuðu nýverið hugmyndum stýrihóps um framtíðs sjóðsins sem gengu út á að búa til svokallaðan „íbúðabanka“ en ekki heildsölubanka líkt og líklegast var talið. Nú líta bankastofnanirnar svo á að „boltinn sé hjá stjórnvöldum“ og bíða viðbragða við eigin tillögum um framtíð sjóðsins. Stjórnvöld hafa verið gagnrýnd nokkuð fyrir seinagang í málinu, nú síðast í áliti sendinefndar Alþjóðagjaldeyris sjóðsins um miðjan maí.



**FORSÆTISRÁÐHERRA** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra átti á mánudag fund með forsvarsmönnum banka og sparisjóða þar sem ræddar voru fyrirhugaðar breytingar á Íbúðalánasjóði.
MARKAÐURINN/STEFÁN

Framtíðin er hins vegar í töluverðri óvissu því ekki er einhugur um næstu skref meðal þingmanna stjórnarliðsins og taldar líkur á að ákvörðunum verði slegið á frest. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur þó vísað því á bug að kreppa sé í stjórnarsamstarfinu vegna málsins og segir að staðið verði við að koma í gegn breytingum á sjóðnum, en stefnt hefur verið að því að leggja fram frumvarp á Alþingi í haust. Niðurstaða fundar hans með forsvarsmönnum banka og sparisjóða rennir stoðum undir þau orð. „Við hittumst og það er mikill vilji til að komast að einhverri varanlegri lausn og ég sé ekki betur en menn séu samstíga í því hvert skuli stefnt,“ segir Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis banka, en hann er jafnframt stjórnarformaður Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, lagði sömuleiðis nýverið áherslu á að málefni Íbúðalánasjóðs væru enn í vinnslu og ekki í hnút. Hann segir ríða á að vandað verði til verka, hverjar sem breytingarnar verði, enda ljóst að ákvörðun um þær kalli strax á viðbrögð matsfyrirtækja og alþjóðastofnana sem fjallað hafi um lánshæfi bankanna og efnahagsmál hér.



**ÓVISSA UM BREYTINGAR**

Stýrihópur um breytingar á sjóðnum, sem skipaður var af ráðuneytum félagsmála og fjármála, starfar því áfram og fer væntanlega yfir tillögur þær sem bankar og sparisjóðir hafa komið sér saman um eftir nokkurt þref þeirra á milli. Óvíst er þó að algjör einhugur sé um þær tillögur innan lánastofnananna enda aðstæður þeirra um margt misjafnar. Þannig eru möguleikar stóru viðskiptabankanna á því að fjármagna lán sín allt aðrir en sparisjóðanna. Lánastofnanirnar líta hins vegar nú svo á að boltinn sé aftur hjá stjórnvöldum eftir síðasta útspil þeirra og reynir þá væntanlega á stjórnkænskuna, því í þingliðinu eru raddir um að Íbúðalánasjóður fái að starfa í óbreyttri mynd áfram og tryggi þannig hag landsbyggðarinnar og hópa láglaunafólks og virki sem mótstaða við markaðsöflin. Mest virðist andstaðan við breytingar í þingliði Framsóknarflokksins og meðal sjálfstæðismanna heyrast þær raddir að þótt koma þurfi á breytingum liggi það ekki sérstaklega á og málið verði ekki látið þróast út í deiluefni í stjórnarsamstarfinu standi menn fast á móti því. Heimildarmenn sem standa stýrihópnum nærri segja langlíklegast að tekið verði milliskref á borð við fyrstu tillögur hópsins í apríllok sem bankarnir hafa hafnað, að öðrum kosti gerist ekkert og Íbúðalánasjóður starfi áfram í óbreyttri mynd.

Í bankakerfinu líta sumir hverjir svo á að tregðan til að koma að breytingum á sjóðnum stafi af vilja stjórnmálamanna til að hafa áhrif á fjármálakerfið, þrátt fyrir að sú stjórn hafi í raun átt að vera færð úr höndum þeirra með því að Seðlabankinn var gerður sjálfstæður í ákvörðunum sínum. Þannig hafi samkeppni Íbúðalánasjóðs við bankana orðið til þess að peningamálastefna Seðlabankans hafi ekki skilað sér í gegnum kerfið með eðlilegum hætti. Viðskiptabankarnir geta fjármagnað lánin með eigin skuldabréfaútgáfu á kjörum sem fara nærri kjörum ríkisins og hækkuðu því ekki vexti íbúðalána í takt við stýrivaxtahækkanir bankans vegna samkeppninnar við sjóðinn. Athyglisvert er jafnframt að horfa til þess að Seðlabankinn hefur beint því til bankanna að draga úr útlánum og hafa þeir brugðist við því með ríkari kröfum til lánþega og dregið úr lánshlutfalli sínu. Þannig lánuðu bankarnir til skamms tíma allt að 100 prósentum íbúðaverðs en færðu sig svo niður í 90 og 80 prósent. Núna hefur veðhlutfall banka almennt verið lækkað niður í 70 til 75 prósent af andvirði fasteigna, en Íbúðalánasjóður einn býður 90 prósenta lán, en þó að hámarki 18 milljónir króna. Reyndar gagnrýndu sérfræðingar ákvörðun Íbúðalánasjóðs um að hækka hámarkslán sín úr tæpum 16 milljónum í 18 milljónir, en hún var tekin upp úr miðjum apríl síðastliðnum. Þannig taldi Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, að aðgerðin gengi þvert gegn því sem stjórnvöld hefðu boðað um aðhald í efna-

**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR ER Í HÖFÐABORG** Stjórnmálamenn eru lagi og starfsemi Íbúðalánasjóðs. Seðlabankinn segir stöðuna á í seinagang stjórnvalda í að koma á umbótum.

**ÚR ÁLITI ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐSINS 15. MAÍ SÍÐASTLIÐINN:**

„Nauðsynlegt er að umbreyta Íbúðalánasjóði hið fyrsta. Könnunarviðræður eru í gangi en þeim ber að hraða eins og kostur er. Óheilbrigð samkeppni á milli bankanna og hins ríkisstyrkta Íbúðalánasjóðs hefur grafið undan áhrifamætti peningastefunnar, aukið ójafnvægið í hagkerfinu að nauðsynjalausu og ógnað fjármálastöðugleika. Í nútíma iðnvæddu hagkerfi eins og á Íslandi þar sem eru samkeppnisfær einkarekin fjármálafyrirtæki á heimsvísu er engin þörf fyrir viðamikla þátttöku hins opinbera á húsnæðislánamarkaði. Breyting Íbúðalánasjóðs í einkarekna heildsölufjármálastofnun myndi varðveita mikilvæga stærðarhagkvæmni í fjármögnun á húsnæðislánum. Reynslan erlendis frá hefur sýnt að mögulegt er að ná fram félagslegum markmiðum um tryggan aðgang að húsnæðislánum með skilvirkari og sértækari opinberum aðgerðum.“

# hagkerfisins




i á einu máli um hversu brýnt sé að koma að breytingum á skipu-
álánamarkaði óviðunandi og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gagnrýnir
MARKAÐURINN/GVA

hagsmálum og taldi hana vinna gegn árangri sem Seðlabankinn hefði náð með vaxtahækkunum sínum.

Reyndar er það svo að þegar Íbúðalánasjóður og skömmu síðar bankarnir hækkuðu lánshlutföll og lækkuðu vexti íbúðalána fyrir um tveimur árum síðan var Seðlabankinn meðal þeirra sem vöruðu við aukinni þenslu í kjölfarið. Markmið Seðlabankans er að stuðla að því að verðbólga hér verði sem næst 2,5 prósentum á einu ári en það hefur reynst bankanum torsótt að undanförnu. „Þar skipta sennilega mestu breytingarnar sem urðu á fasteignaveðlánamarkaði á árinu 2004 með rýmkun reglna Íbúðalánasjóðs og innkomu banka og sparisjóða í kjölfarið. Þessar breytingar leiddu til mikillar hækkunar á fasteignaverði og mikillar einkaneyslu. Undanfarin misseri hefur fasteignaverð skýrt stærstan hluta hækkunar vísitölu neysluverðs,“ sagði Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, nýlega á ársfundi Landssambands lífeyrissjóða. Þá segir í skýrslu Seðlabankans um Fjármálastöðugleika 2006 að bankinn hafi eindregið mælt með því að skipulagi íbúðalána yrði breytt og að ríkið drægi úr beinni þátttöku sinni, enda væri núverandi staða óviðunandi og brýnt að hrinda breytingum í framkvæmd sem fyrst. „Samkeppni á þessum markaði er eftirsóknarverð og bankar og sparisjóðir geta styrkt stöðu sína til langs tíma litið með því að veita íbúðalán. Seðlabankinn mælti gegn rýmkun útlánareglna Íbúðalánasjóðs árið 2004 ekki síst vegna tímasetningar hennar. Bankar og sparisjóðir töldu að sér þrengt og brugðust við með stórhækkuðum útlánum og lengingu lána. Afleiðingin varð mikil skuldaaukning heimila, hækkun fasteignaverðs, aukin neysla, mikill innflutningur og tilheyrandi viðskiptahalli. Vaxtamyndun á íbúðalánamarkaði hefur verið óeðlileg og fjármögnun banka og sparisjóða ekki í nægilegu samræmi við skilmála veittra lána,“ segir í skýrslunni.

### ÍBÚÐABANKAHUGMYND HAFNAÐ

Um miðjan maí bættist svo við þungt lóð á vogarskál gagnrýnisradda Íbúðalánasjóðs þegar birt var álit sendinefndar Alþjóðagja ldeyrissjóðsins eftir fundi með stjórnvöldum og samtökum hér á landi. Nefndin fjallaði almennt um horfur í efnahagsmálum og taldi þær ágætar en tók djúpt í árinni þegar kom að Íbúðalánasjóði. Benjamin Hunt, sem fór fyrir sendinefndinni, lagði ríka áherslu á nauðsyn þess að koma á breytingum á sjóðnum sem allra fyrst til þess að aðgerðir Seðlabankans í peningamálum skiluðu sér eðlilega. „Óheilbrigð samkeppni á milli bankanna og hins ríkisstyrkta Íbúðalánasjóðs hefur grafið undan áhrifamætti peningastefnunnar, aukið ójafnvægið í hagkerfinu að nauðsynjalausu og ógnað fjármálastöðugleika,“ segir í álitinu. Ummæli sendinefndarinnar þykja mjög beinskeytt og gætir nokkurra vonbrigða í bankakerfinu með að gagnrýni sem þessi virðist ekki skila sér til löggjafans með nægilega afgerandi hætti.

Ef farin yrði heildsölubankaleiðin myndi slík stofnun ekki lána beint til almennings heldur fjármagna lán banka og sparisjóða. Þannig myndi sjóðurinn hverfa af samkeppnismarkaði íbúðalána, en þeirri kröfu hafa Samtök banka og verðbréfafyrirtækja haldið mjög á lofti síðustu ár. Fyrstu tillögur stýrihópsins sem skipaður var um breytingar á sjóðnum gerðu hins vegar ráð fyrir því að búinn yrði til „íbúðabanki“ og heyrast þær raddir í bankakerfinu að þar sé mjög lítil breyting frá núverandi stöðu, ríkisábyrgð lána verði enn við lýði og lítið breytist annað en búin verði til deild innan Íbúðalánasjóðs sem miðlaði lánum til almennings gegnum bankakerfið. Þá yrði með þessari leið í raun aflögð samkeppni þar sem bankarnir miðluðu lánum þessum á sömu kjörum. Í bankakerfinu segja menn þetta upplegg hafa „siglt í strand“ og áfram verði rætt um markmið og leiðir í málinu. Tillögurnar um íbúðabankann mættu þannig mikilli andstöðu í bankakerfinu, en þar segja sumir hverjir að þær endurspegli þá stöðu að starfsmenn Íbúðalánasjóðs komi að því að hluta að semja þær og því ekki von á að tillögurnar hafi í för með sér gagngerar breytingar. Fyrirhugaður íbúðabanki var þannig nefndur „samkeppnislaus ríkisbanki sem kassi innan Íbúðalánasjóðs“ af einum viðmælenda Markaðarins. Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans og varaformaður Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, staðfesti enda í nýlegu viðtali við Markaðinn að mikið bæri í milli hjá bönkunum og stýrihópnum. Hann segir samtökin lengi hafa haft ákveðnar hugmyndir um þær breytingar sem verða myndu til þess að ríkið hyrfi af íbúðalánamarkaði.

**Um miðjan maí bættist svo við þungt lóð á vogarskál gagnrýnisradda Íbúðalánasjóðs þegar birt var álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ... „Óheilbrigð samkeppni á milli bankanna og hins ríkisstyrkta Íbúðalánasjóðs hefur grafið undan áhrifamætti peningastefunnar, aukið ójafnvægið í hagkerfinu að nauðsynjalausu og ógnað fjármálastöðugleika.“**



**Á KYNNINGU ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐSINS** Benjamin Hunt kynnti nýverið álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á efnahagsmálum hér. Hann er í miðið en fjær Srobona Mitra og næst Keiko Honjo. MARKAÐURINN/PJETUR

„Grunnpunktarnir af okkar hálfu hafa verið að umfang ríkisins væri hér eftir líka grundvallað af markaðslögmálum og ekki yrði ríkisstyrkt samkeppni á þessum markaði,“ segir hann og telur að endurmeta þurfi stöðu sjóðsins í ljósi þeirrar umræðu sem átt hafi sér stað um bankana og efnahagslíf hér á alþjóðavettvangi.

„Íbúðalán eru í hverju landi einn stærsti þátturinn í fjármálamarkaðnum, hafa áhrif á þróun skuldabréfamarkaðar og almennt á þróunina með mjög víðtækum hætti. Því er mjög mikilvægt að vel takist til með slíkar breytingar og að alþjóðafjármálamarkaðurinn sjái þær sem jákvæðar breytingar. Því kann að vera að menn þurfi að horfa á þetta upp á nýtt og stíga skref sem eru stærri í átt að því að markaðsvæða þetta kerfi en þeir höfðu áður hugsað sér.“ Halldór áréttar að allra hagur sé að vinna að breytingum á Íbúðalánasjóði með opnum huga „í stað þess að festast í umræðum fortíðar“.



**SEÐLABANKINN KYNNIR VAXTAHÆKKUN** „Dregist hefur úr hömlu að gera nauðsynlegar breytingar á hinu opinbera íbúðalánakerfi,“ segir í skýrslu Seðlabanka Íslands, Fjármálastöðugleiki 2006. MARKAÐURINN/STEFÁN

### ÚR RAMMAGREIN 6 Í SKÝRSLU SEÐLABANKA ÍSLANDS, FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKI 2006:

„Seðlabanki Íslands hefur nokkrum sinnum tjáð sig um útlán og út lánareglur Íbúðalánasjóðs á undanförnum árum. Haustið 2003 veitti bankinn umsögn til verkefnisstjóra og ráðgjafarnefndar félagsmálaráðherra í tengslum við áform um aukin umsvif Íbúðalánasjóðs á húsnæðislánamarkaði. Í umsögninni var m.a. vakin athygli á að hlut deild ríkisins á húsnæðislánamarkaði væri með því mesta sem þekktist og að með frekari aukningu hennar væri hætt við að dregið yrði úr samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja á lánamarkaði. Í viðamikilli skýrslu sem Seðlabankinn tók saman að beiðni félagsmálaráðherra og birt var síðla árs 2004 var ítarleg grein gerð fyrir mati bankans á margvíslegum óæskilegum afleiðingum breyttra útlánareglna. [...] Óvæntar breytingar á fasteignaveðlánamarkaði þegar bankar hófu að veita fasteignaveðlán, ekki síst vegna áforma Íbúðalánasjóðs um að auka markaðshlutdeild sína, leiddu til þess að lánsfjárframboð jókst til mikilla muna. Sú breyting var skyndileg. Hörð samkeppni Íbúðalánasjóðs og banka og sparisjóða knúði upp fasteignaverð og þar með einkaneyslu og verðbólgu fyrr og hraðar en hægt var að bregðast við í tæka tíð með aðgerðum í peningamálum. Dregist hefur úr hömlu að gera nauðsynlegar breytingar á hinu opinbera íbúðalánakerfi. Af því leiðir m.a. að hugsanlegt er að langtímamarkaður fyrir innlend skuldabréf verði ekki eins virkur og hann hefði ella orðið þar eð horfur virðast nú á að ekki fari nema hluti íbúðalánafjármögnunar um innlendan skuldabréfamarkað. Miklu skiptir fyrir virkni innlends skuldabréfamarkaðar, hagfellda fjármögnun íbúðalána, stöðugleika fjármálakerfisins og alþjóðlegt lánshæfismat ríkissjóðs að sem fyrst verði gerðar breytingar á hinu opinbera íbúðalánakerfi. Eins og málum er nú komið hljóta þær að taka mið af því að innlendar lánastofnanir aðrar en Íbúðalánasjóður gegni mikilvægu hlutverki í lánsfjármögnun íbúðarhúsnæðis.“

# Semja við Hitachi

Tölvuþjónustan Securstore (TÞS) og Hitachi Data Systems hafa gert með sér samstarfssamning sem felur í sér að TÞS selur og þjónustar diskastæður frá Hitachi.

Samkvæmt upplýsingum TÞS hefur Hitachi Data Systems síðustu ár verið leiðandi á markaði fyrir diskastæður meðal stórfyrirtækja og mældist á fyrsta ársfjórðungi þessa árs með fjórutíu prósenta markaðshlutdeild í þeim geira. Í fyrra var svo tekin ákvörðun um meiri áherslu á sölu til minni og meðalstórra fyrirtækja.

Alexander Eiríksson, framkvæmdastjóri TÞS, var ánægður með þjónustu Hitachi, enda segir hann ekki hafa liðið nema viku frá því fyrsta diskastæðan var pöntuð þar til hún var tilbúin til notkunar í gagnamiðstöð fyrirtækisins.

TÞS var stofnað árið 1991 og hefur séð um rekstur tölvu- og upplýsingakerfa fyrirtækja og stofnana. Undanfarin misseri hefur fyrirtækið sérhæft sig í afritunarþjónustu undir heitinu SecurStore.

Eggert Herbertsson, sölustjóri Hitachi á Íslandi, segir ljóst að Hitachi hafi átt erindi á íslenskan markað, þörfin fyrir diskastæður hafi aukist stöðugt gríðarlega undanfarið, enda talið að gagnamagn fyrirtækja og stofnana aukist að jafnaði um tuttugu til þrjátíu prósent á ári. **- óká**



**SAMNINGUR HANDSALAÐUR** Alexander Eiríksson framkvæmdastjóri TÞS og Henrik Rasmussen Channel Manager hjá HDS.

# Sjávarútvegssýning í Kína

Sjávarútvegssýningin China Fisheries & Seafood Expo verður haldin dagana 1.-3. nóvember næstkomandi í borginni Qingdao, sem er miðstöð fiskvinnslu í Kína.

Í fréttabréfi Útflutningsráðs Íslands segir að sýningin sé sú stærsta sinnar tegundar í Asíu en þar er lögð áhersla á að ná til sístækkandi markaðar sjávarafurða í Kína.

Þá er lögð áhersla á tæki, búnað og þjónustu á sviði fiskvinnslu og útgerðar á sýningunni. Útflutningsráð hefur í mörg ár haldið utan um sameiginlegt sýningarsvæði á sýningunni. **- jab**

Lyftaraeigendur athugið!
Lyftaragafflar
Allar algengustu stærðir lyftargaffla og gaffallása
Lyftarasæti
með og án fjöðrunnar
Drifkeðjur lyftarakeðjur
Viðhaldsfríar keðjur og keðjulásar
Lyftaradekk
á flestar gerðir lyftara. Svört og strikafrí.
VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

12,0%
Nafnávöxtun í apríl 2006: 12% á ársgrundvelli.*
SJÓÐUR 9 – FRÁBÆR SKAMMTÍMAÁVÖXTUN
Hentar sérlega vel fyrir skammtímaávöxtun og fyrir þá sem vilja hafa greiðan aðgang að sparifé sínu.
Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á www.glitnir.is og kláraðu málið.
Sjóður 9 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.
*Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð
GLITNIR

# Rússneskur orkurisi einkavæddur - aftur

Til stendur að einkavæða rússneska olíufyrirtækið Rosneft. Stærstur hluti fyrirtækisins var áður í eigu Mikhaíls Kodorkovskí, sem nú situr í fangelsi í Síberíu. *Jón Skaftason* kynnti sér málið.

Rúmlega tíu prósent hlutabréfa í rússneska ríkisorkurisanum Rosneft fara á almennan markað í Lundúnum og Moskvu í júlí. Það þykir sæta tíðindum, þótt ekki sé nema vegna þess að stærstur hluti Rosneft var áður í einkaeigu. Rosneft er í raun lítið annað en leifar Yugansk-olíurisans, sem áður var í eigu Yukos, fyrirtækis hins fangelsaða olígarka Mikhaíls Kodorkovskí.

Kodorkovskí og fleiri voru árið 2004 neyddir til að selja hluti sína í Yukos til leppfyrirtækis sem síðar var yfirtekið af Rosneft, sem þá var miðlungsstórt olíufyrirtæki í eigu rússneska ríkisins. Þrátt fyir að málamyndafjárhæð hafi skipt höndum í viðskiptunum leyndist engum að í raun var um þjóðnýtingu að ræða. Kodorkovskí var í kjölfarið sakfelldur fyrir fjár- og skattsvik og sendur til Síberíu til að afplána dóm.

The Economist gerir fyrirhugaða skráningu Rosneft á markað að umfjöllunarefni í nýjasta eintaki blaðsins. Hvetur leiðarahöfundur vestræna fjárfesta til að sniðganga skráninguna. Með því að kaupa bréf í Rosneft veiti þeir í raun þegjandi samþykki sitt við stjórnarháttum í Rússlandi.

The Economist segir Vladimír Pútín forseta hafa lofað að gera Rússland að réttarríki þegar hann tók við stjórnartaumunum. Vissulega hafi verið staðið hroðalega að upphaflegri einkavæðingu ríkisfyrirtækja eftir fall Sovétríkjanna. Útvaldir hafi fengið eignir ríkisins á silfurfati; Mikhaíl Kodorkovskí og Roman Abramóvitsj, einvaldur enska knattspyrnuliðsins Chelsea, þeirra á meðal. Það réttlæti hins vegar ekki aðförina að Yukos. Með gjörðum sínum hafi Pútín og félagar grafið undan eignarréttindum í Rússlandi, og það sem verra er, dómskerfinu sjálfu. Rússar geti ekki treyst því að fá úrlausn ágreiningsmála sinna fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli.





**MEÐ ÖLL VÖLD Í HENDI SÉR** Vladimír Pútín Rússlandsforseti heimsótti höfuðstöðvar Rosneft á dögunum. Pútín er sagður ráða og reka Rosneft bak við tjöldin.

### RÍKISFYRIRTÆKI Í EINKAREKSTRI?

Þrátt fyrir varnaðarorð The Economist verður að teljast líklegt að mikil eftirspurn verði eftir bréfum í Rosneft. Rosneft er í dag næststærsta olíuvinnslufyrirtæki í Rússlandi og yfirlýst markmið er að verða það afkastamesta ekki síðar en árið 2010. Hagnaður Rosneft nam rúmum 270 milljörðum króna árið 2005 og rúmlega fimmfaldaðist frá árinu áður.

Rosneft hefur undanfarin misseri gengið í gegnum mikla andlitslyftingu. Bandaríkjamaðurinn Peter O´Brien var gerður að varaforseta og margir þeirra stjórnenda sem áður störfuðu fyrir Kodorkovskí, og sitja ekki bak við lás og slá, hafa verið endurráðnir. Margir fjárfesta líta þátttöku rússneska ríkisins jákvæðum augum,

innheimta skatta hljóti að verða á hófsömum nótum og leiðin að opinberum leyfum greið. Þá þykir líklegt að verð á bréfum í fyrirtækinu verði fjárfestum hagstætt.

Hins vegar kann þátttaka rússneska ríkisins einnig að hafa neikvæðar afleiðingar. Ríkisfyrirtæki, þá sérstaklega rússnesk, hafa tilhneigingu til að fara óþarflega langar leiðir að markmiðum sínum, skriffinnska er mikil og afköst lítil. Nýleg könnun OECD leiddi í ljós að rússnesk ríkisfyrirtæki eru afskaplega illa rekin auk þess sem framleiðni er mun minni en í einkageiranum. Þá hafa þau rússnesku fyrirtæki sem hafa horfið aftur undir verndarvæng ríkisins flest valdið vonbrigðum. Framleiðni olíufyrirtækisins Sibneft hefur til að mynda minnkað síðan ríkisgasrisinn Gazprom hrifsaði það undir sig.

Aðrir hafa áhyggjur af innviðum Rosneft. Forstjóri fyrirtækisins, Sergeí Bogdantsjikov, þykir búrókrati sem ekki veldur starfinu. Þá eru mikil vandræði með flutninga á framleiddri olíu í Rússlandi. Samgöngur eru bágbornar víða á landi og of margir eru um hituna á sjó. Upphafleg ætlun Rússa var að bjóða út hluti fyrir tæpa 1.500 milljarða íslenskra króna. Nú hefur verið ákveðið að einungis verði boðinn út tæpur helmingur þess. Þykir þetta benda til þess að rússnesk yfirvöld telji áhugann á bréfum í Sibneft ekki jafn mikinn og áður.

Fjárfestar þurfa þó fyrst og fremst að spyrja sig tveggja spurninga. Í fyrsta lagi hvort það sé siðferðislega verjanlegt að kaupa hlutabréf í fyrirtæki sem rússneska ríkið hrifsaði undir sig á ólögmætan hátt. Í annan stað hvort einhver trygging sé fyrir því að slíkt gerist ekki aftur.

Önnur spurning og öllu nærtækari er síðan hvort einhverjir íslenskir fjárfestar hugsi sér gott til glóðarinnar.

**Heimildir; The Economist og www.bbc.co.uk**



**BAK VIÐ LÁS OG SLÁ** Mikhaíl Kodorkovskí meðan á réttarhöldum hans stóð. Þessi fallni ólígarki og fyrrum eigandi Yukos-olíurisans afplánar nú dóm í Síberíu fyrir fjár- og skattsvik.

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006 | PHILIPS OFFICIAL PARTNER

# KLÁR Í SLAGINN FYRIR HM




**Philips 42PF5320**
42" ED PLASMA SJÓNVARP með Digital Crystal Clear og Progressive Scan, 852x480 upplausn, HDTV Ready, ljósskynjara og Active Control, 2x30w Nicam Stereó hljóðerfi Virtual Dolby Surround, 2 Scart tengjum og PC inngangi (DVI-i), SVHS, RCA, textavarpi, heyrnartólstengi og fjarstýringu.

**DÚNDUR TILBOÐ**
**174.995**
FULLT VERÐ **249.995**

Íslenskur leiðarvísir fylgir öllum tækjunum







HD ready
PIXEL PLUS
**TILBOÐ**
**99.995**
FULLT VERÐ **149.995**




HD ready
PIXEL PLUS
**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ **229.995**




HD ready
PIXEL PLUS
**TILBOÐ**
**249.995**
FULLT VERÐ **299.995**




HD ready
PIXEL PLUS
**TILBOÐ**
**369.995**
FULLT VERÐ **499.995**



2006 FIFA WORLD CUP
PARTY EDITION FJARSTÝRING
FYLGIR ÖLLUM TÆKJUNUM

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK · SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI · SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Spurningin um Íbúðalánasjóð er spurning um hvers konar fjármálakerfi við viljum.

# *Ræður markaðurinn eða ríkið?*

**Hafliði Helgason**

Hætta er á að erfitt verði að finna viðunandi lausn á breyttu umhverfi á lánamarkaði hér á landi. Í miðju þensluástandi var tekin ákvörðun um að auka heimildir Íbúðalánasjóðs til útlána með þeim afleiðingum að bankarnir fóru af krafti inn á íbúðalánamarkaðinn.

Slík þróun var óhjákvæmileg fyrr eða síðar. Hins vegar var tímasetningin afleit og bein afleiðing af pólitískri ákvörðun um hækkun hámarkslána og hækkun lánshlutfalls af eignum. Stjórnvöld skelltu skollaeyrum við viðvörunum um að afleiðing þessarar ákvörðunar yrði veruleg útlánaþensla eins og raunin varð.

Nú er í gangi vinna um að endurskoða hlutverk Íbúðalánasjóðs. Mikilvægt er að út úr þeirri vinnu komi skynsamleg niðurstaða þar sem ríkið hættir samkeppni á fjármálamarkaði. Einkavæðing bankanna var yfirlýsing um það hvers konar fjármálakerfi við viljum hafa. Árangurinn hefur verið gríðarlegur og sú ákvörðun mun um ókomin ár auka á hagsæld þjóðarinnar. Við höfum slæma reynslu af ríkisreknu bankakerfi og erum ekki ein um það.

**Pólitíska spurningin er hér hvort ríkið eigi að lána íslenskri efri- og millistétt fyrir húsnæði sínu. Þeir sem aðhyllast markaðshagkerfi hljóta að svara slíku neitandi ... Með sömu rökum væri full ástæða fyrir ríkið að opna matvöruverslun, bensínstöð, stofna tryggingarfélög og tískuverslanir.**

Víðast hvar í nágrannalöndum okkar tíðkast einfalt kerfi í íbúðalánum. Bankar lána til húsnæðiskaupa. Þannig hafa Danir haft þetta kerfi í aldaraðir, frá brunanum mikla í Kaupmannahöfn, án þess að almenningur hafi átt í erfiðleikum með að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Pólitíska spurningin er hvort ríkið eigi að lána íslenskri efri- og millistétt fyrir húsnæði sínu. Þeir sem aðhyllast markaðshagkerfi hljóta að svara slíku neitandi. Andstæðingarnir tína gjarnan til rök um það að ríkið tryggi samkeppni á lánamarkaði. Þetta eru fráleit rök og endurspegla bara eina skoðun. Það er þá að markaði sé ekki treystandi fyrir samkeppni almennt. Með sömu rökum væri full ástæða fyrir ríkið að opna matvöruverslun, bensínstöð, stofna tryggingafélög og tískuverslanir. Þeir sem aðhyllast slíka sýn eru einfaldlega fylgismenn allt annars konar hagkerfis en við flest viljum búa við. Hagkerfis sem sér vart stað lengur nema í Norður-Kóreu, með tilheyrandi velsæld almennings eða hvað?

Andstaðan við að taka skrefin til fulls í markaðsvæðingu fjármálakerfisins byggja á röklitlum tregðulögmálum, ótta við breytingar og verndarstefnu gagnvart stofnunum. Það sama á við um andstöðu við að sparisjóðir geti breyst í hlutafélög og eignarhald þeirra farið að lúta almennum markaðslögmálum.

Þeir sem hafa áhyggjur af því að hópar í samfélaginu fái ekki aðgang að markaðsvæddu fjármálakerfi vegna afskekktrar búsetu eða fátæktar verða einfaldlega að leita pólitískra lausna á slíkum vanda. Sú lausn verður að vera önnur en sú að gerast ríkisrekinn dragbítur á hagræðingu í markaðsvæddu hagkerfi.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

Betri leið til að vinna á tímaskorti

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

"Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður."
**Ester Ýr Jónsdóttir, kennari**

"Hreinn tímaþjófur að láta það fram hjá sér fara."
**Rut Skúladóttir, 20 ára nemi.**

**Meiri tími – Aukið forskot – Sterkari sérstaða**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**

Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

**Nýtt námskeið** - 6. vikna hraðnámskeið **7. júní**

**Akureyri** 3. vikna hraðnámkeið **26. júní**

**Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans.**

**Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400.**

*Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið*



HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# Stefnumiðað árangursmat

**ORÐ Í BELG**



**Fjóla María Ágústsdóttir**
Ráðgjafi hjá IMG

Balanced Scorecard, þýtt sem stefnumiðað árangursmat, er hugverk dr. Robert S. Kaplan og dr. David P. Norton en þeir stofnuðu fyrirtækið Balanced Scorecard Colloborative Inc. (BSCol.) árið 1992. Megintilgangur með notkun aðferðarinnar er í stuttu máli að efla fyrirtæki og stofnanir í að hrinda sinni stefnu í framkvæmd. Hugmyndafræðin byggist á því að fyrirtæki og stofnanir innleiði stefnu hratt og á árangursríkan hátt. Árangursstjórnunin samhæfir árangursmælingar og stjórnskipulag fyrirtækis eða stofnunar. Árangursmælingar eru einnig lykillinn að hvatningu til frekari árangurs og að gera hann sýnilegri. Stefnumiðað árangursmat er ein af bestu aðferðafræðum í árangursstjórnun seinustu 75 ára að mati Harvard Business Review og er nú kennd í flestum viðskiptaháskólum heims og notuð af fjölda fyrirtækja og stofnana.

BSCol. er eina fyrirtækið í heiminum sem hefur heimild til að veita ráðgjöf sem byggir á aðferðafræðinni eins og hún er skilgreind af Kaplan og Norton. IMG hóf samstarf við BSCol. á síðastliðnu ári og kallast því Balanced Scorecard Affiliate, þ.e. útibú BSCol. á Íslandi. Með þessari aðild varð IMG fjórða ráðgjafarfyrirtækið í Evrópu sem öðlast heimild til Balanced Scorecard ráðgjafar undir merkjum Kaplans og Nortons. Í þessu nána samstarfi er IMG þátttakandi í mótun og þróun aðferðafræðinnar ásamt því að vera ávallt með undir höndum allra nýjustu upplýsingar, tæki og tól á sviði stefnumiðaðs árangursmats. Til að mynda hafði IMG handrit af nýju bókinni Alignment í hálft ár til yfirlestrar og athugasemda áður en hún var gefin út.

Símon Þorleifsson, ráðgjafi hjá IMG, hefur unnið síðastliðin þrjú ár við árangursstjórnun og stefnumiðað árangursmat og hefur haft veg og vanda af samstarfinu við BSCol. Hann segir samstarfið ganga vel og að aðferðafræðin hafi verið löguð að íslenskum og skandinavískum aðstæðum og henti fyrirtækjum og stofnunum af öllum stærðum. IMG hefur nú aðstoðað og unnið með yfir tuttugu fyrirtækjum á Íslandi við innleiðingu stefnumiðaðs árangursmats auk þess að halda fyrirlestra fyrir fyrirtæki í Danmörku.

Fyrirtæki bæði hérlendis og erlendis sem hafa nýtt sér stefnumiðað árangursmat hafa m.a. afrekað eftirfarandi:

- Aukna markaðshlutdeild
- Aukna ánægju og tryggð viðskiptavina
- Aukinn hagnað
- Hækkun á gengi hlutabréfa
- Bætta ímynd
- Markvissari upplýsingamiðlun til starfsmanna
- Markvissari uppbyggingu upplýsingatækni

Stofnanir bæði hérlendis og erlendis sem hafa nýtt sér stefnumiðað árangursmat hafa m.a. afrekað eftirfarandi:

- Skýrari stefnu og sýn á aðalatriðin
- Aukna ánægju viðskiptavina og skjólstæðinga
- Áreiðanlegri rekstraráætlanir
- Aukna framleiðni og afköst
- Aukna ánægju starfsmanna
- Aukna þekkingu starfsmanna á starfseminni
- Hagræðingu í innri ferlum
- Markvissari uppbyggingu upplýsingatækni
- Heildarárangur stofnunar eykst og verður sýnilegri

Símon segir ákveðna þróun á hugmyndafræðinni hafa átt sér stað sl. ár. Fyrst hafi áherslan verið á svokallað „skorkort" þar sem árangursmælikvarðar voru settir upp. Síðar hafi stefnumiðað árangursmat verið skilgreint sem verkfæri til breytingarstjórnunar og áherslan lögð á stefnudrifið fyrirtæki. Þá hafi stefnumiðað árangursmat orðið stjórnum fyrirtækja nauðsynleg viðbót sem heildrænt stjórntæki inn í allar rekstrareiningar. Auk þess hefur aðferðafræðin verið heimfærð upp á samskipti við samstarfsaðila og birgja eins og fram kemur í nýjustu bók þeirra Kaplans og Norton Alignment.

Bókin Alignment er mjög gagnleg lesning fyrir fyrirtækjasamsteypur, stór fyrirtæki, ríkisstofnanir og ráðuneyti. Þó svo að rekstrareiningar fyrirtækja eða stofnana séu reknar af mjög hæfum stjórnendum kemur það oftar en ekki fyrir að áætlanir þeirra stangast á, samstarf er ekki nógu gott eða meginmarkmið stuðla ekki að bestu heildarafkomu fyrirtækis. Fyrir vikið glatast tækifæri og auðlindir eru vannýttar.

Bókin útskýrir og kennir aðferðir til að koma í veg fyrir þessi vandamál, ekki aðeins innan fyrirtækisins heldur einnig milli fyrirtækja og stjórnar, fjárfesta, birgja og viðskiptavina. Hún sýnir hvernig forstjórar geta byggt upp stefnukort samstæðunnar og sett fram á grafískan hátt árangur fyrirtækisins á öllum vígstöðvum sem staðfestir stöðu og staðsetningu fyrirtækis eða stofnunar og hvernig ná skuli hámarks samlegð allra rekstrareininga og stoðeininga.

Það er reynsla fyrirtækja og stofnana á Íslandi að innleiðing stefnumiðaðs árangursmats hefur aukið yfirsýn stjórnenda á allar hliðar rekstrarins og þar með bætt árangur heildarinnar. Innleiðingin hefur einnig auðveldað ríkisstofnunum að ná tökum á árangursstjórnarsamningum sem þær gera við ráðuneytin. Fjármálaráðuneytið hefur einnig mælt með stefnumiðuðu árangursmati sem verkfæri við útfærslu árangursstjórnunar til að auðvelda ríkisstofnunum að hrinda stefnu í framkvæmd.

Símon telur íslensk fyrirtæki almennt árangursmiðuð, en oft á tíðum geti þau ekki sýnt fram á árangurinn nema í fjárhagsstærðum. Í ljósi breytinga á efnahagslífinu upp á síðkastið er því enn brýnna að fyrirtæki séu trúverðug og geti sýnt fram á árangur á öllum sviðum. Íslensk fyrirtæki hafa stækkað og stærri og sjálfstæðari rekstrareiningar eru meira áberandi og því er það enn mikilvægara nú fyrir íslensk fyrirtæki og stjórnendur þeirra að hafa góða yfirsýn og ná sem mestum samlegðaráhrifum allra rekstareininga til að ná afburðaárangri í sívaxandi samkeppnisumhverfi.

**Þó svo að rekstrareiningar fyrirtækja eða stofnana séu reknar af mjög hæfum stjórnendum kemur það oftar en ekki fyrir að áætlanir þeirra stangast á, samstarf er ekki nógu gott eða megin markmið stuðla ekki að bestu heildarafkomu fyrirtækis. Fyrir vikið glatast tækifæri og auðlindir eru vanýttar.**

## UM VÍÐA VERÖLD

### *Plastflaska sem leysist upp*

**The Independent** | The Independent fjallar um umhverfisvænar umbúðir neysluvarnings. Nýlega hafi drykkjarframleiðandinn Belu sett á markað plastflösku sem eyðist sjálfkrafa á nokkrum mánuðum. Flaskan er unnin úr korni og fer allur hagnaður af sölunni til góðgerðarsamtakanna Wateraid. Telur blaðið að mikil vitundarvakning hafi orðið meðal framleiðenda. Stórverslanarisinn Sainsbury selji nú skyndimat í umhverfisvænum umbúðum. Þá hafi Coca-Cola hafið prófanir á flöskum sem eyðist sjálfkrafa, auk þess sem sælgætisframleiðandinn Nestlé hyggist setja á markað umbúðir sem leysist upp komist þær í snertingu við vatn. Þrátt fyrir að ofangreindir framleiðendur séu greinilega á réttri leið er enn langt í land að mati The Independent. „Meðalmaðurinn í Bretlandi fleygir umbúðum sem nema eigin líkamsþyngd á sjö vikna fresti," segir í leiðara blaðsins.

### *Fyrirsögnin felldi fyrirtækið*

**Wall Street Journal** | Wall Street Journal segir dóma yfir sakborningum í Enron-málinu hafa sannað í eitt skipti fyrir öll að enginn, hversu valdamikill sem hann kann að vera, er ósnertanlegur. Leiðarahöfundur telur forstjórana fyrrverandi Kenneth Lay og Jeffrey Skilling í raun hafa tapað málinu strax á fyrstu stigum með því að halda því fram að Enron hefði hrunið vegna fyrirsagna í Wall Street Journal. Höfundur þakkar hrósið, en segir Wall Street Journal hvergi nærri svo valdamikinn fjölmiðil. „Fjárfestar töpuðu milljörðum Bandaríkjadala. Lífeyrisréttindi fyrir 2,1 milljarð fóru í vaskinn og 5.600 manns misstu vinnuna. Enron-málið sannar að ef þú lýgur að fjárfestum, starfsmönnum og almenningi um raunverulega stöðu fyrirtækis þíns þarftu að gjalda fyrir það," segir í Wall Street Journal.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristinn Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Eldur um borð í skipum

Hið hörmulega brunaslys sem varð í Akureyrinni í síðustu viku leiðir hugann að brunavörnum í skipum. Eldur um borð í skipum er eitt það skelfilegasta sem sjómenn geta átt yfir höfði sér þar sem öll rými eru þröng, stigar bæði brattir og þröngir og í flestum tilfellum eru aðstæður erfiðar.

Þegar eldur brýst út um borð í skipi er í flestum tilfellum ekkert annað til ráða fyrir áhöfn en að reyna að tryggja öryggi sitt og ráðast síðan til atlögu við eldinn, þar sem sú staða getur verið uppi að ekki sé hægt að yfirgefa skipið, til dæmis vegna veðurs.

Reykur frá eldi leitar upp og því geta menn verið komnir í reyk jafnvel þremur hæðum ofar en eldurinn er og þurfa því að fikra sig langa og erfiða leið til að komast að eldsupptökum. Reykur frá innréttingum eins og mikið eru notaðar í skip getur verið mjög eitraður og því er nauðsynlegt að reykköfunartæki séu til staðar og í góðu lagi og að menn hafi fengið kennslu í að nota þau.

Ávallt skal gæta þess að allur brunavarnarbúnaður sé til staðar.

Reglulegar æfingar á viðbrögðum áhafnar við bruna og

ÖRUGG FYRIRTÆKI

Átak Markaðarins og Sjóvá

atvinnugreinum á meðan þeim notkun viðeigandi búnaðar eru nauðsynlegar og einnig að fara yfir verklag; hvað hverjum og einum er ætlað að gera ef eldur brýst út.

Góð umgengni um vistarverur og meðferð elds ætti að vera ofarlega í hugum manna og þar ber hverjum og einum að hugsa um skipsfélaga sína.

Nýliðafræðsla þarf að vera í föstum skorðum þar sem oft á tíðum eru miklar mannabreytingar, sér í lagi á vorin þegar margir ungir menn fara á sjóinn til að afla tekna yfir sumarið til að kosta nám sitt yfir vetramánuðina. Þessir einstaklingar mæta til starfa fullir áhuga en það segir ekki til um það að þeir þekki í hvernig umhverfi þeir eru að fara að starfa. Því er nauðsynlegt að fara yfir neyðaráætlanir og neyðarútganga með þeim.

Þrátt fyrir að eftirlit viðurkenndra skoðunaraðila sé samkvæmt ströngum reglum líður nokkur tími á milli þess að það sé framkvæmt og því er það í hendi áhafnarinnar sjálfrar að huga að því að allt sé í góðu lagi þess á milli.

Þá er sérstaklega mikilvægt að huga að neyðarútgöngum, það er að allir snerlar sé vel liðugir.

Umgengni og eftirlit með slíku á að vera í hugum allra í áhöfn án tillits til stöðu þeirra og ef einhver verður var við eitthvað sem betur má fara ber honum að tilkynna það. Það er jú líf allra sem er í húfi þegar eldur brýst út um borð í skipum.

**Hlynur Jónsson**
**Tjónamatsmaður hjá Sjóvá**

SPÁKAUPMAÐURINN

# Grætt á erjunum

Ein af uppsprettum auðs og hagsældar er það að fólk er þeirrar gerðar upp til hópa að geta ekki komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut. Við sem heima sitjum syndandi í peningum nýtum okkur þennan veikleika mannskepnunnar og græðum svolítinn pening á því.

Átök í viðskiptalífinu undanfarin ár hafa verið mér heilladrjúg. Fyrir slíkt ber að þakka. Eins og deyfðin hefur verið á hlutabréfamarkaðnum var maður farinn að óttast að mannlegt eðli hefði breyst og að öll átök hefðu verið lögð til hliðar. Átök eru nefnilega afl þeirra hluta sem gera skal.

Þetta er nú kannski svolítið orðum aukið hjá mér, enda vissi ég að engar væru sættirnar í stjórn Straums. Og hvað gera spákaupmenn þá? Þeir kaupa sér hlut í Straumi Burðarási. Föstudagurinn var mikill hamingjudagur þegar Björgólfsfeðgar stilltu sér upp og sýndu tennurnar og tryggðu sterkari stöðu í Straumi. Bréfin tóku kipp og nú er að sjá hvort Magnús Kristinsson taki ekki á móti. Ef hann gerir það, þá er veisla framundan í hlutabréfum Straums. Ég er að vísu ekki alveg viss um að Magnús sé með stöðu til að berjast við Björgana, en það er alveg klárt að viljann vantar ekki. Davíð hefur áður haft betur gegn Golíat og því ekki að reyna?

Annað sem ég velti fyrir mér er hvort allir í hluthafahópi Glitnis séu spenntir fyrir því að Hannes Smárason styrki stöðu sína enn frekar í bankanum. Ef menn eru órólegir, þá er allt eins líklegt að þeir fari að kaupa meira. Bjarni keypti allavega slatta í Glitni og það segir mér að maður á að setja smá aura í það fyrirtæki. Annað hvort hækka bréfin vegna innri spennu eða að pípurnar eru fullar af gulli. Bankinn er að breytast meira en menn almennt grunar og alþjóðastarfsemin er spennandi. Vandinn er bara sá að á meðan þessi almenna deyfð er yfir markaðnum framkallast ekki neitt. Alfesca er annað fyrirtæki sem ég hef verið að spá í að undanförnu. Gengið er lágt og þótt allir séu sáttir í eymdinni þar hlýtur að draga til tíðinda og að endurskipulagning fari að skila sér. Ef laxaverð lækkar á sama tíma og hagræðing fer að skila sér hljóta bréfin að hækka.

Samkeppnin við vexti Seðlabankans mun sennilega gera það að verkum að góðir fjárfestingarkostir skila sér hægt. Þolinmæði er ekki mín helsta dyggð, en að sjálfsögðu er ég með augun opin. Átök við þessar kringumstæður eru líklegri uppspretta hagnaðar en skynsamlegur rekstur. Erjur eru betri en að erja.

**Spákaupmaðurinn á horninu**




Átta ástæður
til að skipta yfir í
IP símaþjónustu Nýherja

1 Alltaf til taks
Aðeins eitt símanúmer fyrir borðsíma og GSM sem tryggir að hægt er að ná í starfsmenn hvar og hvenær sem er.

2 Enginn stofnkostnaður
Engin fjárbinding í vélbúnaði - Fastar mánaðarlegar greiðslur.

3 Lægri símakostnaður
Símtöl flutt yfir gagnanetið í stað símalína sem lækkar símakostnað verulega.

4 Ókeypis símtöl
Öll símtöl innan fyrirtækis geta verið ókeypis þótt starfsemin sé dreifð.

5 Símtöl erlendis á innanlandstaxta
Starfsstöðvar erlendis og starfsmenn á ferðalagi geta átt samskipti við Ísland á innanlandstaxta.

6 Fundir á ferðinni
Auðvelt að setja upp símafundi, bæði í borðsímum og GSM.

7 Tölvusími
Hægt að hringja beint úr tölvunni.

8 Færanleiki
Auðvelt að flytja símtöl úr borðsíma í farsímann þegar þú þarft að vera á ferðinni.

Hafðu samband við UT ráðgjafa Nýherja sem bjóða þér faglega ráðgjöf á því hvernig þú getur aukið þjónustu þíns fyrirtækis og um leið lækkað kostnað.

Síminn er 569 7700 og netfangið er ut@nyherji.is

AVAYA
COMMUNICATIONS AT THE HEART OF BUSINESS
avaya.com

NÝHERJI
Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

AURASÁLIN

## Stóriðju í Vatnsmýrina

**Nú loks verður það** að veruleika sem Aurasálina hefur dreymt um. Reykjavík fær loksins stóriðju. Með kjöri nýrra athafnamanna í stjórn Reykjavíkur á laugardaginn eru hagsmunir Reykjavíkur tryggðir. Höfuðborgin mun ekki lengur sitja á hakanum þegar kemur að því að velja næsta stað fyrir álbræðslu. Með því að tengja Vatnsmýrina við Sundahöfn með glæsilegri stofnbraut þvert yfir Þingholtin verður hægt að skapa gríðarlegan hagvöxt. Tækifærin fyrir skólabúningaklædd ungmenni borgarinnar eru óþrjótandi í hátæknivæddu álveri við hlið hátæknisjúkrahúss í miðri höfuðborginni.

**Markaðurinn brást vel við** tíðindum mánudagsins þegar Framsóknarflokkurinn náði völdum í Reykjavík með sína athafnastefnu að leiðarljósi. Það kom Aurasálinni ekki á óvart enda fagnaði hún hækkun hlutabréfa. Það var verðskuldað að þessu sinni.

**Aurasálin hefur alltaf** stutt Framsóknarflokkinn að málum og það verður að játast að hún var orðin ansi smeyk um að fylgi hennar í Reykjavík dygði ekki til að ná meirihluta í Orkuveitunni. Það tókst þó á endanum. Hvað það var sem á endanum sannfærði Reykvíkinga um að koma Framsóknarflokknum í forystu skal ósagt látið, en þar hlýtur einhverju að hafa ráðið skýr og klár vilji flokksins til þess að móta landið eftir þörfum fólks en hvorki fugla né fiska.

**Því miður hafa skynsamir kjósendur** engan annan valkost hér á landi en Framsóknarflokkinn. Allir hinir flokkarnir eru úti að aka. Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur auðmanna og kauphallargróða. Vinstri grænir halda að fólk geti lifað af því að tína fjallagrös og halda að foss sé fegurri en fallvatnsvirkjun. Frjálslyndir eru við sama heygarðshornið og Samfylkingin er of ungur flokkur til þess að hægt sé að taka afstöðu til hans.

**Reyndar fer tal sumra framsóknarmanna** um að gera Ísland að fjármálamiðstöð í taugarnar á Aurasálinni. En líklega er það enn eitt klókindalegt bragð þeirra til þess að laða að sér kjósendur og styrktaraðila. Aurasálinni dettur ekki í hug að framsóknarmenn myndu nokkru sinni láta þessa fásinnu verða að veruleika - en það sakar engan að ljúga smá í kosningum ef málstaðurinn er réttur. Í upphafi skal endinn skoða - og tilgangurinn helgar meðalið.

**Það var eins með þjóðarsáttina** í þessum kosningum. Aurasálin tekur undir með oddvita Framsóknarflokksins í að hlæja að þessu loforði nú þegar kosningar eru afstaðnar. Það stóð aldrei til að gera neitt í þessum kosningaloforðum, nema ef það hentaði. Nú er tími samræðu og loforða liðinn. Besta að gleyma þeim og hefja framkvæmdir. Upp með skófluna!



KJARTAN ANTONSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍSLANDIA BÚÐANNA

# Á besta horninu í bænum

**Kjartan Antonsson** er framkvæmdastjóri minjagripaverslana Islandia. Nýverið var opnuð ný Islandia-verslun í Bankastrætinu til viðbótar við þá sem fyrir var í Kringlunni. *Jón Skaftason* fór og hitti Kjartan og komst að raun um að verslunarrekstur í miðbænum á síður en svo undir högg að sækja.

Islandia hefur verið í Kringlunni frá árinu 1987 en var áður hluti Rammagerðarveldisins. Tengdaforeldrar Kjartans Antonssonar, þau Bjarni Jóhannesson og Ásta Jóhannsdóttir, keyptu búðina árið 1993, skildu hana frá Rammagerðinni og breyttu nafninu í Islandia. Bjarni Jóhannesson er einmitt sonur Jóhannesar Bjarnasonar í Rammagerðinni. „Tengdaforeldrar mínir höfðu unnið lengi áður í Rammagerðinni. Kringlan var opnuð árið 1987 og búðin hefur verið á sama stað síðan þá,“ segir Kjartan.

Tengdaforeldrar Kjartans stofnuðu einnig Bol og ráku til margra ára. Þau seldu Bol fyrir nokkrum árum en Kjartan segir þó arfleifðina sjáanlega í Islandia-búðunum. „Við erum einmitt með mikið úrval af bolum og höfum mikla kunnáttu í þeim efnum.“

Islandia er nú að fullu í eigu Kjartans og konu hans, Hönnu Heiðar Bjarnadóttur, þótt stofnendurnir séu enn viðloðandi reksturinn. Auk Islandia reka Kjartan og Hanna heildverslunina Viking-Craft, sem býður gjafa- og ferðamannavöru til verslana.

Kjartan er gamall fótboltamaður; spilaði með Breiðabliki, ÍBV og Fylki. Hann nýtti sér síðan knattspyrnuna og fór á fótboltastyrk til Bandaríkjanna. Þar spilaði hann fyrir James Madison-háskóla í Virginíu auk þess að læra viðskipta- og upplýsingatækni.

Hanna lærði útstillingar við Iðnskólann í Hafnarfirði og segir Kjartan námið hafa nýst þeim vel við verslunarreksturinn. „Við höfum einmitt lagt mikla áherslu á framsetningu vörunnar. Það er nú einu sinni þannig að varan selst ekki af sjálfu sér. Sjálfur hef ég verið að taka til í tölvumálum fyrirtækisins og nýtt mér þá þekkingu sem ég öðlaðist á skólaárunum.“

**Á BESTA HORNINU Í BÆNUM**

Kjartan segir enga tilviljun að ákveðið hafi verið að opna verslun í Bankastrætinu og þvertekur fyrir að verslunarrekstur í miðborginni eigi undir högg að sækja. „Mér finnst vera bjartara yfir miðbænum en áður. Við stúderuðum vel og lengi hvar væri best að opna nýja verslun og ég tel okkur hafa opnað á einu besta horninu í bænum.“

Á mánudegi í miðbænum er augljóst að ýmislegt hefur gengið á um liðna helgi. Á skartgripaverslun í grenndinni hefur verið brotin rúða en þó greinilegt að borgarstarfsmenn hafa verið snöggir á vettvang og bjargað því sem bjargað varð. Kjartan segist þó engar áhyggjur hafa af ölþyrstum Reykvíkingum. „Forveri minn hér í Bankastrætinu segir skemmdarverk fáheyrð. Við erum líka á svo áberandi stað að maður skyldi ætla að rúðum og öðru væri óhætt. Maður sér kannski merki helgarinnar á mánudegi, en starfsmenn borgarinnar eru mjög öflugir við að hreinsa.“

Kjartan telur um helming viðskiptavina Islandia vera ferðamenn. „Túristarnir eru í miðbænum. Þeir ganga Bankastrætið og beygja síðan upp Skólavörðustíginn þegar þeir sjá glitta í Hallgrímskirkju.“

Kjartan segir verslunina óhjákvæmilega finna fyrir sveiflum á gengi. Hann segist strax finna muninn nú þegar krónan hafi lækkað gagnvart erlendum gjaldmiðlum. „Útlendingar reikna auðvitað út frá sínum eigin gjaldmiðli og kaupa í samræmi við það. Hingað koma margir Bandaríkjamenn, en einnig Bretar, Þjóðverjar og Skandinavar. Kanarnir eru duglegastir við að versla. Þeir virðast hafa meira milli handanna.“

**Islandia**

Eigendur: Kjartan Antonsson og Hanna Heiður Bjarnadóttir

Verslanir: Tvær. Í Bankastræti og Kringlunni.

Stofnunarár: 1987 þá Rammagerðin. Varð Islandia árið 1993.

**HÖRÐ SAMKEPPNI**

Rekstur verslunar sem leggur jafn ríka áherslu á viðskipti við ferðamenn og Islandia er óhjákvæmilega nokkuð árstíðabundinn. Þess vegna hefur Islandia alla tíð lagt mikla áherslu á vandaða gjafavöru, þá sérstaklega kringum jólin. „Við eigum nokkuð tryggan íslenskan kúnnahóp. Við höfum enda lagt mikla áherslu á að hafa sérstöðu í úrvali. Við erum með gott úrval gjafavöru og þess vegna er reksturinn kannski ekki jafn veikur fyrir árstíðasveiflum og hjá dæmigerðum ferðamannaverslunum.“

Tveir fastir starfsmenn eru í versluninni í Kringlunni. Þá hefur bókari verið í sextíu prósenta starfi hjá versluninni. Einn fastur starfsmaður er í búðinni í Bankastrætinu. Kjartan reiknar með að ráða 10-12 starfsmenn til viðbótar yfir sumarið. „Við opnum snemma á morgnana og lokum seint á kvöldin og veitir ekkert af fólkinu. Við erum mikið hérna hjónin, auk þess sem tengdaforeldrar mínir eru alltaf viðloðandi reksturinn.“

Kjartan er bjartsýnn á framtíð Islandia. Verslunin í Bankastrætinu hafi farið vel af stað og hann eigi ekki von á öðru en að framhald verði á. „Við ætlum að byrja á því að sjá hvernig sumarið fer. Fólkið er hérna, það þarf bara að fá það inn. Það verður vissulega erfiðara hérna í vetur en þá er bara að reyna að ná til Íslendinganna.“

Margar gjafavöruverslanir er að finna í Reykjavík og samkeppnin því hörð. Í miðbænum er Rammagerðin með verslun auk þess sem gjafavöru má finna í stærri verslunum á borð við Mál og menningu og Iðu. Kjartan segir að til að standast samkeppnina sé nauðsynlegt að ná sérstöðu en er ófáanlegur til að gefa upp tölur úr rekstrinum. „Það er nú einmitt það sem keppinautarnir vilja vita,“ segir Kjartan Antonsson.

**„Við ætlum að byrja á því að sjá hvernig sumarið fer. Fólkið er hérna, það þarf bara að fá það inn. Það verður vissulega erfiðara hérna í vetur en þá er bara að reyna að ná til Íslendinganna.“**



Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is






# Skráningarskjal Cyntellect Inc.- maí 2006

## Nýtt hlutafé fyrir 10 - 12 milljónir USD boðið á genginu 2,5 - 3,0 til fagfjárfesta

Skráningarskjal er gefið út í tengslum við hlutafjárútboð Cyntellect Inc. og fyrirhugaða skráningu á iSEC markað Kauphallar Íslands hf. í júní 2006.

Skráningarskjal Cyntellect Inc. er birt í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. 24. maí 2006 og á vefsíðu NordVest verðbréfa hf. Einnig er hægt að nálgast skráningarskjalið hjá umsjónaraðila.

Opinn kynningarfundur fyrir fagfjárfesta verður haldinn á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, miðvikudaginn 31. maí klukkan 17:00.

**Útgefandi:**
Cyntellect Inc., kt: 500406-9760, 6620 Mesa Ridge Road, Suite 100, San Diego, California 92121, United States, www.cyntellect.com.

**Heildarfjöldi hluta:**
Heildarfjöldi hluta í Cyntellect Inc. fyrir útboð er 12.071.076. Boðnir verða út 4.000.000 nýir hlutir og verður heildarfjöldi hluta eftir útboð 16.071.076.

**Útboðsgengi:**
Útboðsgengi verður ákvarðað með söfnun viljayfirlýsinga á gengisbilinu 2,5 – 3,0 USD á hlut.

**Kynningartímabil:**
29. maí - 2. júní 2006.

**Selt til:**
Fagfjárfesta utan Bandaríkja Norður Ameríku.

**Lágmarkskaup:**
70.000 bandarískir dollarar að kaupverði.

**Söfnun viljayfirlýsinga:**
Fagfjárfestar geta skilað inn óbindandi viljayfirlýsingum þar sem fram kemur fjöldi hluta sem þeir vilja kaupa ásamt gengi og skal viljayfirlýsingum skilað fyrir klukkan 17.00 miðvikudaginn 7. júní 2006. Viljayfirlýsingar eru ekki á stöðluðu formi.

**Endanlegt útboðsgengi:**
Endanlegt útboðsgengi tekur mið af viljayfirlýsingum sem berast. Stjórn Cyntellect Inc. ákveður endanlegt útboðsgengi og verður það tilkynnt fyrir klukkan 21:00 fimmtudaginn 8. júní 2006.

**Tilkynning um úthlutun:**
Fyrir klukkan 21:00 fimmtudaginn 8. júní verður þeim aðilum sem skiluðu inn óbindandi viljayfirlýsingum tilkynnt hversu mikið þeir fá að kaupa í útboðinu og á hvaða gengi. Útgefandi áskilur sér rétt til að hafna tilboðum í heild eða að hluta.

**Skil á bindandi tilboðum:**
Fjárfestar skila inn bindandi tilboðum í samræmi við úthlutun fyrir kl.19:00 þriðjudaginn 13. júní 2006.

Bindandi tilboðum skal skilað í lokuðum umslögum merkt "Cyntellect Inc. - hlutafjárútboð" til NordVest verðbréfa hf., Suðurlandsbraut 30, 4. hæð, 108 Reykjavík.

**Bindandi áskrift:**
Fjárfestum verður tilkynnt fyrir klukkan 21.00 miðvikudaginn 14. júní 2006 hvort tilboð þeirra hafi verið samþykkt og þeim send greiðslufyrirmæli. Bindandi áskrift hefur ekki komist á fyrr en útgefandi hefur tilkynnt fjárfestum að bindandi tilboði þeirra hafi verið tekið.

**Gjalddagi áskrifta:**
20. júní 2006.

**Afhending hluta:**
Ný heimildarskírteini verða gefin út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. eigi síðar en einum degi eftir að fjórðungur útboðsins hefur verið greiddur, en þó ekki síðar en 21. júní 2006.

**Skráning í Kauphöll Ísland:**
Fyrirhugað er að skrá Cyntellect Inc. á iSEC lista Kauphallar Íslands hf. eigi síðar en föstudaginn 23. júní 2006. Skráning er bundin því skilyrði að takist að safna 10 milljónum USD. Auðkenni í Kauphöll Íslands: "CYNT".

**Umsjónaraðili:**
NordVest verðbréf hf.
kt. 410301-2880, Suðurlandsbraut 30, 4. hæð, 108 Reykjavík, sími 590-9000, fax 590-9001, www. nordvest.is

**Upplýsingar um útboðið:**
Verðbréfamiðlun og fyrirtækjaráðgjöf NordVest verðbréfa hf. veita allar nánari upplýsingar varðandi hlutafjárútboð Cyntellect Inc. í síma 590-9000.

CYNTELLECT

NordVest
VERÐBRÉF






**FRÁ KAUPMANNAHÖFN** Það er ekki ókeypis að kaupa íbúð í Kaupmannahöfn.

# Langdýrast í Köben

Íbúðaverð í Kaupmannahöfn hefur hækkað hratt að undanförnu og er nú svo komið að dýrast er að kaupa íbúð þar af öllum borgum á Norðurlöndunum. Frá þessu er sagt í frétt á vefsíðu Børsen sem byggir á tölum frá Evrópráði fasteignasala um íbúðaverð í tuttugu og einu Evrópulandi. Kaupmannahöfn lendir í fjórða sæti listans séu öll löndin tekin með.

Meðalfermetraverð í Kaupmannahöfn er nú 31.100 krónur danskar, sem samsvarar rúmlega 390 þúsund íslenskum krónum. Til samanburðar er meðalfermetraverð íbúða í Reykjavík, það sem af er þessu ári, um 210 þúsund krónur. Fermetrinn í París, sem var í fyrsta sæti listans, er 42.000 danskar krónur, eða 528 þúsund íslenskar krónur. Næstdýrasta borgin á lista var Madríd og Dublin í þriðja sætinu. London, sem jafnan er talin dýrasta borg Evrópu, er ekki með á listanum.

Ódýrast er að kaupa íbúð í Vilníus og Ankara og kostar fermetrinn þar að meðaltali um 4.600 danskar krónur eða um 58 þúsund krónur. - hhs

# Þjóðverjar bjartsýnni

## HM í knattspyrnu og launahækkanir ýta undir væntingar þýskra neytenda.

Þýskir neytendur eru bjartsýnni á framtíðarhorfur en áður, samkvæmt nýrri könnun ráðgjafarfyrirtækisins Gfk. Neytendur hafa ekki verið bjartsýnni síðan árið 2001.

Sérfræðingar hækkuðu nýlega hagvaxtarspá fyrir árið 2006 í 1,8 prósent úr 1,2 prósentustigum. Þá hafa útflutningstekjur aukist síðustu misseri og aukning orðið á neyslu.

Talið er að heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu, sem haldin verður í Þýskalandi og hefst 9. júní, hafi ýtt undir væntingar neytenda. Þá hafa neytendur líklega gripið tækifærið til innkaupa áður en fyrirhugaðar skattahækkanir ganga í garð „Svo virðist sem betur liggi nú á neytendum eftir langan og erfiðan vetur. Laun hafa hækkað lítillega og neytendur virðast líta svo á að erfiðasti hjallinn sé að baki,“ sagði sérfræðingur Gfk. - jsk



**JENS LEHMANN FER FYRIR LANDSLIÐI ÞJÓÐVERJA** Þjóðverjar virðast hlakka til HM í knattspyrnu sem fram fer í sumar. Sérfræðingar hafa hækkað hagvaxtarspár sínar.


# Einfaldara Ísland

## *Einfaldari og betri reglusetning í þágu atvinnulífs og almennings*

**Ráðstefna haldin á Grand Hóteli 6. júní 2006 kl. 13:00**

13:10 **Ávarp**
Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

13:20 **Skilvirkar reglur - stefnumörkun og áherslur OECD**
Mr. Josef Konvitz, Head of Division, Programme Regulatory Management and Reform, OECD.

13:50 **Einfaldari og betri reglur – áherslur Evrópusambandsins**
Mrs. Silvia Viceconte, Economist, European Commission, DG Enterprise and Industry, Unit B3, Impact assessment and economic evaluation.

14:20 **Samvinna opinberra aðila og einkaaðila í þágu betri reglusetningar**
Hr. Flemming N. Olsen, specialkonsulent, Regelforenklingsenheden, Finansministeriet, Danmörku.

15:00 **Kaffihlé**

15:15 **Mikilvægi góðra og einfaldra reglna**
Pétur Reimarsson, verkefnastjóri, Samtökum atvinnulífsins og fulltrúi í ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur.

15:30 **Samráð er þáttur í góðum löggjafarháttum**
Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands.

15:45 **Hvernig horfir regluumhverfið við fyrirtækjunum?**
Gestur Guðjónsson Olíudreifingu.

16:00 **Betri reglusetning frá sjónarhóli sveitarfélaganna**
Sigurður Óli Kolbeinsson, sviðsstjóri lögfræðisviðs Sambands ísl. sveitarfélaga.

16:15 **Pallborðsumræður: Raunhæfar úrbætur – mikilvægi stefnumörkunar**
Hrönn Greipsdóttir, hótelstjóri Radisson SAS Hótel Saga, Bjarni Benediktsson alþingismaður, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, Jón Gunnarsson alþingismaður, Ágúst Jónsson verkfræðingur og Gunnar Helgi Kristinsson prófessor.

17:00 **Ráðstefnuslit**

**Ráðstefnustjóri:** Páll Þórhallsson lögfræðingur, formaður starfshóps um „Einfaldara Ísland“.

Ráðstefnan er liður í undirbúningi samstarfsverkefnis stjórnvalda og atvinnulífs sem gengur undir nafninu „Einfaldara Ísland“.

***Aðgangur er ókeypis og öllum er heimil þátttaka.***

Skráning í síma 545 8401 eða á netfanginu *anna.hugrun.jonasdottir@for.stjr.is*

**Forsætisráðuneytið** **Starfshópur um „Einfaldara Ísland“**



a Annar hf
Rekstrarverkfræðistofan
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

*Ársreikningar*
*Bókhald*
*Skattframtöl*








**INNKAUPAKORT VISA**

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á www.visa.is og hjá öllum bönkum og sparisjóðum.

Nýr dagur – ný tækifæri VISA

# Ísland í London

**Í síðustu viku stóð Útflutningsráð fyrir ráðstefnunni „Iceland in London – Partnering for Success“ í Lancaster House í London. Ráðstefnan var hluti af ferð viðskiptasendinefndar til Bretlands sem tuttugu íslensk fyrirtæki tóku þátt í.**

Í síðustu viku var ráðstefnan „Iceland in London - Partnering for Success“ haldin í Lancaster House. Í fréttatilkynningu frá Útflutningsráði, sem stóð fyrir ráðstefnunni í samvinnu við sendiráð Íslands í London, UK Trade and Investment og ráðgjafafyrirtækið Ezenze, segir að ráðstefnan hafi tekist vel. Mikill áhugi sé á fjárfestingum og viðskiptum íslenskra fyrirtækja sem hafi endurspeglast í viðtökum gesta ráðstefnunnar, en hana sóttu um 170 manns.

Ráðstefnan var sett af Paul Whiteway frá UK Trade and Investment og ráðstefnustjóri var Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendiherra Íslands í Bretlandi. Framsögumenn voru forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Jón Ásbergsson, Útflutningsráði Íslands, Sigurður Einarsson, Kaupþingi banka, Jón Ásgeir Jóhannesson, Baugur Group, Hannes Smárason, FL Group og Andrew Cahn, UK Trade and Investment.

Á ráðstefnunni var meðal annars rætt um einkenni og eiginleika íslenskra viðskiptamanna. Voru framsögumenn sammála um að einfaldleiki, traust, heiðarleiki og gott orðspor væru lykilatriði ætluðu menn sér að ná árangri í útrás. Einnig kom fram að breski markaðurinn hefði tekið sérstaklega vel á móti íslenskum fyrirtækjum og fjárfestum.

Að lokinni ráðstefnu tóku við áður skipulagðir fundir íslenskra og breskra fyrirtækja, ásamt því að Fjárfestingastofa Íslands stóð fyrir kynningu á Íslandi sem vænlegum fjárfestingakosti.

**- hhs**




**MÆTIR MENN** Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Jón Ásbergsson, Sigurður Einarsson, Jón Ásgeir Jóhannesson, Hannes Smárason og Andrew Cahn, UK Trade and Investment, höfðu sitthvað til málanna að leggja á ráðstefnunni.



**FYLGST MEÐ** Framsögumenn voru sammála um að einfaldleiki, traust, heiðarleiki og gott orðspor væru lykilatriði ætluðu menn sér að ná árangri í útrás.





**Góður vinnufélagi**

ARCTIC WEAR

**Sími: 534-2900**

**Vinnuföt - Hlífðarföt** Vesturvör 7 • 200 Kópavogi • Sími: 534-2900 • Fax: 534-2901

Prenttækni ehf

**Viðskiptahúsið**

**Jóhann Ólafsson**
**Löggiltur FFS.**
gsm: 863 63 23
johann@vidskiptahusid.is



**Kynnum nýjar eignir frá TM sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í byggingu og sölu fasteigna við Miðjarðarhafsströnd Spánar.**

**TM selja ríflega 100 eignir á mánuði og eru jafnframt með 35 ára reynslu á sínu sviði.**

TM



- **Eignir á 12 svæðum á Spáni m.a.:**
- Mallorca (Manacor)
- Costa Del Azahar (Castellón)
- Costa Blanca (Alicante, Benidorm, Torriveja)
- Costa Calida (Murcia)
- Costa del Almería (Almería)



Gæðaeignir við Miðjarðarhafið.
Fullbúnar húsgögnum, tækjum og öllu því sem til þarf.
Glæsileg sameiginleg aðstaða á hverju svæði.
Einstaklega góðar staðsetningar.
Þjónustuskrifstofa á hverju svæði.
Nýjar eignir beint frá byggingaraðilanum.
10 ára ábyrgð byggingaraðilans á húseigninni.
5 % afsláttur af völdum eignum.
Frítt flug og hótel fyrir kaupendur.

TM

**Viðskiptahúsið**

Skúlagata 17 101 Reykjavík sími : 566 88 00 e-mail : vidskiptahusid@vidskiptahusid.is www.vidskiptahusid.is

# 9,3%

Nafnávöxtun síðustu 3 ár, 9,3% á ári.*

## SJÓÐUR 1 – ÖRUGG LANGTÍMAÁVÖXTUN

**Hentar þeim sem vilja spara í eitt ár eða lengur.**

Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á www.glitnir.is og kláraðu málið.

Sjóður 1 er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.

*Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

GLITNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6208

# Samþjöppun í smásöluverslun

**Hvað er smásöluverslun?**
Smásala er þegar vara og þjónusta eru seldar beint, venjulega í litlu magni, til endanlegs neytanda, oftast einstaklinga. Smásala er það sem gerist í hefðbundnum verslunum þegar fólk kaupir inn til að fullnægja daglegum þörfum sínum.

**Hvernig hefur smásöluverslun þróast hérlendis í áranna rás?**
Á árum áður hafði fólk ekki mikið val í verslun. Verslun með innfluttan varning var um aldir í höndum útlendinga, oft einokunarkaupmanna. Almenningur varð að taka því sem að honum var rétt, verslun var bundin við ákveðna staði og peningar sáust ekki í slíkum viðskiptum. Smásalan komst smátt og smátt í hendur Íslendinga í upphafi 20. aldar og heildsala, þ.e. sala til smásöluverslana, nokkru síðar. Frelsi jókst og mikil bylting var þegar sjálfsafgreiðsla hófst hérlendis. Síðar komu smásöluverslanir sem lögðu mikið upp úr lágu verði og fjölbreyttri þjónustu. Kaupmenn eins og Silli og Valdi (Sigurliði Kristjánsson og Valdimar Þórðarson) og Pálmi Jónsson í Hagkaup ruddu brautina fyrir aukinni fjölbreytni í verslun.

**Hvernig var þróunin í smásöluverslun á Norðurlöndum?**
Á Norðurlöndum var mun meira frjálsræði í verslun á 18. og 19. öld en hérlendis enda voru þær þjóðir að stíga stór skref í iðnbyltingunni sem hófst um 1750. Íslendingar hófu ekki þátttöku í þessum nýja tíma fyrr en í upphafi 20. aldarinnar en þá gekk það svo vel, m.a. í verslun, að við náðum nágrannaríkjunum í lífskjörum á nokkrum áratugum. Það vinna margir í smásöluverslun á Norðurlöndum, verðlag er frekar hátt og vöxtur er mikill.

**Hvað er ólíkt með Norðurlöndum og öðrum löndum?**
Norðurlöndin eru meðal ríkustu þjóða í heimi og lífskjörin eru afburða góð. Einkenni smásöluverslunar á Norðurlöndum er mikil samþjöppun fyrirtækja. Það eru einungis nokkrar verslunarkeðjur sem ráða nær allri smásöluverslun á hinum fimm Norðurlöndum, einkum í matvöruverslun. Mun minni samþjöppun er í matvöruverslun í öðrum löndum Evrópu en er á Norðurlöndunum. Risamarkaðir eða verslanir sem eru yfir 3.500 fermetrar að stærð eru enn sjaldgæfar á Norðurlöndum fyrir utan Finnland. Neysluvenjur eru ólíkar milli landa. Úrval af matvöru á Norðurlöndum er mun minna en í öðrum löndum Evrópu og er ein ástæðan lítil samkeppni vegna fárra aðila á markaði.

**Hver er munur á smásöluverslun á Íslandi og í öðrum löndum?**
Matvöruverslun, sem er ein helsta tegund smásöluverslunar, einkennist hérlendis af mikilli neyslu lambakjöts, fisks og sykurs í samanburði við aðrar Norðurlandaþjóðir. Samþjöppun í matvöruverslun er hér mikil og ráða þrjár keðjur nær allri smásöluverslun með matvæli og er það sama staðan og er á öðrum Norðurlöndum. Matvælaverð er hérlendis mjög hátt og einungis Norðmenn geta státað af slíku ef menn vilja státa sig af því. Ástæða þessa er einstaklega óhagkvæm landbúnaðarstefna í þessum löndum. Á Íslandi búa flestir á sama svæðinu en 63% þjóðarinnar búa á höfuðborgarsvæðinu, sem er nær einsdæmi í heiminum. Ísland er orðið borgríki án þess að fólk hafi tekið eftir því og það hefur mikil áhrif í smásöluverslun og á öðrum sviðum þjóðlífsins.

TÖLVUPÓSTURINN
*Til Ágústs Einarssonar*
*Prófessors í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands*



# Alþjóðlegar verslanakeðjur aðlagast nýjum mörkuðum

Vegur smásöluverslunar hefur vaxið mikið um allan heim á síðastliðnum áratug. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* sat alþjóðlega ráðstefnu um vöxt smásöluverslunar í alþjóðlegu samhengi þar sem málin voru brotin til mergjar.

Sam Walton opnaði fyrstu Wal-Mart verslunina í Bentonville í Arkansas-ríki í Bandaríkjunum árið 1962. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá stofnun verslanakeðjunnar en á síðasta ári voru Wal-Mart verslanirnar orðnar 1.631 talsins í níu löndum. Verslunarsamstæðan keypti eina af stærstu verslanakeðjum í Japan fyrir skömmu og virðist vexti fyrirtækisins hvergi nærri lokið.

Þetta kom fram í erindi sem Örn D. Jónsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, hélt um sögu smásöluverslunarinnar á seinni hluta tuttugustu aldar og við upphaf þessarar aldar á alþjóðlegri ráðstefnu um vöxt smásöluverslunar í alþjóðlegu samhengi í Háskóla Íslands í síðustu viku. Örn sagði stórar verslanakeðjur hafa í auknum mæli tekið yfir eða keypt ráðandi hlut í smærri keðjum í hinum ýmsu löndum með það fyrir augum að auka markaðshlutdeild sína. Vitnaði Örn í ummæli sem Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, lét falla þess efnis að eftir áratug yrðu einungis fjórar stórar verslanakeðjur eftir í heiminum. Sagðist Örn hafa spáð svo fyrir að Baugur yrði ein þessara fjögurra keðja.



**FRÁ RÁÐSTEFNUNNI** Neil Wrigley, prófessor vi Háskólann í Southampton, lýsti vexti bresku verslanakeðjunnar Tesco í Asíu. MARKAÐURINN/PJETUR

**MIKILL VÖXTUR Í ÁRATUG**
Neil Wrigley, prófessor við University of Southampton, var annar tveggja bresku prófessoranna sem fluttu erindi á ráðstefnunni. Wrigley er þekktur fræðimaður á sviði smásöluverslunar og hefur skrifað bækur um vöxt og breytingar í geiranum. Hann sagði vöxt verslanakeðja á heimsvísu gamlar fréttir og benti á að bandaríska verslanakeðjan F. W. Woolworth hefði sett á stofn verslanir í Bretlandi og Kanada snemma á síðustu öld. Þá hefðu bandaríska smásöluverslunin Safeway og hin franska Carrefour jafnframt hafið starfsemi í Bretlandi á áttunda áratug síðustu aldar.

Í erindi sínu sýndi Wrigley fram á mikinn vöxt smávöruverslanakeðja á tólf ára tímabili. Árið 1990 var Carrefour með verslanir í sex löndum, Ahold í tveimur löndum en Wal-Mart og breska smávöruverslanakeðjan Tesco báðar með starfsemi í einungis einu landi hvor. Tólf árum síðar höfðu fyrirtækin hins vegar vaxið gríðarlega. Carrefour var með verslanir í 30 löndum, Ahold í 28 löndum en Wal-Mart og Tesco bæði með starfsemi í 11 löndum, meðal annars á nýmörkuðum í Austur-Asíu, Suður-Ameríku og í Austur-Evrópu. Þá hefðu verslanakeðjurnar allar valdið breytingum á neyslu landsmanna í þeim löndum þar sem þær hefðu komið sér fyrir, með innflutningi á vörum frá Vesturlöndum.

Wrigley benti enn fremur á að þegar Tesco hefði farið til Asíu hefði keðjan meðal annars keypt ráðandi hluti í þeim verslanakeðjum sem fyrir hefðu verið á markaðnum. Tesco hefði meðal annars keypt 75 prósenta hlut í verslanakeðjunni Lotus í Taílandi og 81 prósents hlut í Homeplus í Suður-Kóreu. Þótt verslanakeðjan hefði tekið yfir innlendar verslanir í landnámi sínu hefði hún haldið nafni viðkomandi fyrirtækis í hávegum í stað þess að flagga sínu eigin. Slíkt hefði hjálpað til við landnám Tescos, að hans mati.

Aðsögn Wrigleys er athyglisvert að Tesco fann engan samstarfsaðila í Taívan þegar verslanakeðjan hugðist hefja starfsemi þar í landi. Afleiðingarnar urðu þær að landnám fyrirtækisins reyndist árangurslaust og hvarf fyrirtækið af landi brott í september á síðasta ári.

**MINNI SAMKEPPNI Á NORÐURLÖNDUM**
Ágúst Einarsson, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, ræddi í erindi sínu um smásöluverslun á Norðurlöndunum og greindi hvað væri líkt og ólíkt með einstökum löndum. Í erindi hans kom fram að samþjöppun smásöluverslana væri mikil á Norðurlöndunum, sem gjarnan væru talin lítill markaður enda íbúar landanna fimm ekki nema 25 milljónir samtals. Samþjöppunin væri mest hér á landi en stærsta verslunarkeðjan hefði 45 prósenta markaðshlutdeild. Minnst væri samþjöppunin hins vegar í Noregi en þar er stærsti aðilinn með 35,8 prósenta markaðshlutdeild.

Þá benti Ágúst jafnframt á að Íslendingar væru nokkuð frábrugðnir nágrönnum sínum að því leyti að 63 prósent landsmanna byggju á höfuðborgarsvæðinu. Slíkt er einsdæmi, að hans sögn. Íslendingar neyta jafnframt hlutfallslega langmest nágrannaþjóðanna af sykri og lambakjöti en eru í öðru sæti hvað svínakjötsneyslu varðar. Auk þess flytja Íslendingar hlutfallslega meira inn af vörum frá Norðurlöndunum en nágrannar þeirra, að Norðmönnum undanskildum. Hefur innflutningurinn aukist um þrjú prósentustig á árunum 1990 til 2004.

MÁLIÐ ER
*Smásöluverslun*

**BREYTTIR NEYSLUHÆTTIR**
Mark Harvey frá Manchester-háskóla fjallaði á ráðstefnunni um nýlega bók sína um evrópskan matvælamarkað, hlutverk stórmarkaða í Evrópu og traust neytenda á matvörum. Líkt og landi hans Wrigley ræddi hann sömuleiðis um vöxt smásöluverslana í sögulegu samhengi og greindi tvær meginbreytingar í gegnum tíðina. Fyrsta breytingin hefði verið á árunum 1890 til 1930 þegar verslanakeðjur þess tíma opnuðu nokkur útibú. Seinni byltingin hefði verið á árunum 1970 til 1990 þegar verslunarkeðjur á borð við Wal-Mart og Tesco litu dagsins ljós.

Seinni byltinguna tengdi hann breytingunni sem varð með tilkomu örbylgjuofna en í kjölfar þeirra urðu tilbúnir frystir skyndiréttir vinsæl vara hjá neytendum í Bretlandi.

Hvað traust almennings til matvöru og verslana varðaði sagði Harvey neytendur almennt íhaldssama og þeir færu iðulega í sömu verslanirnar.



**EINBEITTIR Á RÁÐSTEFNUNNI** Margir sóttu ráðstefnu í Háskóla Íslands um vöxt smásöluverslunar í alþjóðlegu samhengi.


10,3%
Nafnávöxtun síðustu 3 ár, 10,3% á ári.*
SJÓÐUR 11 – GÓÐIR ÁVÖXTUNARMÖGULEIKAR
**Hentar þeim vel sem vilja fjárfesta eða spara til langs tíma og eiga öruggan sparnað fyrir.**
Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á www.glitnir.is og kláraðu málið.
GLITNIR
Sjóður 11 er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.
*Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.


Kerfisloft
Svalagler
Steypumót
Gámaeiningar
CONTAINEX
Felliveggir
Stálgrindarhús
Gler og glerlausnir
Ertu í framkvæmdahug?
Hleðslubrýr
formaco
Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · www.formaco.is · formaco@formaco.is
Akstur- og iðnaðarhurðir
Gluggar og hurðir
Girðingar
Stigar
Kranar og vinnulyftur

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**5,07%** hlutur í French Connection sem FL Group hefur keypt.

**1.337** milljóna króna tap HB Granda á fyrsta ársfjórðungi.

**3,7** milljarða króna kaupverð sænska verðbréfafyrirtækisins Fischer Partners sem Glitnir keypti.

## BANKAHÓLFIÐ



### Söngur feitu konunnar

Nafngiftir eignarhaldsfélaga kalla oft á lestur í merkingu nafnanna og af því eru svo dregnar ályktanir. Björgólfsfeðgar stofnuðu eitt slíkt og nefndu það Óperu. Þegar tilkynning kom um kaup félagsins á hlut í Gretti, þá voru menn á því að enginn stofnaði óperu nema til að syngja. Í ljós kom svo að kaupin í Gretti voru hluti af stærri fléttu þeirra feðga til að taka af tvímæli um tökin sem þeir ætla að hafa á Straumi Burðarási. Þessar hreyfingar vekja litla kátínu í herbúðum Magnúsar Kristinssonar, en grunnt er á því góða milli hans og feðganna í hluthafahópi Straums. Fram undan eru því sennilega frekari hræringar í hluthafahópnum og ekki séð fyrir endann á togstreitunni. Eins og sagt var til útskýringar í annarri óperu: „It ain't over till the fat lady sings."

### Helgidagar varasamir

Í málarabransanum forðast menn helgidagana og þeir þykja til marks um slaka frammistöðu í greininni. Allar stéttir þurfa að glíma við sína „helgidaga" og blaðamenn ekki síður en aðrir. Þannig féll mbl.is í smá pytt á mánudaginn. Þar var um tíma uppi frétt þar sem greint var frá hækkun bandarískra hlutabréfa og hækkunin höfð til marks, að mati sérfræðinga, um hugsanlegan aukinn styrk eftir óróa undanfarinna vikna. Vandinn var bara sá að markaðir voru lokaðir á mánudag og því var fréttin væntanlega um það sem gerðist á föstudaginn. Í Bandaríkjunum heiðruðu menn minningu fallinna hermanna á mánudag og almennur frídagur var í Bretlandi. Mistökin uppgötvuðust greinilega, því að morgni sást hvorki tangur né tetur af þessari frétt. Þetta er jú kostur þess að vera ekki alltaf þrykktur með prentsvertu á pappír.

### Þéttofið regluverk

Tekjur danskra lögfræðinga námu á síðasta ári tæpum hundrað milljörðum íslenskra króna og hafa aukist um sextán prósent síðustu þrjú ár, samkvæmt tölum dönsku Hagstofunnar. Danskir lögfræðingar hafa gegnum árin helst sótt tekjur til prívatráðgjafar einstaklinga en nú er svo komið að um sjötíu prósent allra tekna koma af fyrirtækjaráðgjöf, tuttugu prósent frá einstaklingum og einungis tíu prósent frá ríkinu. Þykir þetta bera þéttofnu regluverki Evrópusambandsins fagurt vitni, enda eru það alþekkt sannindi innan lögfræðistéttarinnar að einungis lögfræðingar geta rekið fyrirtæki svo vel sé.


# Heimsmeistarakeppni heima hjá þér

Ef það er gaman að horfa á eitthvað í **alvöru sjónvarpi** þá er það stórviðburður eins og **Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu**.

Skerpan í SAMSUNG veggsjónvörpunum er nefnilega þannig að þeir næmustu þykjast sjá grasið spretta og hljóðkerfið flytur þig upp á áhorfendapallana.

Það gildir með veggsjónvörp eins og önnur tæki að gæðin eru misjöfn. Þegar fjárfest er í **gæðamerki** eins og SAMSUNG þarf ekkert að efast – fjárfestingin skilar sér alla leið

***..að ekki sé talað um þegar annað eins tilboð er í gangi!***



*Þú sparar þér 70.000.- kr.*

40" háskerpu LCD sjónvarp

**GÆÐI Á EINSTÖKU TILBOÐI:**

**SAMSUNG** LE40R51B
40" háskerpu LCD sjónvarp
· (High-Definition TV)
· Upplausn: 1366 x 768
· Skerpa: 3000:1
· Birta: 500 cd/m2
· DNIe myndleiðrétting
· 170° sjónarhorn
· SRS TruSurround XT hljóðkerfi
· 1000 síðna textavarpsminni

&

**SAMSUNG** DVD-125
DVD upptökutæki og spilari
· DVD, DVD-RAM, DVD-R,
· DVD-RW, SVCD, CD, CD-R, CD-RW,
· MP3 CD, JPEG CD DivX
· Sjálfvirkur kaflaskiptir
· HDMI, scart,
· Komponent
· DV-Inngangur



SAMSUNG DVD Upptökutæki og spilari

**Aðeins kr.: 259.900,-**

FYRIR **BÆÐI** TÆKIN!

sýn

**FYLGIR FRÍTT** með öllum 32" - og stærri sjónvörpum sem keypt eru hjá ORMSSON.*

*Undantekning er ofangreint tilboð á SAMSUNG LE40R51B

GERÐU KRÖFUR OG VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | RADIONAUST, AKUREYRI SÍMI 461 5000 | HAFNARGÖTU 25, KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | WWW.ORMSSON.IS

**Umboðsmenn: Suðurland:** Árvirkinn,Selfossi og Eyjaradio, Vestmannaeyjum. **Vesturland:** Model, Akranesi. **Vestfirðir:** Þristur, Ísafirði. **Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki, SR Byggingavörur, Siglufirði, Krákur, Blönduósi, Verslunin Urð, Raufarhöfn. **Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf, Eskifirði, Beint í Mark, Vopnafirði.



E*TRADE®

„Ég hef alltaf verið keppnismaður"

Þess vegna hef ég aðgang að E*TRADE. Með þátttöku í E*TRADE í gegnum Landsbankann býðst einstaklingum möguleiki á að nýta sér beint og milliliðalaust áhugaverð fjárfestingartækifæri. Á E*TRADE getur þú keypt og selt hlutabréf í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Bandaríkjunum. E*TRADE er einfalt í notkun, í boði eru ókeypis námskeið og allt viðmót er á íslensku.

Ert þú á E*TRADE ?

Kynntu þér málið á landsbanki.is eða hringdu síma 410 4000.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | landsbanki.is

## 4ra-6 herb. íb.



**Efstihjalli - laus fljótlega.** Vorum að fá í einkasölu góða vel skipulagða ca 90 fm íbúð á 2 hæð í mjög vel staðsettu húsi. Suður svalir. Stutt í t.d. skóla og leikskóla. V. 19,2 m. 6877



**Flúðasel - mjög góð íbúð.** Vorum að fá í einkasölu góða 101,4 fm íbúð á 3.hæð í góðri vel staðsettu húsi. Þvottahús í íbúð. Parket og flísar á gólfum. Góð staðsetning fyrir barnafólk. V. 18,7m. 6886



**Flúðasel - m.bílskýli - nýtt í sölu.** Í einkasölu góð 104,2 fm íbúð á 1 hæð ásamt stæði í bílskýli. 3 svefnherb, sérþvottahús. Parket. Frábært barnahverfi. V. 18,0 m. 4666



**Álftanes - glæsieign m. frábæru útsýni.** Stórglæsileg ca 120 fm íbúð á 2 hæð í nýju húsi. Sérinng. af svölum. 3-4 svefnherb. Glæsilegar innréttingar. Frábært útsýni. Stutt í skóla, íþróttahús og sundlaug. Eign í sérfl. V. 25,9. 6868



**Spóahólar - laus fljótlega.** Vorum að fá í einkasölu góða ca 90 fm 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í mjög góðri vel staðsettri blokk. Góðar sólarsvalir. Góð vel skipulögð íbúð. Stutt í t.d. skóla og leikskóla. V. 18,6 m. 6851



**Frostafold - m. bílskúr - mjög góð nýting.** Í einkasölu góð 4ra herb. 102 fm íb. á efstu h. í fallegu litlu fjölb. innst í lok. botnlanga. Bílskúr fylgir. Gott útsýni. Parket, góðar innrétt. 3 svefnherb. Mjög góð staðsetn. Áhv. hagst. lán. V. 24,9 millj. 4673



**Vesturhlíðar Grafarholts - Kristnibraut - glæsilegt útsýni.** Nýkomin Glæsileg 130,2 fm útsýnisíbúð á 3. hæð sem er efsta hæð í góðu mjög vel staðsettu húsi, aðeins ein íbúð á hæð, þrjár í stigagangi. Einstaklega velskipulögð íbúð með vönduðum sérsmíðuðum innréttingum, stórum suðvestur svölum og stórglæsilegu útsýni yfir borgina, Sundin, Snæfellsnes, Esju og fl. Parket og flísar á öllum gólfum. V. 30,6 m. 4667



**Bábryggja - góð eign á fínum stað.** Í einkasölu mjög góð vel skipulögð 105,3 fm 4ra herbergja íbúð á 2 hæð í vel staðsettri blokk. Vandaðar innréttingar og gólfefni, stórar suðursvalir. Þv.hús í íbúð. V.26,5 m. 4649

**Þorláksgeisli - m. Bílskúr** Í einkasölu glæsileg fullb. 4ra herb. íb. á 2. hæð (jarðhæð að ofanverðu) í flottu litlu fjölb. á mjög góðum stað. Sérinng. af svalagangi. Maghoný innrétt. Parket, sérþvottahús, sérgarður gengið út af suðursvölum. Mjög góður 27,7 fm bílsk. m. góðri geymslu. 6815

**Blöndubakki - með aukaherbergi í kj.** Vel skipulögð ca 125 fm 4ra herbergja íbúð á 3 hæð. sem er efsta hæð í vel staðsettri blokk, suður svalir. Íbúð fylgir herbergi í kj. sem hægt er að leiga. Mjög góð staðsetning, stutt hjá t.d. skóla og leikskóla. V. 20,9 m. 4638

**Engihjalli. Efsta hæð.** Í einkasölu góð vel skipul. ca 100 fm íb. á 8. hæð efsta í góðri vel staðs. lyftublokk. Glæsilegt útsýni, suðursv. Parket. V. 17,9 m. 4453

**Vesturberg - útsýnisíb.** Í einkasölu mikið endurn. ca 99 fm íb. á 3.hæð í fjölb. á fráb. útsýnisstað rétt við skóla og góða þjónustu. Nýl. eldhús, nýl. gólfefni og fl. Góð sameign. Mögul. að yfirtaka góð áhv. lán. Verð 19,5 millj./tilboð 4571

## 3ja herb. íbúðir.

**Möðrufell - 2-3ja herb. íb. talsv.endurn.** Í einkasölu falleg talsv. endurn. 2-3ja herb. (er með 2 svefnherb) í góðu húsi á fínum stað efst í Breiðholti. Nýl. gólfefni, flísal. baðherb. V.12,1 m 6850



**Selás - Skógarás - glæsil. útsýni. Hús klætt að utan.** Mjög falleg, velinnréttuð og velskipul. 86 fm íb. á 2.hæð í góðu varanlega klæddu (viðhaldsfríu) fjölb. á frábærum útsýnisstað. Parket, þvottaherb./geymsla innaf eldhúsi. Suðvestur svalir m. glæsil. útsýni yfir Rvk., Snæfellsnes o.fl. Gott verð 18,9 millj. 4580



**Ástún - laus strax** Góð mjög vel skipulögð ca 80 fm íbúð með sér inngangi af svölum. Stórar svalir. Öll sameign til fyrirmyndar. V. 17,9 m. 6903



**Básbryggja glæsil. á jarðh. -nýtt í sölu** Glæsileg 98 fm íb. á jarðh. í fallegu álkl. fjölb. á fínum stað í Bryggjuhverfinu. Vand. innrétt og gólfefni, mikið skápapláss. Glæsil. „skrúðgarður" á baklóð. V. 23,4 millj. 6900



**Hamravík - laus fljótlega.** Mjög góð 104 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð sem er efsta hæð í mjög vel staðsettu húsi. Sér inngangur. Suðursvalir, þvottahús í íbúð. Parket og flísar á öllum gólfum. V. 22,9 m. 6834



**Engihjalli -nýtt í sölu.** Góð vel staðsett ca 80 fm íbúð á 7 hæð í góðri blokk. Stórar svalir, glæsilegt útsýni, þvottahús á hæðinni. Góð vel skipulögð íbúð. Stutt hjá t.d. skóla,leikskóla. V. 15,9m. 6822

**Kaplaskjólsvegur - fallег íbúð.** Gullfalleg 80 fm 3ja íb. á 1 hæð í nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi rétt við KR-völlinn. Parket. Góð stofa. Stofa. Stutt í alla þjónustu, skóla og þjónustu. V. 19,5m. 6897



**Álftanes glæsilegt útsýni. Asparholt** Vorum að fá glæsilega 96 fm 3ja herbergja íbúð með sér inngangi í mjög vel staðsettri blokk. Stórar svalir, þvotthús í íbúð. Parket og flísar á öllum gólfum. Mjög góð staðsettning stutt í t.d. skóla,leikskóla og sundlaug. Íbúð er laus við kaupsamning. V. 22,7 m. 6839



**Þórðarsveigur - lyftuhús.** Stórglæsileg 3ja herb. endaíbúð á 3 hæð í nýju glæsil. lyftuhúsi. Sérþvottahús. Stæði í bílskýli. Tvö svefnherb. Suðursvalir. V. 21,9 m 6823



**Drafnarstígur - Vesturbæ.** Vorum að fá í einkasölu mjög góða ca 80 fm 3ja herbergja íbúð á 1.hæð í mjög góðu vel staðsettu fjölbýli. Íbúð er öll endurnýjuð á mjög vandaðan hátt, suður svalir. V. 20,5 m. 6810



**Eskihlíð - góð 3ja + aukaherb. Laus fljótl.** Í einkasölu rúmgóð 3ja herb. íb. á 3. hæð ásamt aukaherb. í risi m. símatengi og aðgangi að wc., alls 104 fm. Húsið í toppstandi, nýstands. að utan og nýtt þak. Ágætt eldhús og bað, tvö mjög stór herb. og rúmgóð stofa m. vestur svölum, fallegt útsýni. Áhv. ca 12 m. íbúðalánasj. Verð 18,9 millj. Laus í lok maí n.k. 6813



**Hólmgarður - laus strax** 75 fm efri hæð í vel staðsettu tvíbýli, íbúð fylgir ris sem er ekki inn í skráðum fm. Húið er klætt að utan. Íbúð er til afhendingar við kaupsamning. V. 19,2. 4659



**Álfkonuhvarf. - Sérinng.** Einkasala:Vönduð ca 100 fm íbúð með sér inngangi af svölum. Suður svalir, þvottahús í íbúð. Vandað parket á flestum gólfum. Gott stæði í lokuðu bílskýli fylgir íbúð. V. 24,9 4584



**Sæviðarsund 7 - m. aukaherbergi.** Í einkasölu: Glæsileg þriggja herbergja íbúð á 1 hæð í fallegu fjórbýlishúsi ásamt 15 fm aukaherbergi í kjallara sem hægt er að leigja út. Nýlegt parket, nýjar innihurðir. Vandað eldhús og bað. Eign í sérflokki. V. 21,9 m. Sjá myndir á mbl.is 4578



**Naustabryggja - glæsil. íbúð. - m. bílskýli** Í einkasölu glæsil. 95 fm íb. á 1. h. (jarðh.) í vönduðu álkl. fjölb. ásamt st. í bílsk. Glæsil. eldh.og baðherb. Vandað parket á gólfum. Sérþvottah. Útg. á stóra timburver. Verðtilboð 4022

# VALHÖLL

**FASTEIGNASALA**

## Sími 588 4477

## Suðurhólar - endaíbúð á útsýnisstað – laus í júlí!



Í einkasölu falleg 4ra herb. 107 fm endaíb. á 3.hæð í viðg. og máluðu fjölbýli á fráb. útsýnisstað rétt við góða skóla og íþróttaaðstöðu. 3 svefnh. Rúmgóð stofa og borðst., parket. Endurnýjað eldhús, endurnýjuð sameign. Mjög gott skipulag. **V. 18,9 m.**

## Lækjasmári - Kóp. Glæsileg rúmgóð íb. á rólegum stað. Nýtt í sölu.



Í einkasölu mjög falleg, nýleg 82 fm íb. á jarðhæð m. afgirta suðvestur verönd í litlu fjölbýli útvið útivistarsvæðið í Kópavogsdal. Góðar innr., parket, þvottaherbergi í íb. og fl. Mjög góð eign á eftirsóttum stað. Örstutt í alla skóla, verslun og þjónustu. **Verð 18,5 millj.** 6904

## Mosfellsdalur - glæsieign á 1 hektara eignarlands.



Valhöll fasteignasala kynnir glæsilega 500 fm eign á eins hektara eignarlóð sem staðsett er á jaðri skipulagðar byggðar í Mosfelldal í nágr. Gljúfrasteins með útsýni yfir allan dalinn og nálægt góðum göngu og reiðleiðum. Húsið er mjög glæsilegt 344,7 fm einbýlishús á 2 hæðum, 64.4 fm tvöf. bílskúr og 91 fm hesthús. Húsið er sérlega reisulegt og það sem einkennir það er mikil lofthæð, frábært skipulag, lítið mál að vera með 3ja herbergja aukaíbúð í syðri endanum, glæsilegt þak, frábært útsýni út Mosfellsdalinn og glæsileg fjallasýn og fl. Ekkert hefur verið til sparað við byggingu hússins og allt haft eins vandað og hægt er, t.d. Þakefni, gluggar og hurðir. Húsinu verður skilað rúmlega fokheldu.Búið er að jafna alla lóðina, raða holtagrjóti meðfram lóð, leggja vegi að húsi og hesthúsi, útbúa manir, gróðursetja ubb. 30 stk. 8m aspir á norður og austur hlið lóðar. Óskað er eftir tilboðum í eignina. Bárður sölustjóri veitir upplýsingar. 6846

**Kristnibraut - glæsileg eign.** Vönduð 105,9 fm íb. á 1.hæð (jarðhæð) í þessu fallega fráb. velstaðsetta húsi í grónu hverfi á mjög góðum útsýnisstað Vand. sérsmíðaðar innrétt. parket, glæsil. baðh. Sérlóð. Fráb. staðsetn. **26,9** 6806

**Skógarás - 3ja herb.** Falleg 3ja herb. íbúð á 2 hæð í fallegu nýstandsettu fjölbýli. Stórar vestur svalir. Parket. Mjög vel skipulögð íbúð á frábærum stað. V.18.6m. 4518

**Æsufell - mjög góð íb. m.útsýni. Nýtt í sölu** Í einkasölu rúmgóð og falleg 93 fm íb. á 5.hæð í nýlega standsettu og klæddu lyftuhúsi. Fallegt suður útsýni, nýtt parket, þvottaaðst. í íb. Góð eign á góðum stað. Verð 17,5 millj. 4587

## 2ja herb.íbúðir.

**OPIÐ HÚS Holtsgata 3, 1.h.h.** Í einkasölu glæsil. íb. á 1. hæð í nýju húsi á einstakl. góðum stað í vesturb. Reykjav. Afh. í okt. fullb. án gólfefna. Stæði í bílageymslu fylgir. Verð 22,4 millj. **EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG (SUNNUDAG) FRÁ KL. 13-15.**



**Sogavegur - glæsil. uppg. íbúð laus strax -nýtt í sölu** Í einkasölu glæsileg mikið endurnýjuð 2ja herb. íbúð á jarðhæð í góðu þríbýli á mjög góðum stað við Sogaveginn í húsi sem er byggt 1983. Til afh. strax. Áhv. ca 12,5 m. (grb. 65 þ. pr. mán.) v. 18,3 millj. 6899



**Við Laugardalinn - mjög góð íbúð m. útsýni- nýtt í sölu.** Í einkasölu mjög falleg og rúmgóð 75 fm íb. á 2.hæð á mjög eftirsóttum stað við Laugardalinn. Parket, góðar innréttingar, vestur svalir, fallegt útsýni. Örstutt í sundlaugarnar og fl. Verð 21,5 m./ tilboð. 6855

**Skipholt - 2ja herb.** Snyrtileg 46 fm íbúð í kjallara á frábærum stað. Nýlegt eldhús og plastparket. V. 12,9 m. 6875

# Baugakór Kópavogi

**3ja og 4ra herb. m. bílsk.**



Í EINKASÖLU glæsilegar íbúðir í 12 íbúða lyftuhúsi ásamt stæði í bílskýli. 3ja herbergja íbúðirnar eru 110 fm og 4ra herbergja frá 140 fm. Suðursvalir. Afhendast fullbúnar án gólfefna með vönduðum innréttingum og flísalögðu baðherbergi. Sérinngangur af svölum. Afhending í sept. 2006. Eignir á mjög góðu verði 4600

*Uppl. á Valhöll eða á www.nmedia.is/baugakor*

## Hamrakór - rað/tengihús afh. fullb.



Glæsileg 254 fm frábærl. velskipul. raðh./tengihús á mjög góðum útsýnisstað. Húsin afh. fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. frá Byko og flísal. aðalbaðherb. Gólfhiti í húsinu. Mjög gott skipul. Lóð og bílastæði afh. fullb. Suðv.garður og stórar svalir. Afh. í jan-feb. 2007.

Sjá nánari upplýsingar á www.nybyggingar.is 6862

## Hamrakór - einbýli -Gott verð



Í einkasölu glæsileg velskipulögð 228 fm hús á 2.hæðum með innbyggðum 41,2 fm tvöf. bílskúr. Húsin afhendast tilbúin til innréttinga að innan og fullbúin að utan með grófjafnaðri lóð.
Verð. Sjá www.nybyggingar.is 4150

## Gvendargeisli - ný glæsileg fullbúin raðhús á einni hæð - m. bílskúr.



Gvendargeisli 128-166 eru raðhús á einni h. sem skiptast í íb. 140 fm og bílsk. 28 fm Húsin eru velstaðs. og er stutt í grunnskóla, leikskóla og aðra þjónustu. Tvö húsanna eru til afhend. eftir ca mánuð fullb. án gólfefna með vönduðum sérsmíð. innrétt. Flísal. baðherb. Garður snýr í suður og afh. fullfrág. og 25 fm timburv. fylgir hverju húsi. Bílsk. afhend. fullb. með fjarstýringu. **Verð 39,8 millj.** 4276

## Krókavað - Glæsilegar sérhæðir



Í einkasölu glæsil. 127 fm efri sérh. auk ca 40 fm bílsk. eða neðri sérh. 127 fm á mjög góðum stað innst í lokaðri götu við Krókavað. Seljast fullbúnar án gólfefna m. gólfhita og vönduðum innr. Stórar svalir fylgja efri hæð ofan á bílskúr.
Sjá www.nybyggingar.is 4413

## Rauðavað ein 2ja , ein 3ja og ein 4ra m. bílskýli afh. strax



Í einkasölu nýjar glæsilegar 94 fm 2ja herb. íb. á jarðh. m. 40 fm sérafn.rétti , 108 fm 3ja herb. íb. og 119 fm 4ra herb. íb. á 2. hæð. Afh. við kaupsamn. fullb.án gólfefna. Sérinngangur af svölum. Stæði í fullb. glæsil. bílskýli fylgir eigninni. V. 26,9 millj. fyrir 4ra, 23,5 m.fyrir 3ja og 19,9 millj. fyrir 2ja. Verðið gerist varla betra en þetta !
**V. 26,9 m.** 3747

## Nýtt glæsil. lyftuhús í Selvaði m. bílskýli. 4.íbúðir eftir.



Nýtt glæsil. lyftuhús m. 28 íbúðum. Húsið afh. fullb. að utan og lóð og bílast. afhendast fullfrág. Íb. sem eru fráb. velskipul. afhend. fullb. með vönd. innréttingum frá Brúnas en án gólfefna og án flísal. á baðherb.. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum sem eftir eru. 4100
www.nybyggingar.is

## Sérhæðir við Andarhvarf í Kópavogi.



Sérhæðir á fínum útsýnisstað við Andarhvarf í Kópavogi. Um er að ræða 134,3 fm sérh. ásamt bílsk. sem eru 25,1 fm og 26,9 fm Íb. afh. fullfrág. án gólfefna. Frábært skipulag með tveimur baðherbergjum, sérlóð með íbúðum neðri hæðar og svalir með íbúðum efri hæðar. Ein íbúð til afhendingar í apríl 2006 og hinar afh. í haust.
**V. 35,9 m.** 3722

**VALHÖLL**
**FASTEIGNASALA**
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Frum



# Skólagarðar Reykjavíkur

Skólagarðarnir hafa það að markmiði að kenna börnum umgengni við gróður og ræktun. Hverjum einstaklingi er úthlutað garði og fræi, útsæði og grænmetisplöntum til ræktunar. Með börnunum starfa leiðbeinendur við ræktunina. Auk garðyrkjustarfa er farið í leiki og ferðir t.d í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, bíó o.fl. Haldnar eru sumarhátíðir í hverjum garði með grilli og ýmsum skemmtunum. Í lokin eru afhentar viðurkenningar fyrir sumarstarfið. Starfsemin byrjar 6. júní og lýkur um 18. ágúst.

**Innritunarstaður:** Í hverjum garði fyrir sig.
Opnunartími: 8.00 –16.00.
Innritun 8-12 ára barna: 31.maí – 2. júní.
Innritun eldri borgara: 2. júní.
Verð: 2.500,- (ath. tökum ekki greiðslukort)

**Staðsetning Skólagarða:**

| | |
|---|---|
| Þorragötu í Skerjafirði | 693-2443 |
| Við Holtaveg í Laugardal | 693-2442 |
| Fossvogi við Bjarmaland | 693-2329 |
| Árbæ vestan Árbæjarsafns | 693-2309 |
| Dalbær við Stekkjarbakka | 693-2308 |
| Við Jaðarsel | 693-2449 |
| Kotmýri við Logafold | 693-2447 |
| Gorvík við Strandveg | 693-2448 |
| Verkstjóri | 693-2323 |
| Aðstoðarverkstjóri | 693-2301 |

ÖMMUBAKSTUR

**Ömmubakstur óskar eftir starfsfólki til starfa.**
**Um er að ræða nokkur störf við:**

-Útkeyrslu og sölu – Sumarstarf
Reynsla af dreifingu er kostur

-Símavörslu, afgreiðslu og sölu – Sumarstarf
Reynsla af Navision sölukerfi kostur

-Framleiðsludeild morgunvaktir – Sumar og framtíðarstörf
Reynsla af meðhöndlun matvæla kostur

Áhugasamir hafi samband við Ömmubakstur
í síma 5541588 Guðbjörn/Snorri

HOTEL BÚÐIR

## Óskum eftir starfsfólki.
## Ekki yngri en 18 ára.

**Yfirþerna/Herbergisþernur.**
Einungis þrifalegt og duglegt fólk kemur til greina.

**Næturverði**
Tungumálakunnátta, samviskusemi og lipurð í mannlegum samskiptum nauðsynleg.

**Í eldhús:**
Aðstoð í eldhúsi.
Snyrtimennska , áhugi á matargerð og einhver reynsla skilyrði.

**Í þjónustustörf:**
Aðstoðarfólk í sal.
Starfsreynsla,snyrtimennska, tungumálakunnátta og lipurð í mannlegum samskiptum nauðsynleg.

**Skriflegar umsóknir sendist:**
**Hótel Búðir**
**Búðir • 356 Snæfellsbæ • Netfang; budir@budir.is**

FASTEIGNAKAUP
**Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is**

## Til sölu - Ægisvellir 1
## 230 Keflavík



Frum

Fasteignakaup kynnir sérlega glæsilegt 165 fm parhús við Ægisvelli í Keflavík þar af 45,3 fm innbyggður bílskúr. Eignin skiptist í stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, vinnuherbergi, þvottahús og bílskúr. Bílaplan: Er hellulagt og hellulögð verönd framan við húsið. Sólpallur: Á stórri hornlóð hússins er sérlega góður sólpallur. Afh. eignar: Fljótlega. Verð: 34,9 millj.

***Nánari upplýsingar www.fasteignakaup.is***
***Nánari uppl. gefur Guðmundur Valtýsson gsm 865 3022***
***Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- fyrirtækjasali***

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

## HVAMMABRAUT - HF.



Frum

Nýkomin í einkasölu sérlega falleg 104,6 fm 4ra herbergja íbúð á annari hæð á þessum barnvæna stað, 3 svefnherbergi snyrtilegt baðherbergi, fallegt eldhús. Rúmgóð stofa með útgengi á svalir, aðgangur að bílageymslu. Laus strax.
**Verð 18,8 millj.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

# TIL SÖLU // LEIGU



Ingvi Rúnar
Sölufulltrúi
**896 0421**
ingvi@remax.is



Jónas Örn
Jónasson hdl.
Lögg.fasteignasali

## Steinhella 5, Hafnarfirði

Góð eign fyrir smærri rekstraraðila og eða einstaklinga
80% fjármögnun.







Um er að ræða 10 iðnaðarbil í þessu nýja stálgrindahúsi. Húsið er með um 7 mtr. lofthæð. Þakklæðning og útveggir eru úr samlokueiningum og innbrenndum lit. 4ja metra há innkeyrsluhurð (fellihurð) er á hverju bili og gönguhurð. Húsnæðið er fullbúið að utan og malbikuð rúmgóð lóð kringum húsnæðið. Í hverju bili er fullfrágengið brunakerfi, hitablásari og snyrting, gólfplata er vélslípuð, innst í hverju bili er hringstigi upp á milliloft með steyptri gólfplötu (starfsmannaðstaða/skrifstofa).
Brunaútgangur er í miðju húsnæðinu og er hann sameign allra bila, skiptir hann húsnæðinu í tvennt og eru 7 eignarhlutar sitt hvoru megin við hann.

Það sem til sölu er í þessu stórgóða iðnaðarhúsnæði eru:

| | |
|---|---|
| 5 bil, hvert þeirra er 142,3 m2 þar af 33,7 m2 milliloft | kr. 21.345.000 |
| 2 bil, hvert þeirra er 131,9 m2 þar af 33,7 m2 milliloft | kr. 19.800.000 |
| 2 bil, hvert þeirra er 148,6 m2 þar af 36,4 m2 milliloft | kr. 22.290.000 |
| 1 bil, 140,4 m2 þar af 33,7 m2 milliloft | kr. 21.060.000 |

Möguleg 80% fjármögnun.

## Fossaleyni 16, Grafarvogi

Skrifstofa







Glæsileg 176,3 m2 óinnréttuð skirfstofuhæð á annari hæð til sölu eða leigu, steinteppi á gólfum.
Húsnæðið afhendist í núverandi ástandi. Góð aðkoma og næg bílastæði
Verð 28,0 miljónir

Nánari upplýsingar gefur Ingvi Rúnar s: 896-0421, e-mail: ingvi@remax.is

**Frekari upplýsingar veitir Ingvi Rúnar – 896 0421**
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX MJÓDD
Þönglabakki 1 - 109 Reykjavík
www.remax.is

RE/MAX® MJÓDD



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Páll Hannesson**
Akri, Grindavík,

er látinn.

**Eiginkona, sonur, tengdadóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, stjúpfaðir og afi,*

**Magnús S. Jósepsson**
bóndi, Fremri-Hrafnabjörgum, Hörðudal, Dalasýslu,

sem andaðist 24. maí sl. á Hjúkrunarheimilinu Skjóli, verður borinn til grafar frá Snóksdalskirkju laugardaginn 3. júní kl. 11.00 árdegis.

**Ólafía K. Hjartardóttir**
**Hinrik Hinriksson** **Ólafía H. Bjargmundsdóttir**
**Ólafía M. Hinriksdóttir**
**Halldóra G. Hinriksdóttir** **Páll L. Sigurðsson**
**Bjargey Una Hinriksdóttir** **Róbert E. Jensson**
**Hinrik Ingi Hinriksson**

---



*Elskulegur faðir okkar og vinur,*

**Rodolphe Giess**
Hátröð 4, Kópavogi,

lést í Frakklandi laugardaginn 13. maí sl. Útför hans hefur þegar farið fram frá Église de Puyricard í S-Frakklandi. Minningarathöfn verður haldin í Kópavogskirkju miðvikudaginn 31. maí kl. 17:00.

**Emilía Ásta Giess**
**Alexander Giess**

**Sigrún Guðmundsdóttir**
**Hrefna Clausen**

---

*Maðurinn minn,*

**Þorkell Bjarnason**
á Laugarvatni,

sem lést 24. maí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Skálholtskirkju föstudaginn 2. júní kl. 14:00.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Landssamtök hjartasjúklinga.

**Ragnheiður Ester Guðmundsdóttir.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Sigrúnar I. Sigurþórsdóttur**
frá Eiðum.

**Ingibjörg Þórarinsdóttir** **Guðmundur S. Jóhannsson**
**Þórarinn Þórarinsson** **Sigríður Vilhjálmsdóttir**
**Stefán Þórarinsson** **Helga Jóna Þorkelsdóttir**
**Sigurður Þórarinsson** **Margrét Jónsdóttir**
**Ragnheiður H. Þórarinsdóttir** **Hans U. Vollertsen**
**Hjörleifur Þórarinsson** **Bergþóra Baldursdóttir**
**Halldór Þórarinsson** **Sigríður Wöhler**
**Ingibjörg Einarsdóttir** **Jóhann Grétar Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

---

**JOSEPH HAYDN (1732-1809), LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ég var útilokaður frá heiminum. Enginn var til staðar til að rugla mig eða pína svo ég var neyddur til að vera frumlegur."*

***Austurríska tónskáldið Joseph Haydn var aldrei í læri hjá kennara. meistara tónbókmenntanna.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 31. MAÍ 1962

## *Eichmann tekinn af lífi*

Á þessum degi árið 1962 var Þjóðverjinn Adolf Eichmann hengdur í Ísrael. Þannig var úrskurði ísraelsks dómstóls framfylgt sem dæmdi hann til dauða fyrir glæpi gegn mannkyninu.

Eichmann var foringi í SS-sveitum nasista og var meðal annars yfirmaður deildar sem skipulagði brottfluttning gyðinga. Við lok seinni heimstyrjaldarinnar fangelsuðu bandamenn Eichmann en honum tókst að sleppa frá þeim og lagðist á flótta um heiminn.

Hann settist að í Argentínu árið 1958 en í maí árið 1960 handsömuðu ísraelskir leyniþjónustumenn hann og fluttu til Ísrael. Miklar deilur spunnust um



**RÉTTAÐ YFIR EICHMANN Í ÍSRAEL**

réttmæti handtökunnar þar sem hún var framkvæmd án vitneskju argentínskra stjórnvalda. Eichmann var engu að síður leiddur fyrir sérskipaðan þriggja manna rétt í Ísrael sem dæmdi hann til dauða.

---



*Elskulegur eiginmaður minn, stjúpfaðir okkar, sonur, bróðir og tengdasonur,*

**Bergur Magnús Guðbjörnsson**
Reynigrund 47, Akranesi,

varð bráðkvaddur sunnudaginn 28. maí.

**Oddný Guðmundsdóttir**
**Þórhildur Kristjánsdóttir**
**Svavar Kristján Kristjánsson**

**Áslaug Ármannsdóttir** **Guðbjörn Páll Sölvason**
**Þóra Benediktsdóttir** **Guðmundur Kr. Guðmundsson**
**Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir** **Gunnhildur Guðbjörnsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Konan mín, móðir okkar, amma og langamma,*

**Sigríður Óskarsdóttir**
Langholtsvegi 162, Reykjavík,

lést á Landspítalanum mánudaginn 22. maí. Jarðarförin hefur farið fram.

**Magnús Jónsson**
**Friðrik Magnússon**
**Hrefna Magnúsdóttir**
**Jón Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Jóhannsson**
frá Valhöll á Bíldudal, til heimilis að Kleppsvegi 62, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 1. júní kl. 13:00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á endurbyggingarsjóð Bíldudalskirkju.

**Arndís Ágústdóttir**
**Gústaf Jónsson** **Erla Árnadóttir**
**Jakobína Jónsdóttir** **Sigurþór L. Sigurðsson**
**Kolbrún Dröfn Jónsdóttir** **Kristófer Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar Ólafar Þór**
Kópavogsbraut 4.

**Gunnar Harðarson**
**Helga Harðardóttir** **Sigurður Grétar Guðmundsson**
**Hildur Harðardóttir**
**Hrafn Harðarson** **Anna Sigríður Einarsdóttir**
**Hulda Harðardóttir** **Halldór Björnsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

THORVALDSENFÉLAGIÐ BASAR: HUNDRAÐ

# Ekki með sama s

Hundrað ár eru um þessar mundir liðin frá því að fyrsta símaskráin var gefin út. Basar Thorvaldsenfélagsins hefur verið skráður í símaskrána frá upphafi og alltaf eins. Í tilefni þessa var Thorvaldsenfélaginu afhent viðhafnarútgáfa þar sem talsímaskráin svokallaða frá árinu 1906 er bundin saman við símaskrá þessa árs.

Basar Thorvaldsenfélagsins er því búinn að vera í hundrað ár í Austurstræti 4 og meira að segja fimm árum betur. „Við höldum einmitt upp á það [á morgun] að basarinn verður búinn að vera hérna í 105 ár," segir Lára Margrét Gísladóttir, varaformaður Thorvaldsenfélagsins, sem veitti símaskránni viðtöku. Reyndar hefur símanúmerið ekki alltaf verið það sama og stofn þess ekki heldur. „Ég sá í skránni að við vorum númer 138 þarna 1906 en ég veit ekki hvenær þetta breyttist," segir Lára en símanúmer basarsins er núna 551-3509.

„Til að byrja með var félagið stofnað til að kenna ungum stúlkum hannyrðir en basarinn var stofnaður til að gefa konum tækifæri til að selja hannyrðirnar sína. Í dag er basarinn rekinn þannig að félagskonurnar eru í sjálfboðavinnu við afgreiðslu en við erum með eina konu sem er verslunarstjóri og við borgum henni laun." Hannyrðir félagskvenna eru enn



seldar í basarnum en þar að auki eru til sölu minjagripir og aðrar íslenskar vörur. „Núna eru það mestmegnis ferðamenn sem versla hérna hjá okkur," segir Lára.

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Þorvarðarson**
skipstjóri, Kleppsvegi 62, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 29. maí síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Bústaðakirkju föstudaginn 2. júní kl. 13.00.

**Helga Jónsdóttir**
**Aðalbjörg S. Gunnarsdóttir**
**Björg Gunnarsdóttir** **Finnbogi Sigurðsson**
**Ágústa Gunnarsdóttir**
**Þorvarður Gunnarsson** **Þórlaug Ragnarsdóttir**
**Jón Gunnarsson** **Sigríður G. Sverrisdóttir**
**Helga Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




## AFMÆLI



**Helgi E. Helgason** sviðsstjóri útgáfu- og upplýsingasviðs KÍ er 62 ára.



**Benedikt Erlingsson** leikari er 37 ára.



**Jón Ásbergsson** framkvæmdastjóri Útflutningsráðs Íslands er 56 ára.



**Kristján Þórðarson** (Stjáni Stuð) er 37 ára.



**Karl Gauti Hjaltason** sýslumaður í Vestmannaeyjum er 47 ára.



**Róbert Marshall** forstöðumaður NFS er 35 ára.



**ARNARDANS** Innfæddir Ameríkumenn stóðu fyrir listahátíð í Connecticut-fylki á dögunum. Þar sýndi þessi tignarlegi Síoux indíáni listir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## MERKISATBURÐIR

1759 Landnemabyggðin í Pennsylvaníu bannar allar leiksýningar.

1790 Sett eru lög um höfundarrétt í Bandaríkjunum.

1884 John Harvey Kellogg fær einkaleyfi á kornflögum.

1927 Síðasti T-módelbíllinn frá Ford rennur af framleiðslufæribandinu.

1973 Richard Nixon Bandaríkjaforseti fundar með George Pompidou forseta Frakklands á Kjarvalsstöðum.

1990 Fyrsti þáttur í sjónvarpsþáttaröðinni sívinsælu Seinfeld er sendur í loftið.

1991 Alþingi kemur saman í einni deild eftir að hafa starfað í 116 ár í efri og neðri deild.

1997 Landslið Íslands í handknattleik hafnar í fimmta sæti á heimsmeistaramótinu í Japan.

1998 Tilkynnt er um brotthvarf söngkonunnar Geri Halliwell úr hljómsveitinni Spice Girls.

ÁR Í SÍMASKRÁNNI

# ímanúmer



**LÁRA MARGRÉT GÍSLADÓTTIR VARAFORMAÐUR THORVALDSENFÉLAGSINS** Hundrað ár eru liðin frá útgáfu fyrstu símaskrárinnar og er basar Thorvaldsenfélagsins eina félagið sem hefur verið skráð í símaskrána frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ANDLÁT

**Pálína Sigurrós Guðjónsdóttir** frá Munaðarnesi, Strandasýslu, lést á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 24. maí.

**Páll Hannesson**, Akri, Grindavík, er látinn.

**Soffía Arinbjarnar** lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 26. maí.

**Vigdís Hannesdóttir** frá Hvoli, Vestmannaeyjum, Melbæ 23, lést sunnudaginn 28. maí.

## JARÐARFARIR

11.00 **Jónína Magnea Guðmundsdóttir**, Álfaskeiði 96, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

15.00 **Haraldur Elías Waage**, Hafnarbraut 23, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Jórunn Jónsdóttir**, (Lóa), áður Hringbraut 45, Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

17.00 Minningarathöfn um **Rodolphe Giess** verður haldin í Kópavogskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Þáttur kvöldsins er fyrsti af þremur upprifjunarþáttum, þar sem sýnd verða brot af því besta úr þáttum vetrarins. Í þættinum í kvöld sýnir Guðlaug Elísabet leikkona okkur fallega nýja baðherbergið sitt, við fáum gómsæta uppskrift hjá Bryndísi Schram og skoðum fyrra innslagið heima hjá Völu Matt.
Stútfullir þættir af hugmyndum, hönnun, lífsstíl og s kemmtilegu fólki – næstu þrjú miðvikudagskvöld á Stöð 2.

HÖNNUN OG LÍFSSTÍLL Á STÖÐ 2

Ekki missa af því besta í vetur – Veggfóður í kvöld kl. 20:05






## STUÐ MILLI STRÍÐA Er lífið of stutt?

**STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON** HEFUR ÁTTAÐ SIG Á ÞVÍ AÐ HANN ER UNGUR OG ÓREYNDUR.



Ég er langyngstur þeirra blaðamanna sem fá að skrifa í þennan ágæta dálk. Reyndar er ég svo ungur að ég er iðulega kallaður barnið í deildinni minni af reyndar háöldruðum yfirmönnum mínum, svo ég skjóti aðeins til baka. Ég verð að viðurkenna að ég hef haft fordóma fyrir því að eldast, mikla fordóma. Að hjakka sífellt í sama farinu og aldrei neitt ævintýralegt að gerast í lífinu.

Ég var einn af þeim sem var ekki að flýta mér í gegnum framhaldsskólann, tók mig heil fimm ár að ljúka honum en náði þó að útskrifast af tveimur brautum. Ég á fullt af vinum og kunningjum sem eru komnir „lengra" í lífinu en ég; eru trúlofaðir, í barnahugleiðingum, farnir að búa, komnir langt í námi og annað slíkt. En með því að vera barnið á deildinni minni hef ég komist að því að bestu ár lífs míns eru ekkert endilega á enda og ég tel hæpið að hinar myrku miðaldir sem ég óttaðist séu framundan. Í kringum mig vinnur nefnilega alls konar fólk á öllum aldri. Fólk sem virðist hafa gaman af lífinu og leikur sér alveg jafn mikið og ég, táningurinn. Sumir leika sér jafnvel enn meira en ég sem á þó að vera í blóma lífsins, samkvæmt almennri skilgreiningu annarra á mínum aldri.

Krakkar, eða fólk á mínum aldri, virðast margir hverjir ekki alveg átta sig á því hvað lífið er langt. Flestir á mínum aldri eru rétt svo búnir með 1/3 til 1/5 af lífi sínu, sem er rosalega lítið. Besta dæmið um fordóma minnar kynslóðar var þegar sessunautur minn, sem er 27. ára gömul, var spurð af jafnaldra mínum hvort hún væri ekki hrædd um að hafa misst af tækifærinu til þess að kynnast manni og eignast fjölskyldu í kjölfar þess að hún hætti með kærastanum sínum. Er lífið virkilega það stutt að við þurfum að vera komin með fjölskyldu fyrir þrítugt? Ég vona að minnsta kosti ekki því þá þarf ég að fara að spýta í lófana.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Överli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott








Afnemum VSK
af öllum Prostyle hágæða hjólum
26"hjól
City Cruiser
Dempari á hnakkstöng
Breiður hnakkur
Sér mótaðar höldur fyrir betra grip
Bjöllur fylgja öllum Prostyle hjólum
Bögglaberi
Rafdrifin lukt með dínamó
Hæðarstillir á stýri
Dempari á gaffli
Rafdrifin lukt með dínamó
Lás fylgir öllum Prostyle hjólum
Bretti að framan og að aftan
Breið dekk fyrir betra grip
Álgjarðir
Shimano gírar
Glitaugu í pedölum og gjörðum
Munstruð dekk fyrir malbik
12"hjól 3-5 ára
Champion
Bremsur: Handbremsur að aftan og fótbremsa að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk, lás, bjalla.
"hjól 3-5 ára
Girl
Bremsur: Handbremsur að aftan og fótbremsa að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk, lás, bjalla.
Afnemum VSK
af öllum hjólum
16"hjól 5-7 ára
Bre
að f
að a
Hjól
pedö
aftan
lás, b
að af
frama
keðjuh
hjálpa
dekk.
16"h
ss
keðjuhlíf.
20"hjól 7-9 ára
Eos Fatboy
Bremsur: Handbremsur að aftan og að framan
Dekk: Breitt 20" dekk að aftan, 24" dekk að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, krómbretti að aftan, keðjuhlíf, bjalla.
20"hjól 7-9 ára
Queen
Gírar: 6 gíra.
Tegund gíra: Shimano grip shift.
Bremsur: Handbremsur að framan og að aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að framan og að aftan.
Gildir til 7. júní eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Kl. 21.00**
*Sokkabandið frumsýnir leikritið Ritskoðarinn eftir Anthony Neilson í sal Sjóminjasafns Íslands við Grandagarð í Reykjavík. Leikstjóri er Jón Páll Eyjólfsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Menningarleg vorlesning




Vorhefti menningartímaritsins Skírnis geymir margvíslegan fróðleik sem í þetta sinn snýr að eins ólíkum viðfangsefnum og orrustuþotum Bandaríkjamanna og gotneskri heimssýn dagblaðsins DV á árunum 2003-2005. Rithöfundurinn Gunnar Gunnarsson hefur verið töluvert í umræðunni undanfarið og birtir Skírnir nú bréf sem Halldór Laxness skrifaði Gunnari um það leyti sem hann þýddi verk hans á íslensku og vitna bréfin til dæmis um gagnkvæma virðingu þessara tveggja af mestu rithöfundum síðustu aldar. Halldór Laxness þýddi meðal annars Fjallkirkjuna, höfuðverk Gunnars Gunnarssonar, en Gunnar þýddi á sínum tíma skáldsöguna Sölku Völku yfir á dönsku. Sagnfræðingurinn Einar Már Jónsson ritar enn fremur grein um sögulegar skáldsögur Gunnars í Skírni.

Tvær greinar eru birtar í ritinu sem á einn eða annan hátt fjalla um fjölmiðlun og ástand þeirra. Ármann Jakobsson skrifar um veruleikasjónvarp og Guðni Elísson skrifar grein um hryllingsvæðingu íslensks veruleika í DV út frá hugmyndum um frásagnarhátt og áherslur í gotneskum skáldsögum.

Nýr ritstjóri Skírnis, Halldór Guðmundsson, heldur í hefðir og úr hugskotum heimspekinnar birtist grein eftir Atla Harðarson um auðmýktina og myndlistin fær einnig sitt rými. Listamaður Skírnis að þessu sinni er Hildur Bjarnadóttir og skrifar Auður Ólafsdóttir listfræðingur upplýsandi og aðgengilega grein um verk hennar. Ritið er einnig smekkfullt af rýni og umfjöllun um nýlegar bókmenntir, þar á meðal um bækurnar sem hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin í vetur.

## > Ekki missa af...

tónleikum tríós Anders Widmark sem leikur á Nasa á fimmtudags- og föstudagskvöld á vegum Listahátíðar í Reykjavík. Músíkalskur bræðingur í heimsklassa.

Björtum dögum í Hafnarfirði sem hefjast á morgun. Fjölbreytt dagskrá fyrir alla listunnendur.

sýningum á Alveg brilljant skilnaði þar sem Edda Björgvinsdóttir fer á kostum í harmlegum skopleik. Sýningarferðalag stendur yfir.

# FÍT styrkir útgáfu

Á aðalfundi Félags íslenskra tónlistarmanna sem haldinn var síðastliðinn mánudag var úthlutað fimm styrkjum til félagsmanna sem nýtast munu þeim til útgáfu hljómdiska.

Um er að ræða árlega styrkúthlutun félagsins. Styrkina hlutu að þessu sinni þau Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari og Steef van Oosterhaut slagverksleikari, Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Árni Heimir Ingólfsson píanóleikari, Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari og Richard Simm píanóleikari, Einar Jóhannesson klarinettuleikari og Douglas Brotchie orgelleikari og Berglind María Tómasdóttir flautuleikari. - khh



**HLUTU STYRKI TIL HLJÓMDISKAÚTGÁFU** Steef van Oosterhaut, Herdís Anna Jónsdóttir, Árni Heimir Ingólfsson, Rut Ingólfsdóttir, Berglind María Tómasdóttir, Einar Jóhannesson og Margrét Bóasdóttir, formaður FÍT. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Varst þú í Reykjaskóla??

Reykjaskólapartý
10. júní 2006

1972?
1973?
1974?
1975?
1976?
eða
1977?




Laugardaginn 10. júní ætla gamlir nemendur frá árunum 1974-1975 að hittast á Reykjum og rifja upp gamlar minningar. Vegna fjölda áskoranna langar okkur til að hvetja fólk sem var í Reykjaskóla á árunum 1972 -1977 að skella sér í partý til okkar á laugardaginn 10. júní. Hægt er að panta gistingu á staðnum eða koma með tjald, tjaldvagn, fellihýsi nú eða húsbíl... Sund og heitir pottar, gleði og gaman. Glæsilegt hlaðborð á laugardagskvöldinu.
Um kvöldið verður dansæfing að fornum sið.
Eitthvað verður spilað af tónlist þessa tíma, af nógu að taka þar, það má vera í útvíðum gallabuxum.
Mæltu þér mót við gamla vini. Sjáumst Hress!!!
Kíkið á bloggsíðuna okkar:
http://rskparty2006.blog.is/blog/rskparty2006/

Nánari upplýsingar gefa: Atli Vilhjálms: 897 1852
Bogga Einars.: 848 0579 • Hilmar Hreins.: 824 2884
Dóri Lár: 864 3603 • Magga Hallgríms.: 696 5131

http://rskparty2006.blog.is/blog/rskparty2006/
Þeir sem komast ekki verða endilega að koma..




**ATLI HEIMIR SVEINSSON TÓNSKÁLD** Kveðst vera bókakarl og forðast að verða fagidjót í músík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tónlist þegar orðin þrýtur

**Önnur sinfónía Atla Heimis Sveinssonar verður frumflutt á morgun. Hún einkennist af ættjarðarrómantík en tónskáldið vísar í henni til fimm af höfuðskáldum íslenskra bókmenntá.**

Atli Heimir útskýrir að sinfónían sé um landið okkar og umhverfi en verkið samdi hann að mestu þegar hann dvaldi sem gestaprófessor í Bandaríkjunum árið 2002. „Ég held nú ekki að ég hafi verið með heimþrá en okkur verður nú landið oft hugstætt þegar við erum á erlendri grund.“ Sinfónían er í fimm þáttum og vísa heiti þeirra til ljóðlína Stephans G. Stephanssonar, Hannesar Hafstein, Kristjáns Jónssonar fjallaskálds, Einars Benediktssonar og Jóhannesar úr Kötlum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur verkið en stjórnandi verður Bernharður Wilkinson. „Þetta er stór sinfónía og alveg óskaplega erfið fyrir hljómsveit, en ég held að þau klári þetta alveg – sinfóníuhljómsveitin okkar er mikil gersemi. Verkið reynir bæði á heildina og einstaklinga innan hennar með nokkuð mörgum einleiksstrófum,“ útskýrir Atli Heimir.

Verkið er einnig skrifað fyrir kór sem oft syngur án orða en sinfónían endar síðan á tilvitnun í leikskáldið William Shakespeare. „Ég held að sinfóníur eigi að hafa einhvern boðskap og ætli við getum ekki sagt að þetta minni mig á svona stóran skáldsögudoðrant frá 19. öld. Það voru oft ansi þykkar bækur og þá töluðu menn um að skáldsagan ætti að vera heimur út af fyrir sig. Eitthvað slíkt hef ég reynt að gera í báðum þessum sinfóníum sem ég hef samið,“ segir Atli Heimir. Hann kveðst vera að semja sína fimmtu sinfóníu og verður hún væntanlega tilbúin í sumar. „Ég veit ekki af hverju ég er að þessu,“ segir hann sposkur, „maður hlýðir bara einhverri rödd innra með sér.“

Varðandi tengslin við bókmenntirnar og brunninn sem Atli Heimir sækir í þar segist tónskáldið vera „dálítill bókmenntakarl“. „Ég les mikið af bókum og auðvitað eru allar listirnar svolítið skyldar. Ég veit nú ekki hvort það er eitthvað beint samband milli bókmennta og tónlistar en þegar ég les eitthvað eða fæst við bókmenntirnar þá kemur það hugmyndafluginu af stað, það eru einhverjar hugmyndir og reynsla sem ég reyni að yfirfæra á tónlistarsviðið. Ég hef reynt að forðast að verða fagidjót í músík og þess vegna fylgist ég vel með öðrum listgreinum og meðan ég kenndi hvatti ég mína nemendur til þess sama. Svo sagði einhver, ég held að það hafi verið gamall og góður heimspekingur, líklega Schopenhauer, að tónlistin byrjar þar sem orðin þrýtur.“

Sinfónía Atla Heimis verður ekki eini frumflutningur fimmtudagstónleikanna því einleikarinn Stefán Ragnar Höskuldsson, sem undanfarið hefur getið sér gott orð vestanhafs og leikið með Metropolitan-óperunni í New York, mun frumflytja flautukonsert eftir Lowell Lieberman. Stefán Ragnar leikur nú í fyrsta sinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands frá því hann lauk námi og vel er við hæfi að fyrrum kennari hans Bernharður Wilkinson, haldi á tónsprotanum.

Tónleikarnir fara að venju fram í Háskólabíói og hefjast þeir kl. 19.30. kristrun@frettabladid.is



**STEFÁN RAGNAR HÖSKULDSSON** Leikur í fyrsta sinn með sinfóníunni eftir námsdvöl erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Germaine Greer á Íslandi

Ástralska kvenréttindakonan Germaine Greer er komin til landsins til að flytja fyrirlestur á ráðstefnunni Tengslanet III - Völd til kvenna í Viðskiptaháskólanum á Bifröst á föstudag. Germaine er einna þekktust fyrir bók sína The Female Eunuch sem kom út 1970 og var mjög umdeild. Greer er af mörgum talin einn öflugasti málsvari kvenréttindabaráttunnar á 20. öld, en hún hefur starfað sem fræðimaður og rithöfundur og lét nýverið af störfum sem prófessor í ensku við University of Warwick á Englandi.

Þetta er þriðja árið í röð sem Tengslanetsráðstefnan á Bifröst er haldin, að frumkvæði Herdísar Þorgeirsdóttur prófessors við lagadeild Viðskiptaháskólans á Bifröst. „Markmiðið með ráðstefnunni er að mynda tengsl milli kvenna, að auka skilning kvenna á eigin stöðu og hlutverki þeirra í framvindu samfélagsins og auka samheldni þeirra um leið,“ segir Herdís. Hún er ánægð með mikla þátttöku á ráðstefnunni. „Það er mikil gleði í því fólgin að hafa náð þessum árangri, að þetta sé ein af öflugustu ráðstefnum sem haldnar eru í íslensku viðskiptalífi,“ segir hún. Ráðstefnan hefst kl. 16.00 á fimmtudag með fjallgöngu á Grábrók, en á föstudag munu Greer og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari flytja erindi. Að því loknu verða fjórar pallborðsumræður þar sem staðalímyndir, fyrirtækjamenning og samskipti kvenna verða í brennidepli.



**GERMAINE GREER** Heldur erindi á ráðstefnunni Tengslanet III – Völd til kvenna.

# Túnglskinsmjólk

Ljóðskáldið Dagur Sigurðarson öðlast framhaldslíf í tónlist Þórs Eldon. Smekkleysa sm/ehf hefur nú gefið út geisladiskinn Túnglskinsmjólk en þar má finna lög Þórs við sjö af ljóðum skáldsins sem Dagur les sjálfur við undirleik Þórs.

Upptökur fóru fram á tímabilinu 1985-2005 en Dagur lést árið 1994. Hann var einn af merkustu og kraftmestu ljóðskáldum síðustu aldar þótt hann hafi löngum verið utangarðs enda gaf hann lítið fyrir borgaralegt velsæmi og tepruskap. Í ljóðum sínum tókst Dagur á við breyttan veruleika borgarlífsins með blöndu af rómantík og groddalegri hreinskilni og hafa verk hans öðlast æ meiri sess meðal lesenda í seinni tíð.



**LJÓÐ OG LÖG** Lög Þórs Eldon og upplestur Dags Sigurðarsonar.

Diskurinn kemur út í takmörkuðu upplagi.

**- khh**



**BENJAMIN KOPPEL LEIKUR MEÐ SIGURÐI FLOSASYNI OG ÖÐRUM KNÁUM DJASSLEIKURUM UM HELGINA** Áhersla á frumsamda tónlist saxófónleikaranna.

# Koppel í kvintett

Íslensk-danskur kvintett alt-saxófónleikaranna Sigurðar Flosasonar og Benjamins Koppel verður á ferð um landið um helgina. Kvintettinn heldur tvenna tónleika í Reykjavík, á Café Rósenberg annað kvöld kl. 21.30 og á Grand Rokki á föstudagskvöld kl. 21. Kvintettinn kemur síðan fram á djasshátíð Vestmannaeyja, Dögum lita og tóna, á laugardag og sunnudag.

Benjamin Koppel er af mörgum talinn fremsti altsaxófónleikari Dana um þessar mundir en auk vopnabræðranna Benjamins og Sigurðar skipa kvintettinn þeir Eyþór Gunnarsson á píanó, Róbert Þórhallsson á kontrabassa og Kristian Leth á trommur. Margir telja Benjamin Koppel einn fremsta altsaxófónleikara Dana um þessar mundir en Kristian Leth er einnig meðal fremstu trommara þar í landi.

Þess má geta að í desember síðastliðnum stóðu saxófónleikararnir fyrir vel heppnaðri minningardagskrá um Charlie Parker í Reykjavík en Koppel hefur áður leikið víða um land, til dæmis með tríói sínu. Að þessu sinni verður áherslan þó á frumsamda tónlist eftir þá félaga Koppel og Sigurð Flosason. Kvintettinn mun einnig leika á fernum tónleikum í Kaupmannahöfn og í Árósum í júlí.

**- khh**

allt tilboð
Alla föstudaga



# Rýmisskilningur og náttúrulist

„Þegar haldin var ráðstefna í fyrra á Selfossi sem bar sama heiti og sú sem haldin er í ár, fórst listin alveg fyrir og því var afráðið að endurstilla það ójafnvægi núna,“ segir Edward H. Huijbens ráðstefnustjóri alþjóðlegrar listsýningar og ráðstefnu sem fer fram í dag. Yfirskrift ráðstefnunnar er Skyn(sam)leg rými. Rými, list og umhverfi, en um 60 lista-og fræðimenn munu koma saman í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands til að kynna verk sín og ræða saman.

Spurður um tilurð ráðstefnunnar í ár og alþjóðlega lista-og fræðimannahópsins sem stofnaður var í kjölfarið, segir Edward að Ólafur Páll Jónsson heimspekingur hafi komið að máli við sig og óskað eftir liðstyrk við skipulagninu annarrar slíkrar ráðstefnu að ári og að hópurinn hafi orðið til í kjölfarið. „Ekki einn einasti listamaður tók þátt í fyrra enda var knappur tími til undirbúnings en nú munu um 24 listamenn mæta til leiks. Íslensku listamennirnir eru fyrirferðarmeiri en þeir erlendu á ráðstefnunni að sögn Edwards, enda þurfa hinir síðarnefndu að flytja verk sín hingað til lands á eigin kostnað. „Við fengum ekkert fjármagn til að standa straum af flutningi listaverka erlendis frá en þeir aðilar sem styrkja okkur gera það flestir í annarri mynd. Það verk sem við gátum hins vegar flutt hingað er gert af Bryndísi Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson en það hefur verið til sýningar víðs vegar í Bretlandi að undanförnu. Þetta er ljósmyndaverk sem sýnir myndir af uppstoppuðum ísbjörnum sem listamennirnir nálguðust víðs vegar um England, hvort sem það var uppi á háalofti óðalssetra eða í náttúrugripasöfnum en verkið mun þekja allan austurboga Öskju.“

Leiðarþráðurinn í sýningunni er aftur á móti myndaður af skúlptúrverkum Sigrúnar Ólafsdóttur, náttúruverki Guðrúnar Einarsdóttur sem sýnir meðal annars eftirlíkingu af risastórum hraunklumpi og loks eru það skúlptúrverk Steinunnar Þórarnsdóttur af fólki í fullri stærð sem taka á móti gestum í anddyri Öskju. „Fyrir utan skúlptúra verða einnig vídeóverk til sýnis, ljósmyndir, jarðlistaverk og málverk.“

„Þetta er sannarlega einstakur viðburður þar sem samsetning ráðstefnunnar er afar sérstök en meðal fyrirlesara verða heimspekingar, listamenn, sálfræðingar, arkitektar, landfræðingar og fleiri. Öll reynum við að tala um hvað það sé fyrir rými, bæði í borg og ósnortinni náttúru, að vera viðfangsefni skynjunar og skilnings. Til marks um hve nálgunin á viðfangsefninu er víðfeðm þá munu til dæmis hjúkrunarfræðingar fjalla um hið persónulega rými aðhlynningar og japanskur listamaður tekur fyrir framsetningu rýmisins í þarlendum teiknimyndasögum. Rýmið er annars vinsælt viðfangsefni víða“, undirstrikar Edward og spyr að lokum, hvort ekki sé rétt að sjónvarpskonan Vala Matt hafi gert rýmið ódauðlegt með síendurteknum umræðum þar um.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna og sýninguna er að finna á www.sparten.hi.is

-brb



**EDWARD H. HUIJBENS RÁÐSTEFNUSTJÓRI** Rætt um rými, list og umhverfi í Öskju í dag.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
GALDRASKYTTAN - DER FREISCHÜTZ
Frumsýning fös. 2/6 uppselt, mið. 7/6 nokkur sæti laus, fös. 9/6, lau. 10/6.
Aðeins þessar 4 sýningar. Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 nokkur sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 nokkur sæti laus.
ÞURÍÐUR OG KAMBSRÁNIÐ
Fös. 2/6 örfá sæti laus.
Leikfélag Selfoss - Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins.

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
MIÐASALA HAFIN Á SÝNINGAR Í HAUST!

NAGLINN
Fi 1/6 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20
Fö 2/6 kl. 22:30 Má 5/6 kl. 20
Þri 6/6 kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 23 Má 12/6 kl. 20
Þri 13/6 kl. 20

25 TÍMAR
DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 2006
9 verk verða frumsýnd sem keppa til verðlauna.
Fi 8/6 kl. 20
Teldu mig með. Höf. Ólöf Ingólfsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachman.
Elsku bróðir. Höf. Steinunn Ketilsdóttir.
Blind ást. Höf. Rebekka Rán Samper.
Tommi og Jenni. Höf. Elma Backman, Stefán Hallur Stefánsson ogHalldóra Malín Pétursd.
Boðorðin 10. Höf. Marta Nordal.
Guðæri. Höf. Ólafur Darri Ólafsson og Lovísa Ósk Gunnarsdóttir
Dillir dó og Dummi. Höf. Benóný Ægisson.
Shoe size nine months. Höf. Peter Anderson.
Stigma. Höf Andreas Consantinou.
MIÐAVERÐ 2.500. Miðasala hafin.

VILTU FINNA MILLJÓN?
Í dag kl. 10 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Lau 3/6 kl. 20 UPPS.
Má 5/6 kl. 20 Fi 8/6 kl. 20
Fö 9/6 kl. 20 Lau 10/6 kl. 20 UPPS.
Su 11/6 kl. 20 AUKASÝNING
Fi 15/6 kl. 20 Sun 18/6 kl. 20

SÖNGLIST
Innritun á sumarnámskeiðin stendur yfir!
Nánari upplýsingar og skráning í miðasölu Borgarleikhússins.

RONJUVÖRUR
Bolir, sundpokar, nælur, geisladiskur ofl.
Fæst í miðasölu Borgarleikhússins.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

9. hver vinnur!
ÞÚ ÞARFT EKKI AÐ VERA STÓR TIL AÐ BJARGA HEIMINUM!
LITLI KJÚLLINN
SMS LEIKUR
Sendu SMS skeytið BTC LKF á 1900.
Þú gætir unnið!
Aðalvinningur er
DVD spilari og litli kjúllinn á DVD
Aukavinningar eru: Litli Kjúllinn á DVD • Pepsi kippur
Fullt af öðrum DVD myndum og margt fleira
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið. Þú færð 5.min til að svara spurningu.

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasýning
FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS
SUN. 11. JÚNÍ KL. 15 - Aukasýning
FIM. 15. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning
„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

KALDÁRSEL
sumarbúðir fyrir káta krakka
Skráningarsími
588 8899

GJAFIR ANAS
Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði
565 7100

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Áhugaverðar brautir:
Náttúrufræðibraut á þremur árum
Upplýsinga- og tæknibraut
Innritun í dagskóla lýkur 12. júní
www.fb.is
Austurbergi 5, sími 570 5600

Fullt hús ævintýra
Við opnum 2. júní

# Styrkur til ungs tónlistarfólks

Huld Hafsteinsdóttir fiðluleikari hlaut styrk úr Minningarsjóði Helgu Guðmundsdóttur á nýafstöðnum skólaslitum Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Þetta er í fimmta skipti sem þessi styrkur er veittur, en til hans var stofnað árið 2001 til minningar um Helgu Guðmundsdóttur sem var skólaritari Tónlistarskólans um árabil. Styrkurinn er veittur þeim nemendum skólans sem sýnt hafa dugnað og árangur í námi og hyggja á áframhaldandi tónlistarnám.

Huld var einn þriggja nemenda sem luku burtfararprófi frá skólanum að þessu sinni og hyggur hún á framhaldsnám í fiðluleik í Þýskalandi næst vetur. **-khh**



**ÞRÍR LUKU BURTFARARPRÓFI FRÁ TÓNLISTARSKÓLA HAFNARFJARÐAR** Styrkþeginn Huld Hafsteinsdóttir, Kristján Tryggvi Martinsson og Baldur Páll Magnússon.


Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Nýjar brautir:

*Viðskipta- og hagfræðibraut*
*Sjúkraliðabrúin*
(Verða einnig starfræktar í kvöldskóla)
Innritun í dagskóla lýkur 12. júní

www.fb.is
Austurbergi 5, sími 570 5600





**FRÆGASTA KVÆÐI NORRÆNNA BÓKMENNTA** Í nýrri útgáfu Helga Hálfdánarsonar.

# Bætt Völuspá

Völuspá er eitt frægasta kvæði norrænna bókmennta, samið á Íslandi um árið 1000. Kvæðið lýsir hugmyndum heiðinna manna um sköpun heims og örlög manna og guða, gullöld þeirra, tortímingu í ragnarökum og nýrri upprisu.

Ljóðið hefur brenglast töluvert í aldanna rás og röð vísnanna hefur ruglast. Nú hefur þýðandinn Helgi Hálfdánarson lagfært röð stefjanna þriggja sem kvæðið hverfist um og með því gert kvæðið auðskildara og skýrara. **-khh**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MAÍ**

28 29 30 **31** 1 2 3

**Miðvikudagur**

### LEIKLIST

☐ 21.00 **Sokkabandið** sýnir verkið **Ritskoðarinn** eftir **Anthony Neilson** í sal **Sjóminjasafnins** við **Grandagarð 8.** Leikstjóri er **Jón Páll Eyjólfsson.**

### SÝNINGAR

☐ 10.00 **Jón Axel Egilsson** sýnir vatnslitamyndir í **Bókasafni Seltjarnarness** við **Eiðistorg** 11. Sýningin er opin á opnunartíma safnsins frá kl. 10 til 17 alla virka daga og stendur til 16. júní.

☐ 15.00 **Leirlistasýningin 3x3 í Hönnunarsafni Íslands** við **Garðatorg. Guðný Magnúsdóttir, Kogga** og **Kristín Garðarsdóttir** sýna verk sín. Sýningin stendur til 18. júní.

☐ Yfirlitssýning á verkum **Guðmundar Einarssonar frá Miðdal** stendur yfir í **Gerðarsafni, Listasafni Kópavogs**. Sýningin er haldin í samstarfi við **Náttúrufræðistofu Kópavogs** og stendur til 3. júlí.

☐ **Marinó Thorlacius** sýnir myndverk á **Thorvaldsen bar** í **Austurstræti.**

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ Sýningu **Gunnars Kristinssonar, Sigurliðið,** í **Café Karólínu** á Akureyri lýkur á föstudaginn. Á sýningunni gefur að líta málverk, teikningar og prjónaskap þar sem sigurlið heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu 2006 er kynnt. Þetta er því tilvalin upphitun fyrir heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu sem hefst einmitt innan skamms í Þýskalandi.

### MÁLÞING

☐ 09.00 **Skyn(sam)leg rými: rými, list og umhverfi.** Alþjóðleg ráðstefna verður haldin í **Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands** í tengslum við listsýninguna **Site-Ations** sem nú stendur yfir í **Viðey.** Dagskráin er hluti af **Listahátíð í Reykjavík.**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Gestgjafi í sjónvarpi

Friðrika Hjördís Geirsdóttir mun senn birtast landsmönnum í sjónvarpsþættinum Íslandi í dag en hún hóf störf við þáttinn í síðustu viku.

Friðrika kemur úr herbúðum tímaritsins Gestgjafans þar sem hún var blaðamaður. „Ég var ofsalega mikið í eftirréttum, það getur vel verið að matarumfjöllun aukist eitthvað í þættinum," segir Friðrika en hún hefur ekki komið við sögu í íslensku sjónvarpi áður. „Ég byrjaði aðeins í síðustu viku, er að koma mér fyrir. Annars líst mér virkilega vel á starfið," segir Friðrika, en hún verður í settinu út sumarið ásamt stöllum sínum í Íslandi í dag.



**FRIÐRIKA GEIRSDÓTTIR** Ekki er komin dagsetning á fyrstu útsendingu Íslands í dag með Friðriku en blaðamaðurinn fyrrverandi hlakkar til að spreyta sig í sjónvarpinu.

# Eitt hundrað sumarlög

Safnplatan 100 íslenskir sumarsmellir kemur út þriðjudaginn 6. júní. Plöturnar eru fimm saman í einum pakka og er þar að finna samtals eitt hundrað lög með íslenskum flytjendum. Eiga lögin það sameiginlegt að hafa verið vinsæl yfir sumarið á Íslandi síðustu áratugina.

Á meðal laga eru Ég er á leiðinni með Brunaliðinu, Toppurinn með SSSól, Útihátíð með Greifunum, Farin með Skítamóral, Sódóma með Sálinni, Nostradamus með Nýdönsk og Út á stoppistöð með Stuðmönnum.

Pakkinn er númer tvö í 100-seríunni en áður hefur komið út platan 100 vinsæl lög um ástina sem fékk góðar viðtökur.



**100 SUMARSMELLIR** Fjölmarga smelli er að finna á plötunni 100 íslenskir sumarsmellir.



**LANGI SELI OG SKUGGARNIR** Langi Seli og Skuggarnir ætla að spila á skemmtistaðnum Sirkus í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Langi Seli með stóra tónleika

Hljómsveitin fornfræga Langi Seli og Skuggarnir heldur sína stærstu tónleika í langan tíma á Sirkus í kvöld.

Hljómsveitin er um þessar mundir að vinna að annarri breiðskífu sinni og mun taka lög af henni á tónleikunum ásamt eldri rokkabillíslögurum á borð við Breiðholtsbúgí. Alls verða um það bil fimmtán lög á efnisskránni.

„Við erum búnir að taka upp flesta grunnana en vinnan hefur legið niðri undanfarið," segir Kormákur Geirharðsson, trommuleikari, um nýju plötuna. „Það hefur gengið erfiðlega að finna tíma til að hittast. Við höfum ekkert unnið í henni í tvo mánuði en við ætlum að sjá hvernig gengur og taka ákvörðun í framhaldi af því," segir hann. „Við höfum verið að taka um það bil fimm laga tónleika í tækifærisveislum en þetta eru fyrstu tónleikarnir þar sem við spilum nýtt og gamalt í bland."

Auk Kormáks skipa sveitina Axel Hallkell Jóhannesson, Steingrímur Guðmundsson og Jón Skuggi. **- fb**

# Nilfisk í Kaupmannahöfn

**Velgengni Íslendinga í gamla herraveldinu Danmörku er ekki eingöngu bundin við kaup á þekktum stórmörkuðum því að undanförnu hafa íslenskir tónlistarmenn verið að gera góða hluti þar í landi.**

Það styttist í Hróarskelduhátíðina en þar mun Sigur Rós spila ásamt Bob Dylan og Franz Ferdinand og þá mun Mugison spila á fljótandi sviði í höfuðborginni á næstunni. Stokkseyrarpiltarnir í hljómsveitinni Nilfisk fóru mikinn á tónleikum í Kaupmannahöfn fyrir stuttu en strákarnir eru hvað þekktastir fyrir að hafa heillað Dave Grohl og félaga í Foo Fighters upp úr skónum. Spilaði hljómsveitin fyrir fullu húsi á færeyska staðnum Skarf í Kaupmannahöfn aðfaranótt laugardags. Byrjað var um miðnætti og spilaðnæstum stanslaust til fjögur. **- ks**



**Í GÓÐU STUÐI** Strákarnir í Nilfisk héldu góðum dampi á tónleikum sínum á færeyska staðnum Skarf. FRÉTTABLAÐIÐ / PHOTOMAR



**TÓK LAGIÐ** Einn aðdáandi hljómsveitarinnar réði sér vart fyrir kæti og stökk upp á sviðið til að taka lagið með strákunum.



**RÍFANDI STEMNING** Áhorfendur voru mjög ánægðir með það sem Nilfisk hafði fram að færa á Skarf.



**BÍTLA-YFIRBRAGÐ** Ekki er hægt að segja annað en að smá Bítla-andi svífi yfir vötnum á þessari mynd.






# Knattspyrnuveisla fyrir alla

Þátturinn 442 hefur göngu sína á ný á sjónvarpsstöðinni Sýn þann 9. júní, eða sama dag og heimsmeistarakeppnin í fótbolta hefst í Þýskalandi.

Umsjónarmenn verða sem fyrr þeir Heimir Karlsson og Þorsteinn J. Vilhjálmsson. Munu þeir gera upp HM-leiki dagsins, sýna mörkin, vafaatriðin, vítaspyrnurnar og allt sem fólk er að velta vöngum yfir. Margir góðir gestir koma við sögu í þættinum. Fastagestir verða meðal annars milliríkjadómararnir Gylfi Orrason og Kristinn Jakobsson.

„Þetta verður eins og þegar ég fór einu sinni í mjög vel heppnað sex ára afmæli þegar ég var lítill; fullt af blöðrum, kökur og kók," segir Þorsteinn J. um komandi fótboltaveislu. „Þetta er rosalega mikill viðburður og allt í kringum þetta, þessi upplifun sem fótboltamótið er," segir hann.

442 leit fyrst dagsins ljós þegar Sýn sýndi beint frá HM 2002 í Suður-Kóreu og Japan. Vakti þátturinn þá óskipta athygli. Þótti hann ferskt og nýstárlegt innlegg í íslenska íþróttaumfjöllun, enda voru efnistökin og nálgunin við boltann önnur en íslenskir boltaunnendur höfðu átt að venjast. Fólust vinsældirnar ekki síst í því að þátturinn var fyrir alla, forfallna fótboltaáhugamenn jafnt sem þá sem fylgjast aðeins með á fjögurra ára fresti. Þátturinn var enda tilnefndur til Eddu-verðlauna sem besti sjónvarpsþátturinn, fyrstur allra íþróttaþátta.

Þorsteinn stefnir að því að fara á þrjá HM-leiki og flytja Íslendingum stemninguna úti í Þýskalandi beint í æð. Hann mun horfa á opnunarleik Þýskalands og Kostaríka í München, leik Englands og Svíþjóðar í Köln og úrslitaleikinn sem fram verður háður í Berlín þann 9. júlí. „Ég hef séð Barcelona spila og Arsenal og Fram auðvitað en aldrei farið á völlinn á HM. Ég komst næst því þegar ég horfði á úrslitaleikinn ´98 á marokkóskum kaffibar í Barcelona. Þar var dauf stemning en leikurinn var fjörugur," segir hann.

442 verður á dagskrá á hverju kvöldi klukkan 21.00 á meðan á HM stendur.

**freyr@frettabladid.is**



**Í FRANKFURT** Þorsteinn J. og Heimir Karlsson á heimavelli Frankfurt þar sem spilað verður á HM. MYND/KARL R. LILLIENDAHL

**MEÐ HNÍF OG GAFFLI** ÞRÁINN BERTELSSON SKRIFAR

# Að plata sveitamanninn

Á Laugavegi 11 þar sem þunglynd intelligensía sat um miðbik síðustu aldar og blandaði í svartan dauðann er nú ítalskur matsölustaður - Ítalía.
Ítölsk matgerðarlist hefur átt greiðan aðgang að íslenskum bragðlaukum. Erfiðast hefur Íslendingum reynst að læra að góð máltíð samanstendur af nokkrum réttum sem best er að borða hvern í sínu lagi því að diskar sáust ekki á Íslandi fyrr en á síðustu öld nema á heimilum auðmanna, og því var þeim matvælum sem til voru skellt saman í trébyttu með loki, svokallaðan ask og meðan aðrar þjóðir notuðu hnífapör báru Íslendingar á sér sjálfskeiðunga sem þeir sleiktu svo hreina og stungu í vasann að lokinni máltíð.
Á þeim tíma sem liðinn er síðan Ítalía tók að framreiða ítalska rétti handa Reykvíkingum hefur mikil „fusion“ átt sér stað til að samþætta reykvískan matarsmekk og ítalska smekkvísi í matargerð.
Fusion eða sambræðingur getur verið mjög spennandi þegar góður kokkur sækir innblástur í framandi hefðir, en fusion getur líka verið aumasta lágkúra, eins og þegar austurlenskir kokkar bjóða upp á franskar kartöflur í stað hrísgrjóna - eða í ofanálag.
Á Ítalíu hefur því miður reykvískur matarsmekkur orðið ítalskri fágun yfirsterkari sem sjá má af hinni miklu kartöfludýrkun á matseðlinum, en með flestum réttum eru bornar fram kartöflur, soðnar, bakaðar eða djúpsteiktar.
Það er því varla hægt að tala um Ítalíu lengur sem „ítalskt veitingahús“, nema þá í merkingunni skyndibitastaður, „pizzeria“, því að þarna er boðið upp á pasta og ágætar flatbökur.
Það voru mín mistök að halda að þarna ríkti ennþá sá metnaður að bjóða upp á ítalska matargerð. Mér til afsökunar vil ég þó benda á að verðið á matseðlinum bendir til að staðurinn líti mjög stórt á sig.
Forréttir voru ágætir sniglar (1.350 kr.) og nautacarpaccio með visnuðu rucolasalati 1.600 kr.).
Aðalréttir voru Baccalà alla Livornese, saltfiskur að hætti Lívorno-búa (2.600 kr.) sem þýðir á þessu veitingahúsi með soðnum kartöflum og tómatmauki, og Agnello Toscano, lambalund með bakaði kartöflu, smjöri, og hveitiþykktri rauðvínssveppasósu að hætti kokksins. Ekki spurði kokkurinn um óskir gestanna varðandi steikinguna og ofsteikti og þurrkaði kjötið að eigin frumkvæði.
Rauðvín hússins er prýðilegt og heitir Prima vera Sangiovese, hálf karafla á 1.800 kr.
Eftirréttir voru afbragðsgóður blandaður ís á 1.100 kr. og marengsterta með skógarberjum á sama prís.
Máltíð fyrir tvö kostaði 13.750 kr. Gæðin voru á borð við sunnudagsmat í þokkalegu mötuneyti.
Þetta er stundum kallað að plata sveitamanninn.
Þjónustan á staðnum er í höndum skólafólks.
Ítalía ber fram ágætis pasta og pitsurnar eru góðar.
En öðru er ekki hægt að mæla með. Þetta er skyndibitastaður með stórmennskubrjálæði.



**Ítalía**
**Laugavegi 11 101 Reykjavík**
Notalegt umhverfi · Fín þjónusta · Góður matur
Staðir geta mest fengið þrjú tákn í hverjum flokki.



**DROTTNING** Silvía á sviðinu í Aþenu. Nú snýr hún sér aftur að því að vera sjónvarpsstjarna á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Silvía með nýja þætti

„Við erum að gera nýja seríu sem verður sýnd á Skjá einum,“ segir Gaukur Úlfarsson, umboðsmaður Silvíu Nætur sem lítið hefur heyrst frá síðan hún gerði allt vitlaust í Eurovision-keppninni í Aþenu. Silvía, Gaukur og Dagbjört Ylfa Geirsdóttir, kærasta Gauks, skelltu sér í stutt frí á eyjunni Mýkonos eftir að keppninni lauk. Þau sneru aftur til Íslands á mánudag og eru þegar farin að vinna að næstu verkefnum sínum.

„Þó við séum að gera nýja seríu þarf það ekki endilega að þýða að hún verði eins og fólk á að venjast,“ segir Gaukur leyndardómsfullur. Hann segir að ekki sé ákveðið hvenær ný þáttaröð með Silvíu Nótt verði sýnd. Eins segir hann að sögusagnir um að gera eigi kvikmynd um Silvíu Nótt séu ekki frá þeim komnar. Það virðist því ljóst að Silvía Nótt hefur ekki sagt sitt síðasta og Íslendingar heyra væntanlega aftur frá henni innan tíðar.










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| X-MEN 3 | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 4, 5, 7, 8, 10 og 11 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA |
| CRY WOLF | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 6 og 8 |
| RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI | kl. 3.50 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| X-MEN 3 | kl. 6, 8.30 og 10.50 B.I. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 6 og 10 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 6 |
| PRIME | kl. 8 og 10.15 |
| CRY WOLF | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| X-MEN 3 | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað







**HITMAN** Agent 47 ferðast til Bandaríkjanna og lendir þar í hinum ýmsu hremmingum.

# Agent 47 í ævintýrum

Nýjasti tölvuleikurinn í Hitman-seríunni, Blood Money, er komin út á vegum Eidos Interactive.

Í leiknum fara leikmenn í hlutverk leigumorðingja og í þessum leik er verknaðurinn tekinn á annað stig. Leikurinn fjallar um það þegar starfsfélagar Agent 47 fara að týna tölunni einn af öðrum og ljóst verður að ný umboðsskrifsstofa leigumorðingja hefur tekið til starfa. Ætlar hún að eyða allri samkeppni. Þegar Agent 47 kemst að því að hann er næsta skotmark, ferðast hann til Bandaríkjanna þar sem næstu verk verða framin.






# Saklausir í fangelsi?

Tónleikar verða haldnir á Gauki á Stöng á fimmtudag í tilefni þess að á laugardag verða þrettán ár liðin frá því þrír bandarískir piltar, Damien, Jason og Jessie, voru dæmdir fyrir að hafa myrt þrjá átta ára drengi í Memphis.

Samkvæmt tónleikahöldurum hefur sekt þeirra pilta aldrei sannast og hafa þeir allir lýst yfir sakleysi sínu. Tveir piltanna voru dæmdir í lífstíðarfangelsi og sá þriðji situr á dauðadeild.

Þetta er í fyrsta sinn sem vakin er athygli á málinu hér á landi á sérstökum degi en þetta var gert víða um heim í fyrra og þá í fyrsta sinn. Fjallað verður um málið í Bandaríkjunum, á Bretlandi, Írlandi, í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi og hér á Íslandi.

„Ég horfði á myndina Paradise Lost og svo seinni myndina sem heitir Paradise Lost Revelations. Þær fjalla um þrjá menn sem sitja saklausir í fangelsi og engar sannanir hafa fundist fyrir sekt þeirra,“ segir Kitta McQueen, sem skipuleggur tónleikanna. „Mér fannst ég verða að gera eitthvað og sá að þeir voru að auglýsa á heimasíðunni sinni þennan alþjóðlega dag. Ég sendi þeim tölvupóst út og bauðst til að sjá um þetta fyrir Ísland og þeir tóku rosalega vel í það,“ segir hún.

Klukkan 20.00 í kvöld verður byrjað að sýna heimildarmyndina Paradise Lost. Eftir það hefjast styrktartónleikarnir þar sem fram koma Shadow Parade, Benny Crespos Gang, Bob Justman, Kofoed, Ég og Red Cup. Allur ágóði af tónleikunum rennur í til samtakanna West Memphis Tree sem sjá um að greiða málskostnað. Einnig verður á staðnum söfnunarbaukur fyrir þá sem vilja leggja meira fram en upphæð miðaverðs. Þeim sem vilja kynna sér málið nánar er bent á heimasíðuna www.wm3.org. - fb




**Í FANGELSI** Bandaríkjamennirnir Damien, Jason og Jessie sitja í fangelsi fyrir morð á þremur átta ára drengjum.

# Vel heppnaður dagur á rannsóknastofunni

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Þessi plata kom víst út í fyrra en náði einhvern veginn að fara framhjá mér. Núna er þessi sveit orðin ágætlega þekkt í Bretlandi og gengur það vel að það er orðið erfitt að horfa framhjá henni mikið lengur.

Þetta er indí-keyrslurokk, ekki ósvipað Editors, Bloc Party eða Hot Hot Heat. Þetta er ekkert endilega plata sem heillar mann upp úr skónum við fyrstu hlustun en við ítrekað rennsli fer maður jafnvel að greina stíl sem hægt er að kalla þeirra eigin. Platan byrjar á sérstaklega fjörugu lagi, Nobody Move, Nobody Get Hurt, og þannig heldur platan áfram þar til henni lýkur skyndilega á laginu What's a Word. Þá áttar maður sig á því hversu stutt platan er, tólf lög á rétt rúmlega 36 mínútum. Finnst það vera frábær lengd. Því þannig er hlustandinn skilinn eftir með þá tilfinningu í maganum að það ætti að koma eitthvað meira. Get ekki ímyndað mér betri vísbendingu um góða plötu, að mann langi til að heyra meira þegar henni lýkur.

Þetta er mjög einsleit sveit. Það gæti hugsanlega farið í taugarnar á einhverjum, en hún bjargar sér fyrir horn með kappaksturs trommuleik, góðum söng og nokkuð innihaldsríkum og einlægum textum. Holl og heiðarleg sjálfsskoðun þar sem Keith Murray textahöfundur segir hlutina umbúðalaust. Can't Lose og Cash Cow eru góð dæmi. Í fyrra laginu lýsir hann sjálfum sér sem manni sem vantar hjálp til að koma reglu á líf sitt. Viðlagið er: „I'm breaking my own rules/ becoming someone else and everybody say's I should get over myself.“ Í seinna laginu viðurkennir hann fúslega að hann sé bara bíða eftir því að peningarnir fari að renna inn á bankabókina hans.

Lagasmíðarnar náðu svo að laumast aftan að mér. Fannst þær lítið merkilegar í fyrstu, en var svo farinn að raula með og slá taktinn með fætinum. Það eru svona hljómsveitir sem halda lífi í gítarrokkinu, hvort sem mér líkar það betur eða verr. Mig er meira að segja farið að langa að sjá þá spila á tónleikum.

Birgir Örn Steinarsson




**WE ARE SCIENTISTS:**

WITH LOVE AND SQUALOR

**Niðurstaða:** We are Scientists heldur uppi fána gítarrokksins með plötu sem límist ekkert endilega við mann í fyrstu, en kemst merkilega langt inn að kjarnanum við ítrekaða hlustun.







ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 3:40-5:50-8-10:10 | B.I. 14 |
| POSEIDON VIP | KL. 3:40-5:50-8-10:10 | |
| X-MEN 3 | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 12 |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | |
| THE SHAGGY DOG | KL. 3:40-5:50 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 3:40-6-8-10:30 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 8:15-10:10 | B.I. 10 |

ÁLFABAKKI S: 587-8900




KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 8-10 | B.I. 14 |
| X-MEN 3 | KL. 8 | B.I. 12 |
| THE DA VINCI CODE | KL. 10:10 | B.I. 14 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 6-8-10 | B.I. 14 |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 6-8 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 10 | B.I. 14 |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170




KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 6-8:15-10:30 | B.I. 14 |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 8-10:10 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 8-10:30 | B.I. 14 |
| SHAGGY DOG | KL. 6 | |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 6 | B.I. 10 |

SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

KRINGLAN S: 588-0800




| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 5-7-9-11 | B.I. 14 |
| THE DA VINCI CODE | KL. 4-6-8-10 | B.I. 14 |
| THE SHAGGY DOG | KL. 6-8 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 5:30-8-10 | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Syngur til heiðurs Prince

Leikarinn og söngvarinn Seth Sharp frá New York heldur tvenna tónleika á Gauki á Stöng dagana 7. og 8. júní.

Þar mun hann flytja vinsælustu lög tónlistarmannsins Prince ásamt hljómsveit sinni. Guðbjörg Elísa sem tók þátt í Idol-keppninni mun syngja með Seth, sem hefur alla tíð verið mikill Prince-aðdáandi. Á tónleikunum verða meðal annars flutt lögin Kiss, Purple Rain, Let´s Go Crazy, Cream, Darling Nikki og 1999.

Seth hélt svipaða tónleika á Gauknum á síðasta ári sem þóttust heppnast ákaflega vel. Í þetta skipti verður mikil ljósasýning í boði, auk þess sem dansarar munu stíga á svið. Leynigestur mun einnig koma fram.



**SETH SHARP** Bandaríkjamaðurinn Seth Sharp heldur tvenna tónleika á Gauki á Stöng. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Spilað gegn stóriðju

Andspyrnuhátíð verður haldin fimmtudaginn 1. júní í Tónlistarþróunarmiðstöðinni við Hólmaslóð. Fram koma Innvortis, I Adapt, Severed Crotch, Morðingjar, Raw Material og Finnegan, sem var fulltrúi Íslands í Battle of the Bands í London síðasta haust.

Tónleikarnir eru hluti af hreyfingu gegn stóriðjuvæðingu á Íslandi. Húsið opnar klukkan 19.00 og standa þeir yfir til 23.00.



**FINNEGAN** Rokksveitin Finnegan spilar á andspyrnuhátíð í Tónlistarþróunarmiðstöðinni fimmtudaginn 1. júní.




Erum flutt á jarðhæð
Laugavegi 89

Opnum á morgun kl. 11
nýja glæsilega verslun

DKNY
Kristensen du Nord
Gerard Darel
Bruuns Bazaar
Nicole Farhi
Paul et Joe
IKKS
D&G

eva
laugavegi 89 s. 512 1715



## Markús á leið heim

Fram kom í íþróttafréttum NFS í gærkvöldi að Markús Máni Michaelsson, landsliðsmaður í handbolta, væri búinn að gera munnlegt samkomulag við Val um þriggja ára samning. Markús er uppalinn hjá Val en hefur leikið með þýska liðinu Düsseldorf síðustu tvö ár.

# sport

sport@frettabladid.is

DAGUR SIGURÐSSON HANDKNATTLEIKSKAPPI: AUSTURRÍSKUR MEISTARI ÞRJÚ ÁR Í RÖÐ

## *Tek eitt ár í viðbót með Bregenz*

Dagur Sigurðsson, fyrrum landsliðsfyrirliði, stýrði liði sínu, Bregenz, til sigurs í austurrísku deildinni þriðja árið í röð á mánudag er liðið lagði Fivers í oddaleik. Dagur spilar einnig með liðinu og mun gera svo áfram.

„Ég á eitt ár eftir af samningi mínum við liðið og ég ætla að klára hann. Það er vissulega ekkert meira hægt að vinna hérna en það eru samt krefjandi verkefni fram undan því hér þarf að byggja nýtt lið þar sem við missum fjóra menn úr byrjunarliðinu. Svo erum við með handboltaakademíu sem mjög gaman er að vinna við,“ sagði Dagur mjög kátur enda var gleðin við völd á mánudagskvöldið og verður víst áfram næstu daga. „Þetta var fyrsti titilinn sem við vinnum á heimavelli og áhorfendur því búnir að bíða lengi. Það var svaka stemning hér í gær og mjög gaman. Þetta er okkar besta tímabil enda unnum við loksins tvöfalt og svo náðum við athyglisverðum árangri í Meistaradeildinni. Að sama skapi hefur þetta verið erfitt og maður er frekar þreyttur eftir langt tímabil.“



Dagur er á leið til Japan þar sem hann ætlar að heimsækja gamla félaga úr handknattleiksliðinu Wakunaga sem hann lék eitt sinn með og svo verður hann með fyrirlestur fyrir þjálfara. Hann kemur síðan til Íslands og með í för verða forráðamenn Bregenz sem ætla að fylgjast með síðari leik Íslands og Svíþjóðar í Laugardalshöll. Dagur segir líklegt að hann komi heim eftir næsta vetur og veðja margir á að hann taki þá við handknattleiksliði Vals en nafn hans hefur einnig verið nefnt í sambandi við landsliðið.

„Hugurinn stefnir heim en hvað ég tek mér fyrir hendur þegar heim er komið er óljóst. Ég er mjög spenntur fyrir því að gera eitthvað hjá Val, hvort sem það er að þjálfa eða spila. Svo er aldrei að vita nema ég taki mér bara frí frá þessu öllu. Það kemur bara í ljós að ári liðnu,“ sagði Dagur Sigurðsson.

### > Búast við Petkevicius

Stjórn handknattleiksdeildar Fram sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna Egidijusar Petkevicius. Ekki er yfirlýsingin ítarleg en þó kemur fram í henni að Framarar búast við Petkeviciusi í leikmannahópi sínum á næstu leiktíð. Stjórnin vísar því einnig á bug að hún vilji fá hálfa milljón króna fyrir hann en Petkevicius sagðist í viðtali við Fréttablaðið hafa heimildir fyrir því að Fram hefði beðið um þá upphæð fyrir sig. Miðað við yfirlýsinguna má gera ráð fyrir því að málið fari í hart og komi fyrir dómstóla HSÍ en Petkevicius er tilbúinn að fara enn lengra með málið enda segist hann ekki taka í mál að Fram fái pening fyrir sig.

Vináttuleikur í gærkvöldi:

## Englandingar unnu Ungverja

**FÓTBOLTI** Englendingar báru sigurorð af Ungverjum í vináttulandsleik á Old Trafford í gærkvöldi, en eftir fremur rólegan fyrri hálfleik færðu heimamenn sig upp á skaftið í þeim síðari og sýndu úr hverju þeir eru gerðir.

Frank Lampard brenndi af vítaspyrnu undir lok fyrri hálfleiks en Gabor Kiraly varði slaka spyrnu hans. David Beckham lagði svo upp tvö mörk, bæði með aukaspyrnum hvort af sínum kantinum. Fyrst hitti hann á kollinn á Steven Gerrard sem stangaði boltann glæsilega í netið áður en John Terry teygði sig í boltann á undan Kiraly og breitti stöðunni í 2-0.

Pal Dardai minnkaði muninn fyrir Ungverja með glæsilegu marki af 30 metra færi en Peter Crouch innsiglaði 3-1 sigur Englendinga með góðu skoti undir lok leiksins.

- hþh

# Ég er ekki á því að gefast upp

**Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, ætlar ekki að leggja árar í bát þótt lið hans hafi tapað fyrstu fjórum leikjum sínum á Íslandsmótinu. Næst á dagskrá sé að berja sjálfstraust í leikmenn liðsins.**

**FÓTBOLTI** Það vakti mikla athygli eftir leik Vals og ÍA á Laugardalsvelli að Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, skyldi lýsa því yfir í samtali við Sýn að hann væri að velta því fyrir sér að hætta með liðið. ÍA hefur byrjað tímabilið hörmulega og situr á botninum eftir fjórar umferðir án stiga. Það var aðeins léttara hljóðið í Ólafi í gær og ljóst að hann er ekki á því að leggja árar í bát.

„Nei, ég ætla ekki að hætta. Samt hlýtur maður að íhuga málin þegar maður er kominn í þessa stöðu. Auðvitað væri auðvelt að gefast upp og hætta. Ég hef fulla trú á því að ég geti rifið liðið upp,“ sagði Ólafur borubrattur við Fréttablaðið í gær en hann hefur ekkert rætt gengi liðsins við stjórn ÍA og sagðist ekki sjá neinu ástæðu til þess að ræða málin við stjórnina. „Ég er ekki á því að gefast upp en það tekur samt á þegar svona gengur.“



**KÁTIR Í DALNUM** Ólafur og aðstoðarmaður hans, Þórður Þórðarson, fögnuðu í Dalnum þegar ÍA komst yfir gegn Val. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ólafur íhugaði framtíð sína vel og vandlega eftir síðasta tímabil enda búinn að vera sex tímabil með liðið. Honum ku hafa staðið til boða að taka við Fylki og eftir nokkra íhugun ákvað hann að semja aftur við ÍA. Ætli Ólafur sjái eftir þeirra ákvörðun í dag?

„Ég veit ekkert um það. Vissulega er gott að vera vitur eftir á en það sem ég og stjórnin horfðum á er að það var ekki mikið eftir af þeim mannskap sem hefur verið hér undanfarin ár. Síðustu tvö ár höfum við misst tíu leikmenn úr liðinu. Þó ég sé búinn að vera lengi með liðið þá er ég ekki búinn að vera lengi með þennan mannskap,“ sagði Ólafur. En hvað er til ráða hjá ÍA núna?

„Það er bara að berja sjálfstraust í þessa menn og halda áfram. Við höfum ekki verið að spila illa fyrir utan seinni hálfleikinn gegn Val. Við höfum fallið á einstaklingsmistökum. Ég á enga ása uppi í erminni heldur er þetta bara vinna og þolinmæði. Það eru ekki til neinar töfralausnir í fótbolta,“ sagði Ólafur Þórðarson sem býst ekki við því að fá til sín útlendinga þrátt fyrir dapurt gengi.

henry@frettabladid.is





3. UMFERÐ VISA BIKARSINS HELDUR ÁFRAM Í DAG OG Á MORGUN.

| Dagur | Tími | Lið | Völlur |
|---|---|---|---|
| Miðvikudagur 31. maí 2006 | 20:00 | Huginn – Fjarðabyggð | Seyðisfjarðarvöllur |
| | 20:00 | Þróttur R. – Víkingur Ó. | Valbjarnarvöllur |
| | 20:00 | HK – Hvíti riddarinn | Kópavogsvöllur |
| | 20:00 | ÍH – Leiknir R. | Hamarsvöllur |
| | 20:00 | Drangur – Haukar | Ásvellir |
| | 20:00 | Njarðvík – Selfoss | Njarðvíkurvöllur |
| | 20:00 | Þór – Tindastóll | Boginn |
| Fimmtudagur 1. júni 2006 | 20:00 | Afturelding – KV | Varmárvöllur |
| | 20:00 | KA – Magni | KA-völlur |
| | 20:00 | Sindri – Höttur | Sindravellir |


KR vann í níu marka leik í Landsbankadeild kvenna:

## Boðið til markaveislu

**FÓTBOLTI** „Ég er ánægð með að við náðum að koma til baka eftir lélega byrjun og innbyrða að lokum þrjú stig,“ sagði Helena Ólafsdóttir, þjálfari kvennaliðs KR, eftir að liðið vann Keflavík 5-4 í ótrúlegum leik í aftakaveðri.

Eftir aðeins stundarfjórðung var staðan orðin 3-0 fyrir gestina þar sem Nína Ósk Kristinsdóttir skoraði tvö mörk. Þá vaknaði KR og náði að skora tvö mörk fyrir leikhlé, Alicia Wilson og Hólmfríður Magnúsdóttir voru þar að verki. Í seinni hálfleiknum komu tvö mörk frá Katrínu Ómarsdóttir með tveggja mínútna millibili og staðan skyndilega orðin 4-3.

Keflavík náði að jafna en það mark skoraði Ólöf Helga Pálsdóttir. Í kjölfarið fékk Emma Wright hjá KR rauða spjaldið fyrir að brúka munn. „Þetta rauða spjald hefði getað skemmt leikinn fyrir okkur, Emma var að blóta því að Keflavík hafi jafnað en dómarinn tók það ranglega til sín,“ sagði Helena. Þrátt fyrir að leika einum færri skoraði Þórunn Helga Jónsdóttir skoraði sigurmarkið með skoti af löngu færi á 75. mínútu.



**ÓTRÚLEGUR LEIKUR** Leikur KR og Keflavíkur í gærkvöldi var ótrúlegur í meira lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Það var markaregn í fleiri leikjum í gær, Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði fjögur mörk fyrir Val sem vann 10-0 útisigur á Fylki og Breiðablik vann 8-0 heimasigur á FH. Þá vann Stjarnan 2-0 sigur gegn Þór/KA á Akureyri.

- egm

Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirliði Vals, kinnbeinsbrotinn:

## Þetta er mikið áfall fyrir okkur

**FÓTBOLTI** Willum Þór Þórsson, þjálfari Valsmanna, reiknar með því að vera án Sigurbjarnar Hreiðarssonar næstu sex til átta vikurnar. „Hann er kinnbeinsbrotinn og er að bíða eftir að komast í aðgerð,“ sagði Willum við Fréttablaðið í gær. Sigurbjörn er fyrirliði Vals en hann lenti í miklu samstuði við Heimi Einarsson, varnarmann ÍA, í viðureign liðanna á mánudagskvöld.

„Þetta er mikið áfall enda er Bjössi mótor í þessu liði bæði innan vallar og utan hans. Hann var frábær í þessum leik og steig fram þegar á reyndi. Hann tók af skarið með góðu marki og grimmum leik. Hann var rosalega duglegur,“ sagði Willum en Sigurbjörn jafnaði leikinn í 1-1 í upphafi seinni hálfleiks með flottu marki. Það var síðan Garðar Gunnlaugsson sem tryggði Val öll stigin þrjú.

Sigurbjörn þurfti að yfirgefa völlinn þegar um tíu mínútur voru til leiksloka en mikill smellur heyrðist við höggið sem hann fékk í samstuðinu. Atli Sveinn Þórarinsson er varafyrirliði Vals og tekur við keflinu í fjarveru fyrirliðans.

- egm




1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótíntyggigúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetra nikótíntyggigúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. **www.nicorette.is**

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Majorek used to be in the army. Brilliant man. The only thing I've got against him is he's not a socialist.“**

**Svar: Yehuda úr The Pianist frá 2002**

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON TREYSTIR JACK BAUER FYRIR LÍFI SÍNU OG LIMUM

# *Háspenna lífshætta*

Mikið ofboðslega er hann Jack Bauer í 24 mikill töffari. Það bítur ekkert á manninum sem sallar niður hryðjuverkamenn í akkorði sleitulaust í heilan sólarhring án þess svo mikið sem þurfa að kasta af sér vatni eða fá sér hænublund.

James Bond, Jason Bourne og aðrir harðjaxlar kvikmyndanna þurfa heldur betur að uppfæra sig ætli þeir að standast samanburðinn við Bauer sem hefur sett ný viðmið í afþreyingariðnaðinum hvað karlmennsku og töffaraskap varðar.

Hann er hetjan sem rís upp úr rústum Tvíburaturnanna; ískaldur, í stöðugum hefndarhug og tilbúinn til þess að brjóta allar Amnesty International-klausurnar í bókinni og pynta saklausa borgara í nafni þjóðaröryggis. Hann er hetja 21. aldarinnar og gamli kaldastríðsjaxlinn hann Bond verður heldur betur að bretta upp ermarnar ætli hann að lifa samkeppnina af.

Bauer er að öðru leyti dæmigerð hasarhetja. Sterkur einstaklingur sem bregst við þegar kerfið bregst.



**JACK BAUER** Er svo kaldrifjaður og svalur töffari að gömul, bresk kanóna eins og James Bond verður heldur betur að taka sig saman í andlitinu ætli hann að standast samanburðinn við þessa nýju frelsishetju Bandaríkjanna.

Þegar skriffinnska og kerfiskarlar fara að teygja lopann brýtur Bauer allar reglur, bregður brandi og tekur skúrkana af lífi án dóms og laga. Við þurfum að trúa því að svona menn séu til og vaki yfir velferð okkar þegar allt annað bregst.

Þessi fimmta þáttaröð 24 er sú besta frá því Bauer kom fyrst fram á sjónarsviðið og reyndi í mögnuðu kapphlaupi við klukkuna að bjarga eiginkonu sinni og dóttur. Spennan magnast nú með hverjum klukkutímanum sem líður og Bauer hefur aldrei þurft að taka jafn hressilega á honum stóra sínum þar sem sjálfur forseti Bandaríkjanna er einn samsærismannanna sem hann á í höggi við.

Þessi forseti hefur verið óttalegt gauð hingað til og ég hef freistast til þess að líta á hann sem góðlátlegt grín að sitjandi forseta Bandaríkjanna. Það var svo ekki fyrr en kauði sýndi sitt rétta eðli að ég áttaði mig á að hann er glettilega líkur Richard Nixon. Ætli það sé tilviljun?



▶ 20.25 *Tíska*

PROJECT RUNWAY



▶ 21.35 *Spenna*

MEDIUM



▶ 21.00 *Gaman*

STACKED



▶ 21.00 *Tíska*

AMERICA'S NEXT TOP MODEL



▶ 17.00 *Fréttir*

5FRÉTTIR

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (48:52) **18.23** Sígildar teiknimyndir (34:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (57:65)** (Ducktails)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.25 Tískuþrautir (2:11)** (Project Runway II) Ný þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti. Kynnir í þáttunum er fyrirsætan Heidi Klum.
**21.15 Svona er lífið (12:13)** (Life As We Know It) Bandarísk þáttaröð um þrjá vini á unglingsaldri sem eiga erfitt með að hugsa um annað en stelpur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Íþróttakvöld**
**22.35 Mótorsport** Þáttur um íslenskar akstursíþróttir.

**23.05** Vesturálman (5:22) **23.50** Kastljós **0.40** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Whose Line Is it Anyway? **13.55** Amazing Race **14.45** The Apprentice – Martha Stewart **15.30** Tónlist **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir**
**20.05 Veggfóður (18:20)**
**20.50 Oprah (64:145)** (Does My Butt Look Big?)
▶ **21.35 Medium (11:22)** (Miðillinn) Dáleiðandi bandarískur spennuþáttur með yfirnáttúrulegu ívafi. Alison verður heltekin af geðsjúkum raðmorðingja og getur ekki losnað við hann úr hugsunum sínum. 2005.
**22.20 Strong Medicine (10:22)** (Samkvæmt læknisráði 5) Andy reynir allt hvað hún getur til að hjálpa samstarfsfélaga sínum sem á við þunglyndi að etja og er í sjálfsmorðshugleiðingum.

**23.05** Stelpurnar **23.30** Grey's Anatomy **0.10** Cold Case (B. börnum) **0.55** Ganga stjörnurnar aftur? **1.40** Barb Wire (e) (Str. b. börnum) **3.15** It Runs in the Family **5.00** The Simpsons **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Stacked (4:6) (e)** (Stacked)
**20.00 Friends (13:23)** (Vinir)
**20.30 Sirkus RVK**
▶ **21.00 Stacked (5:6)** (Stacked) Skyler Dayton er staðráðin í því að breyta lífsstíl sínum og fær óvænt atvinnutilboð þegar hún álpast inn í litla bókabúð.
**21.30 Clubhouse (5:11)** (Clubhouse) Heitasta ósk Petes Youngs rætist þegar hann fær draumavinnuna sína.
**22.15 Quills** (Fjaðurstafir) Þessi dramatíska saga fjallar um De Sade markgreifa sem er innilokaður á geðveikrahæli í kringum 1790. Str. b. börnum.

**0.15** Friends (13:23) (e) **0.40** Sirkus RVK (e) **1.10** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**16.05** Innlit / útlit – lokaþáttur (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier**
**19.30 The Drew Carey Show (e)**
**20.00 Beautiful People** Ný, bandarísk þáttaröð sem hittir beint í hjartastað
▶ **21.00 America's Next Top Model V** Sigurvegurum þáttanna hefur jafnan vegnað vel í fyrirsætuheiminum, og hefur stór hluti íslensku þjóðarinnar setið límdur við skjáinn þegar nær dregur úrslitum. Nú er komið að fimmtu þáttaröðinni og er óhætt að búast við jafn mikilli spennu og áður, ef ekki meiri.
**22.00 The L Word** Þessum þáttum hefur verið líkt við þætti á borð við Sex and the City og Desperate Housewives.
**22.50 Jay Leno**

**23.35** Close to Home (e) **0.25** Frasier – 1. þáttaröð (e) **0.50** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið, fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi
▶ **17.00** 5fréttir **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir

**19.40 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson fer yfir fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.10 Skaftahlíð** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**20.45 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes** Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimfréttirnar.
**21.00 Fréttir**
**21.10 This World 2006** (Operation Bayonet)
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson fer yfir fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** American Wedding (Bönnuð börnum) **8.00** Pennsylvania Miner's Story (e) **10.00** Innocence **12.00** Loch Ness **14.00** Pennsylvania Miner's Story (e) **16.00** Innocence **18.00** Loch Ness **20.00 American Wedding** (Bandarískt brúðkaup) Rómantísk gamanmynd þar sem hinar skrautlegu persónur úr Böku-myndunum vinsælu skjóta aftur upp kollinum. Gleðin er enn við völd en fram undan er viðburður sem breytir öllu. Bönnuð börnum. **22.00 The Adventures of Pluto Nash** (Ævintýri Pluto Nash) Framtíðarmynd á léttum nótum. Aðalhlutverk: Eddie Murphy, Randy Quaid, Rosario Dawson. 2002. Bönnuð börnum. **0.00** Hart's War (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Taking Sides (Bönnuð börnum) **4.00** The Adventures of Pluto Nash (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Style Star **13.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **14.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **15.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **16.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **17.00** Supermodels Gone Bad **17.30** 10 Ways **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** E! News Special **22.30** Hot Love Gone Bad **23.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **0.00** The E! True Hollywood Story **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Detoit Pistons - Miami Heat kl. 0.00

### *Nær Miami að tryggja sér úrslitasætið*



NBA-deildin í körfubolta er sú langstærsta í heiminum eins og kannski flestir vita. Nú stendur yfir úrslitakeppni deildarinnar og brátt styttist í sjálf úrslitin. Enn er ekki ljóst hvaða lið munu þar kljást en Miami Heat gæti orðið fyrsta liðið til þess að tryggja sér farseðilinn þangað með sigri á Detroit Pistons í kvöld en þessi lið eigast við í úrslitum austurdeildarinnar. Aðalmennirnir tveir hjá Miami, Dwayne Wade og Shaquille O'Neal, hafa blómstrað í þessari viðureign en fyrirfram var talið mun líklegra að Detroit færi með sigur af hólmi. Wade fór hreinlega á kostum í síðasta leik, skoraði 31 stig og tryggði Miami þriðja sigurinn gegn Detroit en það lið sem fyrr sigrar fjórar viðureignir kemst áfram í úrslitin. Detroit hefur aðeins sigrað einn leik og því þarf liðið heldur betur að spýta í lófana ætli það sér að blanda sér í einhverja almennilega titilbaráttu.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 7 | 4 |
| 2 | 5 | 3 | 9 | 7 | 4 | 1 | 6 | 8 |
| 9 | 4 | 7 | 8 | 6 | 1 | 3 | 5 | 2 |
| 3 | 9 | 5 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 1 | 7 | 4 | 6 | 2 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 5 | 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 4 | 2 | 7 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 |
| 7 | 3 | 2 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 2 | | | 6 | 8 | |
| 1 | | | | 7 | | | | 2 |
| 6 | | | | | | | | |
| | | | 1 | | | | | 9 |
| | 9 | | 8 | | 5 | | 1 | |
| 3 | | | | | 4 | | | |
| | | | | | | | | 1 |
| 9 | | | | 5 | | | | 3 |
| | 3 | 2 | | | 9 | | | 5 |



▶ 21.00

*Raunveruleiki*

SÆNSKU NÖRDARNIR

SÝN *besta sætið*

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **HM 2006** (England – Ungverjaland)
**20.30** **Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.
▶ **21.00** **Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið?
**22.00** **Hápunktar í PGA mótaröðinni** (PGA Tour highlights) Helstu svipmyndir frá síðasta móti á PGA mótaröðinni í golfi. Sýnt frá efstu mönnum berjast um sigurinn á lokaholunum.

**23.00** KB banka mótaröðin 2006 **0.00** NBA 2005/2006 – Playoff game

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hvað er í vatninu? **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Það kom söngfugl að sunnan

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Músík með Heiðu Eríks **20.30** Konsert **22.15** Frumkvöðlar eða fígúrur

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður

www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



## HRÓSIÐ

*...fær hljómsveitin Baggalútur fyrir að fá til liðs við sig erlenda tónlistarsnillinga við upptökur á annarri breiðskífu sinni.*

## ÞRÍR SPURÐIR FRAMSÓKNARFLOKKURINN OG SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN STJÓRNA BORGINNI

# *Hvernig líst þér á meirihlutann í Reykjavík?*

**Egill Gilzenegger**

Mér líst ekkert alltof vel á þennan meirihluta, mér finnst þessir gæjar ekkert sérstaklega aðlaðandi. Það er eitthvað við Björn Inga sem ég er ekkert að fíla og Vilhjálmur borgarstjóri, hann gæti þess vegna bara verið einhver gaur út í bæ, safnvörður á bókasafni eða eitthvað. Það er ekki einn svartur maður í stjórninni, ég skil það ekki alveg. Ég hefði viljað fá svartan mann sem borgarstjóra. Maður á erfitt með að skilja þetta.



**Lovísa Ósk Gunnarsdóttir**

Ekki nógu vel, ég verð að segja það. Ég hefði viljað sjá sjálfstæðismenn og vinstri græna saman í meirihluta. Það hefði verið flott.



**Védís Hervör Árnadóttir**

Þetta kom mér á óvart. Ég held að kjósendur hafi gefið þessum flokkum umboð með því að kjósa eins og þeir gerðu og maður verður bara að treysta þessu fólki til að gera þetta vel. Það er það besta sem maður getur gert, það þýðir ekkert að naga sig í handarbökin en ég hefði viljað sjá Svandísi í stærra hlutverki.





**LÁRÉTT:**
**2** fuglsnef **6** kusk **8** snúningshraði **9** angan **11** kyrrð **12** lúkar **14** kvíga **16** hvað **17** upphrópun **18** kærleikur **20** gangþófi **21** viðlag.

**LÓÐRÉTT:**
**1** ljómi **3** einnig **4** dýr **5** kvenmannsnafn **7** vera með fyrirgang **10** stúlka **13** traust **15** veiði **16** rámur **19** drykkur.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT:** 2 Gogg, 6 Ló, 8 Gír, 9 Ilm, 11 Ró, 12 Káeta, 14 Tyrfa, 16 Ha, 17 Úff, 18 Ást, 20 Il, 21 Stef. **LÓÐRÉTT:** 1 Blik, 3 Og, 4 Gíraffi, 5 Gró, 7 Óláta, 10 Mey, 13 Trú, 15 Afli, 16 Hás, 19 Te.


Nýtt upphaf
– ný ævintýri
Við opnum 2. júní

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




**NÝJA VEGGFÓÐURS TEYMIÐ** Marta María Jónasdóttir ritstjóri blaðsins, Árni Grétar Jóhannsson blaðamaður og Kristín Agnarsdóttir grafískur hönnuður eru ánægð með tímaritið í nýrri mynd og er það stútfullt af spennandi efni. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

VEGGFÓÐUR: MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR ER NÝR RITSTJÓRI

# Líður eins og Lottó Lýð

„Það er algjör himnasending að fá að skrifa um mitt áhugasvið, mér líður eins og Lottó-Lýð nema ég borða ekki humar í morgunmat," segir Marta María Jónasdóttir sem nýverið tók við ritstjórn tímaritsins Veggfóðurs en í dag kemur út hennar fyrsta blað.

Marta hefur alltaf haft mikinn áhuga á hönnun og heimilum og að eigin sögn er þetta eitthvað sem hefur blundað í henni síðan í barnæsku. „Þegar ég flutti að heiman fékk sköpunargleðin byr undir báða vængi og ég get ekki talið skiptin sem veggurinn í stofunni var málaður. Með aldrinum hef ég þó lært að hugsa hlutina til enda í stað þess að æða af stað með hálfkláraðar hugmyndir."




Marta María segir að blaðið verði litríkara en það hefur verið en auðvitað stjórnist það líka af árstíðinni. Marta nefnir sem dæmi að á sumrin er fólk líklegra til að koma með liti inn á heimili sín. „Heimilishönnun er svipuð og fatatískan. Þetta sumarið verða rauðir og bleikir litir áberandi í skrautmunum." segir ritstjórinn.

Marta hefur ansi fríðan flokk með sér. Kristín Agnarsdóttir er grafískur hönnuður sem sér um allt útlit á blaðinu og Árni Grétar Jóhannsson er blaðamaður í fullu starfi. Einnig eru nokkrir lausapennar sem koma til með að ausa úr brunni visku sinnar og má þar nefna Helgu Ólafsdóttur fatahönnuð, Svövu Jónsdóttur og Þóru Sigurðardóttur sem flestir ættu að kannast við úr Stundinni okkar.

Fólk og heimili eru aðaláherslur blaðsins og segir Marta María að henni finnist skipta miklu máli að það komi fram hverjir búi á heimilunum sem fjallað er um. Í júníhefti Veggfóðurs er meðal annars litið inn hjá Birtu Björnsdóttur, fatahönnuði í Júniform, og manni hennar Jóni Páli Halldórssyni en þau gerðu upp 100 ára gamalt hús við Miðstræti í Reykjavík og létu hjartað ráða för við breytingarnar. Í Veggfóðri er líka litið inn í listrænt fúnkíshús í nýja hverfinu við Vatnsenda en eigendur hússins hönnuðu og byggðu það sjálfir og húsið því sérsniðið utan um fjölskylduna.

Í blaðinu er einnig fjallað um mat og í þessu nýjasta hefti galdrar Margrét Rósa Einarsdóttir, staðarhaldari í Iðnó, fram dádýralundir, grillaða sjávarrétti og girnilegt súkkulaðimús. „Það ættu allir að geta fundið eitthvað fyrir sig í Veggfóðri. Við gætum þess vel að sýna ólíka stíla og ólík heimili," segir Marta María sem að vonum hlakkaði til útgáfudags síns fyrsta blaðs. alfrun@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Barinn, sem opnaður var í gömlu húsakynnum hins goðsagnakennda bars 22, hefur nú verið opinn tvær helgar og sitt sýnist fólki um staðinn. Sumir sakna gömlu 22 stemningarinnar en flestir eru þó sammála um að breytingarnar sem gerðar hafa verið innandyra séu skemmtilegar. Einkennisbúningur dyravarða staðarins þykir hressilegur en dyraverðir staðarins skarta íslenskum lopapeysum í dyrunum. Eitt er víst að Barinn er engin ógnun við Café Oliver eins og margir höfðu spáð. Á laugardagskvöldið var röðin jafn löng og venjulega á Oliver á meðan fólk þurfti varla að standa í röð til að komast á Barinn. Með öðrum orðum þá heldur **Arnar Þór** veitingastjóri á Oliver enn í sinn kúnnahóp á meðan hvítar stúdentshúfur fylla Barinn.



Tómas Ingi Olrich sendiherra Íslands sló heldur betur í gegn hjá íslenskum þingmönnum sem staddir eru á vorfundi Atlantshafsbandalagsins í Frakklandi. Sendiherrann stóð sína plikt og bauð þingmönnum til sín og hafa vafalítið orðið miklir fagnaðarfundir. **Össur Skarphéðinsson** heldur vart vatni yfir þessum fyrrverandi andstæðingi sínum úr Sjálfstæðisflokknum og segir hann vera einn af „örfáum intellektúölum Sjálfstæðisflokksins. Hann er greindur og lesinn og gaman að sitja og spjalla við hann," skrifar Össur á heimasíðu sinni og bætir við að **Halldór Blöndal** haldi því fram að Tómas geti hann fari í skógarvarðarbúning sem hann fari í á tyllidögum. „Kannski kann hann líka að jóðla. Það er hálfgerður týrólablær yfir þessum góða sendiherra," skrifar Össur. Hápunktur kvöldsins var síðan þegar Tómas settist við flygilinn og lék angurværa tónlist í listilegum leik sem að sögn Össurar minnti á Rubinstein. Samkvæmt heimasíðu þingmannsins voru þessir tónar sem sendiherrann töfraði fram þetta kvöld svo hrífandi að jafnvel „harðnaðir þingmenn af Snæfellsnesi urðu votir um augun".
- fgg / Snæ






Nýr humar, grillpinnar sólþurrkaður saltfiskur

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14


# Aðdáendur Bubba spenntir

„Við erum komnir með eitthvað um 80-90 manns sem ég held að sé bara ágætt," segir Bárður Örn Bárðarson, einn þeirra sem unnið hafa að stofnun aðdáendaklúbbs Bubba Morthens. Bubbi verður fimmtugur á þriðjudaginn í næstu viku og fagnar því með stórtónleikum í Laugardalshöll. Stofnfundur aðdáendaklúbbsins verður haldinn fyrir tónleikana. Skammstöfun klúbbsins er BMK, sem stendur fyrir Bubba Morthens klúbburinn.

„Stefnan er bara að koma á fót vettvangi fyrir aðdáendur Bubba, bjóða upp á meira af tónlist og meira af tónleikum með Bubba fyrir klúbbmeðlimina," segir Bárður sem starfar sem leigubílstjóri en hefur í hjáverkum unnið að endurútgáfu á plötum Bubba hjá Senu.

Stofnfundur BMK verður á Classic Rock fyrir stórtónleika Bubba á þriðjudagskvöld. Bárður segir að allir áhugasamir séu velkomnir og fái stofnmeðlimir boli sem þeir geti klæðst á tónleikunum.



**BÁRÐUR BÁRÐARSON** Hefur unnið að stofnun aðdáendaklúbbs Bubba Morthens.



**BUBBI MORTHENS** Fimmtugur á þriðjudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

„Þetta verður mjög grand og svo veltur það bara á meðlimunum hvert þessi klúbbur vill fara."



Dark Side Of The Moon
PINK FLOYD
UPPSELT Á SVÆÐI A
MIÐAVERÐ:
SVÆÐI A: KR. 8.900 + 540 KR miðagjald
Svæði B Kr. 7.900 + 540 kr. miðagjald
Miðasala á midi.is og í Skífuverslunum
Laugavegi, Kringlunni og Smáralind.
Eins í BT Akureyri og BT Selfossi
Roger Waters
EGILSHÖLL MÁNUDAGINN 12. JÚNÍ
HLJÓMLEIKARNIR HEFJAST STUNDVÍSLEGA KL. 20.00
Veitingasala hefst í Skautahöllinni Egilshöll kl: 16.00
Íslandsprent
Radisson SAS
TUBORG
NJÓTTU LÍFSINS TIL FULLS
RÁS 2
midi.is
20 % AFSLÁTTUR TIL NÁMSMANNA Á MIÐAVERÐI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Roger Waters
www.midi.is




**BAKÞANKAR**


GERÐAR KRISTNÝJAR


## *Minningar um döpru bullurnar*

Fyrir nokkrum áratugum skáru íslenskir femínistar upp herör gegn klámi. Þeir gerðu sér meðal annars ferð á bílaverkstæði þar sem þeir bentu á klámdagatöl á veggjum og spurðu starfsmennina hvort þetta væru dætur þeirra eða eiginkonur. Í fæstum tilfellum var það auðvitað svo en vonandi hefur spurningin fengið suma til að velta því fyrir sér hvort liðugu konurnar hafi ekki einhvern tímann átt sér aðra drauma en að lenda einmitt í svona stellingu, svona berar, á svona dagatali.

**NÚ** þegar til stendur að flytja tugi þúsunda kvenna frá Mið- og Austur-Evrópu til Þýskalands til að „þjóna“ körlunum sem sækja heimsmeistarakeppnina í fótbolta er aftur ástæða til að láta sig kynfrelsi kvenna varða. Eftirspurn eftir vændi eykur líkur á mansali og þótt vændi sé löglegt í Þýskalandi er þrælasala það ekki. Lögleiðing vændis er hins vegar himnasending fyrir þá sem stunda mansal.

**ÞRÝST** var á Knattspyrnusamband Ísland að mótmæla ofbeldisvæðingunni en það neitaði undir því yfirskini að það gæti „þess að hlutast ekki til um málefni á vettvangi stjórnmála einstakra ríkja“, rétt eins og rík ástæða sé til að bera virðingu fyrir lögum sem leiða af sér pyntingar.

**EINN** af bestu köflunum í bókinni Píkutorfunni er eftir þjálfara sem veit ekki hvernig hann á að útskýra fyrir ungum fótboltastelpum hvers vegna ekki ríkir sami áhuginn á kvennafótbolta og karlafótbolta. Í byrjun ala þær með sér sömu draumana og drengirnir en smám saman sjá þær að samfélagið ber ekki sömu virðingu fyrir íþróttaiðkun þeirra og þar með minnkar bæði sjálfstraustið og áhuginn. Með aðgerðaleysi sínu sýndu forráðamenn KSÍ hvers virði konur eru í augum þeirra og að fótbolti sé í raun og veru bara fyrir karlmenn. Það má fórna mannslífi til að halda friðinn.

**SAMT** er engum blöðum um það að fletta að heimsmeistarakeppnin í fótbolta verður óskaplega spennandi og skemmtileg. Nýjar stjörnur eiga eftir að koma fram og bæði áhorfendur og keppendur sjá drauma sína rætast á vellinum. Gefið ykkur samt tóm til að leiða hugann inn í einhverja blokkina sem þýsk yfirvöld létu reisa fyrir vændið. Þar er nefnilega einhver sem sér drauma sína verða að engu. Haldið með þeim.


Bjartir dagar



Lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar

DAGSKRÁ

1.–10. júní 2006

**fimmtudagur 1. júní**
Hafnarfjarðarbær 98 ára
Kl. 14:00 Skrudda fyrir börnin. Brúðubíllinn sýnir fyrir utan Bókasafn Hafnarfjarðar
Kl. 16:00 Setningarhátíð Bjartra daga í Hásölum
Kl. 18:00 Rativ. Opnun sýningar á útilistaverkum listnema við Listaháskóla Íslands
Kl. 18:30 Opnunarkvöld Gamla bókasafnsins
Kl. 19:00 Dagskrá Byggðasafnsins á safnadegi
Kl. 20:00 Kór Flensborgarskólans í Hásölum Hafnarfjarðarkirkju
*Miðaverð er kr. 1500 / frítt fyrir nemendur Flensborgarskólans og börn yngri en 12 ára*
Kl. 20:00 Opin æfing á Gunnlaðar sögu í Hafnarfjarðarleikhúsinu

**föstudagur 2. júní**
Kl. 10:00 Söngurinn ómar um bæinn
Kl. 12:00 Bastien og Bastienne. Óperusýning fyrir börn í Hafnarfjarðarleikhúsinu
Kl. 13.30 Bastien og Bastienne. Óperusýning fyrir börn í Hafnarfjarðarleikhúsinu
Kl. 17:00 Brynja og börnin. Opnun myndlistarsýningar í gamla Lækjarskóla
Kl. 19:00 Hljómsveitarkeppni í Gamla bókasafninu
Kl. 19:00 Hljómsveitin Mogadon leikur á A. Hansen fram eftir kvöldi
Kl. 20:00 Agnes High Quality leiksýning í Jaðarleikhúsinu.
*Athugið að sýningin er á ensku.*
*Aðgangseyrir 1000 kr./800 kr - ókeypis fyrir börn yngir en 16 ára*

**laugardagur 3. júní**
Dagur helgaður fjölmenningu í Hafnarfirði
Kl. 11:00 Stokrotka, pólsk matarkynning í pólsku búðinni Hvaleyrarbraut 35
Kl. 13:00 Opið hús hjá Nýbúadeild Lækjarskóla
Kl. 13:00 Manneskjubókasafn á Gamla bókasafninu
Kl. 14:00 66. vormót Hraunbúa í Krýsuvík
Kl. 15:00 Stuttmynd um fjölmenningu í Hafnarfirði í Gamla bókasafninu
Kl. 15:00 Innileg fjarvera. Opnun sýningar í Hafnarborg
Kl. 17:00 Sýning á Agnes High Quality í Jaðarleikhúsinu
*Athugið að sýningin er á ensku.*
*Aðgangseyrir 1000 kr./800 kr - ókeypis fyrir börn yngir en 16 ára*
Kl. 19:00 Hljómsveitin Mogadon leikur á A. Hansen fram eftir kvöldi
Kl. 20:00 Cantare – söngvakeppni hinna mörgu tungumála í Hafnarfjarðarleikhúsinu. *Aðgangseyrir 500 kr*
Kl. 20:00 Fuglaskoðun í Höfðaskógi og við Hvaleyrarvatn á vegum Skógræktar Hafnarfjarðar

**sunnudagur 4. júní**
Kl. 14:00 Bastien og Bastienne. Óperusýning fyrir börn í Hafnarfjarðarleikhúsinu
Kl. 20:00 Það besta úr „Nótt í Feneyjum" eftir J. Strauss í Hafnarborg
Kl. 20:00 Kakóbollinn í Gamla bókasafninu
Kl. 20:00 Sýning á Agnes High Quality í Jaðarleikhúsinu
*Athugið að sýningin er á ensku.*
*Aðgangseyrir 1000 kr./800 kr - ókeypis fyrir börn yngir en 16 ára*
Kl. 24:00 Drungablús og djöflakántrí, miðnæturtónleikar á A. Hansen

**mánudagur 5. júní**
Kl. 20:00 Pétur og úlfurinn í flutningi Alræðis öreiganna í Hafnarfjarðarleikhúsinu

**þriðjudagur 6. júní**
Kl. 14:00 Egla í nýjum spegli í Hafnarfjarðarleikhúsinu
Kl.20:00 Frumsýning myndarinnar „Hvar söngur ómar sestu glaður" í Bæjarbíói
Kl. 20:00 Ninna og Caprí Tríó. Umhverfisvæn tískusýning og gömludansarnir í Gúttó til styrktar krabbameinssjúkum börnum.
*Aðgangseyrir 500 kr - frítt fyrir börn.*
Kl. 20:00 Kvikmyndakvöld í Gamla bókasafninu

**miðvikudagur 7. júní**
Kl. 12:00 „Harðjaxlar og mjúkir menn" Hádegistónleikar í Hafnarborg
Kl. 17:15 Feng Shui kynning í fjölnotasal Bókasafns Hafnarfjarðar
Kl. 20:00 Tónleikar í Gamla bókasafninu
Kl. 21:00 Kvartett Andrésar Þórs. Útgáfutónleikar í Hafnarborg

**Aðgangur ókeypis á viðburði nema annað sé tekið fram**

**ALLA BJARTA DAGA** - Rativ - Tungur í leikhúsi - Míkróveröld og morgunstemningar - Ljóð í lauginni - Leikskólalist - Sumarlestur - Brynja og börnin

**Allar nánari upplýsingar í Þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6 - Sími 585 5500 - www.hafnarfjordur.is**

vilborga@centrum.is





FJARNÁM ÖFLUGT OG ÓDÝRT
Skráning á heimasíðu skólans
23. maí - 1. júní
VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS